allt
GARPUR HNEFILL:
*Spáir í framtíðina*
• börn • nám • ferðir
Í MIÐJU BLAÐSINS



SKRIFSTOFAN
SÆVAR SKAPTASON
SKRIFSTOFUSTJÓRI:
*Á skemmtilegum vinnustað*
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG






FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
2. nóvember 2005 — 296. tölublað — 5. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000

# Flugöryggi ógnað vegna niðurskurðar

**Formaður Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna segir flugöryggi á Keflavíkurflugvelli ógnað vegna niðurskurðar varnarliðsins. Flugvallarstjóri er því ósammála. Ráðherrar vissu um niðurskurðinn í september.**

**FLUG** „Flugöryggi á Keflavíkurflugvelli líður fyrir þennan niðurskurð. Áður höfðum við sex tæki til snjóruðnings sem eru nú aðeins þrjú. Það er ekki til mannskapur til þess að vinna þessa vinnu. Þetta kemur niður á flugbrautum og bremsuskilyrðum fyrir flugvélar,“ segir Vernharð Guðjónsson, formaður Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna.

Slökkviliðsmenn á Keflavíkurflugvelli hafa áhyggjur af öryggi flugvéla á vellinum vegna samdráttar og uppsagna á starfsmönnum.

Vernharð telur að niðurskurður á þessari þjónustu sé í beinu samhengi við samdrátt hjá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli. „Þetta er kannski táknrænt fyrir það að varnarliðið sé hreinlega að pakka saman,“ segir Vernharð og bendir á að nýverið hafi gömul kafbátaleitarvél, sem lengi hefur staðið á vellinum sem sýningargripur, verið rifin niður og fjarlægð. „Það vantar einhverja staðfestingu á því sem hér er á ferðinni því að stjórnvöld gefa ekkert upp.“

Ásgeir Húnbogason, vann við viðgerðir á snjómoksturstækjum á vellinum en var sagt upp í haust: „Ég lét Davíð Oddsson vita af þessari stöðu mála í september. Ég sendi honum tölvupóst ásamt Sturlu Böðvarssyni samgönguráðherra og stjórnmálamönnum úr öllum flokkum og lýsti ástandinu,“ segir Ásgeir og bætir við: „Mér þykir áhugaleysi samgönguráðherra á málinu vera undarlegt.“

Jón Böðvarsson, flugvallarstjóri á Keflavíkurflugvelli, segir spurninguna snúast um þá staðla sem unnið sé eftir: „Ef þeir hafa raunverulegar áhyggjur af flugöryggi þá væri fagmannlegt hjá þeim að tala við þá aðila sem þeir vinna fyrir. Síðan eru til reglur og staðlar sem segja til um hvað þarf til þess að reka flugvöll.“ - saj



**VETRARLJÓSIN Í BÆNUM** Fannir Esjunnar og höfuðborgin ljómuðu í tærri vetrarbirtunni í gær. Umferðar- og bílljósin sköpuðu skærrauða andstæðu við hvíta vetrarbirtuna er þessi fótgangandi borgarbúi skaut sér yfir Lækjargötuna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Grunur um að bandaríska leyniþjónustan flytji fanga um Ísland:

# Ekki með vitund stjórnvalda

**FANGAR** „Íslensk stjórnvöld hafa engar upplýsingar um flutninga Bandaríkjamanna á föngum um íslenska lofthelgi, til eða frá áfangastöðum, þar sem þeir kynnu að hafa verið beittir pyndingum,“ segir Ragnheiður Elín Árnadóttir, aðstoðarmaður utanríkisráðherra.

Flugmálastjórn staðfestir að fimmtán flugvélar, sem gætu hafa flutt fanga á vegum bandarísku leyniþjónustunnar, hafi haft viðkomu á Keflavíkurflugvelli á tímabilinu 1. janúar 2001 til 3. október 2005. Hver þeirra hafi lent frá fjórum sinnum og upp í fimmtán sinnum hér á landi á þessum tíma.

Ragnheiður segir að utanríkisráðuneytið láti nú kanna hjá íslenskum flugmálayfirvöldum og bandarískum stjórnvöldum hvort mögulega hafi verið farið með fanga um íslenska lofthelgi. „Við höfum fengið lista frá Danmörku yfir þau flugnúmer sem við sögu koma. Samkvæmt áætlun vélarinnar, sem lenti hér 8. mars síðastliðinn, voru aðeins tveir einstaklingar um borð.“

Ragnheiður segir að utanríkisráðuneytið hafi enga vitneskju um það hvort í þeirri flugvél né öðrum hafi verið fangar. „Það hefur hvergi verið staðfest og eru því eins og hverjar aðrar sögusagnir á þessu stigi,“ segir Ragnheiður.

## Hlær einn að eigin bröndurum



Rithöfundurinn Stefán Máni vill láta loka bókabúðum þegar nýjasta bók hans, Túristi, kemur út.

FÓLK 42

## Íslandsmet í aðstoðarmennsku



Ármann Kr. Ólafsson, aðstoðarmaður fjármálaráðherra, á Íslandsmet í aðstoðarmennsku við ráðherra. Hann hefur aðstoðað ráðherra í rúm tíu ár.

TILVERAN 14

## Valur styrkist



Valsarar afhjúpuðu tvo nýjustu liðsmenn sína í gær. Laun þeirra slaga hátt upp í laun meðalmanna í norsku og sænsku úrvalsdeildinni.

ÍÞRÓTTIR 36

## VEÐRIÐ Í DAG




**DÁLÍTIL RIGNING SUÐAUSTAN** til. Stöku él við norðurströndina, einkum síðdegis. Annars yfirleitt þurrt en fremur skýjað. Hiti 2-6 stig syðra en við frostmark nyrðra.

> Markaðurinn
*Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...*
FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG


MARKAÐURINN
Ætla að vera leiðandi í sölu á fiski
Sambykkja hlutafjáraukningu

Alþjóðleg hamingjumæling:

## Íslendingar í fremstu röð

**HAMINGJA** Íslendingar mælast enn í hópi hamingjusömustu þjóða heims samkvæmt nýjum mælingum World Database of Happiness. Danir tróna á toppnum ásamt Svisslendingum og Möltubúum með 8,0 í hamingjueinkunn. Íslendingar fylgja fast á eftir með frændum sínum Írum með 7,8.

Af Norðurlandaþjóðum eru Norðmenn óhamingjusamastir með 7,4 í einkunn en þeir geta þó vel við unað miðað við óhamingjusömustu þjóðir heims sem eru Tansaníumenn og íbúar Zimbabve sem einungis mælast með 3,4 í hamingjueinkunn. ■



**MÚSAMANSÖNGUR** Mýs eru músíkalskari en áður var talið.

Dýrin eru rómantísk:

## Mýsnar syngja ástarsöngva

**VÍSINDI** Taugasérfræðingar við háskóla í Missouri hafa komist að því að karlkyns mýs syngja undurfagra söngva fyrir þær kvenkyns mýslur sem þeir hafa fellt hug til. Söngvarnir eru hins vegar á svo háum tíðni að mannseyrað greinir þá ekki.

Vísindamennirnir létu mýsnar þefa af baðmull vættri þvagi sem innihélt kynörvandi ferómóna úr kvenkyns músum. Eftir að hafa hnusað af baðmullinni hófu mýsnar að syngja af öllum lífs og sálarkröftum. Hingað til hefur aðeins verið talið að hvalir, fuglar og apar syngju með þessum hætti en nú bætast mýs í hópinn.

Hægt er að hlýða á söngnum á vefsíðu breska blaðsins Guardian á slóðinni www.guardian.co.uk. ■








## SPURNING DAGSINS

*Stefanía, eru þið nokkuð að pissa í skóinn ykkar?*

„Nei, hitaveitan mun skila Ólafsfirðingum hlýju vatni áfram rétt eins og undanfarin árin.“

Stefanía Traustadóttir er bæjarstjóri Ólafsfjarðar. Meirihluti bæjarstjórnar hefur heimilað að hitaveita bæjarins verði seld til að borga niður skuldir.

Fékk tengivagn flutningabifreiðar á bifreið sína:

# Lenti í lífsháska í miðju símtali

**SLYS** Jórunn Hólm var heppin að sleppa lifandi úr þolraunum sem hún mátti þola í fyrrakvöld.

Fyrst varð hún fyrir því óláni, þegar hún ók Skorholtsbrekku í Leirársveit, að missa stjórn á bifreið sinni sem hafnaði utan vegar. Meðan hún beið í bifreiðinni eftir því að unnustinn kæmi að sækja hana fauk tengivagn flutningabíls ofan á hana.

„Ég var að tala við Auði vinkonu mína í gemsann og var einmitt að segja henni hvað ég óttaðist það að einhver bíll myndi fjúka á mig og þá fæ ég tengivagninn ofan á bílinn. Ég fékk algjört áfall en þakið á bílnum lét undan vagninum og ýtti mér niður í gólf,“ segir Jórunn.

„Þetta var ekkert auðvelt fyrir Auði heldur því ég segi henni að vagninn sé að fjúka á mig svo heyrir hún bara brot og braml og þá slitnaði sambandið og hún fékk algjört sjokk. Það var ekki fyrr en hálftíma síðar sem hún náði sambandi aftur og var náttúrlega dauðfegin að vita að ég hafði sloppið úr þessu.“

Bifreið Jórunnar lagðist saman og urðu björgunarmenn að beita klippum til að ná henni út. Hún var flutt á sjúkrahúsið á Akranesi til rannsóknar en meiðsl hennar reyndust minniháttar. Jórunn var hins vegar enn að jafna sig eftir áfallið þegar Fréttablaðið talaði við hana í gærkvöldi. **- jse**



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**GLAÐAR EFTIR ERFIÐA RAUN** Jórunn Hólm (t.h.) með Auði Margréti vinkonu sinni.

Skoðanakönnun Gallup:

## D-listinn fengi borgina

**SKOÐANAKÖNNUN** Sjálfstæðisflokkur fengi meirihluta borgarfulltrúa ef kosið yrði til borgarstjórnar nú, samkvæmt könnun Gallup.

Sjálfstæðisflokkur fengi tæplega 57 prósent, en mældist með 56 prósent í september. Samfylking fengi 25 prósent fylgi, en fékk 28 prósent í síðustu könnun. Vinstri grænir fengju rúmlega tólf prósent, en mældust síðast með ellefu prósent. Framsóknarflokkur fengi fjögur prósent, en fékk síðast þrjú prósent. Frjálslyndi flokkurinn fengi rúmlega tvö prósent og breytist fylgi þeirra ekki.

28 prósent aðspurðra tóku ekki afstöðu til spurningarinnar. Spurt var „Ef kosið yrði í dag til borgarstjórnar hvaða flokk eða lista myndir þú kjósa? En hvaða flokk eða lista er líklegast að þú myndir kjósa?“ Úrtakið var 2,614 Reykvíkingar og var svarhlutfall um 61 prósent. **- ss**

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla. **-ritstj.**

# Launahækkanir frá áramótum gufa upp

**Kaupmáttur launa er sá sami og um áramót þótt launavísitalan hafi hækkað um rúm þrjú prósent á sama tímabili. Verðbólgan hefur étið upp þær launahækkanir sem komið hafa í hlut launamanna frá því um áramót.**

**EFNAHAGSMÁL** Laun hafa hækkað um rúm þrjú prósent að meðaltali frá áramótum en kaupmátturinn hefur staðið í stað. Launahækkanir að hafa étist upp af verðbólgunni sem hefur haldið í við launavísitöluna frá áramótum.

Ef horft er tvö ár aftur í tímann er hið sama upp á teningnum. Þrátt fyrir 12 prósenta launahækkanir að meðaltali er kaupmáttaraukningin á sama tíma aðeins fjögur prósent. Verðbólga síðustu tveggja ára er rúm átta prósent. Á síðustu tólf mánuðum hafa laun hækkað um sjö prósent að meðaltali en kaupmáttaraukningin er einungis tvö prósent. Verðbólga á tímabilinu var tæp fimm prósent.

Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur Alþýðusambands Íslands, segir það áhyggjuefni að verðbólgan sé að éta upp kaupmáttinn. „Við höfum litlar vísbendingar um launaskrið á almennum vinnumarkaði þannig að okkur sýnist að þorri launþega hafi verið að fá þrjú prósent launahækkun á síðustu tólf mánuðum en á sama tíma hefur verðlag hækkað um 4,6 prósent,“ segir hann.

„Kaupmáttur þeirra, sem ekki hafa fengið aðrar launahækkanir en hinar almennu samningsbundnu hækkanir í janúar síðastliðnum, er að rýrna og það er verulegt áhyggjuefni,“ segir Ólafur Darri.

Hann bendir á að ekki sé lengur deilt um að forsendur kjarasamninga séu brostnar því verðbólga hafi verið langt umfram það sem gert hafi verið ráð fyrir í samningum. Hann segir að vitað hafi verið þegar gengið var til samninga að hagkerfið væri á leið inn í þensluskeið.

„Samningar til fjögurra ára áttu að vera grunnur að því að hægt væri að stýra hagkerfinu svo upp mætti byggja kaupmátt og leggja grunn að framtíðaruppbyggingu starfa,“ segir Ólafur Darri. „Við erum hins vegar að upplifa það núna að ákveðin utanaðkomandi áföll, eins og olíuverðshækkun, og hagstjórnarmistök, á borð við breytingar á íbúðalánamarkaði og illa tímasettar skattalækkanir, hafa leitt til þess að verðbólga hefur verið miklum mun meiri en við áttum von á,“ segir hann.

**sda@frettabladid.is**



**ÓLAFUR DARRI ANDRASON** Hagfræðingur Alþýðusambands Íslands






**MÖKKUR FRÁ SJÚKRAHÚSINU** vartolíukatlar Landspítala-háskólasjúkrahúss við Hringbraut reykja þegar þeir eru keyrðir upp.

Mökkinn lagði frá spítalanum:

## Brennslubúnaður lagfærður

**HEILBRIGÐISMÁL** Bilun í katlabúnaði Landspítala-háskólasjúkrahúss við Hringbraut í Reykjavík varð til þess að síðustu daga hefur meira borið á því að svartan reyk legði frá spítalanum.

„Við erum með olíukatla sem keyrður er upp snemma á morgnana og varakyndingu, svartolíukatla, en frá þeim kemur stundum svartur reykur þegar þeir eru keyrðir upp,“ segir Aðalsteinn Pálsson, sviðsstjóri byggingasviðs LSH. Hann segir brennslubúnað spítalans vera í yfirferð og lagfæringu sem ljúki senn.

Í hádeginu á mánudag mátti í smástund sjá nokkrar kolsvartar gusur. Aðalsteinn segir svo óvanalegt orðið að reykur sjáist í borginni að mörgum bregði við. „Þannig var það í Fossvoginum fyrir nokkru, en þar uppi er rautt ljós fyrir flugvélar sem lýsti upp reykinn og fólk hélt að kviknað væri í.“ **- óká**

### NOREGUR

**Níu tonn af hnetum innkölluð**

Maarud í Noregi hefur látið innkalla níu tonn af salthnetum sem dreift var til verslana fyrir um mánuði eftir að rotvarnarefni fannst í hnetunum sem talið er valda krabbameini, að því er norska ríkisútvarpið NRK hermir. Hnetur í pakkningunum sem um ræðir eru ekki seldar hérlendis og því stafar íslenskum neytendum engin hætta af þeim.




Ritnefnd Læknablaðsins sagði af sér í kvöldfréttum RÚV í gærkvöldi:

# Kári kærir Vilhjálm ritstjóra

**DEILUR** Kári Stefánson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar hefur kært Vilhjálm Rafnsson, ritstjóra Læknablaðsins til siðanefndar lækna fyrir að leyfa Jóhanni Tómassyni lækni að birta grein í blaðinu.

Sagt var í kvöldfréttatíma Ríkisútvarpsins í gærkvöldi að fimm manna ritnefnd Læknablaðsins hafi sagði af sér. Þegar haft var samband við Vilhjálm Rafnsson ritstjóra í gærkvöldi höfðu enn engar formlegar afsagnir borist blaðinu, en nefndin fjallaði um málið á fundi í fyrrakvöld. Einn ritnefndarmanna er erlendis og hefur ekki tekið þátt í þessum ákvörðunum.

Ástæðan fyrir ókyrrðinni í ritnefndinni er grein sem Jóhann Tómasson heilsugæslulæknir ritaði í níunda tölublað Læknablaðsins þar sem hann fjallar um afleysingar Kára Stefánssonar á taugadeild Landspítala-háskólasjúkrahúss í sumar. Greinin ber heitið Nýi sloppur keisarans og í henni segir Jóhann það vera ábyrgðarleysi að leyfa Kára að stunda lækningar. Í grein sinni segir hann meðal annars: „Ferill Kára í verklegu og klínísku námi í læknadeild Háskóla Íslands og á kandídatsári var með endemum. Um það getur heill her skólafélaga hans vitnað og fjölmargir aðrir.“

Ekki náðist í Kára vegna málsins í gærkvöldi. **- saj**



**KÁRI STEFÁNSSON** Kári kærir ritstjóra Læknablaðsins til siðanefndar lækna fyrir að leyfa birtingu á grein um sig.

TVEIR ÍSLENSKIR SAGNAMEISTARAR:

# TVÆR MAGNAÐAR SKÁLDSÖGUR







„Höfuðlausn er **fantafín saga.**“
Halldór Guðmundsson / FRÉTTABLAÐIÐ

„**Glæsilega fléttuð bók.**“
Jakob Bjarnar / DV

„Ólafur fléttar saman skáldskap og sögulegum staðreyndum af sinni alkunnu íþrótt.“
Hávar Sigurjónsson / MORGUNBLAÐIÐ

„Spennandi og trúverðug.“
Páll Ásgeir Ásgeirsson / Rás 2

„Heilmikil örlagasaga … ég sat fastur í söguneti Ólafs og las og las og **gat ekki lagt frá mér bókina.**“
Illugi Jökulsson / TALSTÖÐIN

„**Unnendur glæpasagna verða ekki sviknir** af nornatíma Árna … kom þessi saga **skemmtilega á óvart** … eiginlega skelfilega á óvart svo ekki sé meira sagt.“
Sigríður Albertsdóttir / DV

„Ólafur Gunnarsson hittir í mark með þessari skemmtilegu bók sem **fangar strax athygli lesandans og heldur honum þar til yfir lýkur.**“
Bók vikunnar / FRÉTTABLAÐIÐ

JPV ÚTGÁFA
www.jpv.is

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 01.11.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 60,62 | 60,9 |
| Sterlingspund | GBP | 107,3 | 107,82 |
| Evra | EUR | 72,78 | 73,18 |
| Dönsk króna | DKK | 9,749 | 9,807 |
| Norsk króna | NOK | 9,35 | 9,406 |
| Sænsk króna | SEK | 7,601 | 7,645 |
| Japanskt jen | JPY | 0,52 | 0,523 |
| SDR | XDR | 87,42 | 87,94 |

*Gengisvísitala krónunnar*
102,3125

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ræðismaður Danmerkur í Jórdaníu með óhreint mjöl í pokahorninu:

# Safnaði mútum fyrir Saddam

**DANMÖRK** Danska utanríkisráðuneytið rannsakar nú ásakanir um að ræðismaður Dana í Jórdaníu hafi haft milligöngu um að færa Saddam Hussein, fyrrverandi einræðisherra í Írak, mútugreiðslur frá dönskum fyrirtækjum á tímum efnahagsþvingana Sameinuðu þjóðanna.

Skýrsla sérstakrar rannsóknarnefndar um olíusöluáætlun Sameinuðu þjóðanna sem var í gildi á árunum 1996-2003 leiddi í ljós að dönsk yfirvöld höfðu sjálf hreinan skjöld hvað viðskipti við Írak áhrærir. Hins vegar greindi dagblaðið Jyllands-Posten frá því í gær að það hefði gögn undir höndum sem sýndu að ræðismaður Danmerkur í Jórdaníu hafi rukkaði dönsk útflutningsfyrirtæki um mútugreiðslur til ríkisstjórnar Saddams Hussein. Talið er að greiðslurnar hafi numið um tíu prósentum af verðmæti alls útflutnings til Íraks og þær hafi verið innheimtar á árunum 2000-03, en Sameinuðu þjóðirnar lögðu blátt bann lagt við slíkum greiðslum.

Forystumenn stjórnarandstöðunnar hafa farið fram á að ræðismaðurinn, Tawfiq Amin Kawar, verði leystur frá störfum og krefja Per Stig Møller utanríkisráðherra skýringa á málinu. - shg



**GRÆDDI Á TÁ OG FINGRI** Saddam Hussein átti einungis í viðskiptum við þau dönsku fyrirtæki sem greiddu honum ríflega þóknun fyrir.

Spilltir norskir læknar:

# Sagðir hafa falsað vottorð

**NOREGUR** Dagblaðið Dagens Næringsliv birti um helgina fréttir þar sem fjórir virtir læknar og sálfræðingar í Osló eru sakaðir um að hafa gegn þóknun falsað læknisvottorð fyrir glæpamenn svo að þeir fengju vægari refsingu.

Embætti héraðslæknisins í Ósló og Akershus hefur vísað málinu til lögregluyfirvalda enda eru ásakanirnar litnar mjög alvarlegum augum.

Einn fjórmenninganna er starfsmaður lögreglunnar en hann neitar að hafa haft vitneskju um iðju hinna læknanna þriggja. ■



**RAGNHILDUR GÍSLADÓTTIR** Forseti Íslands afhenti Röggu verðlaunin í gær.

Íslensku bjartsýnisverðlaunin:

# Ragga Gísla heiðruð

**BJARTSÝNISVERÐLAUN** Tónlistarmanninum Ragnhildi Gísladóttur voru í gær veitt Íslensku bjartsýnisverðlaunin. Forseti Íslands afhenti henni verðlaunin við athöfn í Íslensku óperunni.

Ragnhildur er lærður tónmenntakennari en leggur nú stund á nám í tónsmíðum við Listaháskóla Íslands. Ragnhildur hefur verið áberandi í íslensku tónlistarlífi í þrjá áratugi. Hún stofnaði kvennarokksveitina Grýlurnar og gekk til liðs við Stuðmenn árið 1984. ■

## HÉRAÐSDÓMUR

**Enginn viðbótardómur** 23 ára manni var ekki gerð viðbótarrefsing fyrir brot sem hann framdi áður en hann var dæmdur í hálfsárs fangelsi skilorðsbundið í fimm ár í byrjun árs fyrir brot árið 2004. Hann hafði ekið of hratt og stolið stolið 30.000 krónum af greiðslukortum í veski sem hann fann.

## LANDHELGISGÆSLAN

**BJÖRGUN** TF-LÍF, þyrla Landhelgisgæslunnar, sótti í gærmorgun veikan sjómann á togaranum Guðmundi í Nesi, sem þá var staddur 85 sjómílur út af Patreksfirði. Þyrlan lenti á Reykjavíkurflugvelli í hádeginu og maðurinn fluttur með sjúkrabíl síðasta spölinn á Landspítala-háskólasjúkrahús við Hringbraut.







# Mest ánægja með störf Geirs Haarde

**Ánægja landsmanna með störf utanríkisráðherra og landbúnaðarráðherra hefur aukist mjög á hálfu ári. Dómsmálaráðherra vermir botninn í könnun Gallup.**

**SKOÐANAKÖNNUN** Flestir landsmenn eru ánægðir með störf Geirs H. Haarde utanríkisráðherra af ráðherrum ríkisstjórnarinnar, samkvæmt skoðanakönnun Gallup. Tæplega sextíu prósent svarenda voru ánægðir með störf Geirs og hefur ánægja með störf hans aukist um rúm tíu prósent frá því í apríl.

Rúmlega 80 prósent sjálfstæðismanna eru ánægðir með störf Geirs, en mest hefur ánægjan aukist meðal stuðningsmanna annarra flokka. Um 70 prósent framsóknarmanna sögðust ánægðir og rúm 53 prósent Samfylkingarfólks. Minnst ánægja með störf Geirs er meðal stuðningsfólks vinstri grænna, en einungis 34 prósent þeirra voru ánægðir með störf hans.



Næst mest ánægja er með störf Þorgerðar K. Gunnarsdóttur menntamálaráðherra, en rúmlega 52 prósent þjóðarinnar er ánægð með hennar störf. Þar til nú hefur minnsta ánægjan verið með störf Sturlu Böðvarssonar samgönguráðherra, en nú eru það störf Björns Bjarnasonar dóms- og kirkjumálaráðherra sem minnst ánægja er með, en rúmlega 22 prósent sögðust ánægð með hans störf.

Af ráðherrum Framsóknarflokks er mest ánægja með störf Guðna Ágústssonar landbúnaðarráðherra en rúmlega 49 prósent eru ánægð með störf hans. Það er nokkru meira en í apríl, þegar hlutfallið var rúm 38 prósent. Minnst er ánægjan með störf Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra af ráðherrum Framsóknarflokks, en 33,5 prósent voru ánægð með störf hans. Það er aðeins meira en í apríl þegar 27,9 prósent voru ánægð með störf hans. Mest er ánægjan meðal framsóknarmanna, tæp 73 prósent. 47,4 prósent sjálfstæðismanna eru ánægðir með störf forsætisráðherra, 23,2 prósent samfylkingarfólks og 8,2 prósent stuðningsmanna vinstri grænna.

Spurt var: Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með störf Halldórs Ásgrímssonar, forsætisráðherra? Eins var spurt um alla ráðherra í ríkisstjórninni og var röð þeirra breytt á milli viðtala. Úrtakið var 1.227 manns á aldrinum 18 til 75 ára. Svarhlutfall var um 62 prósent.

svanborg@frettabladid.is

Guantanamo-fangelsið:

# Heimsókn SÞ-fulltrúa aflýst

**BANDARÍKIN, AP** Sameinuðu þjóðirnar hafa afþakkað boð Bandaríkjamanna um að þau heimsæktu Guantanamo-fangabúðirnar á Kúbu. Þetta stafar af því að fulltrúar samtakanna áttu ekki að fá að ræða við fangana meðan á heimsókninni stæði.



**MANFRED NOWAK**

Vel á fjórða ár er liðið síðan Sameinuðu þjóðirnar óskuðu eftir því að fá að skoða aðstæður í fangelsinu en það var ekki fyrr en nýlega sem varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna samþykkti beiðnina, en með fyrrnefndu skilyrði. Um 500 fangar eru vistaðir í fangelsinu á Guantanamo en flestir voru handteknir í Afganistan eftir innrás Bandaríkjamanna í landið haustið 2001. Síðan þá hafa meintar pyntingar á föngunum ítrekað verið gagnrýndar. ■

Þrír dæmdir fyrir fjársvik:

# Báru hver annan sökum

**DÓMSMÁL** Stjórnarformaður, stjórnarmaður og framkvæmdastjóri hlutafélagsins Ísvár voru dæmdir í þriggja mánaða fangelsi fyrir að standa ekki skil á opinberum gjöldum árið 2002.

Dómurinn, sem var upp kveðinn í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær, er skilorðsbundinn í tvö ár hjá mönnunum þremur. Tveir þurfa að borga 1,5 milljónir króna í sekt og sá þriðji 1,2 milljónir.

Í dómsorðinu segir að ágreiningslaust hafi verið að fyrirtækið hafi ekki staðið skil á gjöldum en deilt hafi verið um hver hafi átt að bera ábyrgð á skilunum.

Enginn mannanna vildi viðurkenna að hafa borið ábyrgð á daglegum rekstri fyrirtækisins. Dómurinn kvað þá ekki geta firrt sig skyldum sínum með því að benda hver á annan. - óká

AÐALFUNDUR ÆGISKLÚBBSINS

verður haldinn í Tjaldvagnalandi
fimmtudagskvöldið 3. nóvember n.k. kl. 20:30.

DAGSKRÁ FUNDARINS:
• Venjubundin aðalfundarstörf
• Skýrsla stjórnar og reikningar fyrir síðasta starfsár klúbbsins
• Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga
*Kaffihlé*
• Kosning stjórnar til setu næsta kjörtímabil
• Önnur mál

*Í tilefni aðalfundarins veitir Tjaldvagnaland okkur **20-40% afslátt af aukahlutum** þetta eina kvöld. Félagar fjölmennið og takið þátt í starfi klúbbsins og mótun starfseminnar næsta árið.*
*Nýtið ykkur frábær tilboð Tjaldvagnalands.*

Tjaldvagnaland
SEGLAGERÐIN ÆGIR
ÆGISKLÚBBURINN

EYJARSLÓÐ 7 • SÍMI 511 2203 www.seglagerdin.is



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

## VEÐURSPÁ

**SÉR BRÁTT FYRIR ENDANN Á KULDAKAFLANUM**

Það hefur verið harður vetur víða, ekki síst fyrir norðan með blindbyl og ófærð. Dagurinn í dag er sem betur fer á allt öðrum nótum. Allt saman í hægagírnum. Til gleði fyrir suma sýnist mér að gefa megi út dánarvottorð á kuldann strax á föstudag a.m.k. í bili !!

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**

Norðaustan gola. Fremur skýjað í dag en úrkomulaust. Hiti 2-4 stig að deginum.

*um hádegi »*




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 12°C hálfskýjað | París | 16°C skúrir | Alicante | 24°C heiðskýrt |
| Osló | 10°C léttskýjað | Berlín | 14°C léttskýjað | Mílano | 20°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 14°C alskýjað | Frankfurt | 13°C léttskýjað | New York | 17°C léttskýjað |
| Helsinki | 9°C léttskýjað | Madríd | 20°C hálfskýjað | San Francisco | 17°C skúrir |
| London | 18°C alskýjað | Barcelona | 21°C heiðskýrt | Orlando/Flórída | 26°C skýjað-skúr |

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# Ný bók eftir Ingólf Margeirsson

**– kemur út á föstudaginn**

30%
afsláttur næstu daga




Ingólfur Margeirsson fékk heilablóðfall fyrir fáum árum og fjallar í þessari bók um baráttu sína við að öðlast bata á nýjan leik.

*Afmörkuð stund* er mögnuð frásögn af alvarlegum veikindum og einstakri baráttu úr faðmi dauðans til lífsins.

*Afmörkuð stund* er einstök lesning og mikil uppörvun öllum þeim sem lent hafa í alvarlegum skakkaföllum í lífinu. Bókin fjallar á góðu og auðskiljanlegu máli um hverfulleika lífsins og átök við brigðula tilveru.

**Lifandi og sönn frásögn eins og Ingólfi Margeirssyni er einum lagið.**

## Bók sem breytir lífssýn þinni!

**SKRUDDA**

Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík
s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is
www.skrudda.is

**www.skrudda.is**



## KJÖRKASSINN

*Á að byggja á eyjum á Faxaflóa?*

| | |
|---|---|
| Já | 39% |
| Nei | 61% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG?**

*Eiga íslensk stjórnvöld að leyfa fangaflutninga leyniþjónustu Bandaríkjanna um Ísland?*

Segðu þína skoðun á Vísi.is

vísir

Forsvarsmenn Samiðnar og lögmaður starfsmannaleigunnar 2B ehf.:

# Funda um laun Pólverjanna

**VERKALÝÐSMÁL** Forsvarsmenn Samiðnar funduðu með lögmanni starfsmannaleigunnar 2B, Sveini Andra Sveinssyni, seinni partinn í gær. Engin niðurstaða varð af fundinum, en til stendur að funda aftur í dag. Fimmtán af átján Pólverjum frá starfsmannaleigunni 2B sem áttu að fara heim á mánudag eru enn á Kárahnjúkum. Pólverjarnir neituðu að yfirgefa svæðið fyrr en þeir hefðu fengið í hendur launaseðla sína, með uppgjöri við starfsmannaleiguna.

Að sögn Odds Friðrikssonar ákváðu hins vegar þrír að halda til Reykjavíkur í gær og eru á heimleið. Mennirnir hafa dvalið hér á landi í þrjá mánuði og unnið fyrir Suðurverk við Kárahnjúka. „Annars er mál Pólverjanna nú í höndum verkalýðsfélagsins," segir hann og vísaði til fundahaldanna með lögmanni 2B.



**ÞORBJÖRN GUÐMUNDSSON** Framkvæmdastjóri Samiðnar fundar með lögmanni starfsmannaleigunnar 2B ehf. um launamál pólskra verkamanna.

Þorbjörn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samiðnar, sagðist ekki treysta sér til að spá fyrir um endalok viðræðnanna við 2B, en kvaðst vonast til að pólsku verkamennirnir yrðu ekki fyrir fjárhagstjóni og að í lausn málsins myndi líka semjast um heimferð þeirra.

„Fundurinn var gagnlegur og menn ræddu málið af skynsemi og yfirvegun. Við einsettum okkur að finna skynsamlega lausn," segir Sveinn Andri, en treystir sér ekki fremur en Þorbjörn að spá fyrir um hvort samkomulag myndi nást. **- óká**

Ofankoma í Ólafsfirði:

# Hættuástand í hesthúsabyggð

**VEÐURFAR** Lögregluyfirvöld í Ólafsfirði, í samráði við Veðurstofu Íslands, lýstu í gær yfir viðbúnaðarástandi vegna snjóflóðahættu í Ósbrekkufjalli gegnt byggðinni í firðinum.

Á hættusvæðinu er hesthúsabyggð en Kristinn Hreinsson, bæjarritari á Ólafsfirði, segir ekki hættu á að snjóflóð falli á mannabústaði. Talsverður snjór hefur safnast upp í Ósbrekkufjalli síðustu daga.

„Hestamenn eru hvattir til að fara með gát um svæðið og helst á enginn að vera þar á ferð nema brýna nauðsyn beri til," segir Kristinn. **- kk**



**Á VETTVANGI** Palestínumenn skoða flak bílsins sem Ísraelar sprengdu með flugskeyti á Gaza í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Deila Ísraels og Palestínu:

# Stýriflaugaárás á Gazasvæðinu

**ÍSRAEL, AP** Ísraelsher tók tvo eftirlýsta herskáa Palestínumenn af lífi í gær með því að sprengja bíl þeirra í tætlur með stýriflaug. Örskömmu fyrir árásina hafði Mahmoud Abbas, leiðtogi Palestínumanna, ekið eftir sama vegi í grennd við flóttamannabúðir á Gazasvæðinu.

Herskáir Palestínumenn brugðust við árásunum með því að hvetja til hefndarárása. En þrátt fyrir hina auknu spennu á Gaza áformuðu fulltrúar Palestínumanna og Ísraelsstjórnar að hittast í dag. Reyna á að útkljá ágreining um það hvernig tryggja beri öryggi á landamærum Gaza og Egyptalands eftir að Ísraelar yfirgáfu Gazasvæðið í september. ■

# Fimmtán fangaflugvélar taldar hafa lent í Keflavík

**Bandaríska leyniþjónustan CIA hefur ítrekað flutt fanga um lofthelgi Norðurlandanna, þar með talið Íslands, til annarra landa þar sem pyntingar eru sagðar viðgangast. Stjórnvöld í Danmörku virðast hafa grunað að ekki væri allt með felldu og fóru fram á að flutningarnir færu ekki um danska lofthelgi.**

**FANGAR** Allt bendir til að flugvélar á vegum bandarísku leyniþjónustunnar CIA með grunaða hryðjuverkamenn innanborðs hafi millilent á Íslandi og í Danmörku, Noregi og Svíþjóð á leið sinni til ríkja þar sem pyntingar eru stundaðar. Ekki er ljóst hversu mikla vitneskju stjórnvöld í þessum löndum hafa haft um eðli flutninganna.



**PER STIG MØLLER** Danski utanríkisráðherrann lét þá skoðun sína í ljós við Bandaríkjamenn að fangaflutninga um danska lofthelgi væri ekki óskað.

Það eru ekki ný tíðindi að bandarísk stjórnvöld hafi um nokkurra ára skeið flutt grunaða hryðjuverkamenn til ríkja sem vitað er að beiti pyntingum við yfirheyrslur fanga, til dæmis Jórdaníu, Sýrlands og Líbíu, en slíkt brýtur í bága við sáttmála Sameinuðu þjóðanna gegn pyntingum. Þannig greindi bandaríska tímaritið Newsweek frá því fyrr á þessu ári að CIA hefði nokkrar flugvélar á leigu sem notaðar væru til slíkra flutninga, svonefndar draugaflugvélar. Vélarnar líta að öllu leyti út fyrir að vera ætlaðar til borgaralegra nota. Því vekja ferðir þeirra minni athygli en ella enda eru aðrar kröfur gerðar um upplýsingar um borgaralegt flug en hernaðarlegt.

Talsverðar umræður hafa skapast í Danmörku um hvort slíkir flutningar hafi farið um danska lofthelgi. Í sumar spurðu þingmenn Per Stig Møller utanríkisráðherra út í málið og kom fram í svörum ráðherrans að dönsk yfirvöld hefðu látið þá skoðun sína í ljós við Bandaríkjamenn að „Danir óski ekki eftir að lofthelgi landsins sé notuð í tilgangi sem ekki samrýmist alþjóðasáttmálum." Af þessu má ráða að dönsk stjórnvöld hafi haft grun um að ekki væri allt með felldu.

Í októberlok spurði svo Frank Aaen, þingmaður stjórnarandstöðunnar, Flemming Hansen samgönguráðherra í hvaða erindagjörðum flugvél á vegum flugfélags sem vitað er að CIA skiptir við hafi verið á Kastrup-flugvelli í 23 klukkustundir mars á þessu ári. Staðfest hefur verið að sú flugvél millilenti á Keflavíkurflugvelli í rúman sólarhring. Jafnframt vildi Aaen vita hvort flugvél á leið frá Reykjavík til Búdapest fyrir um þremur vikum síðan hefði farið um danska lofthelgi. Að sögn dagblaðsins Politiken sagðist ráðherrann hvorki hafa vitneskju um hverjir hefðu verið um borð né hver tilgangur ferðalagsins hefði verið.





**FANGAFLUGVÉL** Að sögn norska blaðsins Nytid var CIA með flugvélina N227SV á leigu þegar hún flaug frá Möltu til Keflavíkur í óþekktum tilgangi.

Í síðasta mánuði fjallaði norska vikuritið Nytid um ferðir slíkra véla um norska lofthelgi og er því meðal annars haldið fram að flugvöllur í Stavangri hafi verið notaður til millilendinga. Blaðið staðhæfir að árið 2001 hafi tveir menn verið teknir höndum í Svíþjóð og þeir síðan fluttir nauðugir til Egyptalands þar sem þeir sættu pyntingum. Jafnframt er greint frá því að flugvél með einkennisstafina N227SV sem CIA er sögð hafa verið með á leigu hafi farið um norska lofthelgi á leið sinni frá Möltu til Keflavíkur um miðjan desember 2004, en ekkert er vitað hverjir voru um borð. Talsmaður norska utanríkisráðuneytisins kvaðst í samtali við blaðið enga vitneskju hafa um slíkar ferðir.

**sveinng@frettabladid.is**

**FIMMTÁN VÉLAR Í KEFLAVÍK**

Af þeim 44 flugvélum sem spurt var um á danska þinginu fóru sjö um danska lofthelgi og þrjár lentu á dönskum flugvöllum. Samkvæmt upplýsingum frá flugmálayfirvöldum í Keflavík lentu fimmtán þessara véla á Keflavíkurflugvelli á tímabilinu 1. janúar 2001 til 3. október 2005, sumar þeirra oft.

N169KT - 7. júní 2001
N1HC - 1. júlí 2001
N42Hn - 23. september 2001
N5117H - 2. október 2001
N157A - 14. okt 2001
N221SG - 31. mars 2002
N50BH - 23. júní 2002
N1016M - 19. apríl 2003
N35NK - 7. desember 2004
N168D - 6. apríl 2005
N212AZ - Vélin lenti 15 sinnum á tímabilinu
N470JF - Vélin lenti 15 sinnum á tímabilinu
N315CR - Vélin lenti 11 sinnum á tímabilinu
N33NJ - Vélin lenti 8 sinnum á tímabilinu
N822US - Vélin lenti 4 sinnum á tímabilinu


Aukaferð
Barcelona
2. desember frá kr. 49.990
Helgarferð - 3 nætur



Heimsferðir bjóða nú aukaferð til Barcelona 2.-5. des. á frábærum kjörum. Einstakt tækifæri til að kynnast einni mest spennandi borg Spánar. Það er frábært að versla og njóta í Barcelona, endalaust úrval verslana og veitingastaða og verðlag mjög hagstætt. Gríptu tækifærið og skrepptu í helgarferð til Barcelona, slakaðu á, kauptu jólagjafir á hagstæðu verði og, umfram allt, njóttu lífsins.

Verð kr.
49.990
Flug, skattar og gisting, m.v. 2 í herbergi á Hotel Rialto með morgunverði, 2. desember. Netverð á mann.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri sími 461 1099 • www.heimsferdir.is


Stjórnvöld spurð hvort þau hafi vitað um flug leyniþjónustu Bandaríkjanna:

# Geta ekki staðfest fangaflugið

**FANGAFLUG** Steingrímur J. Sigfússon formaður vinstri grænna hefur óskað svara frá Geir H. Haarde utanríkisráðherra við spurningum um hugsanlegar ferðir bandarísku leyniþjónustunnar með fanga um íslenska lofthelgi og um viðkomu slíkra véla á Keflavíkurflugvelli. „Ég rökstyð fyrirspurn mína á Alþingi með þeim gögnum sem ég hef," segir hann.

Þingfundir verða aftur í næstu viku að lokinni kjördæmaviku þingmanna og má búast við svörum utanríkisráðherra um miðja vikuna.

Steingrímur spyr hvort ráðuneytinu sé kunnugt um að flugvélar á vegum bandarísku leyniþjónustunnar með fanga eða meinta hryðjuverkamenn, hafi farið um íslenska lofthelgi.

Hann spyr jafnframt hvort utanríkisráðherra telji meðferð fanga, sem ekki njóti verndar og réttinda sem venjulegir borgarar, brot á alþjóðalögum og hvort íslensk stjórnvöld ætli að meina flugvélum með fanga eða meinta hryðjuverkamenn aðgang að íslenskri lofthelgi og afnot af íslenskum flugvöllum.

Íslandsdeild mannréttindasamtakanna Amnesty International vekur athygli á að algert bann við pyndingum og illri meðferð feli einnig í sér algert bann við að flytja fanga til ríkis þar sem hætta sé á að hann verði pyntaður eða látinn sæta grimmilegri meðferð.

„Erlendum stjórnvöldum ber að sækja um yfirflugs- og lendingarleyfi vegna flugvéla sem fara inn í lofthelgina eða lenda," segir Ragnheiður Elín Árnadóttir, aðstoðarmaður utanríkisráðherra. Hún segir að borgaralegt flug sé ekki háð slíkum kvöðum og þurfi aðeins að tilkynna um áætlun sína. „Við höfum ekki fengið umsóknir vegna annars flugs og getum ekki staðfest að í flugvélunum hafi verið fangar." **- jh**



**RAGNHEIÐUR ELÍN ÁRNADÓTTIR** Aðstoðarmaður utanríkisráðherra.



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON** Formaður Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs.

# SPRENGIDAGUR Í DEBENHAMS KL. 8-22

# 25%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM FATNAÐI OG HEIMILISVÖRUM

15% AFSLÁTTUR AF SNYRTIVÖRUM

# BARA Í DAG

2. NÓVEMBER, 2005





## VEISTU SVARIÐ

1. *Hve mörgu fé var slátrað á vegum Norðlenska í sláturtíðinni?*
2. *Hvað heitir krónprinsessan á Spáni?*
3. *Hvað eru margir á kjörskrá Sjálfstæðisflokksins fyrir prófkjörið í borginni?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 46

Ógirtur húsgrunnur við leikskólann Vallasel á Akranesi veldur áhyggjum:

# Börnunum haldið innandyra af ótta

**BYGGINGAR** Við Vallabraut á Akranesi er stór húsgrunnur óvarinn með öllu. Grunnurinn er í nágrenni við leikskólann Vallasel.

„Það eru bara nokkrar keilur þarna með gulum borða. Þetta er stórhættulegt. Við vorum með barnaafmæli í fyrradag og þorðum hreinlega ekki að sleppa börnunum út,“ segir Hulda Ólöf Einarsdóttir, leikskólaleiðbeinandi á Akranesi.

„Menn fá engan frest með að kippa þessu í liðinn,“ segir Skúli Lýðsson, byggingarfulltrúi hjá Akraneskaupstað. Hann segir leikskólann Vallasel vera vel girtan af en það breyti ekki því að þarna eigi börn leið um og grunnurinn sé hættusvæði.

Það er fyrirtækið Búmenn stendur að verkinu en verktakafyrirtækið Skóflan er undirverktaki og sér um gröftinn. Guðmundur Guðjónsson hjá Skóflunni segir að fyrirtækið sé undirverktaki og komi ekki að umsjón verksins í sjálfu sér.

Framkvæmdir hafa legið niðri að undanförnu vegna veðurs. Veldur það foreldrum og bæjaryfirvöldum á Skaganum nokkrum áhyggjum að ekki skuli vera girðing um grunninn.

„Maður veit aldrei hvað getur gerst ef barn dettur þarna ofan í,“ segir Hulda Ólöf. **- saj**



**ÓGIRTUR HÚSGRUNNUR** Eins og sjá má er um stóran og djúpan grunn að ræða. Hér sést leikskólinn Vallasel á hægri hönd.



**JÓN S. VON TETZSCHNER** Jón er forstjóri Opera Software, en fyrirtækið stofnaði hann með norskum vini sínum.

Opera í 30 þúsund fetum:

# Með netvafra fyrir flugvélar

**UPPLÝSINGATÆKNI** Norska vafrafyrirtækið Opera kynnti í gær samstarf við raftækjaframleiðandann Thales um að Opera-vafrinn verði hluti af TopSeries skemmtikerfi Thales fyrir flugvélar.

Þannig eiga flugfarþegar véla sem nota TopSeries innan tíðar að geta vafrað um Internetið á ferðum sínum, en kerfið er sagt passa í flestar gerðir Boeing og Airbus farþegavéla.

Vafri Opera er sagður henta vel í alþjóðaumhverfi millilandaflugsins því hann er í boði á fjölda tungumála, þar á meðal arabísku. Christen Krogh, varaforseti hönnunardeildar Opera, fagnar áfanganum og spáir því að vafrinn eigi eftir mikla útbreiðslu á jaðartækjum og sérsniðnum skjám, enda sé hann hannaður með smáskjái og fjölda stýrikerfa í huga. **- óká**

# Skipulagsmálin vanrækt

**Samgöngumál í Reykjavík eru ofarlega í hugum þeirra fjögurra sem sækjast eftir þriðja og fjórða sæti á lista Sjálfstæðisflokks fyrir komandi borgarstjórnarkosningar. Örn Sigurðsson telur að margt muni batna í borginni ef hægt verður að þétta byggðina. Málefni aldraðra ber einnig á góma hjá frambjóðendum.**

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Þrír frambjóðendur sækjast eftir að ná fjórða sæti á lista Sjálfstæðisflokks í Reykjavík fyrir komandi borgarstjórnarkosningar, þau Jórunn Frímannsdóttir, Örn Sigurðsson og Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir. Þorbjörg og Jórunn leggja báðar talsverða áherslu á velferðarmál, sérstaklega hvað varðar aldraða. Samgöngumál eru einnig í brennidepli og virðast þau öll vera hlynnt úrbótum á gatnamótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar og byggingu Sundabrautar.

Örn Sigurðsson vill hins vegar leggja algjöran forgang í skipulagsmál og telur að með bættu skipulagi myndist forsendur til úrbóta í mörgum öðrum málum, svo sem bættum samgöngum, minni mengum og fleiri lóðum til bygginga.

Kjartan Magnússon er eini sjálfstæðismaðurinn sem sækist eftir þriðja sæti á lista flokksins í Reykjavík. Kjartan hefur setið í borgarstjórn um nokkurt bil og hyggst um margt byggja á reynslu sinni af þessum málum. Kjartan setur samgöngumál og íþrótta- og æskulýðsmál á oddinn.

**saj@frettabladid.is**



**Jórunn Frímannsdóttir, 4. sæti.** „Efst á mínum lista eru velferðarmálin, menntamálin og samgöngumálin.“ „Svo þurfum við einfaldlega að veita þessa þjónustu,“ segir hún. „Það eru velferðarmál aldraðra sem ég tel að sé brýnast að einbeita sér að. Svo og sameining og hagræðing í heimaþjónustu og heimahjúkrun. Þarna þarf að samnýta þá krafta sem til eru.“



**Örn Sigurðsson, 4. sæti.** „Skipulagsmál í Reykjavík hafa verið vanrækt illilega og þar blasir við hræðilegur uppsafnaður vandi.“ Hann segir skipulagsmálin ávallt vera grundvallaratriði í borgarsamfélagi. „Með því að taka spjótið úr sjúklingnum, það er að segja Vatnsmýrinni, þá fer sjúklingurinn strax að hressast dálítið. Það skapast óendanleg tækifæri með því að byggja inn en ekki út.“

**Kjartan Magnússon, 3. sæti.** „Ég hef setið í borgarstjórn undanfarin ár og hef lagt fram margar tillögur. Ég held að verkin tali,“ segir Kjartan Magnússon, en hann er eini frambjóðandinn í þriðja sæti á lista Sjálfstæðisflokks til borgarstjórnar. Kjartan leggur sérstaka áherslu á samgöngumál og íþrótta- og æskulýðsmál.

„Þau mál sem ég legg áherslu á að leysa í samgöngumálunum eru mislæg gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar og svo er ákaflega mikilvægt að koma Sundabrautinni af stað,“ segir Kjartan. Kjartan er



einnig hlynntur byggð í eyjunum við Sundin. „Þar tel ég að fyrsti áfanginn sé augljóslega Geldinganesið og held að við gætum hreinlega einhent okkur í það.“

Hann telur að með byggð í Geldinganesi og víðar sé hægtað tryggja að lóðaframboð í borginni sé nægilegt. „Hér þarf einfaldlega að auka lóðaframboðið og þannig gera ungu fólki kleift að koma sér upp þaki yfir höfuðið án þess að koma sér í stjórnlausa skuldaklafa.“ Hann telur að skattalækkanir eigi að koma til með skynsamlegri nýtingu á fjármagninu.



**Þorgbjörg Helga Vigfúsdóttir, 4. sæti.** „Það eru vísitölutengdir skattar af fasteignum sem hafa hækkað um 40 prósent á einu ári. Það þarf að finna þessu annan farveg og lækka þessi gjöld.“ Þorbjörg telur að draga eigi úr miðstýringu í menntakerfinu, auka fjölbreytni og skapa heildstæða stefnu í dagvistunarmálum.

„Ég fylgi afstöðu borgarstjórnarflokksins í málefnum byggðar í miðborginni.“






Prófkjör Samfylkingar í Hafnarfirði haldið á laugardag:

# Tveir bæjarfulltrúar gefa ekki kost á sér

**STJÓRNMÁL** Prófkjör Samfylkingingarinnar í Hafnarfirði verður haldið nú á laugardag. 21 frambjóðandi er um átta sæti, fjórtán karlar og sjö konur. Nú hefur Samfylking sex bæjarfulltrúa af ellefu og er því líklegt að harðast verði barist um sex efstu sætin. Stefnt er að því að birta úrslit prófkjörsins um klukkan 22 á laugardagskvöld.

Tveir núverandi bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar gefa ekki kost á sér að nýju, Jóna Dóra Karlsdóttir og Hafrún Dóra Júlíusdóttir. Aðrir fjórir bæjarfulltrúar gefa kost á sér til endurkjörs, en það hefur vakið eftirtekt að Gunnar Svavarsson, núverandi forseti bæjarstjórnar býður sig fram í sjötta sæti listans, baráttusætið.

Prófkjörið fer fram á skrifstofu Samfylkingarinnar, á Strandgötu 21, frá klukkan 10 til 18 á laugardag. Utankjörfundaatkvæðagreiðsla hefst í dag og fer fram á sama stað.

Hafnfirðingar, skráðir í Samfylkingu fyrir lok kjörfundar mega taka þátt í prófkjörinu. Atkvæði teljast gild ef merkt er með tölustaf, frá 1 til 8, fyrir framan nafn þess frambjóðanda sem kjósandi vill gefa atkvæði sitt í viðkomandi sæti.

Samfylkingin stendur fyrir framboðsfundi í Álfafelli, íþróttahúsinu við Strandgötu á fimmtudagskvöld klukkan 20.30. Hver frambjóðandi mun hafa um þrjár mínútur til að kynna sig og framboðsmál. **- ss**

**SAMFYLKING**

| | |
|---|---|
| 1. sæti | Lúðvík Geirsson |
| | Árni Hjörleifsson (1.-6.) |
| | Ásta María Björnsdóttir (1.-8.) |
| | Eyjólfur Sæmundsson (1.-8.) |
| | Hallur Guðmundsson (1.-8.) |
| | Ingimar Ingimarsson (1.-8.) |
| | Margrét Guðmundsdóttir (1.-8.) |
| | Reynir Ingibjartsson (1.-8.) |
| 2. sæti | Ellý Erlingsdóttir |
| 3. sæti | Guðmundur Rúnar Árnason |
| | Jón Kr. Ólafsson |
| | Þorlákur Oddsson (3.-5.) |
| 4. sæti | Margrét Gauja Magnúsdóttir |
| | Hulda Karen Ólafsdóttir (4.-5.) |
| | Trausti Baldursson (4.-6.) |
| 5. sæti | Guðfinna Guðmundsdóttir |
| | Gísli Ósvaldur Valdimarsson (5.-7.) |
| | Helena Mjöll Jóhannsdóttir (5.-8.) |
| 6. sæti | Gunnar Svavarsson |
| 7. sæti | Sigurgeir Ólafsson (7.-8.) |
| | Tómas Meyer (7.-8.) |

**BARIST UM ÁTTA EFSTU SÆTIN** 21 frambjóðandi taka þátt í framboði Samfylkingarinnar í Hafnarfirði fyrir bæjarstjórnarkosningar næsta vor.

Viltu tala um fjármál?



Þú færð ráðgjöf hjá þjónustufulltrúum okkar

Láttu þá vinna með þér

ÍSLANDSBANKI

Íslandsbanki leggur áherslu á trausta og faglega ráðgjöf um fjármál. Þjónustufulltrúar okkar eru ætíð reiðubúnir að benda þér á leiðir til að bæta fjárhaginn og hvernig þú getur nýtt þjónustu bankans betur.

**Þú færð góð ráð um fjármál og þjónustu Íslandsbanka hjá þjónustufulltrúum, í Þjónustuveri í síma 440 4000 og á isb.is.**

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 4137



**ALLRAHEILAGRAMESSA** Rómversk-kaþólskur Sarajevobúi gengur hjá krossi í kirkjugarði í bosnísku höfuðborginni í gær, á Allraheilagramessu, en á þeim degi er hefð fyrir því í kaþólskum sið að ástvinir látinna heimsæki grafir þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þingmenn Samfylkingarinnar í Norðausturkjördæmi:

# Vilja álver við Húsavík

**STJÓRNMÁL** Einar Már Sigurðarson og Kristján L. Möller, þingmenn Samfylkingarinnar í Norðausturkjördæmi, telja vænlegast að nýtt álver á Norðurlandi rísi við Húsavík, einkum með tilliti til nálægðar við öflug orkusvæði og mikillar samstöðu Húsvíkinga.

Þingmenn Norðausturkjördæmis áttu í gær fund með bæjarfulltrúum á Húsavík og segir Einar Már að heimamenn hafi verið mjög samstíga í afstöðu sinni til stóriðju.

„Húsvíkingar vilja stóriðju og bæjarstjórnin í heild er algjörlega einhuga í því átta en auðvitað verða það fjárfestarnir sem að lokum ráða staðsetningunni,“ segir Einar Már.



**HEIMSÓKN** Kristján L. Möller og Einar Már Sigurðarson, tóku hús á Aðalsteini Á. Baldurssyni, formanni Verkalýðsfélags Húsavíkur, í gær og með í för var Ingibjörg Sólrún Gísadóttir, formaður Samfylkingarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

Þrír staðir koma til greina varðandi staðsetningu álvers á Norðurlandi: Húsavík, Eyjafjörður og Skagafjörður. Unnið er að staðarvalsrannsóknum á stöðunum þremur og ákvörðunar um staðsetningu er að vænta eigi síðar en 1. mars á næsta ári. **- kk**

Væntingavísitala Gallup:

# Íslendingar svartsýnni

**EFNAHAGSLÍF** Væntingavísitala Gallup mælist nú 112,3 stig. Hæst mældist vísitalan 134,2 stig í ágúst í sumar og er þetta lægsta gildi hennar á árinu en næstlægst á árinu mældist hún í júní þegar hún var 116,3 stig.

Vísitalan mælir tiltrú neytenda á efnahagslífið hér á landi en meirihluti neytenda telur núverandi efnahagsástand vera gott enda þótt heldur hafi þeim fjölgað sem telja það slæmt.

Lægsta gildi væntingavísitölunnar frá upphafi mældist í nóvember 2001 þegar hún var 61,8 stig. **- hb**

HVERFAFUNDIR BORGARSTJÓRA 2005



Borgarstjóri hlustar

Árbær–Grafarholt

Ingunnarskóla í kvöld kl. 20

Ágæti íbúi



Hverfafundir eru kjörið tækifæri til að koma þínum skoðunum á framfæri við borgarstjóra. Þeir eru nauðsynlegur vettvangur samskipta milli borgarstjóra og íbúa. Hverfafundir eru árviss málþing um hagsmunamál íbúa og ég vona að þú sjáir þér fært að koma og ræða málin á fundi í þínu hverfi.

Komdu á hverfafund og segðu hvað þér finnst.

Með bestu kveðju

Þín skoðun skiptir máli

Nánari upplýsingar á: www.reykjavik.is

Borgarstjórinn í Reykjavík

Næsti hverfafundur:
Breiðholt – fimmtudaginn 3. nóvember kl. 20 í Gerðubergi

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu



**STOIBER, MÜNTEFERING, SCHRÖDER OG MERKEL** Lykilfólkið í stjórnarmyndunarviðræðunum: Stoiber formaður CSU, Müntefering formaður SPD, Schröder fráfarandi kanslari og Merkel verðandi kanslari, koma út af fundi í Berlín á mánudagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Stoiber ekki í stjórn

**Óvissa ríkir um myndun samsteypustjórnar jafnaðarmanna og kristilegra demókrata í Þýskalandi eftir að formaður jafnaðarmanna sagðist myndu láta af formennskunni og Edmund Stoiber ákvað að halda kyrru fyrir í München.**

**ÞÝSKALAND** Mikil spenna er hlaupin í stjórnarmyndunarviðræðurnar í Þýskalandi milli jafnaðarmanna og kristilegra demókrata í kjölfar þess að Franz Müntefering upplýsti að hann hygðist hætta formennsku í Jafnaðarmannaflokknum og jafnvel ekki taka sæti í samsteypustjórninni.

Edmund Stoiber, leiðtogi CSU, systurflokks kristilega demókrataflokksins í Bæjaralandi, tilkynnti í gær að hann myndi ekki taka sæti í stjórninni heldur. Michael Glos, formaður þingflokks CSU á Sambandsþinginu í Berlín, verður ráðherra efnahagsog tæknimála í stað Stoibers - ef stjórnin kemst á laggirnar.

Stoiber tjáði blaðamönnum í München að flokkur sinn myndi samt styðja hina væntanlegu „stóru samsteypu“ sem til stendur að Angela Merkel, leiðtogi kristilegra demókrata, fari fyrir. Stoiber, sem er forsætisráðherra Bæjaralands og var kanslaraefni kristilegu flokkanna í kosningunum 2002, sagði að staðan í stjórnarmyndunarviðræðunum hefði breyst við að Müntefering hætti sem formaður SPD. Til hefur staðið að Müntefering verði varakanslari og ráðherra atvinnumála í samsteypustjórninni. Stoiber hefur lýst Müntefering sem „hornsteini“ hins fyrirhugaða stjórnarsamstarfs.

Stjórnmálaskýrendur í Þýskalandi telja ekki útilokað að stjórnarmyndunarviðræðurnar fari út um þúfur. Slíkar raddir var líka að heyra í röðum kristilegra demókrata. „Það er alveg opið eins og er hvort af þessu stjórnarsamstarfi verður,“ lét Jürgen Rüttgers, forsætisráðherra Nordrhein-Westfalen, hinu fjölmennasta þýsku sambandslandanna 16, hafa eftir sér í gær.

Upptök vandræðanna eru þau að Andrea Nahles, kokhraustur fulltrúi vinstriarms SPD, felldi óvænt þann sem Müntefering vildi að yrði næsti framkvæmdastjóri flokksins, Kajo Wasserhövel, í atkvæðagreiðslu í flokksstjórninni. Í kjölfarið tilkynnti Müntefering að hann myndi ekki gefa kost á sér áfram í flokksformennsku á flokksþingi nú um miðjan mánuðinn.

**audunn@frettabladid.is**

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



Tólf manns héldu til í Húnaþingi aðra nóttina í röð vegna veðurs:

# Fólk komst loks á leiðarenda

**ÓVEÐUR** Fólk sem var veðurteppt vegna veðurhamsins á Norðvesturlandi frá því á sunnudagskvöld komst í gær á leiðarenda.

Tólf manns gistu aðra nótt á vegum Rauða krossins, að sögn Guðrúnar Á. Matthíasdóttur, formanns Rauða kross deildarinnar á Hvammstanga. „En þau eru að búa sig af stað,“ sagði hún snemma í gærmorgun. Á sunnudagskvöldið voru opnaðar þrjár fjöldahjálparmiðstöðvar vegna fólks sem björgunarsveitir fluttu úr pikkföstum bílunum, í Félagsheimili Hvammstanga, í Víðihlíð og á Laugabakka.

Theodór Freyr Hervarsson, veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands, segir veðrið smám saman hafa gengið niður í Húnaþingi í gær. Hann gerði þó ráð fyrir snjókomu og éljum fram á kvöldið, en hægum vindi og þurru í dag. Hann sagði Veðurstofuna hafa spáð vondu, en kvað erfitt að spá fyrir um bylinn sem gerði milli Víðihlíðar og Hvammstanga. „Svona hlutir gerast svo staðbundið og þar spilar margt inn í, landslag, stöðugleiki loftsins og ýmsir fleiri hlutir.“ **- óká**



**VITLAUST VEÐUR** Á mánudaginn stóðu björgunarsveitir í ströngu í Húnaþingi vestra við að losa bíla sem yfirgefnir höfðu verið í óveðrinu sem brast á um kvöldmat á sunnudag, auk bíla sem svo bættust í hópinn. MYND/PÉTUR ARNARSON, KÁRABORG




ENNEMM / SIA

## KB Tekjuvernd er hagkvæm vernd sem dregur úr launamissi sem kann að verða vegna sjúkdóma, örorku, andláts eða starfsloka.

Með KB Tekjuvernd er bilið brúað sem myndast milli núverandi ráðstöfunartekna þinna og greiðslna sem þú átt rétt á verðir þú fyrir launamissi af völdum sjúkdóma, örorku eða andláts. Þú færð yfirsýn yfir þá tryggingavernd sem þú nýtur í dag og vísbendingar um frekari tryggingaþörf. Þannig getur þú komið í veg fyrir að þú sért vantryggð/ur eða oftryggð/ur.

KB Tekjuvernd auðveldar þér einnig að ákvarða starfslok þín á einfaldan hátt.

**Kannaðu málið!**

Bókaðu fund **hjá ráðgjafa** á **www.kbbanki.is**, í síma **444 7000** eða í næsta útibúi KB banka. Við reiknum út KB Tekjuvernd miðað við þínar aðstæður.

### Dæmi um greiðslur maka- og barnalífeyris vegna andláts

KB Tekjuvernd sem miðast við 95% af ráðstöfunartekjum í 7 ár




Tryggðu fjölskyldu þinni áframhaldandi tekjur ef þú fellur frá. Skoðaðu  hvernig KB Tekjuvernd getur aukið verndina sem þú hefur í dag og veldu þá leið sem hentar þér best.

### Dæmi um greiðslur lífeyris vegna alvarlegrar örorku af völdum slysa eða sjúkdóma

KB Tekjuvernd sem miðast við 95% af ráðstöfunartekjum til 60 ára aldurs




Taktu saman yfirlit yfir þær greiðslur sem þér myndu berast vegna örorku og bættu við þeirri fjárhæð sem þú telur að myndi henta þér með KB Tekjuvernd.

KB LÍF

Allar persónutryggingar í KB Tekjuvernd koma frá KB lífi
KB Líftryggingar hf., Sóltúni 26, 105 Reykjavík

KB BANKI



5 Ford Mustang í nóvember

og 3 milljónir í skottinu á tvöfaldan miða

Dregið vikulega!

Einfaldur miði kostar aðeins 900 kr. á mánuði

Dregið fimmtudaginn 3. nóv. nk.
Síminn er 561 7757

HAPPDRÆTTI das
www.das.is


Sjálfstætt starfandi hjartalæknar ósáttir við samning sinn við Tryggingastofnun:

# Segja upp eftir einn mánuð

**HEILBRIGÐISMÁL** Sjálfstætt starfandi hjartalæknar tóku þá ákvörðun á fundi í fyrradag að fresta uppsögn samnings við Tryggingastofnun ríkisins fram í desember. Þeir höfðu áður ákveðið að segja upp samningnum nú um mánaðamótin.

Ástæða þessa er sú að einingakvóti sá sem samningur Tryggingastofnunar og sjálfstætt starfandi hjartalækna kveður á um, dugir ekki fyrir unnum læknisverkum til mánaðamóta. Það þýðir að læknarnir fá hlut sjúklings greiddan, en ekkert frá Tryggingastofnun eftir að kvótinn er uppurinn.

„Hjartalæknar eru afar óánægðir með samninginn og framkvæmd hans,“ segir Axel Sigurðsson hjartasérfræðingur, sem á sæti í stjórn Félags sjálfstætt starfandi hjartalækna. „Það er erfitt að sætta sig við að vinna ákveðin verk en fá ekki greitt fyrir þau. Það getur ekki talist eðlilegt. Við getum ekki sinnt þessari þjónustu nema fá borgað fyrir hana.“

Axel segir að hjartalæknar ætli þó að reyna að þrauka eitthvað áfram í þeirri von að lausn finnist á málinu. Þeir geti þó ekki beðið í margar vikur til viðbótar. - jss



**HJARTALÆKNAR** Margir hjartalæknar eru með stofur í Læknasetrinu í Mjódd.

Hæstiréttur staðfesti dóm um að ríkið greiði fyrir sýnatöku á svínabúi:

# Bóndinn þarf ekki að borga

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur staðfest dóm héraðsdóms í máli íslenska ríkisins gegn svínabúinu Sléttusvín þar sem ríkið var dæmt til að endurgreiða svínabúinu kostnað sem hlaust af sýnatökum vegna salmonellusýkingar.

Fyrir fjórum árum greindist salmonella í saursýnum á svínabúinu og í kjölfarið voru frekari próf gerð með stroksýni af kjöti.

Ágreiningur reis milli eigenda svínabúsins og yfirvalda um hver ætti að bera straum af kostnaði vegna prófanna. Bændur héldu því fram að greiða ætti úr sérstökum sjóði sem sláturleyfishafar greiða í samkvæmt tilskipun frá landbúnaðarráðuneytinu til að standa straum af kostnaði við heilbrigðiseftirlit kjötskoðunarlækna með sláturafurðum.

Hæstiréttur staðfesti dóm héraðsdóms um að greiða ætti fyrir prófin úr umræddum sjóði. Guðmundur B. Helgason, ráðuneytisstjóri landbúnaðarráðuneytisins, segist ekki eiga von á eftirmálum vegna dómsins. Aðspurður segir hann hugsanlegt að svínabændur sem greitt hefðu fyrir sýnatöku kynnu að krefjast endurgreiðslna í ljósi dómsins. „Við höfum þó ekki skoðað það sérstaklega,“ segir Guðmundur. - sda


**SVÍNABÚIÐ SLÉTTUSVÍN VANN MÁL GEGN RÍKINU Í HÆSTARÉTTI** Landbúnaðarráðuneytið hefur ekki skoðað hvort málið hafi fordæmisgildi og hvort fleiri svínabændur muni í kjölfarið krefjast endurgreiðslu á kostnaði vegna sýnatöku.


Fjármála- og heilsudagar í World Class Laugum

Upplýsinga- og þjálfunardagar fyrir konur í atvinnurekstri og stjórnunarstörfum

Fjármál

*Markmið:* Að þátttakendur læri markvisst að safna upplýsingum um stöðu og sóknarfæri fyrirtækisins ásamt því að skipuleggja fjármál þess til framtíðar.

Leitað verður svara við eftirfarandi spurningum:
- Hver er ávinningurinn af markvissri fjármálastjórn í fyrirtækjum?
- Hvernig má skipuleggja fjármál í ört vaxandi fyrirtækjum?
- Hvernig má nýta upplýsingar úr fjárhagsbókhaldi til að ná samkeppnisforskoti?
- Hvernig geta fjárhagslegar upplýsingar þjónað markmiðum fyrirtækisins?
- Hverjar eru helstu kennitölur rekstrarins og hvernig má nýta þær?

Leiðbeinandi á fjármáladögum er ***Borghildur Sigurðardóttir*** framkvæmdastjóri Fjárstoðar, sem er stærsta fyrirtæki landsins á sviði útvistunar verkferla á fjármálasviði.

Heilsa

*Markmið:* Að þátttakendur læri að þekkja tengslin milli heilsuræktar og árangurs.

Fjallað verður um eftirfarandi:
- Hver eru áhrif mataræðis á framkvæmdagleði og kraft?
- Hver eru áhrif líkamsræktar á árangur og úthald í viðskiptum?
- Í lokin er boðið til hollustuhádegisverðar og slökunar í Baðstofu Lauga.

Leiðbeinendur eru ***Anna Sigríður Ólafsdóttir*** næringarfræðingur og ***Ólafur Jóhannesson*** íþróttafræðingur.

Við setningu mun ***Martha Árnadóttir*** verkefnisstjóri fjalla um hlutverk stjórnunar og forystu í árangri fyrirtækja.

Konur! Ef þið eruð eigendur eða stjórnendur í fyrirtækjum þá er þetta sniðið fyrir ykkur!

Fjármála- og heilsudagar eru ***8. 10. og 12. nóvember*** frá ***kl. 09.00 til 12.00.***

Verð ***kr. 29.000.***

Allar nánari upplýsingar og skráning í síma ***570 7100*** og á ***www.iti.is***.

Þekkingarsetur Iðntæknistofnunar FJÁRSTOÐ LAUGAR



Bjartsýnismaður
ársins 2005
Ragnhildur Gísladóttir, tónlistarmaður, er handhafi Íslensku bjartsýnisverðlaunanna fyrir árið 2005. Verðlaunin voru afhent af forseta Íslands við hátíðlega athöfn í gær.
Við óskum Ragnhildi innilega til hamingju.
Fá menningarverðlaun eiga sér lengri sögu en Íslensku bjartsýnisverðlaunin. Þau voru fyrst afhent árið 1981 og voru þá kennd við upphafsmann sinn, danska athafnamanninn Peter Brøste. Þegar Brøste dró sig í hlé fyrir 6 árum varð Alcan á Íslandi bakhjarl bjartsýnisverðlaunanna og hefur lagt sig fram um að halda merki þeirra á lofti.
Bjartsýni er drifkraftur
ALCAN
1981 Garðar Cortes
1982 Bragi Ásgeirsson
1983 Þorgerður Ingólfsdóttir
1984 Helgi Tómasson
1985 Ágúst Guðmundsson
1986 Kjartan Ragnarsson
1987 Guðmundur Emilsson
1988 Einar Már Guðmundsson
1989 Hlíf Svavarsdóttir
1990 Leifur Breiðfjörð
1991 Helgi Gíslason
1992 Sigrún Eðvaldsdóttir
1993 Kristján Jóhannsson
1994 Helga Ingólfsdóttir
1995 Friðrik Þór Friðriksson
1996 Haukur Tómasson
1997 Karólína Lárusdóttir
1998 Gyrðir Elíasson
1999 Björk Guðmundsdóttir
2000 Hilmir Snær Guðnason
2001 Björn Steinar Sólbergsson
2002 Andri Snær Magnason
2003 Hilmar Örn Hilmarsson
2004 Dagur Kári Pétursson

## „ORÐRÉTT“

*Þeir eru ómerkilegir*

**„Þeir eru búnir að telja þessum Pólverjum trú um það, þvert ofan í það sem þeir vita, að þeir eigi heimtingu á einhverju sem þeir eiga enga heimtingu á.“**

**Sveinn Andri Sveinsson lögmaður í Morgunblaðinu um pólska verkamenn og íslenska launþegahreyfingu.**

*Hefurðu heyrt um Pavarotti?*

**„Ég hef líka þurft að hugsa um heilsuna af hreinum og klárum viðskiptahagsmunum því það borgar sig fyrir söngvara að vera í góðu formi og vel útlítandi.“**

**Gunnar Guðbjörnsson óperusöngvari um heilsuátakið sitt í Fréttablaðinu.**

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** EINAR BOLLASON HESTAMAÐUR

# *Ótrúlegt hvað fólk lætur bjóða sér*



„Jú, jú það er bara nóg að gera við að undirbúa hestaferðir næsta árs,“ segir Einar Bollason framkvæmdastjóri ferðaþjónustufyrirtækisins Íshesta með meiru. Hann segir ferðaþjónustu á Íslandi standa frammi fyrir mestu áskorun greinarinnar um langt árabil. „Og það er að reyna að selja landið á samkeppnishæfu verði þrátt fyrir þetta fáránlega háa gengi krónunnar,“ segir hann og er mikið niðri fyrir.

Hann segir að ef ferðaþjónustunni takist að halda fjölda ferðamanna sem koma til landsins á næsta ári, á svipuðu róli og í ár, að þá verði það ekkert minna en stórsigur. „Það hefur orðið að minnsta kosti tíu prósenta meðalhækkun á öllum kostnaði á þessu ári, til dæmis bensíninu og alls kyns þjónustu að ég tali ekki um launahækkanir og annað. Og við getum ekki bara velt þessu áfram heldur hafa menn verið að taka þetta á sig meira og minna til að missa ekki viðskipti.“

En hvað er til ráða? „Það þýðir ekkert annað en að girða sig í brók og takast á við vandann, það er ekki hátt ur okkar ferðaþjónustufólks að vera með eitthvert væl, við erum bjartsýnisfólk að eðlisfari“, segir Einar og hlær hrossahlátri eða þannig. Og hann er ánægður með árið þrátt fyrir barlóminn; árið metár hjá Íshestum með um 22 þúsund farþega í lengri og skemmri ferðum.

„Það ánægjulegasta er að við erum að fá fleiri farþega til okkar yfir vetrartímann en sumartímann“, bætir hann við og segir hreint ótrúlegt hvað þetta fólk láti bjóða sér þegar veðrið er annars vegar. „Það er kannski að fara hérna í útreiðatúra í skítakulda og roki, 10-15 metrum á sekúndu og það hallar sér bara upp í storminn og kemur svo blaðskellandi aftur brosandi út að eyrum.“ En hann lætur þess getið að þetta eigi miklu heldur við um útlendingana en Íslendingana. „Þegar svona viðrar vilja þeir miklu frekar vera inni og hafa það huggulegt“, segir Einar Bollason.



**HÁTÍÐ LJÓSSINS** Hindúar á Indlandi halda hátíð ljóssins hátíðlega nú um stundir og kveikja á kertum sem aldrei fyrr. Á myndinni má sjá tvær konur tendra ljós á kertum guði sínum til dýrðar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




# Ármann Kr. á Íslandsmet í aðstoðarmennsku

**Ármann Kr. Ólafsson, aðstoðarmaður fjármálaráðherra, á Íslandsmet í aðstoðarmennsku við ráðherra. Hann hefur aðstoðað ráðherra í rúm tíu ár og hóf störf í sínu þriðja ráðuneyti fyrir fáeinum vikum.**




**MEÐ ERRÓ Á VEGGNUM** Þetta verk Errós er Ármanni hugleikið enda man hann eftir því síðan hann fletti listaverkabók listamannsins í sveitinni í gamla daga. Ármanni til sérstakrar ánægju blasti verkið við honum þegar hann fluttist í fjármálaráðuneytið en það hefur prýtt skrifstofu aðstoðarmanns fjármálaráðherra síðan Geir H. Haarde var aðstoðarmaður Alberts Guðmundssonar árið 1983. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ferill Ármanns sem aðstoðarmanns hófst vorið 1995 þegar hann réðist sem aðstoðarmaður Halldórs Blöndal í samgönguráðuneytinu. Þegar kjörtímabilinu lauk 1999 og Halldór lét af ráðherradómi leitaði Árni Mathiesen eftir starfskröftum Ármanns í sjávarútvegsráðuneytinu og nú nýverið fluttust þeir félagarnir í fjármálaráðuneytið þar sem Árni varð ráðherra.

Ármann hefur því aðstoðað tvo ráðherra í þremur ráðuneytum og er, eftir því sem næst verður komist, eini maðurinn sem verið hefur ráðherrum til aðstoðar í svo mörgum ráðuneytinum.

Nokkur dæmi eru um að menn hafi verið aðstoðarmenn tveggja ráðherra og eru Árni Magnússon félagsmálaráðherra og Finnur Ingólfsson forstjóri í þeim hópi. Finnur aðstoðaði Halldór Ásgrímsson og Guðmund Bjarnason og síðar aðstoðaði Árni þann saman Finn og sama Halldór.

Haft hefur verið á orði að völd aðstoðarmanna ráðherra séu mikil, jafnvel geipimikil. „Ég myndi nú ekki segja það,“ segir Ármann en viðurkennir jafnframt að aðstoðarmenn ráðherra geti haft áhrif á gang sumra mála þó misjafnt sé með hve miklum hætti það er.

Dæmin að ofan, og önnur, sýna að stundum er leiðin úr aðstoðarmennsku yfir í ráðherradóm greiðfær. Ármann útilokar ekki að hann kunni að rata slíka leið í framtíðinni. „Enginn veit hvar hann endar í þessu lífi og varla verð ég aðstoðarmaður að eilífu,“ segir hann. Samhliða sínu fasta starfi situr Ármann í bæjarstjórn Kópavogs fyrir Sjálfstæðisflokkinn og er nú forseti bæjarstjórnar. Hann hefur hug á að halda áfram á þeim vettvangi en segir það verða að koma í ljós hvort hann einhvern tíma snúi sér að landsmálunum.

Annars fer það ágætlega saman að vera aðstoðarmaður ráðherra og bæjarfulltrúi. „Það er heppilegt að því leyti að yfirmaðurinn skilur út á hvað pólitískt starf gengur,“ segir Ármann og hlær.

Hann lætur vel af vistinni í fjármálaráðuneytinu enda snerta störfin þar flest svið stjórnmálanna. „Hér fáumst við við afskaplega víðfemt svið en málefnin eru mun þrengri í fagráðuneytunum. Svo er stórskemmtilegt að fjalla daglega um efnahagsmál. Það er pólitísk reynsla sem nýtist í öllu sem menn hugsa og fást við á vettvangi stjórnmálanna.“

bjorn@frettabladid.is

Skíðaáhugafólk er komið í startholurnar fyrir veturinn enda jörð hvít víðast hvar:

# Spennan ekki meiri í 20 ár

„Jájá, það er mikið um að fólk komi og líti á græjur. Ég hef ekki fundið jafn mikla spennu svo snemma árs í tuttugu ár,“ segir Viðar Garðarsson í Skíðaþjónustunni á Akureyri. Tíðin síðustu daga hefur vakið upp skíðaáhugann í fjölmörgum og fréttir af snjóframleiðslu í Hlíðarfjalli við Akureyri og í Böggvistaðafjalli við Dalvík hafa enn frekar kynt undir áhuga fólks.

Viðar segir brettakrakkana koma fyrsta, svo gönguskíðafólkið og loks svigskíðafólkið. Þannig sé gangurinn í þessu.



**SNJÓBRETTAFÓLKIÐ** Fer fyrst á stúfana þegar snjór sest í brekkur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Í sama streng taka skíðakaupmenn á höfuðborgarsvæðinu, brettakrakkarnir eru byrjaðir að koma í búðirnar og græja sig fyrir veturinn en einnig sé svolítið spurt um skíði. Þau eru víðast hvar enn í gámum eða á lagerum og ekki komin fram í verslanir en á því verður breyting von bráðar. „Það er talsvert spurt,“ er samhljóma svar þeirra sem selja búnað í brekkurnar.

-bþs

# Þorbjörg Helga

## í 4. sætið



## *Borg allra aldurshópa*

### *Borgin okkar – skólinn minn*

Borgin á að bjóða framúrskarandi skóla. Lykillinn að metnaðarfullu og skapandi skólaumhverfi felst í menntakerfi sem byggist á fjölbreytni og valkostum bæði í grunn- og leikskólum. Hlutverk borgarstjórnar er að setja gæðaviðmið en treysta þarf fagfólki til að sjá um framkvæmd og útfærslu.

### *Borgin okkar – gjöldin mín*

Undanfarin ár hafa fasteignskattar hækkað sjálfkrafa samfara hækkandi fasteignaverði í Reykjavík, auk þess sem R-listinn hefur hækkað skattprósentuna. Borgin á ekki að vera áskrifandi að sívaxandi skatttekjum á þennan hátt, heldur fyrirmynd annarra sveitarfélaga og innheimta lágan fasteignaskatt.

### *Borgin okkar - mitt val*

Það er til skammar hversu litla athygli málefni eldri borgara hafa fengið í Reykjavík. Tryggjum öldruðum val um þá þjónustu sem borginni ber að veita, sérstaklega á sviði félags- og hjúkrunarþjónustu. Auka þarf fjölbreytni í félagslífi og námskeiðum, auk þess sem nýta má krafta þeirra eldri borgara sem þess óska, t.d. í skólastarfi.

***Veitum Þorbjörgu Helgu stuðning í 4. sætið!***

www.thorbjorg.is

## SVONA ERUM VIÐ

FJÖLDI BARNA AÐ TVEGGJA ÁRA ALDRI Á LEIKSKÓLUM SEM VER ÞAR NÍU KLUKKUSTUNDUM EÐA LENGUR Á DAG




**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** BARNAHÚS

# *Barnvænar yfirheyrslur*

Barnahús sinnir málefnum barna sem grunur leikur á að hafi sætt kynferðislegri áreitni eða ofbeldi. Síðan húsið var opnað árið 1998 hafa alls 915 börn komið í skýrslutökur og könnunarviðtöl.

**Hvers vegna var Barnahús stofnað?**
Barnahúsi var komið á laggirnar eftir að Barnaverndarstofa gerði könnun á nýgengni kynferðisbrota gegn börnum og afdrifum málanna í barnaverndar- og réttarvörslukerfinu, og komst að því að stundum þurftu börnin að margendurtaka sögur sínar. Húsið var byggt á bandarískum fyrirmyndum og er hugmyndafræðin að baki þess tvíþætt: annars vegar að koma í veg fyrir endurtekið áfall hjá barninu, hins vegar að reyna að upplýsa málið eins vel og unnt er. Hjá Barnahúsi starfa kvensjúkdóma- og barnalæknar, hjúkrunarfræðingur, félagsráðgjafi, uppeldis- og afbrotafræðingur og sálfræðingur. Sérfræðingar þessir hafa sótt námskeið í yfirheyrslu barna í Bandaríkjunum.

**Hvernig starfar Barnahús?**
Barnahús er rekið af Barnaverndarstofu, sem fer með stjórn barnaverndarmála í umboði félagsmálaráðuneytisins. Húsið, sem er í grónu íbúðarhverfi í Reykjavík, sinnir börnum hvaðanæva af landinu, og fara sérfræðingar í heimahéröð barnanna sé þess óskað. Flest eru börnin á aldrinum sex til níu ára og greina 73 prósent allra barnanna sem koma í Barnahús frá kynferðisofbeldi. Læknisfræðileg sönnunargögn finnast eingöngu í fimm til tíu prósentum tilvika, og því er það afar mikilvægt að rétt sé staðið að skýrslutökunni og stuðst við bestu fáanlega þekkingu við framkvæmd hennar. Barnahús veitir einnig barnaverndarnefndum, kennurum, leikskólakennurum, heilbrigðisstarfsfólki og fleiri aðilum leiðbeiningar um hvað skuli gera ef grunur um kynferðisofbeldi vaknar, sem og ráðgjöf til foreldra barnanna.



**SPURT & SVARAÐ**
STYRKUR TIL KVENNAATHVARFS

## *Milljón í sjálfshjálp*


**DRÍFA SNÆDAL**
Fræðslu-og framkvæmdastýra kvennaathvarfsins

Kvennaathvarfið fékk á dögunum óvænta styrki að verðmæti 1,1 milljón króna. Drífa Snædal, fræðslu- og framkvæmdastýra athvarfsins segir að fénu verði varið í sjálfshjálparhópa og ætti fjárhæðin að nægja næstu tvö árin.

**Hvað eru sjálfshjálparhópar?** Það eru sjálfstyrkingarhópar þar sem konur hittast í lokuðum hópi og styrkja hverja aðra. Yfirleitt eru þetta konur sem eru lausar úr ofbeldissamböndum en eru að glíma við afleiðingarnar. Það hefur gefist afskaplega vel á mörgum stöðum og gerir það hjá okkur líka.

**Taka margar konur þátt í hópunum?** Sex til átta konur taka þátt í hvert skipti. Við hjá Kvennaathvarfinu rekum einn hóp í einu. Hópurinn hittist tíu sinnum með leiðbeinanda. Þeim er svo boðið að halda áfram án leiðbeinandans.

**Hvað heldur þú að margar konur hafi tekið þátt í hópunum frá upp-**

# Hjálpargögn eru góð en vilji til að lifa ræður úrslitum

**Enn bíða erfið verk hjálparstarfsmanna á hamfarasvæðunum í Pakistan eftir jarðskjálftann 8. október síðastliðinn. Yfirvöld í landinu áætla að 55 þúsund manns hafi týnt lífi, 78 þúsund manns slasast og 3 milljónir misst heimili sín. Sólveig Ólafsdóttir, upplýsingafulltrúi hjá alþjóðasambandi Rauða krossins er í norðvestur hluta Pakistan og lýsir þeim vanda sem við mönnum blasir þar.**

„Ég hef starfað nokkuð lengi við hjálparstörf víðs vegar um heim en ég verð að segja það að þó ég sé upplýsingafulltrúi þá á ég varla til orð sem lýsa því ástandi sem við manni blasir hér," segir Sólveig. „Það eru hreinlega heilu fjallaþorpin sem hafa hrunið niður hlíðarnar og það er gjörsamlega ekkert eftir. Ekki bætir svo úr skák að nú er vetur að ganga í garð og nú þegar er hitinn kominn niður við frostmark á kvöldin. Því liggur mikið við að reyna að koma fólkinu til hjálpar áður en það fer að snjóa.

**Bersýnilegur árangur af starfinu**
„En aftur á móti fallast mér ekki hendur því að maður sér það greinilega að starf Rauða krossins er að bera mikinn ávöxt. Ég sá það vel um daginn þegar ég fór til 30 þúsund manna bæjar sem heitir Balakot en þar eru nær allir heimilislausir eftir hamfarirnar. Þar er hins vegar búið að dreifa hjálpargögnum og komið hefur verið á laggirnar vatnshreinsistöð svo allir hafa aðgang að hreinu vatni.

Þetta hefur þýtt það að töluvert hefur dregið úr sjúkdómum og ástandið þarna er svo miklu betra en í þeim þorpum þar sem enn hefur ekki tekist að koma fólki til aðstoðar vegna þess að samgöngur liggja alveg niðri. Þannig að maður sér að þetta er að skila árangri og það stappar í manni stálinu."

**Enn fjöldi fólks án aðstoðar**
„Við vorum að byrja í fyrradag á því að koma hjálpargögnum til afskekktari svæðana með þyrlum en samgöngur liggja niðri mjög víða.

Það liggur mjög mikið á því að koma fólki þar til hjálpar því víða verður orðið nokkuð snjóþungt í lok mánaðarins. Í gær komum við hjálpargögnum til 300 fjölskyldna en enn er mikill fjöldi fólks sem aðstoð okkar hefur ekki náð til."

**Dáist af lífsvilja fólksins**
„Það getur vissulega verið erfitt að standa frammi fyrir fólki sem allt hefur harmasögur að segja og geta aðeins hjálpað því að ósköp takmörkuðu leyti. En það sem hjálpar manni við þær aðstæður er að fólkið fagnar því að sjá annað fólk sem er komið víða að og verða þannig vart við það að heimsbyggðinni stendur ekki á sama. Svo þykir fólki gott að rekja raunir sínar og létta af harmi sínum. Þess vegna lít ég svo á að sem upplýsingafulltrúi sé ég ekki aðeins að ná upplýsingum frá fólki heldur komi ég því að einhverju gagni.

En það sem gefur manni hvað mest er að verða vitni að því hvað ótúlegur lífvilji og þróttur virðist leysast úr læðingi hjá mannfólkinu þegar hörmungar dynja yfir. Ég fyllist aðdáun þegar ég verð vör við þennan kraft í fólki og ég veit það að hjálpargögn og aðstoð koma að gagni en það sem mestu ræður um örlög fólksins er þessi lífsvilji þess. Kraftaverkin gerast þega hann er til staðar en án hans er þetta vonlítið."

**Fastandi hjálparstarfsmenn**
„Það er að mörgu að hyggja í þessu starfi mínu sem upplýsingafulltrúi. Það er sífellt verið að endurmeta aðstæður og laga allar áætlanir eftir því þannig að ég verð að fylgjast vel með á öllum stöðum svo ég sé alltaf að gefa réttar upplýsingar.

Svo verður maður að taka tillit til þeirrar menningar sem hér ríkir en ég vinn mjög mikið og náið með heimamönnum. Þannig vill nú til að þetta ber upp á Ramadam sem er helgasta og mesta hátíð múslima og þá ber þeim að fasta frá sólarupprás til sólarlags. Þetta vilja flestir samstarfsmenn mínir frá pakistanska Hálfmánanum (Rauði krossinn í Pakist-





**KONUR OG BÖRN** Konur rekja raunir sínar fyrir Sólveigu og aðra hjálparstafsmenn. Það getur tekið á að heyra harmasögur sem hver hefur að segja á þessum slóðum.




**ALBANAR MÓTMÆLA** Lögregla stendur vörð í suður-albanska bænum Sarande í gær. Þar stóð fyrir mótmælum fólk sem upprunalega tilheyrði albanska minnihlutanum í norðurgríska héraðinu Chameria, en Grikkir ráku fólkið úr landi eftir síðari heimsstyrjöld fyrir að hafa verið talið hliðhollt öxulveldunum. Til mótmælanna var efnt í tilefni af áformaðri heimsókn Grikklandsforseta. Fólkið vill fá aftur land og eigur og fá grískan ríkisborgararétt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**SÓLVEIG ÓLAFSDÓTTIR OG GHALIB** Sólveig og pakistanskur samstarfsmaður hennar Ghalib líta upp frá önnum Á skrifstofu Rauða krossins í Islamabad.

an) virða þó aðstæður séu með þessu móti og ég verð að taka tillit til þess. Ég fer því afsíðis þegar ég þarf að næra mig í stað þess að borða fyrir framan fastandi fólk. Þetta er bara smá dæmi um það sem huga ber að þegar maður vinnur með mörgu og ólíku fólki.“

**Gott að koma heim**

Verkefnið sem Sólveig er þátttakandi í stendur í einn mánuð en þá fer hún til Sri Lanka þar sem hún hefur unnið undanfarið fyrir Alþjóðaráð Rauða krossins.

„Ég kem svo heim fyrir jól og það verður óskröp gott. Þó þetta starf sé mjög gefandi tekur það heilmikið á líkamlega sem og andlega. Það er því alveg nauðsynlegt að koma heim og pústa aðeins. En meðan ég veit það að ég hef komið einhverjum til góða og bjargað einhverjum mannslífum þá get ég horft stolt til baka og það hvetur mig til frekari starfa.“



FRÉTTAVIÐTAL
JÓN SIGURÐUR EYJÓLFSSON
jse@frettabladid.is

## EINN SÁ ALLRA MANNSKÆÐASTI

*Jarðskjálftinn í Pakistan í októberbyrjun olli bæði miklu manntjóni og eyðileggingu. Berist hjálpargögn ekki með meiri hraða er óttast að ennþá fleiri láti lífið þar sem Himalaya-veturinn færist nú yfir hamfarasvæðin.*

**Atburðurinn:** Laugardaginn 8. október kl. 8.50 að staðartíma varð jarðskjálfti af stærðinni 7,6 í Pakistan. Miðja skjálftans var nærri héraðshöfuðborg pakistanska hluta Kasmír, Muzaffarabad. Kasmír er á mótum tveggja meginlandsfleka, Indlandsflekans og Evrasíuflekans, og gengur sá fyrri undir þann síðari og því myndast þar mikil spenna í bergi sem losnar um öðru hverju í skjálftum sem þessum.

**Manntjón:** Áreiðanlegar tölur liggja ekki fyrir um manntjón. Pakistönsk stjórnvöld segja að um 55.000 manns hafi farist en yfirvöld í sjálfstjórnarhéruðunum sem verst urðu úti telja að allt að 79.000 manns hafi týnt lífi. Flestir hinna látnu voru íbúar pakistanska Kasmír, að minnsta kosti 13.000 fórust í svonefndu Norðvesturhéraði og 1.360 eru sagðir hafa látist í indverska hluta Kasmír. Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna telur að 17.000 börn hafi dáið í hamförunum.



**VIÐ BÆINN BALAKOT** Þessi mynd er tekin rétt við bæinn Balakot sem fór allur í rúst í jarðsjálftanum.

**Eignatjón:** Talið er að 3,3 milljónir manna hafi misst heimili sín enda þurrkuðust bæir á borð við Balakot nánast út í skjálftanum. Tjónið er talið nema um 300 milljörðum íslenskra króna.

**Hjálparstarf**: Erfiðlega hefur gengið að koma hjálpargögnum til þeirra svæða sem verst urðu úti. Þau eru erfið yfirferðar, enda svæðið fjöllótt og afskekkt og vont veður hefur hamlað starfinu. Mestu munar þó um að alþjóðasamfélagið hefur ekki orðið nema að litlu leyti við ákalli Sameinuðu þjóðanna um að láta það fé af hendi rakna sem nauðsynlegt er til að afstýra enn meiri hörmungum. Þar sem grimmdarvetur Himalaya-fjallanna er á næsta leiti er óttast að tugir þúsunda til viðbótar muni deyja berist aðstoð ekki fljótt.

TM

Hvers vegna var Höddi ekki settur í markið?

**Við sumum spurningum fást bara engin svör.**
Óhöpp henda okkur og við því er ekkert að gera.
En þú getur brugðist við strax með því að tryggja hjá tryggingarfélagi sem gefur þér skýr svör og leggur áherslu á hraðvirkan frágang tjónamála.

Ef gleraugun þín brotna í hita leiksins er gott að vera vel tryggður. Innbúskaskó TM bætir tjón á hlutum sem ekki fást bættir með Fjölskyldutryggingu. Vertu við öllu búinn og bættu Innbúskaskóinu við Fjölskyldutryggingu TM.
Það tekur enga stund að ganga frá því.

**Dæmi um hvað Innbúskaskó TM bætir:**

// Tjón á verðmætum sem teljast hluti af almennu innbúi fólks, s.s. fartölvu, myndavél, gleraugum og öðrum dýrum munum, færðu bætt. Hámarksupphæð tjóns er 250.000 kr.
// Tjón af völdum skyndilegra og ófyrirsjáanlegra atburða er bætt, s.s. ef hlutur á heimilinu fellur í gólf eða það hellist yfir hann.

**Dæmi um hvað Innbúskaskó TM bætir ekki:**

// Ef þú týnir, gleymir eða skilur verðmæti eftir á almannafæri færðu þau ekki bætt.
// Ef tjónið er af völdum eðlilegs slits, ófullnægjandi viðhalds eða framleiðslugalla fæst það ekki bætt.
// Tjón sem verður af völdum þjófnaðar úr ólæstum hýbýlum, bílum, tjöldum eða fellihýsum fæst ekki bætt.

**Innbúskaskó** TM  TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN / Sími 515 2000 / tm@tryggingamidstodin.is



Það er góð regla að lesa vel tryggingaskilmálana, þeir eru sá grundvöllur sem samskipti þín og TM byggjast á.
Hringdu í síma **515 2000** eða farðu á **www.tryggingamidstodin.is** og fáðu skýr svör.

# skoðun

SJÓNARMIÐ
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Ekki er hægt að una við fangaflug CIA um ÍSLAND:

## Óviðunandi mannréttinda-

Fréttir um að bandaríska leyniþjónustan, CIA, kunni að hafa notað Keflavíkurflugvöll sem viðkomustað fyrir fangaflutninga til ríkja sem leyfa pyntingar við yfirheyrslur hafa að vonum vakið nokkurt uppnám hér á landi. Sama er uppi á teningnum í Danmörku eftir að það spurðist út að fangavélar leyniþjónustunnar hefðu lent á dönskum flugvöllum. Tilhugsunin um þá meðferð sem fangarnir munu hljóta á áfangastað vekur með mönnum óhug og reiði.

Steingrímur J. Sigfússon alþingismaður hefur af þessu tilefni beint svohljóðandi fyrirspurnum til Geirs H. Haarde utanríkisráðherra. „1. Er ráðuneytinu kunnugt um að flugvélar á vegum bandarísku leyniþjónustunnar með fanga eða meinta hryðjuverkamenn, sem hvorki njóta verndar né meðhöndlunar samkvæmt alþjóðasáttmálum, hafi farið um íslenska lofthelgi eða notað Keflavíkurflugvöll? Ef svo er, hver voru viðkomandi flugnúmer (N-númer), hvaðan var flogið og hvert og hvaða upplýsingar voru veittar um farm og á hvers vegum flugið væri? 2. Telur ráðherra meðferð fanga sem hvorki njóta verndar og réttinda sem venjulegir borgarar né sem stríðsfangar, eins og gildir um fanga í Guantanamo-fangabúðum Bandaríkjamanna á Kúbu, vera brot á alþjóðalögum? Ef svo er, munu íslensk stjórnvöld meina flugvélum með fanga eða meinta hryðjuverkamenn sem þannig eru meðhöndlaðir aðgang að íslenskri lofthelgi og afnot af íslenskum flugvöllum?“

Líklegt er að formleg svör fáist ekki við fyrirspurnunum á Alþingi fyrr en í næstu viku en þær upplýsingar sem þegar hafa verið gefnar benda til þess að ekkert samráð hafi verið haft við íslensk stjórnvöld um fangaflugið né að þeim hafi verið látin í té vitneskja um eðli flutninganna. Það kemur ekki á óvart enda er hér um leynilega flutninga að ræða sem fram fara með borgaralegu flugi.

En fangaflutningarnir sem slíkir og hin ómannúðlega meðferð á meintum hryðjuverkamönnum eru ekki nýjar fréttir. Málið hefur verið til heitrar umræðu víða um heim, ekki síst í Bandaríkjunum, þar sem ríkisstjórnin hefur sætt harðri gagnrýni fyrir að sniðganga alþjóðasáttmála um mannréttindi. Eðlilegt er að forsætisráðherra Íslands og utanríkisráðherra greini Alþingi og þjóðinni frá því hvort, og þá með hvaða hætti, málið hefur komið til tals á ráðherrafundum vestrænna ríkja. Hafa fulltrúar Íslands einhvern tíma tekið málið upp við bandarísk stjórnvöld? Ef ekki, er eðlilegt að spurt sé hvers vegna.

Gagnrýni á meðferð Bandaríkjamanna á meintum hryðjuverkamönnum felur að sjálfsögðu ekki í sér að lítið sé gert úr hinni alþjóðlegu baráttu gegn hryðjuverkum og þeim margvíslegu erfiðleikum sem þar er við að etja. Þær aðstæður geta skapast að stjórnvöld verði að fara óhefðbundnar leiðir til að verja líf og öryggi almennings. En pyntingar til að knýja fram upplýsingar eru óverjandi og brjóta gegn siðferðisgrundvelli þjóðfélags okkar.

Fréttir um viðkomu fangaflugvélanna á Íslandi ættu að verða ríkisstjórninni tilefni til að tilkynna Bandaríkjastjórn í eitt skipti fyrir öll að Íslendingar sætti sig hvorki við flug af þessu tagi um íslenska lofthelgi né þá vanvirðingu við mannréttindi sem fangaflugið er til marks um. ■






## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hagsmunir framleiðenda

Landbúnaðarstefnan sem Sjálfstæðisflokkurinn samþykkti á landsfundi á dögunum miðast „við hagsmuni framleiðenda og virðir algerlega að vettugi hagsmuni neytenda og skattgreiðenda. Hvergi í landsfundarályktuninni er fjallað um óhagræðið sem orsakast af innflutningshöftum. Hvergi er gerð athugasemd við það að framleiðslustyrkir í landbúnaði eru ríflega 8 ma.kr. ár hvert. Grundvallaratriðin í stefnu flokksins á öðrum sviðum virðast algerlega gleymd og grafin þegar kemur að landbúnaðarmálum.“ Þetta segir Jón Steinsson hagfræðingur í pistli sem hann birti í gær í vefritinu Deiglunni.



### Hvar er samkeppnin?

Jón spyr síðan: „Af hverju eiga hugmyndir um frjálsa samkeppni, takmörkuð ríkisafskipti, frjáls viðskipti við útlönd og lækkun ríkisútgjalda ekki við í landbúnaðarmálum?“ Hann segir að í stað þess að leggja áherslu á þessi atriði sé ályktun flokksins í landbúnaðarmálum uppfull af alls kyns froðu. Jón nefnir dæmi: „Athuga þarf sérstaklega hvort breytt viðhorf í umhverfismálum og hertar reglur um eyðingu úrgangs skapi möguleika á arðbærri nýtingu sláturúrgangs í meira mæli en nú er.“ „Nauðsynlegt er að bæta samkeppnisstöðu blómabænda.“ „Línrækt er ný búgrein, sem getur átt framtíð fyrir sér hér á landi en þarf að styðja við í upphafi.“ „Hrossarækt og hestamennska er vaxandi þáttur í íslenskum landbúnaði, sem eflir ferðaþjónustuna og styrkir tengsl milli þéttbýlis og sveita.“

### Svartur blettur

Jón skrifar: „Þegar landbúnaðarmál ber á góma eru frjálslyndir Sjálfstæðimenn oft fljótir að kenna Framsóknarflokknum um það fullkomna afturhald sem einkennt hefur stefnu ríkisstjórna flokksins í landbúnaðarmálum síðasta áratuginn. En yfirlýst stefna Sjálfstæðisflokksins í landbúnaðarmálum er litlu betri en yfirlýst stefna Framsóknarflokksins. Í raun gengur ekki hnífurinn á milli flokkanna í þessum málaflokki. ... Landsfundarályktun Sjálfstæðiflokksins í landbúnaðarmálum er svartur blettur á stefnu flokksins sem er í hrópandi ósamræmi við flest annað í stefnu flokksins.“

gm@frettabladid.is

## „Afturhaldskommatittum“ fer fjölgandi

Í DAG
ÍRAKSMÁLIÐ



ÓLAFUR HANNIBALSSON

*Þorra Bandaríkjamanna er líka orðið ljóst, að til stríðsins var stofnað á fölskum forsendum: Engin tengsl voru milli Saddams og Al-kaída og atburðanna 11. september.*

„Hvergi á byggðu bóli í heiminum fer fram önnur eins vitleysisumræða um Íraksmálið og hér á landi“ sagði fyrrverandi utanríkisráðherra, Davíð Oddsson, í umræðum um skýrslu sína um utanríkismál á Alþingi fyrir tæpu ári. Þeir sem að þessari umræðu stæðu væru „afturhaldskommatittsflokkur“ og „meinfýsnishlakkandi úrtölumenn“.

Með þessu gaf hann í skyn að þessi hvimleiði lýður stæði einn í heiminum. Það var eins og það hefði með öllu farið framhjá honum að fjölmiðlar heimsins loguðu stafnanna á milli í umræðum um Íraksmálið og að sú krafa hafði verið reist í hverju þjóðþinginu á fætur öðru að rannsókn færi fram á því með hvaða hætti bandaríska þjóðin og fylgiþjóðir bandaríkjamanna voru blekktar til fylgis við þetta stríð. Í staðinn fyrir að velta sér upp úr fortíðinni vildu hann og forsætisráðherra að menn sneru sér að því að ræða uppbyggingu Íraks og eflingu lýðræðis þar enda ríkti nú góður friður í öllum 800 lögsagnarumdæmum Íraks - nema hvað „mikill óróleiki“ væri þó í fimm þeirra!

Enginn veit hvaðan Davíð hafði þessa tölfræði - enda ekki venja hér á landi að krefjast rannsóknar þótt æðstu ráðamenn þjóðarinnar fari með fleipur eða staðlausa stafi. Þingheimi þykir sjálfsagt að láta ljúga að sér.

En „afturhaldskommatittunum“ og „meinfýsnishlakkandi úrtölumönnunum“ fer nú fjölgandi um allan heim og sérstaklega í Bandaríkjunum.

Fyrir réttu ári töldu 53 prósent Bandaríkjamanna að það hefði verið rétt ákvörðun af Bush að gera innrás í Írak og 39 prósent að ákvörðunin hefði verið röng samkvæmt skoðanakönnun Pew-stofnunarinnar. Nú segja 44 prósent að ákvörðunin hafi verið rétt en 50 prósent að hún hafi verið röng.

Hvað hefur breyst?

„Allt hugarástand þjóðarinnar hefur gerbreyst“ segir Ted Koppel fréttastjóri „Nightline“ þáttarins á ABC sjónvarpsstöðinni, sem sætti harðri gagnrýni þegar hann las upp nöfn 721 hermanns sem látið höfðu lífið í apríl 2004, ári eftir að Bush hafði lýst yfir að Íraksverkefnið væri til lykta leitt, „mission accomplished“.

Um það leyti sem Bush hafði tryggt endurkjör sitt á landsþingi Repúblikanaflokksins - þann 7. september 2004 - var tilkynnt um fall þúsundasta bandaríska hermannsins. Bush varaðist að nefna þessa staðreynd. Fjölmiðlar gerðu heldur ekki mikið úr því. „Fjöldi fjölmiðlamanna óttaðist að ef þeir gagnrýndu stríðið yrðu þeir sakaðir um athæfi sem jaðraði við landráð, rétt eins og hent hafði Nightline“, hefur New York Times í fyrradag eftir Robert Thompson prófessor í fjölmiðlafræðum við háskólann í Syracuse. Í síðustu viku var tvöþúsundasta líkið sent heim frá Írak. Nú hafði fjölmiðlum vaxið svo hugur að allir nema forhertustu Bush-miðlarnir slógu þessu upp með sláandi fyrirsögnum. Fjöldi fjölskyldna víðsvegar um Bandaríkin á um sárt að binda. Og þetta fólk spyr sig nú af mikilli alvöru: Af hverju og til hvers? Hvar er sú vin í eyðimörk valdstjórna arabaheimsins, sem átti að uppfóstra lýðræðið og breiða það út og tryggja með því frið á slóðum Miðausturlanda, frið sem slökkti í kveikiþræði púðurtunnunnar, sem sífellt logar milli Ísraels og Palestínu? Var ekki sagt að leiðin til Jerúsalem lægi í gegnum Bagdad?

Tvennar kosningar hafa ekki leitt annað í ljós en það, sem menn vissu fyrir, að Írak er samsett af þremur þjóðabrotum, sem skiptast eftir línum trúar og þjóðernis, sjítum, súnnítum og Kúrdum. Í nýlegri skýrslu sem liggur fyrir Bandaríkjaþingi er sagt að landið rambi á barmi borgarastyrjaldar og geti hvenær sem er leystst upp í þessa þrjá frumparta sína. Landamærin eru götótt eins og sigti og þangað streyma heittrúarmenn úr öllum löndum múslima og landið er orðið sams konar hreiður og þjálfunarstöð hryðjuverkamanna og Afganistan var á dögum stríðsins gegn innrásarliði Sovétmanna. Í annarri skýrslu til Bandaríkjaþings er sagt að 30 milljarða dollara sjóðir, sem Bandaríkjaþing veitti til uppbyggingarinnar séu uppurnir, dánartalan hækki stöðugt en uppbyggingin fari í handaskolum. Fjórðungur upphæðarinnar fer til að tryggja öryggi starfsmanna gegn árásum uppreisnarmanna. Samt hafa a.m.k. 412 verktakar og starfsmenn þeirra fallið.

Þetta er ekki uppörvandi mynd fyrir ástvini fallinna hermanna, sem gjarnan vilja trúa því að þeir hafi fallið fyrir göfugan málstað.

Þorra bandaríkjamanna er líka orðið ljóst, að til stríðsins var stofnað á fölskum forsendum: Engin tengsl voru milli Saddams og Al-kaída og atburðanna 11. september, hann réði ekki yfir gereyðingarvopnum af nokkru tagi, hann var engin ógn við umheiminn, aðeins sína eigin þegna. Spurningin nú er aðeins hverjir vissu hvað og hvenær? Það er á allra vitorði nú, að skrifstofur valdamesta varaforseta í sögu Bandaríkjanna fyrr og síðar, Dick Cheneys, voru höfuðáróðurshreiður fyrir innrás í Írak. Þaðan komu lygarnar, sem Bush, Condolezza Rice og að lokum Colin Powell breiddu út til þjóðar sinnar og umheimsins. En tekst að sanna það fyrir rétti? Um það munu komandi réttarhöld yfir starfsmannastjóra Cheneys, Scooter Libby væntanlega snúast.

Dapurlegast af öllu fyrir Íslendinga er að tveimur mönnum skyldi takast án umboðs þjóðarinnar að draga nafn Íslands og heiður inn í þennan lygavef miðjan. ■


AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ






FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




Kostar aðeins **1.499,-**

**Enn ein** Metsölubókin?




# Landsliðsréttir

## Hagkaupa komin í verslanir!

**238 spennandi uppskriftir frá landsliði matreiðslumeistara**



**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*

# Virðing og valfrelsi í málefnum eftirlaunaþega

**UMRÆÐAN**
MÁLEFNI ALDRAÐRA



**MARTA GUÐJÓNSDÓTTIR**

Fátt er nöturlegra en slæmur aðbúnaður, þröngur kostur og fjárhagsáhyggjur þeirra einstaklinga sem lokið hafa langri og oft strangri starfsævi fyrir sjálfan sig og samfélagið í heild. Það verður aldrei nógu oft áréttað að eldri borgurum samfélagsins ber öðrum fremur að þakka þá hagsæld sem við búum við í dag. Það er því meira en sjálfsögð skylda okkar hinna að huga að hagsmunum þeirra og velferð. Mig langar því að nefna hér þrjú atriði sem ég tel að borgarstjórn Reykjavíkur eigi án tafar að vinna að varðandi hagsmuni eftirlaunaþega.

Það er sjálfsagt réttlætismál að fasteignagjöld á íbúðarhúsnæði eftirlaunaþega séu stórlega lækkuð frá því sem nú er, og að það sé gert án þess að fólk þurfi að fara fram á og sanna að það hafi nánast engar tekjur. Eftirlaunaþegar hafa í flestum tilfellum greitt full fasteignagjöld af íbúðarhúsnæði sínu um áratuga skeið, oft af einu og sama húsnæðinu þar sem viðkomandi hafa haldið sitt heimili og komið börnum sínum á legg. Það er fullkomin óhæfa að eldri hjón eða einstaklingur sem misst hefur maka sinn og situr einn eftir á heimili sínu, sé nánast þvingaður til að selja fasteign sína og festa kaup á annarri mun minni, vegna skattagleði borgaryfirvalda.

Fasteignagjöldin hafa verið að hækka að undaförnu, ekki síst vegna hækkunnar fasteignaverðs, sem m.a. má rekja til langvarandi lóðaskorts í Reykjavík. Þessi gjöld hafa oft verið ein af megin ástæðum þess að fólk sjái sig tilneytt að standa í flóknum og mikilvægum fasteignaviðskiptum á gamals aldri, leysa upp heimili sitt, losa sig við stóran hlut innbússins og flytja í mun minna húsnæði í jafnvel allt öðrum bæjarhluta. Það er hrein og klár hugsunarvilla að líta svo á að eftirlaunaþegar eigi að bera sömu skatta- og gjaldaskyldur og þeir sem eru enn í fullu starfi.

Meginmarkmið borgaryfirvalda í málefnum eftirlaunaþega, ætti að snúast um aukið valfrelsi þeirra á sviði búsetu, og félags- og hjúkrunarþjónustu. Borgaryfirvöld þyrftu t.d. að huga sérstaklega að þeim möguleika að komið yrði upp mun fleiri þjónustuíbúðum sem leigðar yrðu út fyrir eftirlaunaþega. Það er líklegt að margir eftirlaunaþegar vildu miklu fremur eiga þess kost að leiga slíkar íbúðir í lengri eða skemmri tíma, og leigja þá frá sér sína eigin íbúð, eða ráðstafa henni og hluta af innbúi sínu á annan hátt, t.d. fyrir börn sín eða barnabörn, í stað þess að þurfa að kveðja sitt gamla heimili endanlega með fasteignaskiptum.

Loks er löngu orðið tímabært að byggja hjúkrunarheimili í Reykjavík enda er skortur á hjúkrunarrými á höfuðborgarsvæðinu orðinn mjög alvarlegur. Það er óþolandi að aldraðir Reykvíkingar þurfi að óttast þann möguleika að þegar þeir hætti að vera rólfærir verði hugsanlega fluttir hreppaflutningum í önnur sveitarfélög, með góðu eða illu, því hér hafi borgaryfirvöld ekki haft rænu á að reisa hjúkrunarheimili.

*Höfundur gefur kost á sér í 6. sæti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.*

# Sveitarfélögin best í forvörnum

**UMRÆÐAN**
FORVARNAMÁL



**MARGRÉT GAUJA MAGNÚSDÓTTIR**

*Fyrir liggur frumvarp um að leyfa 18 ára og eldri að kaupa áfengi og umræðan um sölu áfengis í stórmörkuðum er háværari en áður.*

Í íslenskum lögum eru ákvæði um að það sé ólöglegt að auglýsa áfengi í ljósvakamiðlum og á prenti. Þessu banni er ekki sinnt. Íslensk stjórnvöld líta framhjá auknum fjölda áfengisauglýsinga. Fyrir liggur frumvarp um að leyfa 18 ára og eldri að kaupa áfengi og umræðan um sölu áfengis í stórmörkuðum er háværari en áður. Allar rannsóknir sýna að þegar slakað er á taumum hvað varðar auglýsingar, aldurstakmörk og aðgengi að áfengi, þá eykst neysla þess tímabundið eða til frambúðar.

Við þessar aðstæður þarf að styrkja forvarnir og styrkja stoðir grasrótarstarfsemi í því sambandi. Að þessum málum er best hlúð í þeirri nærþjónustu sem fólk býr við og þekkir, sveitarstjórnarstiginu. Sveitarstjórnarstigið sinnir mikilvægri grasrótarstarfsemi í formi tengsla og trausts við ungt fólk. Það er m.a. gert í gegnum grunnskólann, félagsmiðstöðvarnar og íþróttahreyfinguna. Félagslegum úrræðum, fræðslu og forvörnum er best sinnt af þeim sem eiga auðveldast með að ná til þess aldurshóps sem mest þarf á styrkingu að halda. Þó er misbrestur á, því skilvirk og markviss grasrótarstarfsemi er ekki ókeypis, ef vanda skal til verka. Ef æskulýðslögin eru skoðuð til hlítar kemur í ljós að sú lagasetning er ekki í neinum takti við nútímann.

Rannsóknir sýna að skilvirkasta forvörnin er virk fræðsla, aukin áhersla á fjölskylduna og íþrótta- og æskulýðsstarf. Það er mikilvægt að íslensk stjórnvöld beri virðingu fyrir þessu mikilvæga starfi og taki þátt í því fjárhagslega með sveitarfélögunum að sinna því af myndugleika. Einnig sýna rannsóknir að samstarf stofnana sem að málum koma skilar einnig miklum árangri. Samstarf lögreglu, félagsþjónustu, skóla og fleiri sem koma að málum ungs fólks er áhrifamikil leið til að koma í veg fyrir óæskilega hegðun. En úrræðin verða að vera til staðar til að árangur náist og þau eru ekki nægilega mörg hjá sveitarfélögunum, þó ekki vanti viljann. Meðferðarúrræði hafa verið á ábyrgð ríkisins hingað til en reynslan og rannsóknir sýna að best sé að sinna þessum málum á heimavelli unga fólksins, í þeirra umhverfi, í nánu samstarfi við fjölskyldu einstaklinganna. Væri þessum málaflokki ekki best borgið á sveitastjórnarstiginu?

Því hvet ég stjórnvöld til að setja þenna málaflokk í forgang og spyrna á móti neysluverðbólgu áfengis sem leiðir til annarra fíkniefna og vinna markvisst með sveitarfélögum landsins að framgangi þessara mála.

*Höfundur er kennari og frambjóðandi í prófkjöri Samfylkingarinnar í Hafnarfirði.*

**AF NETINU**

**Amríklímax**

Nú er spurningin sú: Eru Íslendingar farnir að halda jól allan desember? [...] Eru endemin með slíkum ósköpum að þegar helgin langa og langþráða rennur loksins upp eru allir orðnir þéttfullir af mat og drykk, úttaugaðir yfir eyðslunni og þessi annars ágæta helgi getur þess vegna endað sem risavaxið antíklímax eftir upptaktinn í undirbúningnum.

**Katrín Jakobsdóttir á murinn.is**

**Ameríka**

Fyrir mér er Ameríka enn eins og að segja stundarhátt: Ég veit að ég er feitasta stelpan í bekknum en mér er alveg sama því ég gæti vel sest á ykkur ef þið farið að ybba gogg við mig. Kallar maður slíkar yfirlýsingar hugrekki eða hroka? Einlægnin er hin nýja íronía. Þessar óvæntu tengingar er eftir allt saman bara leit að samnefnara. Ekki endilega þeim lægsta heldur þeim sem er mest spennandi. Gengur allt upp í Ameríku?

**Kristrún Heiða Hauksdóttir á kistan.is**

# Þess vegna er Fréttablaðið málgagn Baugs

**UMRÆÐAN**
BAUGUR OG FRÉTTABLAÐIÐ



**HALLUR HALLSSON**

*Þegar menn fara í saumana á málinu – lið fyrir lið í tímaröð þá kemur nefnilega í ljós að Baugur hefur haft frumkvæði að árásum á Davíð – ekki öfugt.*

Í þrjú ár hefur Fréttablaðið dylgjað um að Davíð Oddsson hafi staðið á bak við húsleit Ríkislögreglustjóra í höfuðstöðvar Baugs. Þessar dylgjur hófust haustið 2002. Baugur hafði fjármagnað viðreisn blaðsins en enginn mátti vita um eigandann. Skömmu fyrir kosningar 2003 birti Fréttablaðið forsíðufrétt sem átti að renna stoðum undir meint pólitískt samsæri úr forsætisráðuneytinu um að klekkja á Baugi. „Sönnunin“ var bókun stjórnar Baugs um meinta andúð ráðherra á félaginu og að nafn Sullenbergers hefði borið á góma í samtali ráðherra og Hreins Loftssonar í Lundúnum í ársbyrjun 2002.

Ég skýrði frá því í Morgunblaðinu fyrir skömmu að Sigurjón M. Egilsson hefði tjáð mér í mars 2003 að Fréttablaðið hefði haft bókanir Baugs undir höndum í sex mánuði áður en þær voru birtar. Það þýðir að blaðið hafði þær mánaðamótin ágúst/september 2002. Í grein í Morgunblaðinu 22. september sl. neitaði Sigurjón að hafa nefnt umræddar bókanir í samtali okkar á útmánuðum 2003, bara spurt hver borgaði mér fyrir „ósómann“. Gott og vel. En ég man það eins og það hafi gerst í gær, þegar hann sagði, að Fréttablaðið hefði haft bókanir Baugs undir höndum í sex mánuði. Af hverju ætti ég að dikta það upp? Satt best að segja virðist minni fréttastjórans afar brigðult, því hann man ekki eftir hálftíma fundi okkar vorið 2004.

Bókanir Baugs varpa ljósi á að Fréttablaðið hafði mikilvægu hlutverki að gegna í herferðinni gegn Davíð Oddssyni sem hófst haustið 2002. Blaðið átti að koma höggi á ráðherra. Þess var að sönnu freistað veturinn 2002/3 og kortéri fyrir kosningar enda markmiðið að koma ráðherra úr Stjórnarráðinu.

Þegar menn fara í saumana á málinu, lið fyrir lið í tímaröð, þá kemur nefnilega í ljós að Baugur hefur haft frumkvæði að árásum á Davíð – ekki öfugt. Jón Ásgeir Jóhannesson orðaði þetta svo í Kastljósi að Davíð hefði tekið upp síma til vinar síns Jóns Steinars Gunnlaugssonar sem hefði fengið Jón Gerald Sullenberger til þess að kæra Baug af óvild einni saman! Það sér hver maður að þetta er bull. Þessari heimsmynd hefur Fréttablaðið haldið fram.

Í þrjú ár hefur Fréttablaðið ekki linnt látum gegn þessum ráðherra. Þess vegna er Fréttablaðið málgagn Baugs. Aðför auðhringsins er aðför að lýðræðinu í landinu. Fréttablaðið hefur ekki lagt fram neinar haldbærar sannanir. Fréttir blaðsins hafa aldrei – segi og skrifa – aldrei rennt stoðum undir stóru orðin um ásakanir um pólitískt samsæri eða aðför forsætisráðherra að Baugi.

Ritstjórinn Styrmir Gunnarsson kom manni hundeltum af auðhring til hjálpar þegar hann benti á lögmanninn Jón Steinar Gunnlaugsson sem hann vissi að léti ekki stjórnast af Baugi – eða öðrum auðmönnum. Ég hefði gert það sama, hvort sem í hlut hefði átt Baugur eða Kolkrabbinn sálugi.

Fréttastjórinn Sigurjón sakar mig um að þiggja greiðslur fyrir „ósómann“. Hann er auðvitað maður að minni fyrir. Ég andmæli aðför auðhrings að íslensku lýðræði; kjörnum fulltrúum og stofnunum. Ég mun halda áfram. Ég lít á það sem borgaralega skyldu mína. Jafnvel þótt Baugsmiðlar haldi áfram að rægja mig. Það hafa þeir allir gert, eins og á dögunum þegar DV bendlaði mig við pólitíska spillingu. Þeir eru flottir þessir strákar.

*Höfundur er fréttamaður.*

**Athugasemd**

*Vont er að skilja hvað hrjáir Hall Hallsson. Það sem hann setur fram sem staðreyndir um Fréttablaðið og mig er aðeins hugarburður hans og ímyndanir. Lengra nær það ekki.*

*Sigurjón M. Egilsson*
*Fréttaritstjóri Fréttablaðsins*

...sex ferskar ástæður fyrir Opal




sykurlausum

# Skerðing í skólakerfi

UMRÆÐAN
HELGI INGÓLFSSON FRAMHALDSSKÓLAKENNARI SKRIFAR UM STYTTINGU NÁMSTÍMA

Sá frómi lærimeistari Erasmus frá Rotterdam hafði að kjörorði að menntaður maður væri betri maður og allar götur síðan hefur vestrænt menntakerfi einkennst af þeirri hugsjón að menntun hafi gildi í sjálfu sér. Þar til nú. Um þessar mundir hafa hæstráðendur menntamála uppi stórfelld áform um skerðingu á íslensku skólakerfi, í því augnamiði að draga úr námi til stúdentsprófs. Ljóst er að þessi skerðing er ekki í þágu nemenda landsins, enda eru þeir flestir mótfallnir henni.

En hverjir vilja þá skerðinguna? Nemendur, foreldrar, kennarar eða skólamenn? Óekkí. Það virðast vera fulltrúar atvinnulífsins, sem ráða hér ferð, en alkunna er að þar á bæ snýst tilveran ekki um sjálfstætt gildi menntunar, heldur dans í kringum gullkálfinn. Aumlega er komið fyrir íslensku menntakerfi, þegar aurasálir, maurapúkar og mammonítar stýra þróun þess.

Miðað við áætlanir stjórnvalda er fyrirhugað að fyrsti árgangur nemenda með skert stúdentspróf útskrifist árið 2012, sama ár og síðasti hópurinn lýkur fullgildu stúdentsprófi. Á því herrans ári munu því tveir árgangar sækjast eftir háskólavist. En fyrst sætafjöldi í háskólum landsins er takmarkaður, hvor hópurinn er þá líklegri til að hljóta inngöngu? Vitaskuld sá sem hefur betri undirbúning til námsins. Því má búast við að hópurinn með síðra prófið fái ekki inngöngu í háskóla, a.m.k. ekki í fyrstu atrennu.

Ekki þarf neinn höfuðsnilling til að reikna út að það er árgangur barna fæddra 1993, sem svo verður úthýst í íslensku skólakerfi. Hvers eiga þessir nemendur að gjalda, að svo gróflega sé brotið á stjórnarskrárbundnum réttindum þeirra til menntunar? Hyggjast yfirvöld menntamála beita sér fyrir því að efla svo háskóla landsins að þeir geti tekið við 4000 viðbótarnemendum á ári tveggja stúdentsárganga? Verður þessi hópur ef til vill vinnuafl fyrir ný álver sem þá verður búið að reisa? Eða er máske sannleikskorn í þeirri flimtan gárunga og gapuxa að reiðuleysi þessa árgangs verði notað sem rök fyrir stofnun íslensks hers, áhugasömum pótintátum til þægðar?

Þrátt fyrir að máltækið segi að bókvitið verði ekki í askana látið, þá er ljóst að mannkynið stæði ólíkt aftar á þróunarbraut sinni án þess. Menntunin er það fjöregg samfélagsins, sem við viljum síst að skessur forheimskunar varpi á milli sín. Ef við trúum orðum Erasmusar, að menntaður maður er betri maður, hvað er þá síður menntaður maður? Fróðlegt væri að heyra svar hæstráðenda menntamála við því.

Microsoft SQL Server 2005 | Microsoft Visual Studio 2005 | Microsoft BizTalk Server 2006

**Bestu forritararnir og bestu tæknimennirnir eru með allt undir kontról**

**Vertu með**

**Kynntu þér nýjungar á stærstu tækninámstefnu ársins 2005**

Steve Ballmer stjórnar beinni útsendingu til Smárabíós

Bestu forritararnir og bestu tæknimennirnir eru stöðugt á vaktinni. Þeir fylgjast 24/7 með öllum nýjungum. Þeir vita að atvinnulífið byggir afkomu sína á því að þú kunnir skil á þeirri tækni sem nauðsynleg er í sókn til hagræðingar, öryggis og framtíðar.
Vertu með. Komdu á stærstu tækninámstefnu ársins 2005 hjá Microsoft. Skráðu þig á www.microsoft.is strax í dag. Áríðandi fyrirlestrar.
Aðeins fyrir forritara og tæknimenn.
Sjáðu líka heimsfrumsýningu á SQL Server 2005, Visual Studio 2005 og BizTalk Server 2006.
Vertu með allar nýjungarnar á hreinu.

7. nóv.

Áríðandi fyrirlestrar - aðeins fyrir forritara og tæknimenn

Keynote
Smart Client Application Development and Deployment
Design and Development Tools for Building Mission-Critical Applications
Building Highly Available Systems with SQL Server 2005
Delivering Business Insight
Web Development
Architecting Scalable, Flexible and Secure Database Systems with SQL Server 2005
Steve Ballmer - Live from San Francisco

**Heimsfrumsýning SQL Server 2005**
**Heimsfrumsýning Visual Studio 2005**
**Heimsfrumsýning BizTalk Server 2006**

**Komdu á stærstu tækninámstefnu ársins 2005**
**Skráðu þig strax á www.microsoft.is**
- Kokteill í boði Visual Studio 2005
- Spennandi bíómynd í lokin. Popp og kók. Forsýning í boði SQL Server 2005
- Vertu með - þú fræðist og nærist
- Óvænt gjöf frá Microsoft

**TAKTU FRÁ 7. NÓVEMBER. VERTU MEÐ Í SMÁRABÍÓI, KÓPAVOGI**

Vertu með. Aðeins fyrir forritara og tæknimenn.
Skráðu þig strax á www.microsoft.is.
Skráningargjald, aðeins 3.500 kr.

Microsoft®

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL



## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 4.673 **-0,09%** **Fjöldi viðskipta:** 258 **Velta:** 2.099 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Icelandic Group** | +1,60% | **Mosaic Fashions** | -1,81% |
| **Og fjarskipti** | +1,30% | **Landsbankinn** | -0,87% |
| **Straumur-Burðarás** | +1,10% | **Flaga** | -0,74% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 43,20 +0,70% ... Bakkavör 44,00 -0,70% ... FL Group 13,95 +0,70% ... Flaga 4,05 -0,70% ... HB Grandi 9,30 +0,00% ... Íslandsbanki 15,30 -0,70% ... Jarðboranir 22,00 +0,00% ... KB banki 596,00 +0,00% ... Kögun 54,00 +0,00% ... Landsbankinn 22,80 -0,90% ... Marel 64,50 -0,20% ... SÍF 4,37 +0,20% ... Straumur-Burðarás 13,75 +1,10% ... Össur 91,00 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn…*

### Þriðja Borgarnesræðan



Útgerðamenn á aðalfundi LÍÚ hlökkuðu mikið til að heyra hvað Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, hefði fram að færa í ræðu sem hún átti að flytja þeim samkvæmt auglýstri dagskrá klukkan 13.30 á föstudaginn. Fyrir matarhlé tilkynnti Eiríkur Tómasson, varaformaður LÍÚ og fundarstjóri, hins vegar að Ingibjörg Sólrún myndi tefjast. Það hefði ekki verið flugfært frá Ísafirði þar sem hún var og því hefði hún drifið sig akandi í bæinn. Á göngum Grand hótels í matarhléinu göntuðust útgerðarmenn með að það væri kannski ráð að mætast á miðri leið, sem þeir sögðu að væri í Borgarnesi. Þá gæti Ingibjörg Sólrún flutt sína þriðju Borgarnesræðu. Þær fyrri hefðu verið svo fréttnæmar.

### Fjórði seðlabankstjórinn

Ræða Sigurjóns Þ. Árnasonar, bankastjóra Landsbankans, rann ljúft ofan í útgerðarmenn á aðalfundi LÍÚ fyrir helgi. Þar sagði Sigurjón að Seðlabankinn einblíndi of mikið á vaxtahækkunarleiðina til að ná niður verðbólgu. Gengið væri of sterkt, erlendir aðilar nýttu sér vaxtamun við útlönd og Seðlabankinn þyrfti að kaupa meiri gjaldeyri. Ari Edwald, sem stýrði pallborðsumræðum á eftir framsöguerindum, sagði Sigurjón gott efni í fjórða seðlabankastjórann. Þorsteinn Már Baldvinsson, útgerðarmaður á Akureyri, sagði að það væri ekki þörf á fjórum bankastjórum í Seðlabankanum. Nóg væri að Sigurjón yrði þar einráður og fengi kannski Unnar Má Pétursson, fjármálastjóra Þormóðs ramma, sem aðstoðarmann.

## MARKAÐSFRÉTTIR...

**Steinunn Kristín Þórðardóttir** hefur verið ráðin forstöðumaður útibús Íslandsbanka í London. Hún tók við starfinu í gær en áður starfaði hún sem forstöðumaður alþjóðalánveitinga hjá Íslandsbanka.

**Actavis** hefur sett þunglyndislyfið **Sertraline** á markað í töflu- og hylkjaformi en lyfið hefur verið fáanlegt á Spáni og í Mið- og Austur-Evrópu. Einkaleyfi lyfsins rennur nú þar út og setur **Actavis** lyfið á markað í fjórtán Evrópulöndum.

**Íslandsbanki** opnaði skrifstofu í Kaupmannahöfn á föstudaginn. Hlutverk hennar er að styrkja viðskiptasambönd **Íslandsbanka** við fyrirtæki og fjármálastofnanir á Norðurlöndunum og einkum í Danmörku.

# Olíuverð helst undir sextíu dölum á fatið

Olíuverð hélst undir sextíu Bandaríkjadali á hvert fat af olíu í gær þrátt fyrir að búist hafði verið við hækkun olíuverðs. Á mánudaginn kostaði hvert fat af olíu 58 dali en í gær var verð á fatið 59,7 dalir. Eftirspurn eftir olíu til húshitunar í Bandaríkjunum er talin verða um 30 prósent af því sem hún er venjulega í þessari viku þar sem hitastig í Bandaríkjunum hefur hækkað.

Veturinn hefur farið hægt af stað í norðausturhluta Bandaríkjanna sem er stærsti neytendamarkaður olíu til upphitunar á húsum.

- hb



**FRÁ OPNUN DISNEY Í KÍNA** Allt stefnir í 9,5 prósenta hagvöxt í Kína á seinni helmingi ársins en búist er við því að hann lækki svo niður í 8,5 til 9 prósent á árinu 2006.

# Góður hagvöxtur í Kína

Búist er við að hagvöxtur í Kína á seinni helmingi ársins 2005 verði 9,5 prósent en lækki svo niður í 8,5 til 9 prósent á árinu 2006. Þetta er haft eftir kínverskum embættismanni á fréttasíðu CNN.

Fjárfestingabankinn CLSA birtir mánaðarlega PMI-vísitöluna fyrir Kína sem gefur til kynna hver staða framleiðslu er í hagkerfinu. Hún féll úr 50,9 í september í 50,1 í október. Ef vísitalan er yfir gildinu 50 er þensla í hagkerfinu en ef hún er undir 50 merkir það samdrátt.

Kínversk framleiðslufyrirtæki eru í erfiðri aðstöðu um þessar mundir. Pöntunum, bæði í Kína og erlendis frá, hefur fækkað. Það leiðir af sér að þau verða að hafa betri hemil á birgðastöðu sinni sem leiðir af sér að framleiðsluaukning er ekki eins mikil og áður.

- hhs




Stofnfjárútboð SPRON

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis býður út 43.440 nýja stofnfjárhluti. Farið er með útboðið skv. reglum um almennt útboð verðbréfa, þótt núverandi stofnfjáreigendur eigi forgangsrétt til áskriftar að hinum nýju stofnfjárhlutum. Útboðstímabilið er 7.–21. nóvember 2005 og fellur áskrift í eindaga 2. desember 2005. Verð hvers stofnfjárhlutar er 45.497 krónur og er heildarverðmæti útboðsins því 1.976.389.680 krónur. Heildarnafnverð stofnfjár fyrir hækkunina er 1.086.000.000 krónur og verður eftir hækkunina 2.172.000.000 krónur að því gefnu að allt seljist. Nafnverð nýrra stofnfjárbréfa er 1.086.000.000 krónur.

Umsjónaraðili útboðsins er Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis og má nálgast útboðslýsingu á heimasíðu sparisjóðsins www.spron.is, og í útibúum hans.

Sparisjóðsstjórn

Himinn og haf / SÍA

spron


# Vilhjálmur taldi sig ekki fá nein svör á fundinum

**Stjórnarformaður FL Group segir endurskoðendur skoða alla þætti í reikningum félagsins eins og í öðrum hlutafélögum. Hlutafjáraukning FL Group var samþykkt með öllum atkvæðum gegn atkvæði eins hluthafa. FL Group verður eftir hlutafjáraukningu öflugt fjárfestingarfélag.**



**SPURULL HLUTHAFI** Vilhjálmur Bjarnason, hluthafi FL Group, lagði fram nokkrar spurningar á fundinum sem stjórnarformaður svaraði. Vilhjálmur sem einn hluthafa greiddi atkvæði gegn tillögu um hlutafjáraukningu FL Group, taldi sig ekki hafa fengið nein svör. Fréttablaðið/GVA

Hlutafjáraukning FL Group sem samþykkt var á hluthafafundinum í gær, gjörbreytir ásýnd félagsins. Eftir stendur gríðarlega fjársterkt fjárfestingarfélag sem hyggst beita afli sínu sem umbreytingarfjárfestir með Evrópu sem brennidepil.

Félagið mun verða með 65 milljarða eigið fé sem gerir því kleift að takast á við mjög stór verkefni. Ekki verður einblínt á fjárfestingar í flugrekstri, enda þótt ljóst sé að þær verði fyrirferðamiklar.

FL Group mun með eðlilegum fyrirvara taka yfir rekstur danska lággjaldaflugfélagsins Sterling, en auk þess á félagið ríflega sextán prósenta hlut í breska lággjaldaflugfélaginu easyJet.

Breytingarnar á félaginu eru róttækar. Hannes Smárason, forstjóri félagsins, fór í gegnum afkomuna undanfarin ár á fundinum. Hann segir sveiflur í flugrekstri miklar og að með núverandi skipulagi og fjárhagslegum styrk félagsins hafi flugreksturinn bakhjarl í sterku fjárfestingarfélagi. Áhættan í rekstrinum sé minni nú en hún hafi verið fyrir skipulagsbreytingar og hlutafjáraukninguna.

Vilhjálmur Bjarnason, hluthafi í FL Group, greiddi einn atkvæði gegn tillögum um aukninguna. Hann lagði fram sjö spurningar á fundinum. Hann taldi sig hafa heimildir fyrir því að stjórn FL Group hefði fjallað um kaup á Sterling í um tvö ár og spurði hvers vegna félagið hefði ekki verið keypt þá á mun lægra verði en nú. Stjórnarformaður FL Group sagði félaginu ekki hafa boðist áður að kaupa Sterling.

Vilhjálmur vísaði einnig til orðróms um flutning þriggja milljarða á reikning í Luxemborg. Vildi Vilhjálmur að kjörnir endurskoðendur félagsins gæfu út yfirlýsingu um að fjármunir til óskyldra hluta hefðu ekki verið millifærðir frá félaginu. Skarphéðinn sagði að samkvæmt þeirri útgáfu sögusagna sem hann hefði heyrt ætti þessi færsla að hafa átt sér stað í júní. Félagið hefði birt uppgjör fyrir það tímabil með áritun endurskoðenda félagsins. Sama gilti um komandi uppgjör. Endurskoðendur myndu skoða ef um slíkt væri að ræða ásamt öðrum atriðum í reikningum félagsins og gera athugasemdir ef ástæða væri til. Vilhjálmur spurði einnig á þá leið hvort verðmyndun easyJet væri að mestu tilkomin vegna kaupa FL Group. Skarphéðinn sagðist skilja spurninguna sem svo að hún snerist um hvort félagið væri að beita verðáhrifum í Kauphöllinni í London. Hann kvað svo ekki vera.

Ekki tóku fleiri til máls á fundinum um þetta efni. Vilhjálmur taldi sig ekki hafa fengið nein svör við



**SIGURJÓN Þ. ÁRNASON** Bankastjóri Landsbankans tekur sæti í stjórn Intrum Justitia. Fréttablaðið/Hari

# Sigurjón sest í stjórn Intrum

Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans, mun bráðlega taka sæti í stjórn Intrum Justitia. Landsbankinn er stærsti hluthafinn í Intrum með um tólf prósenta hlut.

Boðað hefur verið til hluthafafundar þann 24. nóvember næstkomandi að ósk eigenda um þriðjung hlutafjár þar sem ný stjórn verður kosin. Fastlega er gert ráð fyrir að Gerard De Geer og Christian Salomon gangi úr stjórn.

- eþa

# Þriggja milljarða skuldabréf gefið út til fimm ára

Útgáfa erlendra aðila á skuldabréfum í íslenskum krónum heldur enn áfram. Í gær gaf Kommunalbanken út skuldabréf fyrir þrjá milljarða til fimm ára. Lengsta skuldabréfaútgáfan fram að þessu var til þriggja ára. Alls hafa erlendir og innlendir aðilar því gefið út skuldabréf í íslenskum krónum fyrir um 103 milljarða króna. Í hálf-fimm fréttum KB banka er því velt upp hvort þessi útgáfa muni gera bönkum, fyrirtækjum og einstaklingum tækifæri til að fjármagna sig til lengri tíma með óverðtryggðum lánum á föstum vöxtum.

- hb

# Þórdís formaður Dagsbrúnar

Þórdís Sigurðardóttir mun samkvæmt heimildum taka við formennsku í stjórn Og fjarskipta af Skarphéðni Berg Steinarsyni eftir hluthafafund á fimmtudaginn. Fyrir fundinum liggur tillaga um nafnabreytingu þar sem nafni félagsins verður breytt í Dagsbrún. Dagsbrún er móðurfélag Og Vodafone og 365 miðla sem meðal annars eiga Fréttablaðið. Skarphéðinn er nýr stjórnarformaður FL Group. Þórdís er forstöðumaður Nordic fjárfestinga Baugs, en var áður framkvæmdastjóri MBA náms Háskólans í Reykjavík.

Fyrir fundinum liggur einnig tillaga um heimild stjórnar til hækkunar á hlutafé um allt að 1,2 milljarða króna að nafnvirði. 200 milljónir af því eru ætlaðar til þess að greiða fyrir hlut í öðrum félögum.

-hh

# allt

nám o.fl.
**ICEMUN**
Íslenskir háskólanemar í líki Sameinuðu þjóðanna bls. 2

börn o.fl.
**FRAMTÍÐARMAÐUR**
Garpur Hnefill spáir í lífið og tilveruna bls. 3

ferðir o.fl.
**NEW YORK**
Stóra eplið hefur upp á allt að bjóða bls. 4



FRÉTTABLAÐIÐ

*Góðan dag!*
Í dag er miðvikudagur 2. nóvember, 306. dagur ársins.

KRÍLIN




SMÁAUGLÝSINGAR

**Flokkar**
Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar

SMÁAUGLÝSINGAR SÍMI: 550 5000
ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is
vísir



Haukur Pálsson er í starfsþjálfun hjá Saga Film. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Langar til Austur-Evrópu

***Haukur Pálsson er nemandi á öðru ári í Kvikmyndaskóla Íslands. Hann hefur alltaf haft mikinn áhuga á kvikmyndum og gerði sína fyrstu stuttmynd þegar hann var 12 ára.***

Haukur ákvað að fara í kvikmyndaskólann eftir að vinur hans hafði farið í skólann og hann sá hvað námið var spennandi. Hann segir að skólinn sé fjórar annir og tekið sé inn í hann bæði á haustin og um áramótin. „Vinur minn er til dæmis að klára um jólin en ég klára í vor," segir Haukur.

Haukur segir að námið í Kvikmyndaskólanum sé aðallega verklegt. „Við fáum reyndar nokkrar bækur og förum í einhverja bóklega tíma. Við förum til dæmis í kvikmyndaskoðun þar sem við horfum á bíómyndir og tölum um þær með leikstjórum og kvikmyndafræðingum. Það eru alltaf einhverjir nýir að koma frá útlöndum og sennilega hafa flestir íslenskir kvikmyndagerðarmenn eitthvað kennt hérna."

Haukur segir að í skólanum sé allt sem tengist kvikmyndagerð kennt. „Við lærum framleiðslu, skipulagningu, handritsgerð, upptöku og klippingu og svo erum við með frumsýningu á því sem við gerum." Hann segir að námið sé mjög skemmtilegt en honum finnst samt lang skemmtilegast að taka upp.

Haukur segir að sex vikur af náminu séu starfsnám. „Ég var í starfsnámi í síðustu viku hjá RÚV og núna er ég hjá Saga Film. Svo var ég líka á Ástarfleyinu," segir hann.

Haukur stefnir á að fara í framhaldsnám í kvikmyndagerð þegar hann er búinn með kvikmyndaskólann. „Mig langar að fara til Danmerkur og svo væri ég líka til í að fara til Austur-Evrópu." Hann segir að margir Íslendingar fari til Prag að læra kvikmyndagerð. „Það er mjög hagkvæmt að fara þangað og svo er mikil kvikmyndamenning þar."

emilia@frettabladid.is

## LIGGUR Í LOFTINU

**[ FERÐIR - NÁM - BÖRN ]**

**Myndakvöld** verður hjá Útivist næsta mánudagskvöld, 7. nóvember kl. 20 í Húnabúð, Skeifunni 11. Sýndar verða myndir úr hópferð Íslendinga til Afríku í febrúar sl. Meðal annars af göngu á Kilimanjaro, safaríferð um þjóðgarð í Kenía og mannlífi í Afríku. Aðgangseyrir er 700 krónur og inni í því er klassískt kökuhlaðborð Útivistar.



**Verðmat** fyrirtækja nefnist tveggja kvölda námskeið sem Anna Linda Bjarnadóttir héraðsdómslögmaður heldur í Húsi verslunarinnar og hefst á morgun, 3. nóvember kl. 17-20. Þar kennir hún lestur ársreikninga. Kristján M. Bragason fjármálaverkfræðingur flytur fyrirlestur um verðmat. Nánari námskeiðslýsing er á www.isjuris.is

**Íslenskukennsla** fyrir innflytjendur er nú í boði hjá Alþjóðahúsinu þar sem lögð er áhersla á vinnustaðatengt mál. Ingibjörg Hafstað hefur umsjón með kennslunni.

**Og Vodafone** hefur gefið út bækling sem er ætlaður foreldrum og forráðamönnum barna. Þar er fjallað um hvernig börn og unglingar geta notað farsíma með öruggum og ábyrgum hætti. Einnig ýmsar hliðar farsímanotkunar og hvenær börn hafi þroska til að nota farsíma.



**Prófin**
eru farin að nálgast. Þeir sem eru ekki byrjaðir að læra ættu að fara að gera eitthvað í því. Það er ennþá möguleiki á því að þetta bjargist fyrir horn.



# Allir í Listaháskólann

*Opið hús í Listaháskólanum á föstudaginn.*

Listaháskóli Íslands opnar almenningi dyr að öllum deildum sínum næsta föstudag, þann 4. nóvember, milli klukkan tíu og tvö. Þá er upplagt fyrir áhugasama að koma í skólann og kynnast starfseminni. Leiklistardeildin og tónlistardeildin eru við Sölvhólsgötu. Leiklistardeildin býður gestum að taka þátt í sýnishorni af inntökuprófi sem samanstendur af leiktúlkun, líkamsþjálfun, raddbeitingu og söng. Í tónlistardeildinni verða opnir tónleikar, æfingar og sýnishorn af hljóðverkum nemenda.

Í myndlistardeildinni að Laugarnesvegi 91 verður öll starfsemi og verkstæði opin gestum og gangandi auk sýningar á fjölbreyttum verkum nemenda. Hönnunar- og arkitektúrdeild í Skipholti 1 verður einnig með alla starfsemi sína opna en þar er að finna fata- og textílhönnun, þrívíða hönnun, grafíska hönnun og arkitektúr.

Nemendur og kennarar veita upplýsingar og viðtöl í öllum deildum.



Gunnar Helgi Birgisson nemandi í Listaháskóla Íslands.

„Námskeiðið bar tvímælalaust þann árangur sem ég vonaðist eftir og gott betur en það. Þjónustan er frábær og skipulagið til fyrirmyndar... Námskeiðið margborgaði sig.“ **Esther Ösp Valdimarsdóttir, 19 ára nemi.**

**...næsta námskeið er í janúar 2006.**
**Skráning á biðlista er hafin á www.h.is og 586-9400**
**Akureyri – 9. nóvember – skráning stendur yfir**

HRAÐLESTRARSKÓLINN




# Íslenskir háskólanemar í líki Sameinuðu Þjóðanna

***Á morgun hefst IceMUN, Icelandic Model United Nations, ráðstefna á vegum íslenskra háskólanema. IceMUN er hermilíkan af starfsemi Sameinuðu þjóðanna (UN) og ætla íslenskir og erlendir háskólanemar að ræða um mannréttindamál í Súdan.***

Þurý Björk Björgvinsdóttir, sem ber þann stóra titil að vera aðalritari IceMUN og einn af skipuleggjendum ráðstefnunnar, segist full tilhlökkunar fyrir helginni enda er mikil skipulagning að baki. „Við erum búin að funda síðan í byrjun sumars og skipulagningin hefur gengið vel. Þetta er í þriðja sinn sem ráðstefnan er haldin hér á Íslandi,“ segir Þurý. „Bæði nemar úr Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri munu taka þátt ásamt skiptinemum og einnig kemur hingað hópur nema frá Finnlandi.“

Þurý segir Model UN aðallega gott tækifæri fyrir háskólanema til að kynnast alþjóðasamstarfi og alþjóðasamvinnu og diplómatískum heimi stjórnmálanna. „Í ár ætlum við að setja upp hermilíkan af öryggisráðinu og mannréttindanefndinni. Þátttakendur í hermilíkaninu taka sér hlutverk sendifulltrúa aðildarþjóða og fylgja utanríkisstefnum ríkisstjórna þeirra í einu og öllu,“ segir Þurý. „Málefnið sem við tökum fyrir er ástandið í Darfur-héraði í Súdan og verður fjallað um málið frá mismunandi sjónarhornum eftir ráðum og það verður unnið eftir starfsreglum og aðferðum Sameinuðu þjóðanna,“ segir Þurý. „Fólk er að taka þátt í þessu af mikili alvöru,“ segir Þurý. „Í kokteilboðunum sem fylgja ráðstefnunni myndar fólk þrýstihópa og er að lobbíera bak við tjöldin og safna fylgi við ályktanir sínar,“ segir Þurý og hlær. „Fólk lifir sig alveg inn í þetta enda er þetta góður undirbúningur fyrir framtíðina.“ Þurý segir erlenda háskóla og fyrirtæki horfa hýrum augum á reynslu af Model UN.



Þurý Björk Björgvinsdóttir, aðalritari modelUN, segir brýn málefni rædd í hermilíkani Sameinuðu Þjóðanna um helgina.

Upphaf ráðstefnunnar er opinn fyrirlestur sem haldinn verður af Dr. Mukesh Kapila, forstöðumanni Department of health action in crisis hjá World Health Organisation (WHO). „Dr. Mukesh hefur unnið að mannréttindamálum í Súdan fyrir Sameinuðu þjóðirnar og hann var að margra mati sá sem opnaði augu heimsins fyrir ástandinu í Súdan.“ Fyrirlestrarnir verða haldnir í húsi Íslenskrar erfðagreiningar og marka þeir upphaf ráðstefnunnar sem stendur fram á sunnudag.

**johannas@frettabladid.is**

# Staða kynjanna í alþjóðastjórnmálum

***Endurmenntun háskólans heldur námskeið í samvinnu við UNIFEM á Íslandi.***

Endurmenntun gengst fyrir námskeiði þar sem fjallað er um alþjóðamál með áherslu á mismunandi stöðu og hlut kynjanna. Námskeiðið er ætlað áhuga- og fagfólki sem vill afla sér þekkingar á þessu sviði. Markmið námskeiðsins er að þátttakendur skilji hvernig straumar og stefnur á alþjóðavettvangi hafa mismunandi áhrif og afleiðingar eftir því hvort kynið á í hlut.

Námskeiðið verður í fjórum hlutum þar sem fyrirlesarar verða með erindi og leiða umræður um eftirfarandi þætti: Alþjóðakerfið og konur, stríð og konur, þróunarsamvinna og konur og fólksflutningar og konur.

Fyrirlestrar á námskeiðinu eru í höndum níu kvenna; Lilju Hjartardóttur, Rósu Erlingsdóttur, Birnu Þórarinsdóttur og Magneu Marinósdóttur sem allar eru stjórnmálafræðingar, Drífu Hrannar Kristjánsdóttur og Hrundar Gunnsteinsdóttur þróunarfræðinga, Amal Tamini varaformanns Samtaka kvenna af erlendum uppruna, Guðbjargar Lindu Rafnsdóttur, dósents í félagsfræði við HÍ og Guðrúnar Jónsdóttur, starfskonu Stígamóta. Laun fyrirlesara renna óskipt í ofbeldissjóð UNIFEM á Íslandi.

Kennt verður fjögur kvöld, mánudag og miðvikudag í næstu og þarnæstu viku.



Rósa Erlingsdóttir er meðal fyrirlesara á námskeiði um alþjóðastjórnmál og konur.



Tilfinningarækt er lykilhugtak sambúðarnámskeiðsins.

# Fyrir pörin

AÐ STYRKJA SAMBANDIÐ ER YFIRSKRIFT NÁMSKEIÐS SEM ENDURMENNTUN HÁSKÓLANS GENGST FYRIR 19. OG 26. NÓVEMBER.

Námskeiðið byggist á fyrirlestrum og fræðslu, léttum samræðum, æfingum og heimaverkefnum. Lykilhugtakið er tilfinningarækt að því er fram kemur í frétt á síðu Háskólans. Það segir líka að sé sambandið gott megi búast við árangri á flestum öðrum sviðum, í vinnu og starfi og ekki síður í barnauppeldi og fjölskyldumálum yfirleitt. Svo er það spurningin hvernig gangi að leysa úr ágreiningi sem óhjákvæmilega kemur upp og með hvaða hugarfari fólk nálgast hvort annað. Það eru sálfræðingarnir Jóhann Ingi Gunnarsson og Sæmundur Hafsteinsson sem verða leiðbeinendur á námskeiðinu sem ætlað er pörum.



**Börn**
hafa flest mjög gaman af því að skrifa bréf og fá bréf. Foreldrar geta hjálpað börnunum sínum að skrifa bréf og senda vinum eða ættingjum. Þau sem ekki geta skrifað geta líka bara teiknað mynd. Skemmtanagildið er það sama.

# Fréttamaður, þingmaður og vörður

*Garpur Hnefill Valsson er fjögurra ára og stundar leikskólann Leikgarð.*

Við hefjum umræðurnar á fyrsta snjó vetrarins.

„Mér finnst gaman að leika mér í snjónum, renna mér á þotu og líka gaman að stíga ofan í kaf því þá kemur svona mjúkt á hárið svo hárið verði alveg blotnað. En veistu að í húsinu við hliðina er frændi minn og hann er með fugl og geimflaug sem er hægt að láta fljúga.“

Má hann vera með dót í vinnunni? „Já, stundum. Hann er V- og svo kemur o með tveimur punktum yfir og svo kemur r og svo kemur d með striki í gegnum og svo u og svo r.“

Hvað ætlar þú að gera þegar þú verður stór?

„Ég ætla að verða fréttamaður og vörður. Ég ætla að vera allskynsfréttamaður, bæði í blöðum og sjónvarpinu.“

Hvað finnst þér skemmtilegast að lesa í blöðunum?

„E-m-nemm, allt sem er um Eminem. Hann með rapphúfu sem snýr öfugt. Mig langar líka að verða rappari. Mig langar að vera allskyns. Strætómaður og byggingamaður og fréttamaður og þingmaður og vörubílamaður og gröfumaður og læknir og flytjumaður.“

Hvað ætlarðu að gera þegar þú verður þingmaður?

„Veistu að á þinginu þar er svona gat í veggnum og þá heyrir maður hvíslað í eyrað?“

Langar þig að breyta einhverju?

„Mig langar að breyta nafninu mínu. Mig langar að heita Úlfur, það er kisa með mikið hár. Kisan mín, hann átti bróður sem hét Rjómi. Og líka einn sem hét Krúsilíus eins og í laginu.“

En hvað þýðir nafnið þitt? Þýðir það kannski hetja?

„Veistu, að þegar ég fæddist urraði ég og var mjög sterkur. Ég borðaði líka grænmeti á leikskólanum í súpu.

Stundum fæ ég vondan mat þar og stundum góðan mat. Besti maturinn er grjónagrautur og hafragrautur og kakósúpa. Mér finnst líka gott spaghettí en ekki svona hakkkjöt með tómat.“



Garpur Hnefill Valsson ætlar sér ýmislegt í framtíðinni.

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera?

„Mér finnst skemmtilegast að tala í diktafón og skrifa á töflu og veistu að þegar var konudagur var Fréttablaðið bleikt, ég hélt að það væri kalladagur, en veistu að ég ætla að safna fullt af peningum, veistu hvað miklu? Milljón! Og kaupa bíl og bland í poka fyrir afganginn. Svo ætla ég að kaupa gjöf handa mömmu en það er leyndarmál.“



## Lært í gegnum leiki

TVÖ ÞRÓUNARVERKEFNI Á LEIKSKÓLUNUM RAUÐUBORG OG HAMRABORG FENGU NÝLEGA STYRK ÚR ÞRÓUNARSJÓÐI LEIKSKÓLA.

Verkefnið sem var unnið á Rauðuborg heitir Litlu manneskjurnar á leikskólunum og í því var stuðst við bókina People Under Three: Young Children in Day Care. Verkefnið eykur samskiptahæfni barna og virðingu þeirra fyrir hverju öðru og er starfsfólk Rauðuborgar mjög ánægt með það.

Hitt verkefnið sem var unnið á Hamraborg heitir Vísindaleikir í leikskólanum og var það unnið af leikskólakennurum og sérfræðingum í náttúruvísindum. Verkefnið gengur út frá því að börnin læri ýmis vísindi í gegnum leiki.


















**Ferðir**
til annarra landa mega taka langan tíma í undirbúningi. Það getur verið gaman að eyða nokkrum mánuðum í að lesa sér til um sögu landsins sem fara á til og jafnvel læra eitthvað í tungumálinu.


## Upplifðu Ísland
með Iceland Excursions Allrahanda



Við aðstoðum við skipulagningu á hvataferðum, óvissuferðum, íþróttaferðum, starfsmannaferðum o.fl.
**Ekkert er of stórt eða of smátt fyrir okkur!**

Gerum góð tilboð í allar hópferðir

Hafðu samband í síma 540 1313 eða í gegnum tölvupóst iea@iea.is

Icelandexcursions Allrahanda · GRAY LINE

Höfðatún 12 · 105 Reykjavík · Sími 540 1313 · Fax 540 1310 · www.allrahanda.is · iea@iea.is


## Á DÖFINNI Í NEW YORK

**6. NÓVEMBER** Maraþonhlaup í New York

**10.-13. NÓVEMBER** Súkkulaðisýning

**21. OG 22. NÓVEMBER** U2 heldur tónleika í Madison Square Garden

**27. NÓVEMBER** Macy's Þakkargjörðarhátíðarskrúðgangan

**8.-12. DESEMBER** Sýning á antikmunum
Big Apple Sirkus sýnir **TIL 8. JANÚAR**

Ísskautar í Rockefeller Center **TIL 19. JANÚAR**

**19. JANÚAR** Martin Luther King-skrúðgangan



# Stóra eplið

***New York er ekki eingöngu þekkt fyrir háa skýjakljúfa og frelsistyttuna. Borgin hefur upp á allt að bjóða sem ferðamaður sækist eftir: saga, minjar, söfn, stór mannvirki, mannlíf, menning og skemmtanalíf.***

Í New York má finna fjölskrúðugt mannlíf og litríka menningu. Ferðamanni sem kemur í fyrsta skipti til New York nægir að standa skamma stund á Times Square til að verða fyrir hughrifum og fá kjarna borgarinnar beint í æð. Þó svo sögur gangi um að íbúar New York séu harðir og kjaftforir koma þeir fram við ferðamenn eins og þeir séu innfæddir.
Manhattan-eyja hefur verið sá staðir sem flestir ferðamenn hafa látið sér nægja að skoða en nú er Brooklyn-hverfið farið að veita Manhattan harða samkeppni. Flugleiðir eru eina flugfélagið sem flýgur í beinu flugi frá Íslandi til New York. Á heimasíðu þeirra má finna ógrynni af upplýsingum um borgina. Hluti þeirra er birtur hér. Listinn er þó engan veginn tæmandi og áhugasamir New York-farar hvattir til að kynna sér borgina vel áður en lagt er í hann.



Times Square.



Central Park að hausti til.

### *Hverfi sem vert er að sjá*

**GREENWICH VILLAGE/MEATPACKING DISTRICT**
Village er gamla listamannahverfið á Manhattan. Á 14. stræti er Meatpacking district sem nú er óðum að gæðast lífi.

**SOHO/TRIBECA**
Iðandi mannlíf, spennandi gallerí, veitingastaðir og verslanir. Tribeca er rólegra hverfi en Soho og vinsælla af íbúum borgarinnar.

**WILLIAMSBURG Í BROOKLYN.**
Heimilislegra en Manhattan, rólegt hverfi með stórt hjarta og iðandi mannlíf innfæddra. Þaðan má svo skella sér til Coney Island en þar þykir stemningin engu lík.

**EFRI HLUTI FIFTH AVENUE OG MADISON AVENUE.**
Skýjakljúfar, stórar verslanir og nálægð við Central Park.





Ef þú hefur gaman af íþróttum eða æskulýðsstarfi með ævintýralegu ívafi er Camp USA rétta sumarstarfið.
**Umsóknarfrestur er til 1. febrúar 2006**
Allar nánari upplýsingar eru á www.exit.is

MasterCard
Færð þú MasterCard Ferðaávísun?

STÚDENTAFERÐIR
exit.is

Bankastræti 10 • Sími 562 23 62 • info@exit.is • www.exit.is



## Helgarferð á Snæfellsnes
**Gengið um fallega náttúru undir Jökli**
**Áhugavert svæði til vetrarútivistar.**

ÚTIVIST
Leggðu land undir fót með okkur
Laugavegi 178, sími 562 1000
www.utivist.is



Þitt fólk á aðeins það besta skilið...

## Jólahlaðborð Valhallar
nýr kostur á markaðnum




Villibráðahlaðborð föstudag, 4.nóv og laugardag 5.nóv að hætti Úlfars Finnbjörnssonar. Minnum á jólahlaðborðið."

Yfir borðhaldi á föstudags- og laugardagskvöldum mun Védís Hervör sjá um að halda uppi notalegri jólastemningu við undirleik Valda úr Bang Gang.

Við minnum á að nú er opið á Hótel Valhöll allan ársins hring og tilvalið að nýta sér frábæra gistipakka Valhallar og dekra við sig í skammdeginu.

Frábær þriggja rétta óvissumatseðill sem svo sannarlega hefur slegið í gegn.

Allar nánari upplýsingar á heimasíðu okkar
www.hotelvalholl.is
Hótel Valhöll, Þingvöllum / S: 480-7100
hotelvalholl@hotelvalholl.is



BFGoodrich Dekk



31 x 15 AT
**Kr. 13.900 stgr.**
33 x 15 AT
**Kr. 15.900 stgr.**
35 x 15 AT
**Kr. 16.900 stgr.**

hausverk / SIA

GERIÐ VERÐSAMANBURÐ

NESDEKK
S. 561 4110
Suðurströnd 4, 170 Seltjarnarnesi.

Bílabúð Benna
Hjólbarðaverkstæði

Bílabúð Benna • Vagnhöfða 23 • Sími 590 2000 • www.benni.is




Eiffelturninn er eitt af táknum Parísar.

## Siglt á Signu

TERRA NOVA SÓL BÝÐUR UPP Á ÝMSA SPENNANDI KOSTI FYRIR HÓPA Í PARÍS Í VETUR.

Heimsborgin París heillar marga enda rík af spennandi byggingum, verslunum, söfnum og veitingastöðum svo nokkuð sé nefnt. Ferðaskrifstofan Terra Nova setur saman dagskrárpakka fyrir hópa eftir óskum þeirra og þörfum og útvegar gistingu á góðum hótelum. Meðal þess sem hún hefur upp á að bjóða er þjónusta fararstjóra í kynnisferðum, sigling á Signu og kvöldverður á glæsilegum og sögufrægum veitingastað.

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 2. nóvember 2005 – 31. tölublað – 1. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir



MAXWELL HOUSE
Gott til síðasta dropa


**Aðalfundur LÍÚ**
Tapa á háu gengi



4



**Sjávarútvegur**
Sátt í sjónmáli

12-13

**Kauphöllin í Tókýó**
Viðskipti stöðvuð

7

## Opna Taco Bell í stað Wendy's

Eigendur vilja Taco Bell á höfuðborgarsvæðið.

Fyrsti Taco Bell-staðurinn verður opnaður hér á landi eftir tíu daga á svæði varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli þar sem áður var hinn þekkti Wendy's-hamborgastaður. Taco Bell er með þekktustu skyndibitakeðjum heims og selur mexíkóskan skyndibita. Það eru sömu eigendur og að kjúklingastaðnum Kentucky Fried Chicken sem koma að rekstri Taco Bell.

„Við höfum auðvitað áhuga á því að opna á höfuðborgarsvæðinu í framhaldinu. Við höfum bæði staði í Mosfellsbæ og í Hafnarfirði sem gætu hentað undir Taco Bell en þetta er tilraunastarfsemi og við verðum að sjá," segir Helgi Vilhjálmsson, eigandi Kentucky, oft kenndur við Góu.

Hann segir að beðið sé með eftirvæntingu eftir staðnum. „Þeir eru að verða mjög hungraðir þarna suður frá."

Fyrsti Taco Bell-staðurinn var opnaður í Bandaríkjunum árið 1962 og um 6.500 Taco Bell-staðir eru þar í landi en aðeins um 280 utan Bandaríkjanna. Áttatíu prósent af stöðunum eru rekinr sjálfstætt samkvæmt viðskiptasérleyfum frá Taco Bell. **- hb**

---

## Útrásarvísitalan hækkar: BTC og Saunalahti hækka mest allra

Búlgarska símfyrirtækið BTC hækkar mest allra félaga í útrásarvísitölunni, um 7,8 prósent á milli vikna, og finnska símfyrirtækið Saunalahti hækkar næstmest, um 6,1 prósent. Breska lággjaldaflugfélagið easyJet og breska iðnaðarfyrirtækið NWF koma svo næst með um 5,3 prósent hækkun hvort félag. Útrásarvísitalan hækkar um 3,18 prósent á milli vikna og er hún nú 108,9 stig.

Mest lækkar sænska fyrirtækið Cherryföretag, um 4,9 prósent, og næstmest breska tískuvörukeðjan French Connection, um 3,4 prósent. **- hb**

## FRÉTTIR VIKUNNAR

**FL Group stærst** | FL Group er nú stærsti hluthafinn í easyJet með 16,2 prósenta hlut. Eignarhlutur félagsins er orðinn meira en tuttugu milljarða króna virði.

**Undir væntingum** | Hagnaður Össurar var 52 milljónir króna á þriðja ársfjórðungi. Á sama tíma í fyrra nam hagnaðurinn 338 milljónum.

**Kaupþing áminnt** | Sænska fjármálaeftirlitið áminnti Kaupþing banka í Svíþjóð fyrir meðferð á eignarhlutum í tveimur sjóðum bankans. Málið varðar meðferð eignarhluta sjóðanna í fyrirtækinu Airsonett AB.

**Síminn afskráður** | 162 af 1252 hluthöfum Símans nýttu sér yfirtökutilboð sem nýir eigendur Símans gerðu þeim.



**Nýr markaður** | Kauphöll Íslands opnar nýjan hlutabréfamarkað í desember. Nýi markaðurinn er sérstaklega fyrir minni fyrirtæki og frumkvöðlafyrirtæki.

**Stærstir í Evrópu** | Íslenskir aðilar eru orðnir einu stærstu söluaðilar Apple-vara í Evrópu eftir að hafa keypt 38 prósent í norska félaginu Office Line.

**66 milljarðar** | Hagnaður viðskiptabankanna þriggja, Íslandsbanka, KB banka og Landsbankans, á fyrstu níu mánuðum ársins nam um 66 milljörðum króna eftir skatta.

**AB selur í Össuri** | Sænski fjárfestingasjóðurinn AB Industrivärden hefur selt allt hlutafé sitt í Össuri hf.

**Stjórnendur hagnast** | Sjö stjórnendur hjá KB banka hafa ákveðið að nýta sér kauprétt á hlutum í bankanum. Markaðsvirði hlutanna er um 929 milljónir króna.

# Ætla að vera leiðandi í sölu á fiski

Icelandic Group kaupir þýskt fyrirtæki sem framleiðir frystar sjávarafurðir á 5,5 milljarða króna. Veltan í Evrópu eykst um 28 prósent og möguleikar á hagræðingu í framleiðslu.

**Björgvin Guðmundsson**
skrifar

„Í byrjun síðustu viku eftir að ný stjórn var kjörin í Icelandic Group áttum við samtöl um samstarf þessara fyrirtækja. Síðan unnum við nótt sem nýtan dag til að ná þessum samningum," segir Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson, stjórnarformaður Icelandic Group, sem hefur keypt þýskt fyrirtæki sem framleiðir frystar sjávarafurðir.

Þýska fyrirtækið heitir Pickenpack – Hussman & Hahn Seafood og er í eigu Finnboga Baldvinssonar og Samherja. Finnbogi er forstjóri Pickenpack og bróðir Þorsteins Más Baldvinssonar, forstjóra Samherja. Verður þeim greitt með nýju hlutafé í Icelandic Group og munu eiga 21,25 prósent í félaginu að því loknu. Miðað við markaðsverðmæti hlutabréfanna í dag er kaupverðið 5,5 milljarðar króna.

Gunnlaugur segir gífurlegan feng að fá Samherja til samstarfs og Finnboga, sem verður forstjóri Icelandic í Evrópu. Hann hafi snúið rekstri Hussman & Hahn við eftir að hafa keypt fyrirtækið árið 2000. Það var síðan sameinað Pickenpack 2003. Sameinað fyrirtæki er sagt stærsta framleiðslufyrirtæki Þýskalands á sviði frystra sjávarafurða.

Í ár er áætlaður rekstrarhagnaður Pickenpack – Hussman rúmur milljarður króna. Gert er ráð fyrir að veltan verði fjórtán milljarðar árið 2006 og tekjur Icelandic í Evrópu aukist á næsta ári um 28 prósent.

„Það eru gríðarleg samlegðartækifæri fyrir hendi. Við ætlum okkur að vera leiðandi í sölu á fiski og þetta styður einnig við starfsemi okkar í Asíu þaðan sem við fáum ufsann til vinnslu," segir Gunnlaugur Sævar. Afkoma verksmiðja í Bretlandi hafi ekki verið viðunandi og ætlunin sé að bæta þar úr með hagræðingu í framleiðslu á frystum afurðum í samstarfi við Pickenpack.

Um 65 prósent af allri framleiðslu Pickenpack eru fiskréttir sem fara í smásöluverslanir. Gunnlaugur segir sölu á frosnum fiskréttum stöðuga en vöxtur sé í sölu á kældum og ferskum afurðum. Það eigi sérstaklega við Bretland. Kaupin á þýska fyrirtækinu séu því í samræmi við stefnu Icelandic Group.

# Samþykkja hlutafjáraukningu

Hluthafar FL Group samþykktu hlutafjáraukningu á fundi í gær. Einn hluthafi var á móti og lagði fram nokkrar spurningar sem tengdust rekstrinum.

**Hafliði Helgason**
skrifar

Hluthafafundur FL Group samþykkti í gær tillögur sem fyrir fundinum lágu um aukningu hlutafjár.

Hannes Smárason, forstjóri félagsins kynnti skipulagsbreytingar félagsins í öflugt fjárfestingarfélag.

Tillaga lá fyrir fundinum um að auka hlutafé FL Group um 44 milljarða að markaðsvirði. Auk þess lá fyrir tillaga um heimildir stjórnar til útgáfu hlutafjár meðal annars vegna kaupa á Sterling.

Vilhjálmur Bjarnason, hluthafi í FL Group, greiddi einn atkvæði gegn tillögunni sem var samþykkt af öðrum hluthöfum sem mættir voru á fundinn.

Vilhjálmur lagði fram nokkrar spurningar á fundinum meðal annars þá sem hann hafði boðað í kjölfar sögusagna um flutning þriggja milljarða frá félaginu til Luxemborgar sem ekki tengdust rekstri FL Group. Vildi Vilhjálmur að endurskoðendur vottuðu að slíkt hefði ekki átt sér stað.

Skarphéðinn Berg Steinarsson, stjórnarformaður FL Group vísaði til þess að endurskoðendur hefðu farið yfir uppgjör fyrri hluta árs félagsins og myndu endurskoða komandi uppgjör. Þeir myndu horfa til þess sem og annarra þátta sem lúta að reikningum félagsins. Vilhjálmur vildi einnig vita hvort þorri viðskipta með bréf easyJet væru á vegum FL Group og þau ein og sér á bak við hækkun félagsins. Skarphéðinn sagði félagið ekki hafa haft óeðlileg áhrif á gengi í Kauphöllinni í London.




## GENGISÞRÓUN

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Actavis Group | 1% | 11% |
| Bakkavör Group | 2% | 83% |
| Flaga Group | 13% | -33% |
| FL Group | -2% | 41% |
| Grandi | 1% | 16% |
| Íslandsbanki | 3% | 38% |
| Jarðboranir | 2% | 9% |
| Kaupþing Bank | -1% | 35% |
| Kögun | 0% | 16% |
| Landsbankinn | 4% | 90% |
| Marel | 1% | 31% |
| SÍF | -2% | -10% |
| Straumur | 3% | 42% |
| Össur | -3% | 20% |

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn

# Lausn í Festingu



Páll Þór Magnússon, hjá Sundi, hefur ákveðið að falla frá málaferlum á hendur Kristjáni Loftssyni, stjórnarformanni Kers, vegna ummæla sem Kristján lét falla í Ríkisútvarpinu í tengslum við átök meirihluta og minnihluta hluthafa í Festingu á útmánuðum þessa árs.

Einnig hefur verið tilkynnt um að Festing ehf. hafi keypt alla hluti Sunds og J&K eignarhaldsfélags, um nítján prósent, í Festingu og er ætlunin að lækka hlutafé félagsins sem því nemur. Jóhann Halldórsson, framkvæmdastjóri Festingar, lætur af störfum og selur einnig bréf sín í því.

Eftir kaupin eru Ker, Kjalar, sem er eignarhaldsfélags Ólafs Ólafssonar, og Vogun, sem er í eigu Kristjáns og Árna Vilhjálmssonar, langstærstu eigendur Festingar. - eþa

# Of mikill vaxtamunur

Vaxtamunur við útlönd er nú rúmlega sjö prósent. Búist er við því að Seðlabankinn muni halda áfram á vaxtahækkunarbraut og stýrivextir erlendis hafa hækkað lítillega en ekki er búist við því að þeir nái að vega upp á móti vaxtahækkunum hér heima.

Orðrómur er um vaxtahækkanir á evrusvæðinu á næstunni. Peningamál koma út í desember og er búist við því að bankinn hækki vexti um að minnsta kosti hálft prósent.

Mestur hefur vaxtamunur orðið rúmlega níu prósent árið 2001 en því hefur verið spáð að Seðlabanki Íslands hækki vexti í tólf prósent í desember 2006. Þá má búast við að vaxtamunurinn geti náð sögulegu hámarki. - hb

**STÝRIVEXTIR**

| | |
|---|---|
| Bandaríkin | 2,75 prósent |
| Evrusvæði | 2,25 prósent |
| Ísland | 10,25 prósent |



**KRÓNAN** Stýrivextir eru um 10,25 prósent hér á landi en milli tvö og þrjú prósent á evrusvæðinu og í Bandaríkjunum.

# Verðbólga hugsanlega ofmetin

Hagstofa Íslands hyggst taka til endurskoðunar hvernig vísitala fasteignaverðs er metin, í kjölfar mastersritgerðar sem unnin var við Háskóla Íslands nú nýverið. „Það hefur lengi staðið til að endurmeta þessa vísitölu og þessi athugun er eitt lóð á þeirri vogarskál," segir Rósmundur Guðnason, deildarstjóri í vísitöludeild Hagstofu Íslands. Það var Ásdís Kristjánsdóttir sem gerði ritgerðina og var fjallað um hana í síðasta tölublaði Markaðarins en Ásdís taldi að skekkja gæti verið til staðar í mælingu á vísitölunni sem gæti leitt til þess að heimili landsins töpuðu milljörðum vegna ofáætlaðrar verðtryggingar.

„Það er alltaf hætta á að vísitölur ofmeti verðbreytingar, sérstaklega þegar verðmælingar eru miklar. Þessar tölur sem þarna eru notaðar í skýrslunni eru þó ekki alveg réttar held ég en það gæti þó nokkuð verið til í mörgu. Við höfum ekki séð grunngögn þessarar skýrslu nægilega vel en við munum taka þetta til athugunar," segir Rósmundur. - hb



**FJÖLBÝLISHÚS Í KÓPAVOGI** Getur verið að verðbólga sé ofmetin hér á landi vegna skekkju við útreikninga á vísitölu fasteignaverðs?

# Vilja miðla í Danmörku

KB banki ætlar að byggja upp verðbréfamiðlun í Danmörku. Hreiðar Már Sigurðsson forstjóri sagði á kynningarfundi á mánudagsmorgun að í augnablikinu væru engin kauptækifæri á danska markaðnum. Því myndu þau byggja þessa starfsemi upp innan bankans.

Samkvæmt heimildum Markaðarins hefur fyrrum forstöðumaður í Danske bank, Peter Secher, verið ráðinn til að sinna þessu uppbyggingarstarfi. Tekur hann til starfa 1. janúar.

Hreiðar Már sagði stefnuna einnig tekna á miðlun breskra hlutabréfa í KB banka í London, en vildi ekki staðfesta í samtali við Markaðinn að eitt fyrirtæki væri til skoðunar umfram önnur. – bg

# Deilur um Ker leystar

## Ólafur Ólafsson ræður nú ótruflaður ríkjum í Keri sem á olíufélagið Esso. Straumur seldi sinn hluta.

Straumur Burðarás Fjárfestingarbanki hefur selt hlut sinn í Keri og Eglu. Kaupendur eru félögin sjálf.

Eignirnar komu í hlut bankans þegar eignum Burðaráss var skipt á milli Landsbankans og Straums. Þórður Már Jóhannesson segir niðurstöðuna ánægjulega. „Við seljum eign sem kom í okkar hlut við sameiningu Straums og Burðaráss og bankinn innleysir góðan hagnað af þessum eignum." Innleystur hagnaður Straums er um 700 milljónir króna af viðskiptunum.

Guðmundur Hjaltason, forstjóri Kers, segir menn ánægða með niðurstöðuna. „Með þessu er eignarhald félaganna orðið skýrt og deilur vegna samskipta við fyrri eigendur lagðar niður."

Eftir viðskiptin er Kjalar sem er í eigu Ólafs Ólafssonar með tæplega 87 prósenta hlut í Keri og Ker og Kjalar með yfir 90 prósenta hlut í Eglu sem er annar stærsti eigandi í KB banka. Ker er auk þess ráðandi hluthafi í Samskipum og Sjóvá.

Grettir sem er í eigu Sunds, Landsbankans og Tryggingamiðstöðvarinnar eignaðist þriðjungs hlut í Keri í kjölfar sameininga Sjóvíkur við SH. Sú eign var í andstöðu við ráðandi eigendur Kers og væringar í eigendahópnum í kjölfarið. - hh



**ÓLAFUR ÓLAFSSON** Ker hefur keypt út minnihluta Straums Burðaráss í félaginu. Ólafur Ólafsson er aðaleigandi félagsins.

# Færri frumkvöðlar meðal innflytjenda

## Veitingahúsaeigandi segir öll skilyrði hagstæð á Íslandi til að hefja atvinnurekstur.

**Hjálmar Blöndal**
skrifar

Um 5,2 prósent innflytjenda á Íslandi stunda sjálfstæðan atvinnurekstur, sem er töluvert lægra hlutfall en í nágrannalöndunum. Þetta er meðal niðurstaðna í nýrri rannsókn Magnúsar Orra Schram, sérfræðings hjá Rannsóknarmiðstöð Háskólans í Reykjavík í Nýsköpunar- og frumkvöðlafræðum.

„Það er allt að helmingi meira af sjálfstæðum atvinnurekendum í löndunum í kringum okkur í hópi innflytjenda. Þetta skýrist meðal annars af því að við erum ungt innflytjendaland og við erum með kerfi sem tengir innflytjendur mjög við sinn atvinnurekanda. Þeir þurfa að fá atvinnuleyfi áður en þeir fá búsetuleyfi þannig að það er kannski eðlilegt að við séum með lægra hlutfall," segir Magnús Orri.

Hann segir að þegar litið sé til Íslendinga sé þetta hlutfall um sjö af hundraði enda þótt þau gögn séu ekki fyllilega samanburðarhæf að bera þessa tvo hópa saman. Karlmenn eru virkari í sjálfstæðum atvinnurekstri meðal Íslendinga en hjá innflytjendum er þetta hlutfall jafnt.

George Holmes er innflytjandi frá Indlandi sem nýverið stofnaði sinn eigin veitingastað, Indian Mango á Frakkastíg. Hann segir að það hafi alltaf blundað í honum að hefja atvinnurekstur. „Hér eru öll skilyrði hagstæð. Duglegt fólk kemst áfram í þessu samfélagi og það kom aldrei neitt annað til greina hjá mér en að starfa sjálfstætt. Ég vissi að ég myndi gera vel og það hefur gengið eftir því ég hef haft mikið af gestum. Ég hef ferðast frá því ég fæddist og hef þurft að standa á eigin fótum og það finnst mér gott að gera hér. Ég held að innflytjendur eigi góða möguleika á sjálfstæðum atvinnurekstri og ég skora á fólk að auka fjölbreytileikann í samfélaginu," segir George. - hb



**GEORGE HOLMES, EIGANDI INDIAN MANGO** „Ég vissi að ég myndi gera vel og það hefur gengið eftir því ég hef haft mikið af gestum. Ég hef ferðast frá því ég fæddist og hef þurft að standa á eigin fótum og það finnst mér gott að gera hér."

# Slakt uppgjör Haga

## Stríð á matvörumarkaði setur strik í reikninginn.

Verslunarsamsteypan Hagar tapaði 708 milljónum króna samkvæmt sex mánaða uppgjöri fyrir tímabilið 1. mars til 31. ágúst og er afkoman langt undir væntingum stjórnenda félagsins. Til samanburðar hagnaðist félagið um 1.269 milljónir á sama tímabili í fyrra en þá féll til mikill söluhagnaður.

Stjórnendur félagsins kenna hörðu verðstríði á matvörumarkaði um að árangur félagsins hafi verið undir væntingum.

Rekstrarhagnaður (EBITDA) var 614 milljónir króna sem er svipaður hagnaður og á síðasta ári en rekstrarkostnaður nam um 5,5 milljörðum og jókst um fjórtán prósent. Framlegð í hlutfalli af sölu er um 20 prósent og lækkar úr 27 prósentum frá sama tímabili í fyrra. Eigið fé með víkjandi láni er 5,9 milljarðar og lækkar sem nemur tapinu. Eiginfjárhlutfall Haga var um sextán prósent í lok tímabilsins.

Fjármunamyndun í félaginu var neikvæð á tímabilinu. - eþa



**HAGAR TAPA** Verðstríð á matvörumarkaði skýra að stórum hluta taprekstur Haga á tímabilinu 1. mars til 31. ágúst.

Betri þjónusta og upplýsingagjöf til viðskiptavina og lánardrottna

Fyrirtækjabanki

B2B | Banki til bókhalds

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is



# NISSAN PATROL

SKIPT_um væntingar




# ENDIST ENDALAUST

## OG FER ALLT, Í ÖLLUM VEÐRUM, MEÐ ALLT OG ALLA, ALLAN ÁRSINS HRING.

Hann er ekki sá fínlegasti (sá heitir Pathfinder), en hann er allt hitt. Hann er rúmgóður og áreiðanlegur vinnuþjarkur sem hefur sýnt og sannað að hann á heima á Íslandi, þar sem aðeins þeir sterkustu lifa af. Nissan Patrol er einfaldlega alvöru jeppi fyrir alvöru fólk!

## STÓRLÆKKAÐ VERÐ

NÝ SENDING Á NÝJU GENGI

| Tegund | Verð |
|---|---|
| Patrol Luxury beinskiptur | 4.090.000.- |
| Patrol Luxury sjálfskiptur | 4.190.000.- |
| Patrol Elegance beinskiptur | 4.390.000.- |
| Patrol Elegance sjálfskiptur | 4.490.000.- |

**Ingvar Helgason** | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hrísmýri 2a** | **Eyrarlandi 1** | **Sæmundargötu 3** | **Holtsgötu 52** | **Dalbraut 2b** | **Víkurbraut 4** | **Búðareyri 33** | **Sindragötu 3** | **Óseyri 5** |
| 800 Selfossi | 530 Hvammstanga | 550 Sauðárkróki | 260 Njarðvík | 300 Akranesi | 780 Höfn í Hornafirði | 730 Reyðarfirði | 400 Ísafirði | 603 Akureyri |
| 482-3100 | 451-2230 | 453-5141 | 421-8808 | 431-1376 | 478-1990 | 474-1453 | 456-4540 | 461-2960 |

Fiton/SÍA

# Spurt um stofnfjárbréf

## Sparisjóður Skagafjarðar vekur áhuga fjárfesta.

Stofnfjáreigendum í Sparisjóði Skagafjarðar hefur verið boðið að selja stofnfjárbréf sín á þrisvar sinnum hærra verði en þeir keyptu á. Ekki hefur fengist uppgefið hver ásælist þessi bréf og þá um leið ítök í sparisjóðnum. Þá er ekki heldur vitað hvort þetta tengist hópum sem hafa tekist á um stjórnun sjóðsins; fólki innan Kaupfélags Skagfirðinga og gömlu stofnfjáreigendurnir svokölluðum. Nýlega náðust sættir milli þessara aðila.

Sá sem hefur boðið í þessa hluti er Halldór Friðrik Þorsteinsson, framkvæmdastjóri HF verðbréfa. Hann vill ekki upplýsa fyrir hvern hann sé að reyna að kaupa. Það sé trúnaðarmál.

Stofnfjárbréf í sparisjóðnum eru tæplega 1.800 samkvæmt upplýsingum Markaðarins. Stjórn sjóðsins þarf að samþykkja sölu á stofnfjárbréfum. Engin slík beiðni hefur komið fyrir stjórnina ennþá. **- bg**

# Toyota í söluferli



**PÁLL SAMÚELSSON, STJÓRNARFORMAÐUR TOYOTA** Gæti fengið 5 til 7 milljarða króna fyrir félagið.

Söluferli P. Samúelssonar hf., umboðs- og söluaðila Toyota á Íslandi, er vel á veg komið. Fasteignasali hefur metið fasteignir félagsins en félagið á talsvert af fasteignum bæði á höfuðborgarsvæðinu sem og úti á landi. Samkvæmt ársreikningi félagsins fyrir árið 2003 nam velta þess 11,6 milljörðum króna, EBITDA-hagnaður var 550 milljónir og eigið fé var bókfært á 1.240 milljónir. Telja verður að velta félagsins og hagnaður hafi aukist nokkuð frá árinu 2003 og hafa tölur um hagnað upp á tæpan milljarð króna verið nefndar. Félagið hefur ekki skilað inn ársreikningi fyrir árið 2004. Bókfærðir fastafjármunir samkvæmt uppgjöri ársins 2003 eru 105 milljónir en raunvirði þeirra nokkuð hærra. Að teknu tilliti til þessara þátta og uppfærslu þeirra miðað við liðið rekstrarár og þess sem senn er á enda, telja menn að verð félagsins sé á bilinu 5 til 7 milljarðar króna. **- hb**

# Gott lánstraust

Íslenska ríkið heldur jafn góðu lánstrausti og áður. Alþjóðlega matsfyrirtækið Standard & Poor's hefur staðfest lánshæfiseinkunn ríkisins á langtímaskuldbindingar.

Sérfræðingur S&P segir einkunn Íslands byggja á stöðugur stjórnkerfi, mjög auðugu og svegjanlegu hagkerfi ásamt góðri stöðu opinberra fjármála. Það sem vinnur á móti frekari hækkun einkunnarinnar er mikil erlend fjármögnunarþörf og miklar erlendar fjármögnunarþörf og miklar erlendar skuldir hagkerfisins.

Til að viðhalda traustinu þarf að standa við langtímastefnu stjórnvalda í ríkisfjármálum. **- hh**

# Fyrirtækin hækki eiginfjárhlutfallið

## Hátt gengi leikur sjávarútvegsfyrirtæki grátt.

„Miðað við þessar aðstæður er kannski nauðsynlegra að eiginfjárhlutfall sjávarútvegsfyrirtækja sé hærra en ella," sagði Sigurjón Árnason, bankastjóri Landsbankans, á aðalfundi Landssambands útvegsmanna á föstudaginn. Staðan á Íslandi væri slæm því gengi krónunnar væri of sterkt. Ekki væri rétt fyrir stjórnendur sjávarútvegsfyrirtækja að bíða þangað til málið leystist. Hver og einn yrði að nýta sér alla möguleika til hagræðingar. Einnig þyrfti að athuga hvort það hentaði fyrirtækjunum að færa bókhald í erlendri mynt. Það yrði þá gert til þess að draga úr gengisáhrifum á skattalega afkomu.

„Peningastefnan ein og sér getur ekki tryggt efnahagslegan stöðugleika," sagði Björn Rúnar Guðmundsson, hagfræðingur í greiningardeild Landsbankans. Efnahagspólitíkin væri ekki nógu heilsteypt og tæki ekki nægilegt mið af aðstæðum. „Ég held að stjórnvöld geri sér ekki grein fyrir því að veikleikar, sem eru innbyggðir í fjármálamarkaðinn bæði vegna þess hversu lítill hann er og vegna þess hve verðtrygging fjárskuldbindinga er víðtæk, geri það að verkum að hlutverk ríkisfjármálanna verður að vera enn meira." **– bg**



**AÐALFUNDUR LÍÚ** Hart var sótt að Arnóri Sighvatssyni, aðalhagfræðingi Seðlabanka Íslands, þegar rætt var um gengi krónunnar á aðalfundi LÍÚ.

# Tapa á háu gengi

## Dýrt að vinna aftur markaði fyrir sjávarafurðir.

**Unnar Már Pétursson, fjármálastjóri Þormóðs ramma – Sæbergs, sagði á aðalfundi Landssambands íslenskra útvegsmanna að langvarandi hágengi íslensku krónunnar leiddi til þess að íslensk sjávarútvegsfyrirtæki töpuðu í samkeppninni um erlenda markaði.**



**Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans, sagði það gífurlega tímafrekt og dýrt að vinna aftur markaði sem töpuðust. Að þessu þyrfti að huga.**

**Unnar tók sem dæmi hvað fimmtán prósenta styrking krónunnar þýddi fyrir rekstrarhagnað ýmissa útgerða næstu tólf mánuðina. Miðaði hann þá við að verðbólgan yrði áfram 4,6 prósent. Rekstrarhagnaður ísfisktogara myndi minnka um 0,2 prósent. Rekstrarhagnaður frystitogara myndi minnka um 7,8 prósent. Hagnaður þeirra sem væru að vinna frystar afurðir myndi minnka um 17 prósent og 18,2 prósent í söltun.**

**Unnar sagði þetta sýna að styrking krónunnar hefði gríðarleg áhrif á afkomu þessara greina. Þau fyrirtæki sem hefðu sýnt góðan rekstrarhagnað fyrir tólf mánuðum væru í slæmri stöðu í dag. – bg**

# Segir ríkið niðurgreiða vexti

## Hægt er að taka lán hjá Íbúðalánasjóði og fjárfesta aftur á hærri vöxtum í bréfum útgefnum af Íbúðalánasjóði.

**Björgvin Guðmundsson**
skrifar

Snorri Jakobsson, hagfræðingur í greiningardeild KB banka, segir nú hægt að taka lán hjá Íbúðalánasjóði og fjárfesta aftur á hærri vöxtum á skuldabréfamarkaði í bréfum útgefnum af Íbúðalánasjóði. Ávöxtunarkrafa Íbúðabréfa til um það bil tuttugu ára standi í 4,19 prósentum en útlánavextir til sama tíma standi í 4,15 prósentum. Vextir á Íbúðabréfum til tíu ára standi enn hærra.

Snorri segir að fjárfestir þurfi ekki að leggja út fjármagn til þess að hagnast á vaxtamuninum. Ef vaxtaþróun sé svo hagstæð geti fjárfestir átt kost á að greiða upp lán sitt og selja skuldabréf sín með hagnaði. Þar sem Íbúðalánasjóður og bankarnir fjármagna útlán á skuldabréfamarkaði fáist ekki betur séð en að ríkið sé að greiða niður útlánavexti til almennings. Slík aðgerð sé þensluhvetjandi og gangi þvert á öll lögmál hagstjórnar við núverandi aðstæður. Á sama tíma reyni Seðlabanki Íslands til hins ítrasta að slá á þensluna með hækkun stýrivaxta.

Snorri segir að hækkun vaxta Seðlabankans hafi leitt til hækkunar raunvaxta á markaði. Af þeim sökum ættu útlánavextir íbúðalána að vera komnir upp í 4,75 prósent miðað við markaðsaðstæður í dag en séu enn í 4,15 prósentum.



**SNORRI JAKOBSSON** Íbúðalánasjóður hefur kosið að fylgja markaðsvöxtum ekki eftir.

Jóhann G. Jóhannsson, sérfræðingur hjá Íbúðalánasjóði, segir þá ekki hafa þurft að fjármagna sig á þessum vöxtum sem Snorri nefnir. Að öllu óbreyttu þyrfti Íbúðalánasjóður að hækka vexti færi hann í skuldabréfaútboð miðað við aðstæður á markaði í dag. Hins vegar sé ekki ljóst hvenær af því verði. Það eina sem liggi fyrir er að það verði fyrir lok þessa árs. Þangað til verði fylgst með þróuninni á markaðnum og hvernig vextir þróist.



**JÓHANN G. JÓHANNSSON** Íbúðalánasjóður hefur ekki þurft að fjármagna útlán á núverandi markaðsvöxtum.

Aðspurður segir Jóhann að viðskiptabankarnir ættu að þurfa að hafa vexti hærri en Íbúðalánasjóðir. Það sé dýrara fyrir þá að fjármagna sig, þeir þurfi að greiða skatt ólíkt Íbúðalánasjóði og skila hluthöfum arði. Þess vegna þyrftu vextir þeirra að vera minnst 0,5 prósentustigum hærri en Íbúðalánasjóðs.

**Þar sem Íbúðalánasjóður og bankarnir fjármagna útlán á skuldabréfamarkaði fáist ekki betur séð en að ríkið sé að greiða niður útlánavexti til almennings. Slík aðgerð sé þensluhvetjandi og gangi þvert á öll lögmál hagstjórnar viðnúverandi aðstæður.**





HRAÐI OG ÖRYGGI
- í flutningum

Jónar geta látið sækja vörur heim að dyrum birgja nánast hvar sem er í heiminum, komið henni í skip eða flugvél eftir þörfum og séð um alla tilheyrandi skjalameðhöndlun erlendis og hérlendis. Auk þess leggja Jónar til alla þá vöruhúsa- og akstursþjónustu sem til þarf.

www.jonar.is

JÓNAR TRANSPORT

# LABBA Í BANKANN EÐA ÁRSKORT Í LÍKAMSRÆKT?

**Þú getur látið villtustu drauma þína rætast ef þú vinnur í Lottó. Með LOTTÓ Í ÁSKRIFT gætir þú auk þess hreppt einn af 30 glæsilegum aukavinningum.**

**ÁSKRIFTAR LEIKUR LOTTÓ**

World Class ICELAND

**Taktu LOTTÓ Í ÁSKRIFT á lotto.is og þú gætir unnið:**

- **árskort í líkamsrækt**
- **borgarferð fyrir tvo**
- **DELL fartölvu**
- **kvöldverð fyrir tvo**

Lottó

**lotto.is**

ENNEMM / SIA / NM17475

| ÚTRÁSARVÍSITALA | | 108,90 | | 3,18% | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fyrirtæki | Land | Gengi | Gjald-miðill | (Gengi gjaldmiðils) | Breyting |
| BTC | Búlgaría | 10,90 | Lev | 37,38 | 8,63% |
| Carnegie | Svíþjóð | 97,00 | SEK | 7,71 | 4,68% |
| Cherryföretag | Svíþjóð | 26,90 | SEK | 7,71 | -3,06% |
| deCode | Bandaríkin | 8,72 | USD | 61,05 | 2,03% |
| EasyJet | Bretland | 2,98 | Pund | 108,55 | 7,09% |
| Finnair | Finnland | 10,36 | EUR | 72,11 | -0,38% |
| French Connection | Bretland | 2,36 | Pund | 108,55 | -1,75% |
| Intrum Justitia | Svíþjóð | 68,00 | SEK | 7,71 | 0,16% |
| Keops | Danmörk | 18,70 | DKR | 9,86 | -0,75% |
| Low & Bonar | Bretland | 1,14 | Pund | 108,55 | 6,84% |
| NWF | Bretland | 6,00 | Pund | 108,55 | 7,05% |
| Sampo | Finnland | 12,80 | EUR | 72,11 | 1,99% |
| Saunalahti | Finnland | 2,59 | EUR | 72,11 | 6,15% |
| Scribona | Svíþjóð | 15,60 | SEK | 7,71 | 1,98% |
| Skandia | Svíþjóð | 39,70 | SEK | 7,71 | 3,28% |

Miðað við gengi bréfa og gjaldmiðla á mánudag

# Miðinn á eitt pund

Ætla að gera öllum kleift að nýta sér lestakerfið.

South West Trains, sem sér um lestarferðir milli London, Portsmouth og Southampton, hefur ákveðið að bjóða þrjú þúsund sæti vikulega á mjög lækkuðu verði, allt niður í eitt pund. Ætlunin er að ferðunum verði haldið áfram ef eftirspurn eftir sætunum verður mikil. Þetta kemur fram á vefsíðu BBC.

Forsvarsmenn fyrirtækisins segja að með því að bjóða einhverjar ferðir á svo lágu verði hafi allir efni á að taka lestirnar. Þannig megi stækka markaðinn og fylla tómu sætin á áætlunarleiðum lestanna. Áætlunin, sem ber nafnið megatrain.com, er byggð á lággjaldarútuþjónustu sem hóf göngu sína árið 2003. Sú þjónusta mæltist vel fyrir og með henni ferðuðust meira en 3,5 milljónir farþega á síðasta ári milli 35 mismunandi borga. - hhs



**ÓDÝRARA AÐ FERÐAST MEÐ LEST** Áætlanir eru uppi um að bjóða lestarmiða á eitt pund á ákveðnum leiðum.

www.volkswagen.is




# Minnkandi einkaneysla

**Raunútgjöld heimilanna í Bandaríkjunum lækkuðu um 0,4 prósent í september. Það eru heildarútgjöld heimilanna að teknu tilliti til breytinga í verðlagi. Neyslan lækkaði um eitt prósent í ágústmánuði en hún hefur ekki lækkað tvo mánuði í röð í fimmtán ár. Hækkandi eldsneytiskostnaður veldur því að Bandaríkjamenn hafa minna milli handanna til að eyða á veitingastöðum og í fatnað og skemmtanir. Minnkandi einkaneysla getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér í Bandaríkjunum þar sem hún stendur undir tveimur þriðju hlutum hagkerfisins.** - hhs



# Grundfos til Afríku

Danir kaupa suður-afríska dælufyrirtækið Brisan.

Danski dæluframleiðandinn Grundfos hefur keypt suður-afríska dælufyrirtækið Brisan, sem hefur áttatíu starfsaðila og veltir fimmtíu milljónum danskra króna á ári. Það nemur 495 milljónum íslenskra króna á ári. Grundfos hefur starfað í Afríku síðustu 25-30 ár og hefur undanfarið ár rekið dótturfyrirtæki í Jóhannesarborg. Fyrirtækið sér mikla möguleika á Afríkumarkaði þar sem þörfin er mikil fyrir hreint drykkjarvatn og vatn til vökvunar. Í fyrstu mun Brisan starfa undir eigin nafni en með tímanum ganga inn í dótturfyrirtæki Grundfos í Suður-Afríku sem árlega veltir um níutíu milljónum danskra króna, tæplega 900 milljónum íslenskra króna. - hhs



**GRUNDFOS TRYGGIR SIG Í AFRÍKU** Sér mikla möguleika á Afríkumarkaði þar sem þörfin er mikil fyrir hreint drykkjarvatn.

# Telenor kaupir Vodafone Svíþjóð

Telenor hefur skrifað undir samning við Vodafone Group um kaup á Vodafone Svíþjóð. Kaupverðið auk skulda er 1.035 milljónir evra eða 76,4 milljarðar íslenskra króna. Samþykki samkeppnisyfirvöld kaupin ganga þau í gildi um áramótin 2005/2006. Þetta kemur fram í Vegvísi Landsbankans. Vodafone Svíþjóð er þriðja stærsta farsímafélagið í Svíþjóð með 1,5 milljónir áskrifenda og um fimmtán prósenta markaðshlutdeild. Með kaupunum hefur viðskiptavinum Telenor í Skandinavíu fjölgað um 37 prósent í samtals 5,6 milljónir áskrifenda. - hhs

# Bilun í Tókýó

Kauphöllin í Tókýó stöðvaði öll viðskipti með hlutabréf í gærmorgun eftir að tölvukerfi hennar bilaði. Verið var að uppfæra tölvukerfi kauphallarinnar til þess að hægt væri að anna þeirri auknu eftirspurn sem myndast hefur eftir viðskiptum í kauphöllinni. Hún er sú önnur stærsta sinnar tegundar í heiminum. Þar skipta átján milljarðar dollara virði af hlutabréfum um hendur daglega. Viðskipti hófust ekki aftur fyrr en klukkan hálf tvö eftir hádegi. Við lok viðskipta í kauphöllinni hafði Nikkei-hlutabréfavísitalan hækkað um 1,9 prósent og hefur ekki verið eins há síðan í maí 2001. - hhs

# Laxinn gefur vel



**LAXELDI** Hagnaður stóru norsku laxeldisfyrirtækjanna var mikill vegna hás afurðaverðs og minni kostnaðar.

Norsku laxeldisfyrirtækin Cermaq, Fjord Seafood og Pan Fish skiluðu mjög góðri afkomu á þriðja ársfjórðungi. Greiningardeild Íslandsbanka segir frá því að samanlagður hagnaður þeirra hafi numið um 6,5 milljörðum króna. Meginástæða góðra afkomutalna er hátt heimsmarkaðsverð á laxi auk þess sem framleiðslukostnaður hefur lækkað vegna sameininga fyrirtækja.

Cermaq, sem fór á markað seint í október eftir að norska ríkið hafði selt um 35 prósenta hlut, hefur hækkað um tólf prósent frá skráningu en bæði Pan Fish og Fjord Seafood hafa hækkað umtalsvert á árinu eftir mikla rekstrarerfiðleika undanfarin ár. - eþa





Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is


SÖGUHORNIÐ

# Dagur hinna dauðu

Dagur hinna dauðu er haldinn hátíðlegur á þessum degi víðs vegar um heim. Siðurinn er upprunninn í Mexíkó en er einnig virtur á Filippseyjum, í ýmsum ríkjum Suður-Ameríku og í þeim ríkjum Norður-Ameríku þar sem er hátt hlutfall íbúa af mexíkóskum ættum. Þrátt fyrir drungalegt nafn hátíðarinnar snýst hátíðin fyrst og fremst um að heiðra minningu látinna ættingja og vina með skemmtanahaldi og gleði.

Helgisiði þar sem lífi þeirra látnu er fagnað má reka allt aftur til tíma þjóða Mið-Ameríku til forna. Hátíðin féll á níunda mánuð sólardagatals Astekanna, í byrjun ágúst, og stóðu hátíðahöldin yfir allan mánuðinn. Þegar spænsku nýlenduherrarnir komu til Mið-Ameríku á 16. öld þótti þeim nóg um þá heiðnu siði sem þar ríktu. Í tilraun sinni til að snúa fólkinu til kaþólsks siðar skipuðu þeir svo fyrir að hátíðin færðist yfir í nóvember til þess að hún félli á sama tíma og aðrar hátíðir í kaþólskum sið eins og allra heilagra messa og allra sálna messa. Hátíðin blandaðist svo saman við hrekkjavöku Spánverjanna og úr varð dagur hinna dauðu.

Undirbúningur fyrir hátíðina stendur yfir árið um kring og gjöfum er safnað til að færa þeim látnu. Þegar líður að hátíðinu eru grafir snyrtar og þær eru svo skreyttar með gjöfunum sem safnað hefur verið saman á árinu. Blómakransar eru lagðir á leiðin, leikföng eru færð látnum börnum og flöskur af tekíla eða öðru þeim fullorðnu. Allt er þetta gert til að lokka sálirnar að leiðunum. Sumir eyða jafnvel nóttinni allri við grafir ættingja sinna. Oft er matur eða drykkur sem hafði verið í uppáhaldi þeirra látnu líka framreiddur á heimilum ættingja þeirra. Eftir hátíðina borða ættingjarnir matinn en trúa því að hann skorti næringargildi þar sem sálirnar hafi tekið anda matarins.



**MEXÍKÓSKIR DRENGIR FAGNA HINUM DAUÐU** Hauskúpur í hinum ýmsu myndum eru algeng sjón á degi hinna dauðu.

Á meðan á hátíðinni stendur er algengt að sjá hauskúpur um allt. Um göturnar gengur fólk með hauskúpugrímur og borðar sælgætishauskúpur sem búið er að grafa í nafn þess látna. Ýmislegt annað matarkyns er sérstaklega útbúið fyrir daginn, oftar en ekki í formi hauskúpu. - hhs

# Frumsýndur í beinni

## Microsoft sviptir hulunni af SQL-miðlaranum á mánudag.

Hinn 7. nóvember næstkomandi kemur á markað nýr og háþróaðri gagnagrunnur frá Microsoft undir nafninu SQL. Á sama tíma koma á markað tvær aðrar vörur frá Microsoft, Microsoft Visual Studio 2005 og Microsoft BizTalk server 2006. Steve Ballmer, forstjóri Microsoft Corporation, sem þekktur er fyrir skemmtilega sviðsframkomu, mun svipta hulunni af SQL-miðlaranum í beinni útsendingu.

Hér á landi munu tæknimenn og forritarar koma saman á ráðstefnu í Smárabíói í Kópavogi þar sem meðal annars verður fylgst með frumsýningunni. Ráðstefnan er fyrst og fremst sniðin að þörfum forritara og tæknimanna sem starfa á vegum sölu- og þjónustuaðila vara frá Mirosoft og þeirra sem hafa umsjón með tölvukerfum í atvinnulífinu. - hhs



**STEVE BALLMER, FORSTJÓRI MICROSOFT CORPORATION** Nýjungar frá Microsoft verða kynntar í beinni útsendingu.

# Tryggir sig á Indlandi

Vodafone Group, stærsta farsímafyrirtæki heims, hefur tryggt sér tíu prósenta hlut í indverska farsímafyrirtækinu Bharti Tele-Venture. Áætlað verð fyrir hlutinn er 1,5 milljarðar bandaríkjadala, sem nemur um 93 milljörðum íslenskra króna. Á Indlandi eru 66 milljónir farsímanotenda og fjölgar þeim um 2,5 milljónir í hverjum mánuði. Minna en tíundi hluti Indverja notar farsíma en vegna mikils efnahagsvaxtar og lágra tolla eykst eftirspurnin nú hratt. Viðskiptin eru hluti af viðleitni Vodafone til að tryggja sig á vaxandi mörkuðum á borð við Indland og Kína.



**BREYTT HUGARFAR GAGNVART UMHVERFISVÆNNI TÆKNI** Vindmyllur eru algengasta gerð umhverfisvænna orkugjafa.

# Umhverfisvæn tækni í brennidepli

## Áhættufjárfestar líta í auknum mæli til umhverfisvænna tækniframfara.

**Hólmfríður Helga Sigurðardóttir**
skrifar

Á síðastliðnum árum hafa stöðugt fleiri merki komið fram um slæmt ástand umhverfismála. Bætt og breytt hugarfar gagnvart umhverfisvænum tækniframförum er nú að koma fram. Það eykur möguleika á að minnka spjöllin sem unnin eru á umhverfi okkar án þess að það komi niður á efnahaginum.

Að því er kemur fram í umhverfisriti Financial Times er nú meira lagt í umhverfismál en nokkru sinni fyrr af hendi ríkisstjórna, einstaklinga, umhverfisstofnana og ekki síst fyrirtækja. Framfarir á þessu sviði eru að miklu leyti háðar vilja ríkisstjórna svo að hægt sé að skapa markað fyrir þær nýjungar sem komið er fram með. Hækkandi verð á orkugjöfum eins og olíu hefur einnig ýtt undir áhuga fyrirtækja og einstaklinga á því að kanna möguleika á nýtingu annarra orkugjafa, til dæmis sólarorku.

Að því er fram kemur í greininni líta áhættufjárfestar nú í auknum mæli til umhverfistækni. Ástæður þess eru meðal annars samþykkt Kyoto-sáttmálans, aukinn áhugi leiðtoga heims á málefninu og þess að markaðurinn er að þroskast. Ýmis stórfyrirtæki eru farin að láta til sín taka í umhverfismálum. Þeirra á meðal er General Electric, sem hefur skuldbundið sig til að eyða 1,5 milljörðum dollara árlega í þróun á umhverfisvænni tækni til notkunar í vörum sínum.

Það sem þá mun ráða úrslitum fyrir umhverfistækni er að ríkisstjórnum heims sé alvara með því að knýja fram umhverfislegar skyldur á hendur fyrirtækjum og einstaklingum. Þar að auki að fyrirtæki framfylgi þeim skyldum í góðu sem slæmu árferði og að tæknin sjálf standi undir þessari auknu eftirspurn.




# LIFÐU Í ÖRYGGI. VELDU VOLVO XC90.

Áratugum saman hafa hönnuðir Volvo leitað sannleikans líkt og Albert Einstein, rannsakað bíla við ólíkar aðstæður, reiknað út og safnað þekkingu. Hér er eitt dæmið. Volvo XC90, tækni sem hrífur alla sem henni kynnast. Slík afburðatækni hefur ekki áður sést í jeppum enda flókin stærðfræði. Skoðaðu eiginleika Volvo XC90 af nákvæmni.

**Lifðu heilbrigðu lífi**

Skoðaðu lífið. Sérstök tækni vaktar gæði andrúmsloftsins umhverfis Volvo XC90 og breytir 75 prósent af slæmu ósóni (sem liggur við jörðu) í hreint súrefni. Hugsaðu um börnin.

Fjórhjóladrifið er sjálfvirkt og eitt hið fullkomnasta sem til er. Hönnuðir Volvo fundu snilldarleið til að lækka þyngdarpunktinn í Volvo XC90 en of hár þyngdarpunktur hefur verið vandamál við hönnun jeppa þar sem hann dregur úr öryggi og aksturseiginleikum. Veldu Volvo.

Þar sem öryggi farþega er Volvo efst í huga létu hönnuðirnir ekki þar við sitja því að auki bættu þeir við tveimur nýjum tækniuppfinningum: nýja stöðugleikastýrikerfinu DSTC og RSC veltivörninni. DSTC leiðréttir mistök í akstri en RSC síreiknar líkur á veltu og bregst við ef þurfa þykir. Rúsínan í pylsuendanum er sérstyrkt Boronstálið í burðarvirki yfirbyggingarinnar sem er 5 sinnum sterkara en venjulegt stál. Útkoman úr dæminu er hámarksöryggi í Volvo XC90, sem veitir honum algera sérstöðu í samkeppni um öryggi bíla. Gefðu þér tíma og skoðaðu yfirburðatækni Volvo XC90.

Þetta er Volvo XC90. Öryggi fyrir allt að sjö manns og aðra vegfarendur einnig. Þú prófar hann og færð faglega ráðgjöf í afburðartækni sem einkennir Volvo XC90. Öryggi er lúxus – lifðu í lúxus. Komdu í Brimborg og spurðu sérfræðinga Volvo á Íslandi um lúxus sportjeppann Volvo XC90.



*Sérvalið tau- eða leðurefni eru í stýri, lyklum og öðrum snertiflötum og eru laus við ofnæmisvaka samkvæmt alþjóðastaðli Öko-Tex. Spurðu um skynvæddu miðstöðina sem hindrar að mengun berist inn í farþegarýmið.*




GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

* Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# Fjórtán grísir klónaðir



**Ítalskir vísindamenn hafa nú klónað fjórtán grísi. Þetta eru sömu aðilar og klónuðu hest í fyrsta sinn sumarið 2003. Að sögn vísindamannanna sem að rannsókninni stóðu á að nota grísina í rannsóknir á líffæraflutningum. Það er nefnilega víst svo að svín eru líffærafræðilega og lífeðlisfræðilega svipuð mönnum.**

**Klónun grísanna var hluti af stofnfrumurannsóknum á klónuðum dýrum sem Evrópusambandið stendur fyrir. Vísindamenn hafa nú klónað sauðfé, mýs, nautgripi, geitur, kanínur ketti, svín, múldýr og hunda.** - hhs

# Framkvæmdastýra eBay áhrifamest

## Fortune birtir lista sinn yfir áhrifamestu kaupsýslukonur heims.

Meg Whitman, framkvæmdastjóri eBay, er áhrifamesta kaupsýslukona heims ef marka má lista sem tímaritið Fortune setti saman nýverið. Þetta er í annað sinn sem Whitman hlýtur tilnefninguna. Þrátt fyrir að hlutabréf í eBay hafi lækkað á árinu stendur eBay enn styrkum fótum undir stjórn Whitman að mati Fortune.

Í öðru sæti listans situr Anna Mucahy, stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Xerox, og í því þriðja Brenda Barnes, forstjóri Sara Lee. Í fjórða sætinu er fjölmiðlakonan Oprah Winfrey, stjórnarformaður Harpo, og í því fimmta Andrea Jung, stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Avon. Carly Fiona, fyrrum framkvæmdastjóri Hewlett Packard, dettur út af listanum en hún var þar í efsta sæti í fjölda ára. Martha Stewart, sem er nýverið komin úr fangelsi fyrir að hafa logið til um sölu á hlutabréfum sínum, kemur aftur inn og situr í 21. sæti listans.



**MEG WHITMAN ER ÁHRIFAMIKIL KONA** Tímaritið Fortune hefur valið framkvæmdastýru eBay áhrifamestu kaupsýslukonu heims.

Fortune skipar í sæti listans eftir stærð og mikilvægi fyrirtækisins, persónulegum ítökum, framaferlinum og menningar- og samfélagslegum áhrifum kvennanna. - hhs



**OFURTÖLVAN BLUE GENE/L FRÁ IBM** Venjuleg manneskja með vasareikni þyrfti áratugi til að reikna út það sem tölvan gerir á sekúndu.

# Ofurtölva slær eigið hraðamet

## Blue Gene gerir 280,6 billjón reikniaðgerðir á sekúndu.

Ofurtölva IBM, Blue Gene/L, sló á dögunum eigið hraðamet og getur nú gert 280,6 billjón útreikninga á sekúndu. Afköst hennar hafa fjórfaldast á þeim tólf mánuðum sem hún hefur verið í smíðum. Það myndi taka venjulega manneskju með vasatölvu áratugi að gera sömu útreikninga og ofurtölvan á einni sekúndu. Sérfræðingar gefa út lista á hálfs árs fresti yfir hraðskreiðustu ofurtölvurnar og lenti Blue Gene/L í efsta sætinu í júní síðastliðnum.

Tölvan var smíðuð fyrir rannsóknamiðstöð bandaríska orkumálaráðuneytisins. Þegar hún verður fullsmíðuð er áætlað að hún og ofurtölvan ASC Purple sameini krafta sína. Eiga þær meðal annars að standa vörð um kjarnorkuvaraforða Bandaríkjanna. Ofurtölvur á borð við þessar þjóna sífellt meiri tilgangi við að leysa flókin verkefni. Gífurlegur vinnsluhraði og nákvæmni þeirra hefur meðal annars nýst við að bæta nákvæmni veðurspáa, hönnun nýrra bíla og að gera nákvæmari sjúkdómsgreiningar. - hhs




VOLVO
for life

*Öll erum við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar bara eitt: að uppfylla óskir þínar og þarfir á þann hátt að þú lítir á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið!*

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.volvo.is



Fréttablaðið/E.ÓL

**FYLGJAST SPENNT MEÐ BÖNKUNUM** Miklar væntingar eru gerðar til bankanna og hafa þeir í nær öllum tilvikum staðist prófraunina. Frá áramótum hafa bankarnir hagnast um 66 milljarða sem er umfram væntingar hjá öllum. Þessi mynd er frá kynningarfundi Landsbankans sem fram fór í Iðnó í kjölfar birtingar níu mánaða uppgjörs.

# Slá spámönnunum við

## Hagnaður viðskiptabankanna var umfram væntingar. Allt stefnir í að hagnaður ársins verði um 83 milljarðar. Mikill vöxtur er á flestum tekjusviðum og fátt mun stöðva þá þróun vegna mikilla verkefna á erlendum vígstöðvum. *Eggert Þór Aðalsteinsson* gluggaði í uppgjör stóru bankanna.

Eins og kom fram fyrir helgi högnuðust viðskiptabankarnir þrír um 66 milljarða króna á fyrstu níu mánuðum ársins, sem er um helmingsaukning á milli ára. Uppgjör allra bankanna voru framar afkomuspám markaðsaðila, sem höfðu gert ráð fyrir um 63,5 milljarða hagnaði á sama tímabili.

Hreinar vaxtatekjur hafa aldrei verið meiri og jukust mjög á síðasta ársfjórðungi. Margt bendir þó til að með aukinni útrás viðskiptabankanna muni aðrar rekstrartekjur, einkum þjónustutekjur, vaxa hratt á næstu misserum.

Fátt bendir til annars en að veislan haldi áfram og næsta ár verði álíka gott.

**BÖRNIN VAXA HRATT**

Ævintýralegur vöxtur lýsir sennilega best starfsemi bankanna á þessu ári. En vöxturinn hefur verið mikill á undangengnum árum. Heildareignir bankanna hafa til að mynda vaxið úr eitt þúsund milljörðum árið 2001 í 4.800 milljarða. Frá síðustu áramótum hafa eignirnir aukist um 1.100 milljarða króna.

Verðmæti bankanna hefur einnig vaxið gríðarlega á nokkrum árum eða sjöfaldast. Markaðsvirði Íslandsbanka, Landsbanka, Kaupþings og Búnaðarbankans var 117 milljarðar í árslok 2001 en er nú komið vel yfir 850 milljarða króna. Bankarnir eru þó enn litlir í alþjóðlegum samanburði. KB banki sem er stærstur að markaðsvirði er áttunda stærsta fjármálastofnun á Norðurlöndum.

KB banki hagnaðist um 34,5 milljarða á fyrstu þremur fjórðungunum sem er yfir 160 prósenta aukning á milli ára. Þar af er hagnaður þriðja ársfjórðungs – 9,7 milljarðar króna – tæplega 48 prósentum meiri miðað við sama tímabil í fyrra.

Arðsemi eigin fjár nam 32 prósentum á umræddu tímabili. Heildareignir KB banka eru komnar í 2.300 milljarða króna og hafa vaxið um 750 milljarða frá síðustu áramótum.

**GÓÐ ARÐSEMI**

Landsbankinn græddi 16,2 milljarða á fyrstu níu mánuðum ársins sem er 38 prósenta auking á milli ára. Uppgjör hans var það sem var mest umfram væntingar markaðsaðila. Hagnaður bankans á þriðja ársfjórðungi var 5,1 milljarðar samanborið við tæpa 5,8 milljarða í fyrra. Ef tillit er tekið til virðisrýrnurnar viðskiptavildar að upphæð 3,3 milljarðar, sem fellur til vegna samruna eigna Burðaráss inn í Landsbankann, er hagnaður fyrir skatta og afskriftir um 45 prósentum meiri.

Eignir Landsbankans vaxa ekki síður mikið. Þær eru nú komnar í 1.142 milljarða og hækka um 405 milljarða frá áramótum eða um 55 prósent. Arðsemi eigin fjár var rétt um 48 prósent hjá Landsbankanum.

Afkoma Íslandsbanka er 4,5 milljörðum betri á fyrstu níu mánuðum þessa árs en því síðasta og um tíu prósentum betri en meðaltalsspá fyrir þriðja ársfjórðung gerði ráð fyrir. Bankinn skilaði alls 15,4 milljörðum króna í hagnað fyrir árið í heild sem er fjörutíu prósenta aukning. Á þriðja ársfjórðungi skilaði bankinn 4,8 milljarða hagnaði sem er yfir þrjátíu prósenta aukning á milli ára. Arðsemi eigin fjár var 34 prósent.

Heildareignir Íslandsbanka aukast hlutfallslega mest en þær hafa aukist um 95 prósent frá áramótum eða um 641 milljarð og eru nú 1.319 millarðar.

**VAXTATEKJUR TVÖFALDAST**

Á þriðja ársfjórðungi námu hreinar vaxtatekjur bankanna 22,5 milljörðum króna og aukast um fimm milljarða frá öðrum ársfjórðungi eða um þrjátíu prósent!

Mesta aukningin var hjá KB banka sem jók vaxtatekjur sínar á milli fjórðunga um nærri helming vegna innkomu Singer&Friedlander. Í tilviki allra bankanna jukust hreinar vaxtatekjur almennt vegna meiri verðbólgu á fjórðungnum en verðtryggðar eignir þeirra eru umfram skuldir.

Þegar þriðji árshluti er borin saman við sama tímabil í fyrra sést að hreinar vaxtatekjur bankanna nærri tvöfaldast. Þær voru nærri 11,9 milljarðar á síðasta ári. Íslandsbanki jók tekjur sínar um 128 prósent á milli ára en aukningin varð nokkru minni hjá hinum bönkunum.

Hreinar þóknanatekjur bankanna á fjórðungnum námu 13,2 milljörðum króna. Um helmingurinn féll til hjá KB banka sem tók inn 6,9 milljarða. Til samanburðar námu þóknanatekjur bankans fyrir allt síðasta ár 2,9 milljörðum króna. Fyrirtækjaráðgjöfin lauk við þrjú stór verkefni á fjórðungnum, kaup Skipta á Landssímanum, yfirtöku Össurar á Royce Medical og kaup Baugs á tískuverslunarkeðjunni Jane Norman. Gengishagnaður hefur ekki haft minni þýðingu í afkomu KB banka frá því á öðrum ársfjórðungi árið 2004.

Þjónustutekjur Landsbankans aukast mikið á milli ára þótt þær hafi ekki vaxið frá öðrum árshluta. Meginvöxtur bankans liggur á erlendum vettvangi en tekjur af starfsemi Teather&Greenwood koma af fullum þunga inn í níu mánaða uppgjörið en svo bætist evrópska verðbréfafyrirtækið Kepler inn í reikninga bankans á núverandi árshluta. Fjárfestingartekjur Landsbankans voru hæstar hjá bönkunum en gengishagnaður var yfir sex milljarðar króna. Samruni eigna frá Burðarási hafði sitt að segja.

Afkoma Íslandsbanka markast af miklu vægi vaxtatekna sem hlutfall af rekstrartekjum og hafa þóknanatekjur og gengishagnaður því minna að segja. Ýmislegt bendir þó til þess að hlutur tekna vegna fyrirtækjaráðgjafar og af verðbréfum geti aukist í tekjuköku Íslandsbanka.

**83 MILLJARÐAR?**

Í ljósi þróunarinnar stefnir allt í að heildarhagnaður bankanna á árinu 2005 verði yfir 83 milljarðar en þá er stuðst við afkomuspár bankanna fyrir árið í heild. Erfitt er að spá fyrir um afkomu félaga á fjórða ársfjórðungi, enda ennþá tveir mánuðir eftir af honum og því er ljóst að margt getur breyst. Það er mikil aukning frá árinu 2004 þegar hagnaðurinn var 40 milljarðar.

KB banki mun skila mestum hagnaði, eða um helmingi af heildartölunni, og stefnir í að afkoma ársins verði um 43 milljarðar. Afkoma Landsbankans á árinu stefnir í að verða á bilinu 21-22 milljarðar króna. Niðurstöðurtala Íslandsbanka gæti endað í nítján milljörðum.

Í allri þessari umfjöllun er ekki tekið tillit til Straums-Burðaráss Fjárfestingarbanka sem skilar uppgjöri í dag. Honum er spáð rúmlega 4,3 milljarða hagnaði á þriðja árshluta.

**VIÐSKIPTABANKARNIR ÞRÍR**
**HELSTU NIÐURSTÖÐUTÖLUR OG STÆRÐIR VIÐ LOK ÞRIÐJA ÁRSHLUTA** (ALLAR TÖLUR Í MILLJÓNUM KRÓNA)

| | KB banki | Landsbankinn | Íslandsbanki |
|---|---|---|---|
| Hreinar vaxtatekjur | 9.487 | 6.332 | 6.713 |
| Þjónustutekjur | 6.862 | 4.383 | 2.007 |
| Gengishagnaður | 4.772 | 6.074 | 785 |
| Hreinar rekstrartekjur | 22.909 | 16.949 | 9.574 |
| Rekstrarkostnaður | -9.512 | -4.982 | -3.359 |
| Hagnaður eftir skatta | 9.708 | 5.105 | 4.400 |
| Arðsemi eigin fjár | 32% | 48% | 34% |
| Heildareignir | 2.310.000 | 1.142.000 | 1.319.000 |
| Eigið fé | 173.500 | 98.749 | 76.047 |
| Markaðsvirði | 394.000 | 245.000 | 201.000 |
| VH-hlutfall* | 10,3 | 11,2 | 11,7 |
| VI-hlutfall** | 2,3 | 2,4 | 2,5 |

* Markaðsvirði/Tólf mánaða hagnaður
** Markaðsvirði/Eigið fé

ÍSLENSK VERÐBRÉF
EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!
460 4700 · www.iv.is
Verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003
Góð ávöxtun vegur þungt
– og þar erum við á toppnum!
10,0%*
Peningamarkaðssjóður ÍV
*Nafnávöxtun frá 1. okt. 2005 - 31. okt. 2005 á ársgrundvelli
Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf.


# Viltu fá meira út úr fyrirtækinu?

## Byrjaðu á að hressa netþjóninn!




Fíton/SÍA/Dell



Dell™ PowerEdge™ 2850 með 1-2 Intel® Xeon™ örgjörvum er öflugur og hagkvæmur netþjónn sem leysir öll þín vandamál á einu bretti. Hann er einstaklega sveigjanlegur og nýtur sín best í umhverfi þar sem notendaþjónusta er fjölbreytt og mikið magn gagna vistað í miðlægum geymslum. Auk þess er PowerEdge 2850 sérhannaður til þess að auðvelda viðhald og eftirlit og lækka þannig rekstrarkostnað, hvort sem netþjónninn er staðsettur í næsta herbergi eða hinumegin á hnettinum.

| Dell™ PowerEdge™ 2850 |
| --- |
| Intel® Xeon® örgjörvi (allt að 3,80Ghz, 2MB L2 Cache, 800MHz FSB) |
| Allt að tveimur örgjörvum |
| 512MB ECC DDR-2 SDRAM (hámark 12 GB) |
| 73GB SCSI HDD (hámark 1,8 TB) |
| Dual Channel U320 SCSI Controller á móðurborði |
| 2 hot-plug PCI Express; 4 PCI-X (64-bit/ 133MHz); 1 PCI (32-bit/33MHz, 5v) |
| 3ja ára ábyrgð hjá EJS – þjónusta á staðnum fyrir dagslok næsta virkan dag |

Fíton/SÍA FI013848

**EJS** er umboðsaðili Dell á Íslandi. Komdu til okkar á Grensásveg 10, Reykjavík eða Tryggvabraut 10 á Akureyri og við finnum réttu lausnina fyrir þig.

DELL™

©2005 Dell Computer Corporation. Þessi auglýsing er með fyrirvara um birgðastöðu, verð og prentvillur. Verð einstakra íhluta er einungis gilt þegar varan er keypt í auglýstu pakkatilboði. Dell, Dell lógóið og Latitude eru vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Dell Computer Corporation. Intel, Intel Inside lógóið, Intel Centrino, Intel Centrino lógóið, Xeon og Pentium eru vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Intel Corporation eða útibúa þess í Bandaríkjum Norður Ameríku og öðrum löndum. Microsoft og Windows eru skrásett vörumerki í eigu Microsoft Corporation. Dell gerir ekki tilkall til vörumerkja annarra. Ákveðinn Microsoft® hugbúnaður meðfylgjandi þessari tölvu getur notað afritunarvarnartækni. Í þeim tilvikum er ekki hægt að nota hugbúnaðinn nema hugbúnaðurinn sé sérstaklega virkjaður af notanda. Virkjun hugbúnaðarins og notkunarskilmálar Microsoft verður skýrt við fyrstu ræsingu hugbúnaðarins, við endurinnsetningu eða ákveðnar breytingar sem gerðar eru á stillingum tölvunnar. Virkjun er hægt að framkvæma yfir internetið eða með því að hringja í þjónustunúmer Microsoft 510 6920.

**Það er til lausn á öllu**

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000

# Sátt um sjávarútveginn

**Það er stórmál fyrir útgerðarmenn ef Samfylkingin vill ná sátt um stefnuna í sjávarútvegsmálum eins og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir boðaði á aðalfundi LÍÚ á föstudaginn. Svo virðist sem búið sé að henda fyrningarleiðinni út í hafsauga. Útvegsmenn verða samt að sætta sig við hið óumflýjanlega; að fiskurinn í sjónum verði skilgreindur sem þjóðareign í stjórnarskrá. *Björgvin Guðmundsson* komst að því að þingmenn Samfylkingarinnar ætla að funda með hagsmunaaðilum um málið.**

Umræðan um nýtingarréttinn á auðlindinni í sjónum og gengisþróun íslensku krónunnar var fyrirferðarmikil á aðalfundi Landssambands íslenskra útvegsmanna sem lauk á föstudaginn. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, flutti þar ræðu og lýsti yfir vilja til að ná sáttum við útgerðarmenn um sjávarútveginn á Íslandi. Þeir aðalfundarfulltrúar sem Markaðurinn ræddi við eftir ræðuna voru ánægðir með þessi skilaboð. Sögðu þeir þetta stórt skref í rétta átt hjá Samfylkingunni. Þó er vitað að margir útgerðarmenn eru óánægðir með auðlindagjaldið sem lagt var á greinina og segja þá skattlagða umfram aðrar atvinnugreinar. Þeir sem styðja auðlindagjaldið segja þetta sanngjarnt endurgjald fyrir nýtingu á sameiginlegri auðlind þjóðarinnar.

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sagði fátt valda meiri deilum en úthlutun byggðakvóta enda hefðu reglur um úthlutunina verið lítt gegnsæjar. „Sú spurning er líka áleitin hvers vegna þær aflaheimildir sem sjávarútvegsráðherra hefur til sérstakrar ráðstöfunar eru ekki fénýtta og fjármunum varið til að skjóta nýjum stoðum undir atvinnustarfsemi í viðskomandi byggðalögum í stað þess sjávarútvegs sem greinilega er á undanhaldi," sagði hún á aðalfundi LÍÚ.**

Beðið var eftir ræðu Ingibjargar Sólrúnar með nokkurri eftirvæntingu. Þau boð höfðu borist að í ræðunni kæmu fram viðhorf sem væru íslenskum útvegsmönnum þóknanleg. Þingmenn Samfylkingarinnar, þeir Kristján Möller og Jón Gunnarsson, voru sýnilegir á fundinum. Eftir hálfgert stríð við forsvarsmenn sjávarútvegsfyrirtækja fyrir síðustu kosningar virðist sem Samfylkingin ætli að friðþægjast. Fór svo sem vænst var; Ingibjörg Sólrún bauð fram sættir. Þó er spurning hvort sú sátt náist. Björgólfur Jóhannsson, formaður LÍÚ, var ómyrkur í máli og talaði um þjóðnýtingu ríkisstjórnarinnar.

#### TALAÐI AF MEIRI ÞEKKINGU

Útgerðarmenn sögðu það jákvætt að formaður Samfylkingarinnar hefði ekki talað um gjafakvótakerfi eins og svo oft áður. Sagði hún að það ætti að hætta að deila um upphaflega úthlutun kvótans. Þá hefði ekki verið minnst á fyrningarleið sem hefur verið stefna Samfylkingarinnar í mörg ár. Þetta voru þau atriði sem útgerðarmenn tóku sérstaklega eftir. Ingibjörg Sólrún hefði líka talað af meiri þekkingu um sjávarútveginn en oft áður.

„Við í Samfylkingunni viljum leggja okkar af mörkum til að sátt náist í greininni. Það á að vera hlutverk stjórnmálamanna og útgerðarmanna að skapa forsendur fyrir henni. Til þess að svo verði þurfa menn að ræða saman og allir að gefa eitthvað eftir af sínum ýtrustu kröfum og skoðunum," sagði Ingibjörg Sólrún.

Formaður Samfylkingarinnar sagði mikilvægan lið í sáttinni að útgerðarmenn hættu að tala um eignarréttindi á kvótanum og viðurkenndu að um nýtingarrétt væri að ræða. Sá nýtingarréttur nyti svo verndar sem óbein eignarréttindi. Hún fengi ekki betur séð en að allir flokkar væru orðnir sammála um að binda eignarréttinn á auðlindinni í stjórnarskrá.

#### SJÁVARÚTVEGSFYRIRÆKI EKKI Í UPPNÁM

„Ég tel líka mikilvægan lið í sáttinni að menn hætti að deila um það sem gerðist árið 1984 og hvernig kvótanum var þá úthlutað. Þessari fyrstu úthlutun verður ekki breytt. Margir sem þá fengu kvóta eru búnir að selja sig út úr greininni. Aðrir hafa keypt mikinn kvóta háu verði og deilur um tap og gróða sem myndaðist fyrir tuttugu árum hafa litla þýðingu nema sem sagnfræðilegt viðfangsefni," sagði Ingibjörg Sólrún.



**DR. JURIS GUÐRÚN GAUKSDÓTTIR** Guðrún sagði aflaheimildir eign í skilningi 72. greinar stjórnarskrárinnar.

„Eftir stendur þá óleyst hvort og þá hvernig útgerðin eigi að greiða fyrir afnotaréttinn af auðlindinni. Sú deila verður ekki leyst nema í tengslum við greiðslur fyrir afnot annarra auðlinda sem skilgreindar eru sem þjóðareign, ríkiseign eða í þjóðarumsjá, svo sem fallvötn, fjarskiptarásir, jarðhiti í þjóðlendum og auðlindir á eða undir sjávarbotni."

Ingibjörg Sólrún sagði deiluefnið tiltölulega afmarkað og það gæti reynst afdrifaríkt ef stjórnvöldum dytti í hug að fara fram af offorsi. „Ég þarf þó varla að segja þessari samkundu það að slíkt kynni aldrei góðri lukku að stýra enda sjávarútvegurinn allt of mikilvæg atvinnugrein til að nokkur deiluefni réttlæti að hún sé sett í uppnám."

#### KVÓTINN ER EIGN

Eins og Ingibjörg Sólrún nefnir er forsenda sátta við útgerðarmenn að þeir hætti að tala um eignarréttindi á kvóta. Margir útgerðarmenn hafa einmitt lagt áherslu á að nauðsynlegt sé að tryggja eignarréttinn til að stuðla að stöðugleika og öryggi í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja.

Guðrún Gauksdóttir, dósent við Háskólann í Reykjavík og formaður Rannsóknastofnunar í auðlindarétti, fjallaði um kvóta sem eign í erindi sem hún flutti á aðalfundinum. „Eru aflaheimildir eign í skilningi eignarréttarákvæðis 72. greinar stjórnarskrárinnar?" spurði hún. „Í ljósi réttarstöðunnar eins og hún er í dag er svarið já."

Guðrún sagði að aflaheimildir hefðu öll megineinkenni eignarréttinda og það væri í raun ekki umdeilt meðal fræðimanna. Aflaheimildir væru grundvöllur veðsetningar, hefðu gengið að erfðum og af þeim væri greiddur erfðafjárskattur, sem reiknaður væri út á grundvelli markaðsvirðis í samræmi við ákvæði laga.

„Aðkeypt aflahlutdeild telst eign í skilningi skattalaga og af henni er greiddur skattur. Einstaklingar og lögpersónur hafa gengist undir umtalsverðar fjárskuldbindingar í trausti varanleika aflaheimildanna. Aflaheimildir eru grundvöllur lánstrausts. Verðlagning á aflahlutdeild í einstökum tegundum endurspeglar þennan veruleika," sagði Guðrún.

Hún sagði að leysa þyrfti úr því í hverju tilviki fyrir sig hvort skerðing á aflaheimildum væri eignarnám eða almenn takmörkun á eignarrétti. „Ef um er að ræða sviptingu eigna setur 72. grein stjórnarskrárinnar fram þau skilyrði að skerðing eigi stoð í lögum, að skerðingin þjóni almannahagsmunum og að fullar bætur komi fyrir."

#### BÚA VIÐ ÞJÓÐNÝTINGARSTEFNU

Björgólfur Jóhannsson, formaður LÍÚ, sagði að skilgreining atvinnuréttar og nýtingarréttar væri tiltölulega nýtilkomin í sjávarútvegi. Í öðrum atvinnugreinum væri slík skilgreining jafngömul þjóðinni. „Það má nefnilega að mörgu leyti líkja skilgreiningu nýtingarréttar sjávarauðlinda við landnám eins og gerðist í árdaga. Þá skiptu þeir sem höfðu afkomu af landsins gæðum með sér þessum takmörkuðu gæðum og skildu að forsenda friðsamlegrar sambúðar og hagsældar var virðing fyrir réttindum manna til þessara afnota landsins. Jarðir mynduðust og eignarréttur yfir þeim hefur verið ein af frumforsendum lýðréttinda frá landnámi."

## STEFNA SAMFYLKINGARINNAR Í SJÁVARÚTVEGSMÁLUM

**STJÓRNMÁLAÁLYKTUN LANDSFUNDAR 18. NÓVEMBER 2001**

„Meginreglan á ávallt að vera að gjald sé greitt fyrir nýtingu allra takmarkaðra auðlinda í sameign þjóðarinnar," segir í upphafi ályktunarinnar. Svo eru önnur markmið tilgreind. Að lokum segir: „Öllum þessum markmiðum er náð með frumvarpi Samfylkingarinnar um fyrningarleið."

**KOSNINGASTEFNA SAMÞYKKT 5. APRÍL 2003**

„Samfylkingin vill að kvótinn verði innkallaður í smáum, árlegum áföngum, þannig að sjávarútvegurinn geti lagað sig að breytingunum og að sem mest sátt verði um þær. Þetta er svokölluð fyrningarleið."

**STJÓRNMÁLAÁLYKTUN LANDSFUNDAR 22. MAÍ 2005**

„Takmarkaðar auðlindir, svo sem fiskurinn í sjónum, orka fallvatnanna og jarðhitinn, eiga að vera í þjóðareign og þær ber að nýta á grundvelli jafnræðis gegn gjaldi. Slíka þjóðareign, svo og almenn náttúrugæði eins og grunnvatn og hreint loft, á að skilgreina sem eign þjóðarinnar í stjórnarskrá."



Fréttablaðið/E.ÓL.

## Hætt við fyrningarleið

Það má greina breytingu á sjávarútvegsstefnu Samfylkingarinnar í ræðu Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur. Þeir sem til þekkja segja Samfylkinguna ekki vilja fara í sama slag við útgerðamenn og fyrir síðustu kosningar. Því sé verið að reyna að ná ákveðinni sátt. Hætta á við fyrningarleiðina og leggja áherslu á að þjóðin eigi fiskinn í sjónum. Fyrir nýtingu á auðlindinni eigi svo að greiða ákveðið gjald sem á að vera í samræmi við gjald fyrir nýtingu annarra auðlinda. Þá er Jón Gunnarsson, þingmaður Samfylkingarinnar, talsmaður flokksins í sjávarútvegsmálum. Jóhanni Ársælssyni, sem er harður andstæðingur núverandi kvótakerfis, er ýtt til hliðar. Ekki munu allir sáttir innan Samfylkingarinnar með þessa stefnubreytingu en telja þetta samt snjallt útspil hjá formanninum. Samfylkingin sé næststærsti stjórnmálaflokkurinn, sem útvegsmenn eigi að geta treyst komist flokkurinn í ríkisstjórn.

**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR Á AÐALFUNDI LÍÚ** Fundar með hagsmunaaðilum í sjávarútvegi til að finna grundvöll sáttar.



## RÉTTU PLÖNTURNAR

*Blóm á skrifstofunni* SJÁ BLS. 6

## SÖGUMOLAR

*Hvítt brauð sem strokleður*
SJÁ INNI Í BLAÐI



[ SÉRBLAÐ UM NÚTÍMALEGT VINNUUMHVERFI – MIÐVIKUDAGUR 2. NÓVEMBER 2005 ]

# skrifstofan



## EFNISYFIRLIT

**Nútímaleg skrifstofa**
BLS. 2 Stílhrein hönnun

**Metnaður lagður í íslenska framleiðslu**
BLS. 4 Hönnun hjá Á. Guðmundssyni



**Breytt um vinnustöðu**
BLS. 6 Auður Ólafsdóttir sjúkraþjálfari



**Á skemmtilegum vinnustað**
BLS. 7 Sævar Skaptason skrifstofustjóri

**Skrifstofan í vasann**
BLS. 7 Einfaldar lausnir hjá Símanum



# Hugsar vel um líkamann

SKRIFSTOFUSTÓLLINN #19



Skrifstofustóllinn #19 er hannaður af Marcus Koepke og hefur unnið til fjölda verðlauna fyrir góða og glæsilega hönnun. Mikið er lagt í hann út frá vinnuvistfræði. Efnið í honum heldur jöfnu hitastigi, örvar blómstreymið, dregur úr vöðvaspennu, og dreifir þyngdini jafnt.
Hann er hannaður á þann veg að auðvelt er að setja upp stillingar sem henta hverjum og einum. Eitt af því sem gerir hann sérstakan er setan sem lyftist upp þegar maður hallar sér aftur, þannig að maður kemst ekki upp með að sitja í rangri stellingu. Auk þess þykir hann ansi flottur og hefur hann sést á skjánum í þáttum eins og 24 með sjálfum Kiefer Sutherland.
Stóllinn fæst hjá A.Karlsson.

sögumoli }

## Hvítt brauð sem strokleður



FRÉTTABLAÐIÐ/NORDIC PHOTO/GETTY IMAGES

Áður en strokleðrið kom til sögunnar var hvítt brauð notað til þess að þurrka út blýant og kol og listamenn sem vinna með kol nota það jafnvel enn þann dag í dag. Heiðurinn að fyrsta strokleðrinu á enski verkfræðingurinn Edward Naime, sem fyrir tilviljun notaði gúmmí í stað brauðs til að þurrka út blýantsstrik. Í kjölfarið fór hann að selja strokleður dýrum dómum árið 1770.

En eins og brauð skemmist hrátt gúmmí fljótlega, sem varð til þess að Charles Goodyear fann aðferð árið 1839 til að herða gúmmíið og láta það endast. Aftur á móti var það hinn bandaríski Hyman Lipman sem var fyrstur til að setja strokleðrið aftan á blýantinn árið 1858.

# Aukið rekstraröryggi

Nýstofnað dótturfyrirtæki Pennans býður eigendum Kyocera-ljósritunarvéla og prentara upp á sérstaka þjónustu og er biðtíminn eftir viðgerðarmanni eingöngu tveir til þrír tímar.

„Penninn er að stórbæta þjónustu við mjög kröfuharða viðskiptavini sem stóla á rekstraröryggi," segir Jón S. Garðarsson, framkvæmdastjóri Pennans tækni, nýstofnaðs dótturfyrirtækis Pennans.

Fyrirtækið selur Kyocera-ljósritunarvélar og prentara, sem hægt er að bæta skanna og faxi við og gera að fjölnotatækjum. Tæki þessi eru mjög endingargóð, enda notar japanska fyrirtækið Kyocera keramik við framleiðslu á vélunum, sem er mjög hart efni. Þar af leiðandi hafa íhlutir í tækjum Kyocera mjög langan endingartíma, sem tryggir lágan viðhaldskostnað, að sögn Jóns.

Penninn byrjaði að selja Mita-ljósritunarvélar árið 1978 og þegar Mita sameinaðist Kyocera um miðjan tíunda áratuginn hóf Penninn innflutning á Kyocera-vélunum. Á þeim tíma framleiddi Kyocera eingöngu prentara.

„Þegar fyrirtækin sameinuðust varð Kyocera mjög öflugur framleiðandi bæði á ljósritunarvélum og prenturum," segir Jón og bætir við að Kyocera-fyrirtækið sé afar umhverfisvænt í öllum sínum störfum.

„Með því að stofna þetta dótturfyrirtæki erum við að gera þetta skilvirkara og hafa ljósritunarvélasöluna og -viðgerðir á einni hendi inni í einu fyrirtæki, sem er miklu sprettharðara en stór heild eins og Penninn er," segir Jón. Þó verður áfram hægt að kaupa Kyocera-vélarnar í verslunum Pennans og Pennavina um allt land, en verð þessara véla er sambærilegt við aðrar tegundir í innkaupum, að sögn Jóns.

Sex þjónustumenn starfa hjá fyrirtækinu, en áður voru þeir þrír, og telur Jón að viðbragðstími þeirra við bilunarútköllum verði eingöngu tveir til þrír tímar að meðaltali.




Jón S. Garðarsson er framkvæmdastjóri nýs dótturfyrirtækis Pennans sem sér um að selja og þjónusta Kyocera-ljósritunarvélar.

# Stílhrein og svöl

Nútímaskrifstofan kallar á að rýmið sé vel nýtt án þess að fólk finni fyrir þrengslum.

Nútímaskrifstofan er fyrst og fremst stílhrein og svöl. Húsgögnin eru í gráum tónum, eða svörtum og stál og ál áberandi. Leitað er leiða til að fela snúrur og sem minnst haft upp á borðum, enda eru þau nett og taka sem minnst pláss. Skjalaskápar, hillur og fleira eru lokaðir þannig að pappírar, möppur og fleira er falið. Húsgögnin á myndunum eru frá A. Karlssyni og eru seld í einingum, sem auðveldlega er hægt að púslla saman eftir eigin höfði. Mikið er notað af stáli og allar snúrur eru settar í stokka eða jafnvel þræddar upp innanverða fæturna. Flatskjái er hægt að festa á arm við borðið, svo hann tekur ekki upp borðpláss.





Myndirnar eru á skrifstofum Ingvars Helgasonar. Húsgögnin eru frá A. Karlssyni.

VÖNDUÐ SKRIFSTOFUHÚSGÖGN Í PENNANUM

# Betri vinnuaðstaða skilar árangri

## Skrifborð T-LÍNA

Vandað skrifborð úr T-línunni frá Kinnarps með bogadreginni borðplötu og hæðarstillingu frá 62 sm til 82 sm. Hentar nútímafólki sem gerir kröfur um heilsusamlegt vinnuumhverfi.

**44.900 kr.**

Verð áður 61.392 kr. • Þú sparar 16.492 kr.



## Skrifborðsstóll KN 5222

Hæðarstillanleg seta og bak. Dýptarstillanleg seta. Hallastilling læsanleg í 5 stöðum. Mótstöðustilling í baki. Hæðar- og hliðarstillanlegir armar. Hörð eða mjúk hjól. 5 ára ábyrgð.

**39.900 kr.**

Verð áður 59.547 kr. • Þú sparar 19.647 kr.

OPINBERA.IS

Kinnarps®

Penninn

Penninn Hallarmúla 4, sími 540 2000, **Reykjavík** • Penninn-Bókval, Hafnarstræti, 91-93, sími 461 5050, **Akureyri**



FRÉTTABLAÐIÐ/NORDIC PHOTO/GETTY IMAGES

# Láttu skrifstofuna þína líta vel út

VINNUAÐSTAÐA OKKAR OG SKIPULAGNING HENNAR SEGIR TALSVERT UM OKKUR OG ÞVÍ ER GOTT AÐ LEGGJA SMÁ HUGSUN Í ÞAÐ HVERNIG HÚN ER SKIPULÖGÐ.

Eftirfarandi eru nokkrir hlutir sem þarf að hafa í huga og hjálpa þér að útbúa vinnusvæði sem þér líður vel í og gefur öðrum þá mynd að þú sért mikilvægur og afkastamikill starfsmaður.

1 **Yfirsýn.** Ef þú sérð ekki innganginn á skrifstofunni þinni skaltu færa þig eða setja spegil við borðið þitt þannig að þú sjáir hann.

2 **Skipulag.** Hafðu borðið þitt hreint og snyrtilegt. Hafðu nýjustu verkefni þín skipulögð í bakka á borðinu þínu en annað sem þú notar sjaldnar ofan í skúffu. Gögn og hlutir sem þú ert alls ekki að nota skaltu koma fyrir í möppum eða í geymslupláss.

3 **Plöntur.** Plöntur lífga upp á skrifstofuna og þær veita orku og líf, auk þess sem þær taka til sín mengun úr andrúmsloftinu. Rannsóknir hafa jafnvel sýnt að plöntur draga úr streitu og auka framleiðslu og einbeitingu.

4 **Lýsing.** Góð lýsing dregur úr álagi á augun, eykur orku og lyftir upp skapinu. Ef þú ert að vinna undir flúorljósi skaltu athuga hvort þú getir ekki skipt því út fyrir þægilegri lýsingu. Einnig er gott að notast við borðlampa því það dregur úr þreytu í augum.

5 **Náttúran inn.** Sumar skrifstofur eru gluggalausar þannig að tilvalið er að ramma inn fallegar landslagsmyndir eða myndir af trjám og sólskini, sem kemur í stað þess að hafa glugga.

6 **Ekkert kitsch.** Skildu mjúkdýrin og föndrið eftir heima. Hafðu í huga að þú ert í vinnunni, og flottur heftari eða stór vasi eða innrömmuð mynd hentar mun betur. Jafnvel þó að þetta sé þitt vinnusvæði þá er það hluti af vinnustað þar sem fagmennska á að ráða ríkjum.

7 **Ekki móðga.** Passaðu að þær veggmyndir, skilti eða skjáhvíla sem þú ert með móðgi engan eða stríði gegn siðareglum vinnustaðarins. Ekki setja upp smekklaus dagatöl sem gefa í skyn kynþáttafordóma eða kvenfyrirlitningu.

8 **Myndir** Settu myndir af fjölskyldunni, vinum þínum eða gæludýri í ramma. Forðastu að hafa myndirnar of persónulegar eða myndir af þér að drekka með félögunum. Myndirnar eiga að vera smekklegar og líflegar, bæði þér og öðrum til ánægju.

# Mikill metnaður lagður í íslenska framleiðslu

Fjölskyldufyrirtækið Á. Guðmundsson í Kópavoginum hefur framleitt skrifstofuhúsgögn í þrjá áratugi og haldið merkjum íslenskrar hönnunar á lofti. Fyrirtækið, sem fagnar 50 ára afmæli á næsta ári, er stærsti framleiðandi íslenskra skrifstofuhúsgagna hérlendis.



Guðmundur Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Á. Guðmundssonar, stendur við rafdrifið skrifborð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Það hefur verið metnaður hjá okkur að framleiða sjálfir og vinna með íslenskum hönnuðum. Það er okkar stolt,“ segir Guðmundur Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Á. Guðmundsson ehf. Í tvo áratugi hefur fyrirtækið einbeitt sér eingöngu að skrifstofuhúsgögnum. „Við höfum alltaf lagt mikla áherslu á að láta íslenska húsgagnaarkitekta hanna fyrir okkur og er sennilega enginn annar að vinna með jafnmörgum þeirra og við,“ segir Guðmundur.

Meðal hönnuða hjá Á. Guðmundssyni eru þau Guðrún Margrét og Oddgeir Þórðarson sem hanna undir merkinu Flex, og hanna þau allt fyrir skrifstofuna, allt frá stólum upp í fundarboð og skilrúm. Þau hafa einnig hannað rafdrifið borð sem nýtur vinsælda. „Skrifborðin eru að verða töluvert vinsæl og hafa þau selst í stóru upplagi til stórra fyrirtækja, sem eru mörg hver stolt af því að nota íslenska hönnun,“ segir Guðmundur.



Mark skrifborðsstólinn er eftir Pétur Lúthersson.

Auk Flex-línunnar er Á. Guðmundsson með húsgögn hönnuð af Pétri Lútherssyni, en skrifstofustólarnir hans eru afar vinsælir.

Aðspurður hvort það sé erfitt að framleiða húsgögn hérlendis segir hann að vissulega sé samkeppnin hörð. „Auðvitað er það miklu auðveldara að selja tilbúin innflutt húsgögn, en það hefur verið okkar metnaður að framleiða sjálfir. Um þessar mundir vinnur gengið gegn okkur og samkeppnin er hörð,“ segir Guðmundur, sem segir þó mikið vera að gera og spennandi tíma framundan.

# Flottur stóll á skrifstofuna

Ný efni, sérstaklega þau sem hægt var að framleiða mikið úr, heilluðu hjónin Charles og Ray Eames, sem varð til þess að þau hönnuðu nútímaleg og framúrstefnuleg húsgögn, eins og plaststólinn fræga Eames molded plastic chair. Stóllinn var hannaður árið 1948 og var fyrsti plaststóllinn sem var fjöldaframleiddur. Nýjustu útgáfurnar af stólnum líta því nákvæmlega eins út og fyrstu stólarnir. Þeir eru ekki bólstraðir, þar sem hjónin töldu að efnið ætti að fá að tjá sig heiðarlega og án tilgerðar. Þetta voru fyrstu plaststólarnir sem voru ekki bólstraðir. Nokkrar breytingar hafa þó verið unnar á stólunum, þar sem til dæmis plastið er umhverfisvænna. Stólarnir fást í Pennanum.



Eames molded plastic chair eftir hjónin Charles og Ray Eames.




NEC Símkerfi

sérsniðnar heildarlausnir fyrir fyrirtæki og heimili

NEC Infrontia
4 símtæki
XN120 símstöð
3 hliðrænar bæjarlínur
2 x ISDN grunnt. 4 bæjarlínur
Tengi fyrir 8 símtæki, stafræn eða hliðræn
4 stk. XN Vision símtæki með 22 hnöppum
99.990,-

NEC Infrontia
8 símtæki
XN120 símstöð
3 hliðrænar bæjarlínur
2 x ISDN grunnt. 4 bæjarlínur
Tengi fyrir 16 símtæki, stafræn eða hliðræn
8 stk. XN Vision símtæki með 22 hnöppum
159.990,-

NEC Infrontia
12 símtæki
XN120 símstöð
3 hliðrænar bæjarlínur
4 x ISDN grunnt. 8 bæjarlínur
Tengi fyrir 16 símtæki, stafræn eða hliðræn
12 stk. XN Vision símtæki með 22 hnöppum
199.990,-

KORTER.IS

Símstöð stækkanleg í 72 símtæki og 24 IP síma

Fjárfesting sem vex með þér...



Boðleið

Boðleið ehf. • Hlíðasmára 8 • 201 Kópavogi
Sími 535 5200 • Fax 535 5209 • bodleid@bodleid.is
Kíktu á úrvalið á heimasíðunni www.bodleid.is

# FLÖT PLASMA OG LCD SJÓNVÖRP




ÖRÞUNNT
**LCD**

**GLÆSILEG ÞÝSK GÆÐA HÖNNUN**

## GRUNDIG LXW828510

32" LCD HD BREIÐTJALDSJÓNVARP með 1366x768 (VGA, SVGA, XGA, WXGA) upplausn, Progressive Scan, HD Ready, 700:1 skerpu og 16ms svartíma, (H/V): 170/170° sjónsviði og 450 cd/m2 birtustigi, mynd í mynd (2 móttakarar), 2 x 28w Nicam stereó hljóðkerfi, 3 Scart tengum (með RGB) og PC tengi (DVI-D og VGA), SVHS og RCA tengi, heyrnartólstengi, textavarpi og fjarstýringu.

**HD READY**
**PROGRESSIVE SCAN**
**UPPLAUSN 1366x768**
**MYND Í MYND**

**TILBOÐ 199.990**
FULLT VERÐ kr. 269.990

---




## UNITED PTV42

42" PLASMA SJÓNVARP með 852x480 upplausn (VGA, SVGA, XGA), Progressive Scan, 2x10w Nicam stereó hljóðkerfi með 2 hátölurum, 2 Scart tengjum, DVI og PC tölvutengi, mynd í mynd (2 Tunerar) textavarpi og fjarstýringu.

ÖRÞUNNT
**PLASMA**

**TILBOÐ 149.990**
FULLT VERÐ kr. 199.990




ÖRÞUNNT
**LCD**

## JVC LT32A60

32" HD LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með DynaPix og D.I.S.T., 1366x768 punkta upplausn og 1000:1 skerpu, 500cd/m2 birtu, 7ms svartíma, HDTV Ready (480p, 576p, 720p og 1080i), fullkomnum litstýringum (Gamma Curve og Dyn. Black Level), 20w Nicam Stereó hljóðkerfi, fullkomnu textavarpi, 2 Scart tengjum, SVHS, RCA og heyrnartólstengi, Component (Y, Pr, Pb) og PC tengi (VGA), borðstandi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 169.990**
FULLT VERÐ kr. 199.990




ÖRÞUNNT
**PLASMA**

## JVC PD42B50

42" PLASMA BREIÐTJALDSSJÓNVARP með D.I.S.T myndtækni, Super DigiPure og Digital Comb Filter, 852x480 punkta upplausn með 3000:1 skerpu, styður HDTV, fullkomnar litstýringar, textavarp, tvískiptur skjá möguleiki (mynd og mynd/textavarp), mynd í mynd (1 móttakari), 20w RMS, BBE Nicam stereó hljóðkerfi, 3D Sound með Active Hyper Bass, 3 Scart, Component og SVHS tengi, RCA og heynartólstengi, T-V Link og veggfesting.

**TILBOÐ 299.990**
FULLT VERÐ kr. 349.990

WWW.HUGVERKA.IS

Alltaf gæði og góð kaup!
1971 - 2005

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

**UMBOÐSMENN UM LAND ALLT** ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Kaupfélag Borgfirðinga, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. VESTFIRÐIR: Þristur, Ísafirði. Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. SR vélaverkstæði, Siglufirði. Ljósgjafinn, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: KF Héraðsbúa, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Neskaupsstað. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Turnbræður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Brimnes, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Rafeindatækni, Keflavík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði. Rafmætti, Hafnarfirði.

# Skiptir mestu að breyta oft um stöðu

Auður Ólafsdóttir sjúkraþjálfari segir að einhæfari störf kallir á minnkandi hreyfingu. Of lítil hreyfing getur valdið álagi á stoðkerfið.

„Líkaminn er gerður til að hreyfa sig og við þurfum alltaf á hreyfingunni að halda, en eftir því sem störfin verða einhæfari minnkar hreyfing í starfi.“ segir Auður Ólafsdóttir, formaður Félags íslenskra sjúkraþjálfara. Hún segir mestu máli skipta ef fólk situr mikið við vinnu sína að finna leiðir til að hreyfa sig en ekki sitja í stólnum allan tímann. Aðgerð eins og að standa upp og ná sér í vatn eða hlaupa í prentarann geti skipt sköpum.

„Rannsókn var gerð hér sem sýndi sýndi að aðalmálið væri að skipta um stellingu,“ segir Auður. Rannsóknin sem hún vísar til var unnin þannig að sett var upp tölvuforrit hjá þremur hópum af fólki, einn þeirra fékk fyrirmæli um að gera ekki neitt, annar fékk fyrirmæli um að gera sérstakar æfingar, en sá þriðji var bara látinn standa upp reglulega og ná í vatnsglas eða eitthvað slíkt. Niðurstaðan var sú að álagið var meira á stoðkerfi þeirra sem sátu kyrrir allan daginn en þeirra sem hreyfðu sig. Ekki var munur á þeim sem gerðu sérstakar æfingar og þeim sem einungis stóðu upp og hreyfðu sig.

„Fólk verður að vera vakandi fyrir því hvað hentar því. Ekki nægir að sitja í góðum stól, heldur þarf að nota stillingarnar á honum reglulega til að breyta um stöðu. Hvíldin felst í tilbreytingunni,“ segir Auður.




Auður Ólafsdóttir, formaður Félags íslenskra sjúkraþjálfara. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.



## Unnið við bogaborð

Bogaborð eru orðin mjög algeng. Áður fyrr vann fólk við brunna, þar sem hnappaborðið var á útdragi. Fólk situr þar með hnappaborðið á lærinu og axlir slakar. Við bogaborðin þarf allt annað vinnulag. Fólk situr þá með magann í boganum og stærsti hlutinn af handleggnum er uppi á borðinu. Ýta þarf hnappaborðinu upp á borðið og hvíla handleggina á borðinu. Svo til allur handleggurinn á að hvíla á borðinu. Auk þess þarf að stilla stólinn í samræmi við þá stellingu. Skjárinn á að vera þannig staðsettur að efri brún hans er í augnhæð, þannig er aðeins er horft niður á við.






Lilja Marteinsdóttir í Breiðholtsblómum segir að best sé að velja harðgerar plöntur á skrifstofuna sem þola þurrk, en ekki er úr vegi að vera með árstíðarblóm þar og skipta þeim út fjórum sinnum á ári.

# Blóm á skrifstofunni

POTTABLÓM GETA LÍFGAÐ MIKIÐ UPP Á SKRIFSTOFUNA OG GEFIÐ HENNI HEIMILISLEGRI BLÆ. EN ALVEG EINS OG HEIMA Í STOFU ÞARF AÐ VELJA TEGUND SEM HENTAR LOFTSLAGINU OG VELJA BLÓMINU BIRTU VIÐ HÆFI.

Oft er þurrt loft í skrifstofubyggingum, svo ekki borgar sig að vera með blóm sem þurfa mikinn raka, eins og til dæmis burknategundir.
„Fólk vill oft vera með blóm til að vera með meiri raka, en málið er að ef maður setur blóm sem þurfa raka inn á svona skrifstofur geta þau ekki lifað þar, svo maður er óbeint í smá klemmu,“ segir Lilja Marteinsdóttir í blómabúðinni Breiðholtsblómum í Mjóddinni, en Lilja er menntaður garðyrkjufræðingur, stílisti og blómaskreytir.
Lausnin er að velja blóm sem henta umhverfinu og ekki er verra að velja plöntur sem þola að þorna. Eins er best að sama manneskjan sjái alltaf um að vökva, því óregla í vökvun hefur sömu áhrif á plöntur og óregla í mataræði hefur á fólk og getur hreinlega drepið blómin.
Fíkustré og yukkur geta lifað í þurru loftslagi en vilja mikla birtu og svo lengi sem nílarsef stendur í vatni er það hamingjusamt og þarf litla athygli. Auk þeirra lifa drekatré, flöskuliljur, vaxblóm og mánagull vel á skrifstofum, en þó þarf að hafa birtuna í huga. Aglaoneman sjómannsgleði er grágræn planta sem þolir vel bæði dimmu og þurrk og er því upplögð á skrifstofur þar sem aldrei er dregið frá.
Ef skrifstofan er grá og leiðinleg er upplagt að setja plöntuna í litríkan leirpott til að lífga upp á umhverfið. Einnig getur líka verið sniðugt að vera með árstíðarblóm. Um þessar mundir eru nóvemberkaktusinn og jólastjarnan sígild, og þegar kemur fram í janúar eru alparósir mjög fallegar. Síðan taka páskaliljur við og svo er hægt að vera með blómstrandi ástareld yfir hásumarið.
„Þessi blóm færa gleði og maður þarf bara að sætta sig við að maður hendir þeim þegar þau hætta að vera falleg og kaupir ný, enda eru þau ódýr,“ segir Lilja.



**SÆVAR SKAPTASON** Ferðaþjónusta bænda er afar skemmtilegur vinnustaður, sem sinnir bæði ferðamönnum og bændum.

# Afar skemmtilegur vinnustaður

**Skrifstofa Ferðaþjónustu bænda hefur vaxið mikið síðustu árin og er starfið, sem er tvíþætt, afar gefandi að sögn Sævars Skaptasonar, framkvæmda- og skrifstofustjóra ferðaþjónustunnar.**

„Þungamiðjan í starfinu er annars vegar allt í sambandi við ferðaþjónustu bænda hér á landi. Hins vegar skipuleggjum við ferðir til útlanda undir nafninu bændaferðir. Þetta eru ferðir allt frá Kína til Kaliforníu, upp í Klettafjöllin, til Evrópu og út um allt,“ segir Sævar Skaptason, framkvæmda- og skrifstofustjóri Ferðaþjónustu bænda.

Starfið er mjög fjölþætt því skrifstofan veitir þeim 150 býlum sem bjóða upp á bændagistingu margs konar þjónustu, sér um bókanir, heldur uppi gæðaeftirliti, býður upp á þjálfun og skipuleggur námskeið.

„Annað hvert ár eru allir okkar bæir heimsóttir og úttekt, eða gæðaeftirlit, fer fram. Við skiptumst á að fara í þessar ferðir, starfsfólkið og ég. Eins förum við náttúrlega til útlanda og kynnum bændagistinguna á erlendum sýningum, bæði með því að taka þátt í sýningum og með því að heimsækja viðskiptavini, þannig að það er heilmikið í gangi og fólk er mikið á ferðinni, það er ekki bara bundið hérna við skrifstofustólinn,“ segir hann.

Fyrirtækið heldur upp á 25 ára afmæli sitt þessa dagana. Þegar Sævar tók við framkvæmdastjórastarfi Ferðaþjónustu bænda árið 1998 voru fjórir starfsmenn á skrifstofunni, en í dag starfa þar tólf til fjórtán manns. „Það er heilmikið að gerast hérna, heilmikil starfsemi,“ segir Sævar, sem áður starfaði á ýmsum ferðaskrifstofum bæði hér heima og í Þýskalandi.

Sævar telur mannlegu samskiptin það skemmtilegasta við vinnuna, bæði við bændurna og ferðamennina. „Þetta er mjög gefandi starf að því leyti til að árangurinn er mikið undir okkur sjálfum sem vinnum hérna kominn. Við höfum öll tæki og tól, við höfum góða vöru að selja og við höfum náð mjög góðum árangri,“ segir Sævar.

# Síminn býður auðveldar lausnir

**MEÐ PIM-KERFI SÍMANS ER HÆGT AÐ TENGJA FARTÖLVU VIÐ NETIÐ Í GEGNUM FARSÍMANN OG NOTA GEMSANN TIL AÐ SKOÐA TÖLVUPÓSTINN.**

Síminn býður nú sérhæfðar lausnir til þráðlausra samskipta, sem auðvelda fólki að sinna störfum sínum þó það sé ekki á skrifstofunni, en sífellt fleiri eru fjarri skrifborði sínu allan eða hluta dagsins.

Með PIM-lausnum Símans getur fólk sótt netpóstinn sinn beint í símann og flett upp gemsanúmeri forstjórans. Eins er hægt að nettengja fartölvu í gegnum farsíma og svo lengi sem síminn er innan GSM-kerfis Símans eða tengdur við erlent símakerfi sem Síminn hefur samning við getur fólk haft stöðugan aðgang að þeim upplýsingum sem geymdar eru á tölvuforriti fyrirtækisins.



Síminn býður upp á aukna þjónustu sem auðveldar fólki að vinna vinnuna sína þó það sé ekki á skrifstofunni.

## sögumoli }



# Blý sem er ekki blý

Þó nafnið bendi til þess er ekkert blý að finna í blýöntum. Blýið er í raun grafít, sem er blandað saman við leir og vatn og pressað saman í stangir við mikinn hita. Ástæðan fyrir því að talað er um blý í blýanta er vegna þess að Englendingurinn sem fyrst uppgötvaði grafít taldi sig hafa fundið blý. Samkvæmt blýantasafninu í Cumberland geisaði mikill stormur í Borrowdale á Englandi um miðja 16. öld, sem reif upp tré með rótum og undir þeim kom ljós í dökkt efni sem í fyrstu var talið vera blý. Um 200 árum seinna uppgötvaði enska vísindamaður að efnið var ekki blý, heldur tegund af kolefni. Efnið var nefnt grafít, eins og gríska orðið sem þýðir „að skrifa“, vegna þess að fólk notaði efnið til þess. Fyrstu blýantarnir voru molar af grafíti sem smiðir og listamenn notuðu mikið, þar sem hægt var að skrifa á hluti án þess að rispa eða skemma efniviðinn.



FRÉTTABLAÐIÐ/NORDIC PHOTO/GETTY IMAGES

# Deilan um símann

Í kringum 1870 bjuggu tveir uppfinningamenn, hvor í sínu horni, til tæki sem gæti flutt hljóð á milli staða með rafmagni. Þetta var fyrsti síminn og mennirnir hétu Elisha Gray og Alexander Graham Bell. Þeir hlupu báðir til og stukku af stað á einkaleyfisskrifstofuna til að fá einkaleyfið. Aðeins klukkustund var á milli mannanna en Bell varð fyrri til. Fræg lagadeila spratt upp á milli mannanna tveggja en henni lauk með sigri Bells.







ALNO®



1831 / TAKTÍK 11.3'05

*Láttu þér líða vel með* ALNO®





OPIÐ
Virka daga kl. 10 - 18
Laugardaga kl. 11 - 14




PANORAMA

ELDHÚS • TÆKI • STIGAR • BAÐ • FATASKÁPAR

. . . . miðstöð innréttinga

Síðumúla 30 • 108 Reykjavík

S. 553 6400 • f. 553 6403 • panorama@panorama.is • www.panorama.is

# í sjónmáli



Fréttablaðið/Vilhelm

**EINKAR K. GUÐFINNSSON HLÝÐIR Á RÆÐU BJÖRGÓLFS JÓHANNSSONAR FORMANNS LÍÚ.** Björgólfur Jóhannsson sagði að nýtingarréttur hefði verið skertur með fyrirvaralitlum stjórnvaldsákvörðunum og hann færður til annarra án þess að bætur kæmu fyrir. Í umræðunni um þjóðnýtingu hefði verið horft fram hjá því að verðmæti auðlindarinnar lægi ekki síst í rekstri þeirra fyrirtækja sem hefðu byggt afkomu sína á nýtingu hennar.

Formaður LÍÚ sagði að jarðir hefðu auðvitað gengið kaupum og sölum. „En engri íslenskri ríkisstjórn hefur hingað til hugkvæmst að nota aðferð Mugabes forseta Zimbabwe, að taka jarðir af eigendum þeirra og skipta þeim upp á milli annarra. Það tíðkaðist í þjóðnýtingarstefnu kommúnismans, sem allir vita hvaða árangri skilaði en í vestrænum samfélögum telst slíkt óþekkt.“

Til skamms tíma hafa aðilar í sjávarútvegi mátt búa við þess háttar stjórnfyrirkomulag sagði Björgólfur. Nýtingarréttur hefði verið skertur með fyrirvaralitlum stjórnvaldsákvörðunum og hann færður til annarra án þess að bætur kæmu fyrir. Í umræðunni um þjóðnýtingu hefði verið horft fram hjá því að verðmæti auðlindarinnar lægi ekki síst í rekstri þeirra fyrirtækja sem hefðu byggt afkomu sína á nýtingu hennar. Ef grundvellinum væri kippt undan þeim rekstri væri hætt við að mikil verðmæti glötuðust.

Björgólfur sagði að barátta LÍÚ hefði ekki síst miðað að því að berjast fyrir þessum grundvallarréttindum. „Án þeirra getur sjávarútvegur ekki skilað þeim árangri og arðsemi sem samfélagið krefst af honum. Án þeirra geta fyrirtækin ekki starfað með eðlilegum hætti og haldið áfram á þeirri braut hagræðingar og aukinnar verðmætasköpunar sem kvótakerfið hefur sannanlega haft í för með sér.“

**NÝTINGARRÉTTURINN ÚTVEGSMANNA**

Einar K. Guðfinnsson, sjávarútvegsráðherra, hefur frekar verið talsmaður kvótatilfærslu enda hafa Vestfirðingar kvartað hástöfum undan núverandi kvótakerfi. Í þessum tilfærslum hefur kvóti verið tekinn af burðugum útgerðum og afhentur öðrum. Einar Kristinn sagði í ræðu á aðalfundinum að hluti fiskveiðistjórnunarkerfisins byggðist beinlínis á byggðatengdum úrræðum. Rétt væri að veiðiréttur smábátaflotans svokallaða hefði aukist ár frá ári.

„Okkur getur greint á um nákvæmt fyrirkomulag fiskveiðistjórnunarinnar og ýmsa þætti hennar, en kjarni málsins lítur að nýtingarréttingum. Um þau mál hafa á hinn bóginn staðið miklar deilur hér á landi. Í þeim deilum hef ég skipað mér við hlið íslenskra útvegsmanna enda hef ég talið það vera forsendu skynsamlegrar auðlindanýtingar að fyrir lægi hvar veiðirétturinn lægi og enn fremur að ekki gengi að stjórnvöld byggðu inn í þann nýtingarrétt sjálfvirka skerðingu eins og sumir stjórnmálamenn hafa talað fyrir,“ sagði Einar og hann væri talsmaður þess að nýtingarrétturinn væri útvegsmanna. Skynsamlegra sé að veiðirétturinn sé í höndum þeirra sem hefðu með nýtingu auðlindarinnar að gera.



Fréttablaðið/E.ÓL.

**PÁLL H. PÁLSSON STOFNANDI VÍSIR Í GRINDAVÍK** Ungir menn í útgerð í dag þekkja ekki að vera blankir.

# Fundirnir voru fjörugri

## Páll H. Pálsson hefur sótt aðalfundi LÍÚ í yfir 40 ár.

„Fundirnir voru fjörugri í gamla daga,“ segir Páll H. Pálsson, stofnandi Vísis í Grindavík, sem hefur sótt aðalfundi Landssambands útvegsmanna í yfir 40 ár. Hér áður fyrr hafi menn virkilega tekist á, sérstaklega þegar rætt var um skiptingu veiðiheimilda milli báta og togara á upphafsárum kvótakerfisins.

Páll man tímana tvenna þegar kemur að sjávarútveginum. Hann segir marga unga menn í útgerð í dag ekki þekkja það að vera blankir. Þegar hann var að byggja upp sitt fyrirtæki, sem stofnað var árið 1965, hafi fjölskyldan lagt allt sitt í reksturinn. Eftir það var athugað hvað eftir væri til að borga honum laun.

Í þessu samhengi rifjar Páll upp gamla sögu þegar þau hjónin ætluðu að elda góðan mat á sunnudegi. Fyrr um daginn bankaði vélstjóri sem vann hjá honum uppá og vantaði fyrir einni flösku. „Ég dró þá bara upp veskið og lét hann hafa fyrir einni flösku,“ segir Páll og brosir. Í staðinn varð sunnudagsmatur fjölskyldunnar eitthvað fátæklegri en upphaflega stóð til. Svona var þetta í gamla daga.

Vísir í Grindavík er enn í eigu fjölskyldu Páls og gengur vel. Sjálfur hefur Páll starfað til sjós og lands og hafði unnið við sjávarútveg áður en Vísir var stofnaður. Aðspurður hvort hann hafi mætt á aðalfund LÍÚ árlega segir hann það nærri lagi. Hann sé meira fyrir að fylgjast með umræðunum en að taka þátt í þeim sjálfur.

Páll segir að Kristján Ragnarsson, fyrrverandi formaður LÍÚ, sé einn eftirminnilegasti fulltrúinn á aðalfundi fyrr og síðar. Það hafi aldrei verið neinn lognmolla í kringum Kristján og hann hafi haft gaman af.

## FÓLK Á FERLI

**HEIÐRÚN ÝRR JÚLÍUSDÓTTIR** hefur verið ráðin framkvæmdastjóri rannsóknarsviðs Plexus Consulting Group í Washington DC. Fyrirtækið er almannatengslafyrirtæki og er í náinni samvinnu við KOM Almannatengsl í Reykjavík og hefur meðal annars verið ráðgefandi fyrir íslenska sjávarútvegsráðuneytið í Washington. Heiðrún er stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík og hefur lokið BA-prófi í alþjóðlegri stjórnmálafræði og ensku frá háskólanum í Växjö í Svíþjóð.



**ALLAN STRAND OLESEN**, framkvæmdastjóri ISB Luxembourg S.A., hefur verið ráðinn sem framkvæmdastjóri yfir starfsemi Íslandsbanka í Benelúx-löndunum, Þýskalandi og Norðurlöndunum, að undanskildum Noregi. Skrifstofurnar í Lúxemborg og Kaupmannahöfn verða ábyrgar fyrir fjárfestingarstarfsemi bankans í Danmörku, Benelúx-löndunum og Þýskalandi auk Svíþjóðar og Finnlands. Allan Strand hefur aðsetur í Lúxemborg.



**BJÖRGVIN JÓN BJARNASON** er nýr framkvæmdastjóri hjá innanlandssviði Samskipa (Landflutningar-Samskip). Björgvin er fæddur árið 1966, kvæntur Guðlaugu Sigurðardóttur og eiga þau þrjú börn. Hann útskrifaðist sem iðnrekstrarfræðingur frá Tækniskóla Íslands árið 1989 og með BS-gráðu í iðnaðartæknifræði frá sama skóla 1992. Áður en Björgvin kom til starfa hjá Samskipum var hann framkvæmdastjóri hjá Síld og fiski ehf. og Rekstrarfélaginu Braut ehf. frá febrúar 2004. Þar áður starfaði hann sem stjórnunarráðgjafi hjá IBM Business Consulting Service.



**RAGNAR ÞÓR RAGNARSSON** er nýr framkvæmdastjóri upplýsingasviðs Samskipa. Hann er fæddur árið 1971, kvæntur Hólmfríði Einarsdóttur og eiga þau tvö börn. Hann útskrifaðist með BS-gráðu í tölvunarfræði frá Háskóla Íslands árið 1993 og MBA-gráðu í „Shipping and Logistics" frá Copenhagen Business School árið 2005. Ragnar hóf störf hjá Samskipum árið 1993 sem tölvunarfræðingur og var deildarstjóri tölvudeildar frá 1996 til 2000 þegar hann varð framkvæmdastjóri hjá Þróun hf. Árin 2002-2003 starfaði Ragnar hjá ráðgjafafyrirtækinu Nobex. Hann réðst til starfa hjá Samskipum á ný í janúar 2004 sem forstöðumaður upplýsingatæknideildar.



# Í húsgögnin fyrir tilviljun

**Húsgagnaverslunin Tekk Company nýtur mikilla vinsælda í þeirri húsgagnasprengingu sem hefur átt sér stað. *Eggert Þór Aðalsteinsson* hitti tvo af eigendunum, sem segja að velta fyrirtækisins fari yfir hálfan milljarð á árinu.**

Tilviljun frekar en útpæld viðskiptahugmynd olli því að húsgagnaverslunin Tekk Company var stofnuð í lok september árið 1998. Hjónin Elín María Sigurjónsdóttir og Eyþór Kolbeinsson, sem eiga verslunina ásamt Finni, bróður Eyþórs, og konu hans Telmu Birgisdóttur, voru búsett í Hollandi þegar hugmyndin fæddist að flytja inn húsgögn. „Við byrjuðum á því að velja í einn gám sem við prófuðum á sölusýningu í Blómavali án þess að vera búin að hugsa eitthvað lengra," segir Elín. Gámurinn kláraðist á stuttum tíma. „Við hittum á eitthvað sem gekk upp," bætir hún við.

Ákveðið var að stofna húsgagnaverslun undir nafninu Tekk-Vöruhús í gamla Alaska-fjósinu í Breiðholti. Þeim bauðst í framhaldinu að fara inn í Kringluna, sem kom versluninni á lappirnar, og þaðan lá leiðin inn í Bæjarlind þar sem fyrirtækið hefur tvöfaldast að stærð.

Tekk keypti meðal annars húsgagnaverslunina Company af Bolla Kristinssyni og sameinaði nöfnin í eitt. Er verslunarrýmið nú um ellefu hundruð fermetrar að flatarmáli.



Fréttablaðið/Valli

**EYÞÓR KOLBEINSSON OG ELÍN MARÍA SIGURJÓNSDÓTTIR, TVEIR AF EIGENDUM TEKK COMPANY** „Við finnum fyrir mikilli eftirspurn eftir því að fá stílista heim til fólks til að aðstoða það við að velja réttu húsgögnin og fá hugmyndir. Við erum með þessa þjónustu í dag en sjáum þar fyrir okkur mikla aukningu á næstunni."

### HLÝLEIKINN Í FYRIRRÚMI

Í atvinnuhverfinu í Lindunum í Kópavogi hefur safnast saman fjöldi húsgagnaverslana. „Kópavogsmenn vilja meina að þetta svæði sé miðja húsgagnaverslana," segir Eyþór. „Við vildum staðsetja okkur þar sem þessi geiri er."

Þegar þau eru spurð um sérstöðu Tekk svara þau því að þau horfi ekki mikið á hvað aðrir geri heldur reyni þau að vinna út frá eigin hugmyndum. „Við teljum að okkur hafi tekist að koma inn á markaðinn með blöndu af húsgögnum og alls konar gjafavörum en þar höfum við styrkt okkur að undanförnu. Einnig leggjum við mikla áherslu á uppsetningu og útlit verslunarinnar. Ég vil meina að hlýleikinn sé jafnaði í fyrirrúmi í versluninni en svo getum við farið út í antíkstíl og nútímastíl á öðrum stöðum í henni," bendir Elín á.

En hvaðan koma vörurnar? „Við fáum vörur alls staðar að; frá Hollandi, Belgíu, Þýskalandi, Spáni og Bandaríkjunum og Asíu. Tekk er ekki hluti af erlendu merki þannig að vörurnar eru keyptar frá mörgum framleiðendum," segir Eyþór.

Af einstökum hlutum er salan mest í sófum og borðstofusettum. Leðurhúsgögnin eru vinsæl sem og húsgögn í hvítu, svörtu og úr eik. Mikill vöxtur hefur einnig legið í heimilisvörum, til dæmis fyrir baðið. Þar má nefna sölu í handklæðum og öðrum fylgihlutum. Meðal vörunýjunga má nefna nýja línu í amerískum sófum og þá hafa heimilisvörur frá danska fatamerkinu Day verið teknar inn. Hjónin segja að aðall Tekk Companys sé fjölbreytt lína og mikið úrval.

**Tekk Company**
Stofnár: 1998
Eigendur: Elín María Sigurjónsdóttir, Eyþór Kolbeinsson, Finnur Kolbeinsson og Telma Birgisdóttir.
Velta: Yfir 500 milljónir á þessu ári
Fjöldi starfsmanna: Tólf starfsmenn á lager og í verslun auk fjögurra eigenda.

### SPRENGING Á HÚSGAGNAMARKAÐI

Húsgagnamarkaður er mjög öflugur um þessar mundir og hefur verið stöðugur tröppugangur öll árin hjá Tekk. Árlegur vöxtur hefur verið að meðaltali þrjátíu prósent og mun velta fyrirtækisins fara yfir 500 milljónir þetta árið. Þau telja að margt komi við sögu sem gerði þeim kleift að ná sterki stöðu á markaðnum. „Eftir á að hyggja var markaðurinn hugsanlega smá staðnaður þegar við komum inn. Það var greinilega pláss fyrir nýja aðila með ferskar hugmyndir."

Þau benda á að uppgangur á Íslandi síðustu árin skili sér í meiri neyslu almennings en einnig hafi áhugi aukist mjög fyrir húsgögnum og allri umræðu um þau, eins og sést best á vinsældum innlits- og útlitsþátta og tímarita um híbýli. „Við finnum fyrir mikilli eftirspurn eftir því að fá stílista heim til fólks til að aðstoða það við að velja réttu húsgögnin og fá hugmyndir. Við erum með þessa þjónustu í dag en sjáum þar fyrir okkur mikla aukningu á næstunni," segir Eyþór.

Þau nefna einnig að mikil viðhorfsbreyting hafi orðið hérlendis sem hafi þanið húsgagnamarkaðinn út. Í dag eigi margir sumarhús og telji það sjálfsagt að kaupa inn ný og falleg húsgögn í stað þess að stóla á gamla sófasettið og lúna borðið. Blómlegur nýbyggingamarkaður hjálpar einnig til.

Eyþór og Elín eru opin fyrir frekari vexti Tekk Company hér á landi og fylgjast vel með því sem gerist í kringum þau. Þau eru sammála um að þetta hafi verið afar skemmtilegur tími og auðvitað er alltaf gaman þegar vel gengur. „Við ætlum að halda þessu áfram meðan við höfum gaman af þessu. Við höfum á að skipa góðum hóp af starfsfólki og stemningin á vinnustaðnum er góð."

**Tekk er ekki hluti af erlendu merki þannig að vörurnar eru keyptar frá mörgum framleiðendum.**






## BESTA RÁÐIÐ

# Að njóta þess að læra

Þóranna Jónsdóttir stjórnendaráðgjafi lagði stund á MBA-nám við IESE í Barcelona. Í skólanum var nemendum uppálagt að leggja hug og hjarta í verkin og þá myndi árangurinn ekki láta á sér standa. Þar var jafnframt lögð áhersla á að hafa gaman af viðfangsefnunum og njóta þess sem tekist var á við. Að mati Þórönnu á þetta við í mjög víðtækum skilningi. „Njóti maður þess að læra og þroskast munu góðar einkunnir fylgja í kjölfarið. Á sama hátt munu fyrirtæki sem leggja áherslu á og njóta þess að skapa virði fyrir viðskiptavini uppskera meiri hagnað en þau sem einblína á hagnaðinn sem slíkan." Hún telur þetta ekki síst eiga við í lífinu sjálfu. Læra þurfi að njóta ferðalagsins í stað þess að vera alltaf að bíða með hamingjuna þar til einum eða öðrum áfanganum er náð.

Hugmyndir Stepens Covey sem skrifaði bókina „Seven habits of highly effective people" hafa einnig verið Þórönnu hugleiknar. Covey talar um að verkefnum megi skipta í „mikilvæg" og „ekki mikilvæg" og að sjálfsögðu eigi fólk að einbeita sér að þeim mikilvægu. Það reynist þó ekki alltaf auðvelt. Það sem er hins vegar athyglisverðara er að mikilvægu verkefnunum má skipta í þau sem eru áríðandi og þau sem eru ekki áríðandi. „Það eru oft á tíðum einmitt þau mikilvægu verkefni sem eru ekki áríðandi sem eru stóru verkefnin í lífinu. Til þess að sinna þeim þarf maður að gefa sér tíma en ekki bíða þess að tíminn gefi sig fram," segir Þóranna. - hhs



**ÞÓRANNA JÓNSDÓTTIR STJÓRNENDARÁÐGJAFI** Hennar reynsla er að leggi maður hug og hjarta í verkin láti árangurinn ekki á sér standa.

# Gengishagnaður í fyrirrúmi

Straumi-Burðarási Fjárfestingarbanka er spáð 4.351 milljóna króna hagnaði á þriðja árshluta samkvæmt spám greiningardeilda bankanna. Til samanburðar nam hagnaður Straums um 3.141 milljónum á sama tíma í fyrra. Burðaráss rann inn í Straum þann 1. ágúst.

Gengishagnaður spilar stórt hlutverk í uppgjöri félagsins. Hækkun á gengi Íslandsbanka vegur þungt á metunum, enda er Straumur-Burðarás stærsti eigandinn í bankanum. - eþa



**FYRSTA UPPGJÖR SAMEINAÐS FÉLAGS** Straumi-Burðarási er spáð 4.351 milljóna króna hagnaði á þriðja árshluta.

**SPÁR UM HAGNAÐ STRAUMS-BURÐARÁSS Á 3. ÁRSFJÓRÐUNGI**

| | |
|---|---|
| Spá Landsbanka | 4.425 |
| Spá KB banka | 4.400 |
| Spá Íslandsbanka | 4.227 |
| **Meðaltalsspá** | **4.351** |

# Verðbólga í Japan

## Útlit fyrir að tíu ára tímabili verðhjöðnunar ljúki.



Útlit er fyrir að verðbólga mælist í Japan á næstu mánuðum. Er það merkilegur áfangi fyrir þær sakir að undanfarin tíu ár hefur verið viðvarandi verðhjöðnun í japanska hagkerfinu.

Í mánaðarskýrslu skuldastýringar KB banka segir að útlánin í bankakerfinu séu hætt að dragast saman og framleiðslugeta hagkerfisins sé betur nýtt. Stjórnarmenn seðlabankans í Japans hafi hver á fætur öðrum komið fram opinberlega og lýst yfir að séð væri fyrir endann á verðhjöðnunartímabilinu. Seðlabankastjórinn hafi sagt að verðbólga í Japan yrði staðreynd um næstu áramót. Sá tími nálgaðist að herða þyrfti tökin í peningamálastefnunni. - bg

# SHB hagnast vel

Svenska Handelsbanken – SHB, þriðji verðmætasti banki Norðurlandanna, skilaði um fjórum milljörðum sænskra króna í hagnað fyrir skatta á þriðja ársfjórðungi sem jafngildir um þrjátíu milljarða hagnaði. Hagnaður jókst um tuttugu prósent á milli ára og er einnig fimmtungi meiri en sérfræðingar gerðu ráð fyrir. Hagnaður eftir skatta var 2,9 milljarðar sænskra króna eða 22 milljarðar króna.

Þrátt fyrir fínar afkomutölur lækkaði gengi bankans um tæpt prósent. - eþa


## Hátíðarráðstefna í tilefni af 10 ára afmæli Íslensk-Kínverska Viðskiptaráðsins

冰岛中国贸易促进会
Íslensk kínverska viðskiptaráðið

### Kínverskir ferðamenn
### - ný viðskiptatækifæri fyrir íslenska ferðaþjónustu

**Ráðstefna á Hotel Sögu, þriðjudaginn 8. nóvember, kl.13.00 - 16.30, salur A.**

**Dagskrá:**

| | |
|---|---|
| 13.00 - 13.30 | Skráning og afhending ráðstefnugagna |
| 13.30 - 13.40 | Opnun ráðstefnu: Sturla Böðvarsson, samgönguráðherra |
| 13.40 - 13.50 | Baldur Hjaltason, formaður Íslensk-Kínverska viðskiptaráðsins |
| 13.50 - 14.20 | Hr. Wan Jifei, formaður CCPIT í Kína |
| 14.20 - 14.30 | Kínverska sendiráðið, ÍKV og Útflutningsráð Íslands undirrita samstarfsyfirlýsingu |
| 14.30 - 14.50 | Hr. Veli Rosenberg, formaður The Finnish-Chinese Society *„Is there a Rabbit on the Moon? Doing business with Chinese"* |
| 14.50 - 15.10 | Kaffihlé |
| 15.10 - 15.30 | Ragnar Baldursson, sendiráðunautur í utanríkisráðuneytinu *„Menningarbakgrunnur kínverskrar útrásar"* |
| 15.30 - 15.50 | Þorsteinn Örn Guðmundsson, forstjóri FL Travel Group *„Kínverskir ferðamenn - vaxtartækifæri íslenskrar ferðaþjónustu"* |
| 15.50 - 16.10 | Magnús Bjarnason, forstöðumaður Alþjóðasviðs Íslandsbanka *„Þróun viðskipta á milli Kína og Íslands"* |
| 16.10 - 16.20 | Samantekt og ráðstefnuslit |

Fundarstjóri: Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri ÍKV

Vinsamlegast skráið þátttöku með því að senda tölvupóst á Guðmundu Smáradóttur, gudmunda@fis.is. Aðgangseyrir 2.500.

Innifalið eru ráðstefnugögn og kaffiveitingar.

H2 hönnun



BlackBerry® frá Vodafone

Mobile Office FRÁ OG VODAFONE

# Alvöru ferðaskrifstofa

**BlackBerry® frá Vodafone** er fremsta þráðlausa samskiptatækið í dag og gerir notendum mögulegt að vera í stöðugum samskiptum við viðskiptavini og samstarfsmenn. Auk þess að vera GSM sími veitir **BlackBerry frá Vodafone** notendum aðgang að tölvupósti, dagbók, tengiliðalista og Vefnum, allt í rauntíma.

**Með BlackBerry frá Vodafone er hægt að gera flest það sem þú gerir á skrifstofunni, óháð stað og stund.**

- **BlackBerry frá Vodaone** er alltaf tengdur og tölvupóstur berst og er sendur samstundis
- Stór skjár sem hentar vel við að skoða viðhengi
- Aldrei þarf að uppfæra upplýsingar á milli farsímans og tölvunnar
- **BlackBerry frá Vodafone** uppfyllir ítrustu öryggisstaðla
- **BlackBerry frá Vodafone** er einstaklega vel hannaður fyrir kerfisumsjón

**BlackBerry frá Vodafone** er hluti af **Mobile Office**, heildstæðu þjónustuframboði Og Vodafone fyrir viðskiptalífið sem gerir fólki mögulegt að miðla upplýsingum óháð stað og stund. Hraði, öryggi og einfaldleiki eru einkunnarorð okkar í þeim lausnum sem við bjóðum fyrirtækjum.



KOMIÐ Vodafone Mobile Connect

NÓVEMBER Global Hotspots

DESEMBER Vodafone World

og vodafone

Heyrumst!

Nánari upplýsingar veitir **Fyrirtækjaþjónusta Og Vodafone,** Síðumúla 28, í síma 599 9500. Einnig er hægt að senda tölvupóst á 5999500@ogvodafone.is

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Einkavæðing hefur umbylt fjármálakerfinu:

# Bankakerfið aldrei sterkara

**Hafliði Helgason**

Samanlagður hagnaður viðskiptabankanna fyrstu níu mánuði ársins nemur nú um 66 milljörðum króna. Samanlagt eigið fé þeirra er 350 milljarðar króna.

Eigið fé bankanna nemur því aðeins meiru en fjárlög íslenska ríkisins. Eiginfjárstaðan er sterk og lánshæfismat þeirra hjá alþjóðlegum matsfyrirtækjum er gott og hefur styrkst. Íslenskt fjármálakerfi hefur aldrei staðið sterkar og ræður við mun meiri ágjöf en nokkru sinni fyrr. Skattgreiðslur af fjármálastarfsemi námu fyrir árið í fyrra fimm milljörðum króna og verða hærri fyrir árið í ár. Ríkið fær í sinn hlut nú meira af fjármálastarfsemi en það fékk á meðan það átti bankana. Þá þurfti það stundum að borga með þeim.

Hagnaður þessara þriggja banka sem þá voru fjórir var 5,5 milljarðar árið 2001 þegar ríkið seldi hlut sinn. Heildareignirnar voru eitt þúsund milljarðar, en eru nú 4.700 milljarðar og fara vaxandi.

Spá þeirra sem sögðu að ríkið myndi hagnast mun meira af sölu bankanna en sem nemur söluverðinu höfðu rétt fyrir sér. Með einkavæðingunni opnuðust flóðgáttir sem hafa leitt til mikillar verðmætasköpunar fyrir samfélagið. Íslendingar eiga nú þrjá öfluga og framsækna banka sem hafa styrkt stoðir sínar með kaupum á erlendum fjármálafyrirtækjum.

Útrás bankanna hefur ekki einungis aukið styrk og verðmæti þeirra sjálfra. Hún hefur opnað dyr fyrir íslensk fyrirtæki til að sækja fram. Innan þeirra fer saman þekking á íslenskum fyrirtækjum og athafnamönnum og vaxandi þekking á þeim mörkuðum sem þeir starfa á.

**Hættan við kaupréttarsamninga er sú að stjórnendur láti skammtímasjónarmið fremur ráða gjörðum sínum en langtíma sjónarmið. Eftir því sem best verður séð hefur sú ekki verið raunin. Þvert á móti virðist útrás og uppbygging bankanna mótast af skynsemi, þrátt fyrir mikinn sóknarhug.**

Verðmæti bankanna á markaði hefur margfaldast á síðustu árum og með því hefur eign fjölmargra hluthafa vaxið gríðarlega. Þegar vöxtur og verðmætaaukning er svo hröð sem raun ber vitni er stutt í úrtöluraddirnar. Með reglulegu millibili hafa risið upp raddir sem telja að hér sé bóla á ferðinni sem muni springa. Þessar raddir eiga tæpast rétt á sér. Vissulega er ytra umhverfi í fjármálastarfsemi hagfellt nú um stundir og jafn víst að það verður ekki alltaf jafn gott. Bankarnir hafa nýtt uppsveifluna vel og fleiri og styrkari stoðir eru undir starfsemi þeirra.

Fjámálakerfið er ein af stoðum þjóðfélagsins. Það skiptir gríðarlegu máli að það sé öflugt og standi á traustum grunni. Þegar á móti blæs getur sterkt bankakerfi tekið á sig vind og flýtt fyrir viðsnúningi hagkerfis verði það fyrir áföllum.

Einn fylgifiska þess þegar vel gengur er að margir auðgast. Stjórnendur bankanna hafa auðgast verulega á kaupréttarsamningum. Tilgangur slíkra samninga er að vefa saman hagsmuni stjórnenda og hluthafa. Slíkt hefur tekist vel undanfarin ár og hluthafar og stjórnendur grætt vel á framrás bankanna. Hættan við kaupréttarsamninga er sú að stjórnendur láti skammtímasjónarmið fremur ráða gjörðum sínum en langtíma sjónarmið. Eftir því sem best verður séð hefur sú ekki verið raunin. Þvert á móti virðist útrás og uppbygging bankanna mótast af skynsemi, þrátt fyrir mikinn sóknarhug.

bjorgvin@markadurinn.is | hjalmar@markadurinn.is | eggert@markadurinn.is
haflidi@markadurinn.is | holmfridur@markaðurinn.is




# Það er dýrt að vera leiðinlegur

**ORÐ Í BELG**



**Viggó Örn Jónsson**
Meðeigandi auglýsingastofunnar Jónsson & Le'macks.

Ef ég sit til borðs með fólki sem ég þekki lítið snýst umræðan gjarnan að starfi mínu. Þetta er að hluta til vegna þess að ég tala of mikið um starf mitt en þetta er líka vegna þess að auglýsingar eru auðvelt umræðuefni. Það sjá allir auglýsingar og það hafa flestir skoðun á þeim. Þó þessi samtöl mín séu ekki hávísindaleg úttekt á virkni auglýsinga hafa þau hins vegar endanlega sannfært mig um gildi þess að gera auglýsingar skemmtilegar. Fólk man eftir auglýsingum sem eru skemmtilegar og talar um þær. Á dögunum var ég t.d. að ræða við útlending sem var staddur hér á landi. Þegar ég nefndi einn af mínum viðskiptavinum sem birtir auglýsinar á ensku, brosti hann og þuldi upp orðrétt fyrirsögnina úr nýjustu auglýsingunni þeirra. Hann hafði séð hana einu sinni.

**FJÁRFEST Í FÚLHEITUM**

Í mínum huga er þetta fyrst og fremst spurning um peninga. Það er lélegur bisness að kaupa pláss í fjölmiðlum fyrir tugi milljóna á hverju ári og nota plássið síðan undir eintóm leiðindi sem enginn man eftir fimm mínútum seinna. Það kostar milli þrjú og fjögur hundruð þúsund krónur að birta eina heilsíðuauglýsingu í þessu ágæta dagblaði. Þrjátíu sekúndna sjónvarpsauglýsing sem birtist rétt á undan sjöfréttum ríkissjónvarpsins kostar sextíu þúsund krónur. Ein vika á strætóskýlum höfuðborgarinnar kostar hálfa milljón og er þá prentun á plakötunum ekki innifalin. Hvernig stendur á því að auglýsendur borga þessar upphæðir til þess eins að vera leiðinlegir á almannafæri? Hvers konar fjárfesting er það eiginlega?

**HVERNIG ER FYRIRTÆKIÐ SKEMMTILEGT?**

Það þurfa ekki allar auglýsingar að vera tryllingslega fyndnar – markmiðið er ekki að fólk veltist um af hlátri þegar það flettir dagblöðunum. Skemmtilegt þarf ekki endilega að þýða fyndið. Það getur líka þýtt Áhugavert, Sniðugt, Spennandi, Frumlegt, Óvenjulegt eða jafnvel Fróðlegt. Auglýsendur eru ólíkir og það er langt því frá að það henti öllum að reyta af sér brandara. Þeir hafa hins vegar allir eitthvað að segja. Ein af stærstu auglýsingastofum heims notar slagorðið „Truth Well Told“. Stofan má muna betri tíma en slagorðið er gott og er í raun ágætis skilgreining á hlutverki auglýsingastofa. Auglýsingastofa á að skoða vöruna sem verið er að selja, finna á henni áhugaverðustu eiginleikana og setja þá fram þannig að eftir sé tekið og munað sé eftir.

**ERU ÞAU AÐ HLÆJA MEÐ MÉR EÐA AÐ MÉR?**

Þetta virðist hins vegar vefjast fyrir auglýsendum og auglýsingastofum. Vandamálið er náttúrulega að það er erfitt að mæla Skemmtilegheit. Birtingaplan er hins vegar auðvelt að setja upp í Excel. Tilhneigingin er því alltaf að leita í huggulegar innihaldslitlar myndir og birta þær í tætlur. Þetta heitir á fagmáli að vera „safe“ í auglýsingagerðinni. Það eru hins vegar vond fræði. Hvernig er það „safe“ að henta 30 milljónum í ruslið? Ég held að það sé vegna þess að fyrirtæki treysta ekki auglýsingastofunni sinni.

**BRJÁLAÐA FÓLKIÐ**

Fólk sem vinnur ekki við auglýsingagerð gengur gjarnan með þá hugmynd í kollinum að auglýsingagerð sé eitthvað flipp og fólkið á auglýsingastofunum vinni við að láta sér detta í hug einhverjar klikkaðar hugmyndir út í bláinn. Það hjálpar ekki þessum misskilningi að sumt fólk í auglýsingabransanum er haldið þessum sömu ranghugmyndunum. Fyrir vikið eru margir efins um heilindi þeirra sem eru að gera auglýsingar fyri sig. Er þetta fólk að reyna að gera flottar auglýsingar til að vinna verðlaun og monta sig af eða eru þau að reyna að selja dömubindi fyrir mig?

**HUGMYNDAFÆRIBANDIÐ**

Það er erfitt að raða niður framleiðslulínunni þegar einn framleiðsluþátturinn er „hugmynd“. Hugmyndir eru þeim ósköpum gæddar að þær koma ekki alltaf eftir pöntun. Þær eru illmælanlega og illskiljanlegar í sinni hráustu mynd. Þær eru dýrar í framleiðslu vegna þess að þú þarft ákveðna tegund af starfsfólki sem lítið framboð er af og það er ótrúlega erfitt að skipuleggja hagkvæmt vinnuferli í kringum það. En ekki nóg með það. Hugmynd, í eðli sínu, er ögrandi. Hún gerir kröfur um breytingar og að fyrirtæki líti á sjálft sig og vöru sína í nýju ljósi. Þetta er erfitt að gera. Þetta er hins vegar nauðsynlegt. Fyrirtæki þurfa að þróast með tímanum og fólkinu í landinu. Þess vegna þurfa fyrirtækin líka að finna auglýsingafólk sem það treystir og leyfa því fólki að vinna sína vinnu. Annars verður þetta allt svo leiðinlegt og það er ómögulegt. Það er svo dýrt.



**„Það kostar milli þrjú og fjögur hundruð þúsund krónur að birta eina heilsíðuauglýsingu í þessu ágæta dagblaði. Þrjátíu sekúndna sjónvarpsauglýsing sem birtist rétt á undan sjöfréttum ríkissjónvarpsins kostar sextíu þúsund krónur. Ein vika á strætóskýlum höfuðborgarinnar kostar hálfa milljón og er þá prentun á plakötunum ekki innifalin. Hvernig stendur á því að auglýsendur borga þessar upphæðir til þess eins að vera leiðinlegir á almannafæri?“**

**UM VÍÐA VERÖLD**

## *Kína enn heitt*

**The Ecnomist** | Teikn eru á lofti um að fjárfestingar erlendra aðila í Kína hafi náð hámarki eftir að þær drógust saman um 2,1 prósent á fyrstu níu mánuðum ársins miðað við sama tímabil í fyrra. Þetta segir vikutímaritið The Economist. Ekkert ríki hefur notið jafn mikillar hylli útlenskra kaupahéðna og Kína undanfarin ár. Skriðan fór af stað þegar Kínverjar gengu inn í Alþjóða viðskiptastofnunina árið 2001. Margt bendir til þess að ákveðin mettun hafi átt sér stað í ákveðnum atvinnugreinum. Dregið hefur úr því að fjárfestar flytji vinnuaflsfreka iðnaðarstarfsemi til Kína. Taívanar hafa flutt mestalla starfsemi sína til Kína og eftir stendur aðeins hátækniframleiðslan, sem af pólitískum ástæðum hverfur aldrei þaðan. En þrátt fyrir að bæði kaupgjald og hráefniskostnaður fari hækkandi bendir ekkert til þess að Kínverjar séu að missa hlutfallslega yfirburði sína yfir önnur ríki sem liggja í miklu og ódýru vinnuafli. Kína er því enn mjög spennandi kostur í augum erlendra fjárfesta. Fimm milljarðar Bandaríkjadala streyma á hverjum mánuði inn í kínverskt hagkerfi og varla missa valdhafar í Peking svefn yfir því.

## *Wal-Mart verður græna*

**Finacial Times** | Stærsta matvælakeðja heims, Wal-Mart, ætlar að leggja sitt af mörkum til umhverfismála í kjölfar gagnrýni þrýstihópa á starfshætti þess í þeim efnum. Fyrirtækið hefur verið gagnrýnt af ýmsum hópum sem segja að ofurkapp þess á að halda niðri kostnaði hafi skaðleg áhrif á samfélagið og hagkerfið. Stjórnendur Wal-Mart hafa tilkynnt að þeir ætli að setja hálfan milljarð Bandaríkjadala árlega í það að gera fyrirtækið umhverfisvænna, nýta sér umhverfisvænni tækni í verslunum, minnka úrgang frá þeim og bæta nýtingu eldsneytis við dreifingu um fjórðung. Wal-Mart á stærsta vörubílaflota Bandaríkjanna og benda stjórnendur fyrirtækisins á að með því að nýta eldsneyti betur megi draga enn frekar úr kostnaði. Það mun hafa í för með sér miklar breytingar á framleiðslu flutningabíla.

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Björgvin Guðmundsson, Eggert Þór Aðalsteinsson, Hjálmar Blöndal, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Jónína Pálsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

# Viðskiptahallinn slær sífellt ný met

ÞJÓÐARBÚSKAPURINN

Viðskiptahallinn slær hvert metið af öðru. Greining Íslandsbanka segir hallann meiri en hún spáði og var þó sæmilega í lagt.

„Gengisbreytingar hafa mikil áhrif á þróun útflutningsverðmætis, en heildarverðmæti útflutnings var um 141 ma. króna á fyrstu 9 mánuðum ársins. Þannig hefur verðmæti útflutnings á þessu tímabili aukist um tæp 4% milli ára á föstu gengi, en á gengi hvers árs lækkaði verðmætið um tæplega 6% á sama tímabili. Magn útfluttra vara minnkaði um rúm 2% en verð útflutnings lækkaði að jafnaði um 3,7% milli ára á ofangreindu tímabili.“

„Verðmæti útfluttra sjávarafurða var rúmir 83 ma. króna á tímabilinu, sem er 7,6% lækkun frá fyrra ári, en að magni til minnkaði útflutningur sjávarfangs um 4,4%. Útflutningur iðnaðarvara, þ.m.t. stóriðju, minnkaði að heildarverðmæti um 7,4% milli ára, en að magni til var lækkunin rúmlega 3%.“

„Gífurleg aukning hefur orðið á innflutningi milli ára sem einkum má rekja til aukinnar einkaneyslu og stóriðjufjárfestinga. Verðmæti innfluttra vara reyndist 212,6 ma. króna frá ársbyrjun til septemberloka í ár, og jókst um tæplega þriðjung frá fyrra ári á föstu gengi, en sé tekið tillit til gengisþróunar var aukningin 23%. Mest er aukningin í fjárfestingarvörum, tæplega 38% að magni til, og eru stóriðjufjárfestingar þar drjúgar. Innflutningur neysluvara hefur einnig aukist mikið milli ára, eða um rúmlega 27% í magni mælt. Munar þar mestu um nærri 70% aukningu milli ára í innflutningi einkabifreiða, en mikil aukning varð einnig í varanlegum neysluvörum á borð við heimilis- og raftæki (40%), og hálfvaranlegum neysluvörum, til að mynda fatnaði (18,5%).“

„Lítið lát er á neyslugleði landsmanna á innfluttum varningi, enda kaupmáttur almennings mikill og gengi hagstætt. Árferðið er hins vegar óhagstætt útflutningsgreinum, eins og endurspeglast í tölunum hér að ofan, og ljóst er að ýmsar þeirra þola illa jafn hátt gengi krónu og raunin er nú. Þetta ójafnvægi á viðskiptum við útlönd, sem einnig sér stað í tölum um neyslu Íslendinga erlendis og ferðalög útlendinga hingað til lands, endurspeglar þjóðarútgjöld umfram þjóðartekjur, sem á endanum kallar á leiðréttingu á gengi krónunnar, en Greining spáir því að slík leiðrétting feli í sér um fjórðungslækkun frá núverandi gengi og eigi sér stað á næstu tveimur árum.“

**Lítið lát er á neyslugleði landsmanna á innfluttum varningi, enda kaupmáttur almennings mikill og gengi hagstætt.**

SPÁKAUPMAÐURINN

## Leiðindalíf án áhættu

Við kollegarnir höfum svolítið verið að leika okkur með bréf KB banka upp á síðkastið. Það hefur nefnilega gengið ágætlega að byggja upp smá stokk í bankanum þegar líða fer að uppgjöri. Selja svo í uppsvinginu strax eftir uppgjörið.

Bankinn er náttúrlega þrusu maskína, en það sem maður er að leika sér með er að það eru allir sjóðir stútfullir af bréfum í bankanum og eiginlega bara spákaupmenn að leika sér með þetta. Þá gildir náttúrlega að vera fremstur meðal jafningja. Það er þannig að þegar menn hafa séð sömu hlutina gerast nokkrum sinnum í röð, þá kemur að því að þeir gerast ekki. Það gerðist núna og af því að maður er jafn næmur og raun ber vitni, þá innleysti ég hagnaðinn á föstudaginn. Seldi allt á genginu 610. Ég var alveg viss um að bankinn yrði yfir væntingum, en ég var líka jafn sannfærður um að allir væru mér sammála. Senaríóið var því að fyrst allir vissu, þá yrði alltaf spennufall eftir uppgjörið. Maður tók því uppsveifluna af gengi KB banka meðan allir voru í hamingjukasti yfir uppgjörinu hjá Landsbankanum, innleysti hagnað og fór fínt út að borða með frúnni fyrir brot af ágóðanum.

Svo keypti ég aftur smá hlut á 593 á mánudaginn og sé bara til með það. Ég held að þessi banki eigi fullt inni, en eins og ég hef áður sagt, þá stendur það bankanum fyrir þrifum að erlendir fagfjárfestar hafa ekki enn keypt í honum. Ég held að það muni gerast, en það getur liðið dáldill tími þangað til. Á meðan er sniðugt að leika sér annars staðar.

FL Group er soldið spennandi, ég vil gjarnan reyna að komast í smá hlut í útboðinu. Ég held að það hljóti að vera pínu spælandi fyrir litlu hluthafana að þeim sé ekki boðið í útboðið. Ég held að FL menn hafi verið of hræddir þar. Þeir ættu allavega að hugleiða þann kost að hleypa litlu hluthöfunum í útboðið. Þetta er hvort eð er allt þræl sölutryggt og ef þeir litlu vilja ekki vera með, þá það. En menn hefðu átt að gefa þeim kost á því.

Ég er einn af þeim sem halda að það sé spennandi séns sem þeir taka með Sterling. Þetta er að vísu áhætta, en ávinningurinn er að sama skapi góður ef vel tekst til. Hvað er líka gaman að áhættulausu lífi? Ríkisskuldabréf eru áhættulaus. Hefur einhver gaman af þeim?

Spákaupmaðurinn á horninu



# Alþjóðabankinn vildi íslenskan lærdóm

Alþjóðabankinn sóttist eftir kröftum **Þórðar Jónassonar**, forstjóra Lánasýslu ríkisins. Hann hafði stýrt starfseminni á mótunarárum íslensks fjármálamarkaðar. Verkefnið var að byggja upp fjármálamarkað í fátækari löndum heimsins í því skyni að útrýma fátækt. *Hafliði Helgason* ræddi við hann um skuldabréf í krónum og mikilvægi fjármálamarkaðar fyrir framþróun fátækari landa.



Fréttablaðið/Hari

**SPENNANDI STARF** Þórður Jónasson, forstjóri Lánasýslu ríkisins, hefur tekið mótandi þátt í breytingum íslensks fjármálamarkaðar. Hann var í þrjú ár hjá Alþjóðabankanum í Washington og segir þann tíma hafa breytt sér, þar sem hann sinnti þróunaraðstoð við uppbyggingu fjármálamarkaða sem eru liður í því verkefni bankans að útrýma fátækt.

Þórður Jónasson tók ungur við stjórn Lánasýslu ríkisins og hefur stýrt henni á breytingaskeiði íslensks fjármálamarkaðar. Árið 2002 fór hann til starfa hjá Alþjóðabankanum í Washington og vann þar í þrjú ár.

„Það var tilviljun,“ segir Þórður um ráðningu sína hjá bankanum. „Það er erfitt að fá vinnu hjá bankanum nema bankinn beinlínis vilji mann.“ Hann segir hausaveiðara á vegum bankans hafa leitað einhvers sem hefði þann bakgrunn að hafa unnið að þróun fjármálamarkaðar. „Hún byrjaði á að tala við fólk í þessum lánageira og þannig gekk, þangað til kollegi minn á Írlandi benti á mig.“

**BANKINN VILDI LÆRA**

Þórður lét slag standa og fjölskyldan fluttist til Washington. „Maður tók þessu fyrst eins og léttu gríni, en svo kom tilboðið og við gripum tækifærið.“ Hjá Alþjóðabankanum starfa tíu þúsund manns.

Íslenska fjármálakerfið hefur tekið miklum breytingum frá því að Þórður hóf störf hjá lánasýslunni. Einkavæðing, hagkerfið opnað og ríkið sótti sér lánsfé á markað. „Það er af sem áður var þegar vöxtum var handstýrt,“ segir Þórður. Reynslan af þessari þróun skuldabréfamarkaðar var það sem Alþjóðabankinn sóttist eftir. „Menn spurðu sem svo: Þarna er þjóð sem virðist of lítil til þess að setja upp hjá sér fjármálamarkað og henni virðist hafa tekist það nokkuð vel.“ Bankinn vildi læra af þessu.

Alþjóðabankanum vildi styrkja ráðgjöf á sviði uppbyggingar fjármálamarkaða og í lánsfjárstýringu. Þórður kom þarna inn í nýjan alþjóðlegan hóp fólks með svipaðan bakgrunn og hann sjálfur. „Þarna hitti maður fólk með svipaða reynslu, en sem hafði kannski aðeins aðra sýn á hlutina. Saman myndaði þetta skemmtilega heild. Svo var allt sett í gang.“

**Þórður Jónasson**
Starf: Forstjóri Lánasýslu ríkisins
Fæðingardagur: 25. júní 1968
Maki: Kolbrún Kristjánsdóttir
Börn Anna Lind f. 1992, Gígja Hrönn f. 2000, Kristján f. 2003

Starfinu fylgdu mikil ferðalög. „Það var auðvitað mesti ókosturinn við þetta hvað maður var mikið fjarri fjölskyldunni.“ Hver ferð var tvær til þrjár vikur og Þórður var í burtu um það bil hundrað daga á ári.

**ANDSTÆÐURNAR MIKLAR**

Markmið Alþjóðabankans er að eyða fátækt í heiminum og stuðla að sjálfbærri þróun. Í því felst að byggja upp heilbrigð efnahagskerfi. „Sú mynd sem margir hafa af þróunaraðstoð er ekki sú mynd sem blasti við mér. Margir halda að í Afríku búi fólk í strákofum og svo fer maður og bankar upp á í Seðlabankanum og þar mætir manni vel menntað fólk og sem beitir vönduðum vinnubrögðum. Svo fer maður ekki lengri vegalengd en héðan og til dæmis í Kópavog og þar er fólk sem borðar upp úr ruslatunnunum og fjörutíu prósent þjóðarinnar lifa undir fátæktarmörkum. Andstæðurnar eru miklar. Í þessum löndum eru hins vegar stundum fjármálakerfi sem ganga þokkalega vel og eru að innri gerð sambærileg við það sem við þekkjum. Hagkerfin eru hins vegar lítil að stærð miðað við fólksfjölda og fátæktin mikil.“ Þórður bendir á að í fjármálakreppum síðustu ára hafi stundum tapast meiri fjármunir en sem nemi þróunaraðstoð yfir langt tímabil. Það sé því mikilvægt að huga að fjármálastöðugleika og mikilvægt sé að tryggja þessum löndum aðgang að fjármagni án þess að innstreymið verði svo mikið að hagkerfin fari úr jafnvægi. „Ég hef unnið í einstökum verkefnum fyrir Alþjóðabankann eftir að ég sneri heim og meðal þess sem við erum núna að vinna að er hvernig er hægt að leysa það vandamál að koma meira fjármagni inn í efnahagskerfi þróunarlanda, án þess að valda ofþenslu.“

**ERLEND ÚTGÁFA DÝPKAR MARKAÐINN**

Undir stjórn Þórðar hefur Lánasýslan ásamt samstarfsaðilum kynnt íslensk skuldabréf fyrir erlendum fjárfestum. Upp á síðkastið hafa erlendir aðilar, ríki og bankar gefið út skuldabréf í íslenskum krónum. Útgáfa sem nemur yfir hundrað milljörðum króna. Þórður segir að þessi útgáfa nemi um tíu prósentum af landsframleiðslu. Svipað er uppi á teningnum í Nýja Sjálandi þar sem sambærileg útgáfa er 26 prósent af þeirra landsframleiðslu. „Ástandið þar og hér er nú með ólíkindum svipað. Þeir hafa horft upp á þetta gerast tvisvar áður og reynsla þeirra er að útgáfa sem þessi hefur gert fjármálakerfið dýpra og skilvirkara, en lykilatriðið sem menn leggja áherslu á þar er að menn hviki ekki frá stefnunni og freistist til að grípa inn í gengismál þegar þessi þróun gengur til baka. Meginreglan virðist vera að menn verða að sætta sig við meira flökt og mega ekki grípa inn í nema fjármálastöðugleikanum sé ógnað.“

Því fleiri sem vilja kaupa skuldabréf í íslenskum krónum, því auðveldara er fyrir ríkið að sækja sér lánsfé í innlendum gjaldmiðli. „Nú eru til dæmis belgískir tannlæknar og ítalskar ekkjur orðin kaupendur að skuldabréfum í krónum. Sú hugsun að selja innlend skuldabréf einungis til innlendra fjárfesta er búin. Nú eru fjölmargir erlendir aðilar sem taka þátt í verðmyndun á markaði með íslensk skuldabréf.“ Þórður segir að þar sem tekjur ríkisins séu að megninu til skattfé sem er í innlendum gjaldmiðli sé skynsamlegt að reyna að hafa sem mest af skuldunum í sama gjaldmiðli. Lánasýslan hóf á sínum tíma í samstarfi við bankana að kynna íslensk ríkisskuldabréf fyrir erlendum fjárfestum, með þeim árangri að fjörutíu prósent bréfanna eru nú í eigu útlendinga.

**UMHIRÐA MEÐ SVEÐJUM**

Ríkið hefur litla þörf fyrir lánsfé nú um stundir og hlutverk Lánasýslunnar að gefa út skuldabréf til að skapa vaxtaviðmið sem aðrir vextir taka mið af. Þórður segir það að draga úr erlendum skuldum nokkuð sem menn ættu að hugsa um við núverandi kringumstæður. „Það hefur verið í takt við góðærið að halda ákveðinni viðveru á innlendum markaði til þess að mynda grunnvexti og þar til við þurfum að taka lán. Það mun koma að því fyrr eða síðar.“

Fjölskyldan kom heim í júlí á þessu ári og hafði þá fjölgað um einn í hópnum. Fjögur fluttu út, þar af eitt smábarn, og fimm fluttu heim. Þórður segir að frítíminn sé helgaður fjölskyldunni, en þau hjónin hafi aðeins byrjað að fikra sig áfram með golf. Þar fyrir utan reynir fjölskyldan að fara saman á skíði. Ferðalögin hafa gefið honum tækifæri til að leika á golfvöllum þar sem fáir Íslendingar hafa spilað. „Við spiluðum sem var engu líkt á golfvelli í Tansaníu þar sem kylfusveinarnir slógust um að fá að vinna fyrir mann og þeir sem sáu um umhirðu vallarins voru með sveðjur.“

Reynslan af starfi við Alþjóðabankann er nokkuð sem Þórður segist ekki fyrir nokkurn mun vilja hafa misst af og hann búi að þeim tengslum sem mynduðust. „Ég tók starfinu af því mér fannst þetta spennandi starf og möguleiki á að heimsækja framandi slóðir. Svo smátt og smátt gerir maður sér grein fyrir því að þetta er þróunaraðstoð og maður lætur gott af sér leiða í starfinu. Það er eitthvað sem breytir manni.“

**HÁDEGISVERÐURINN**

*Með Þórði Jónassyni*
*forstjóra Lánasýslu ríkisins*

*Hádegisverður fyrir tvo á Laugaási*

*Humarsúpa*
*Steikt rauðspretta gratín*

Drykkir
*Sódavatn, vatn og kaffi*
*Alls 4.580 krónur*

## AURASÁLIN

### Bankar eru samfélagsþjónusta

**Enn og aftur** er runninn upp sá tími þegar bankarnir skila nýjum tölum um hvernig það gengur að blóðmjólka hinn almenna launamann. Og viti menn – það hefur aldrei gengið betur. Ef Aurasálinni telst rétt til þá er hagnaður bankanna það sem af er ári í kringum 60 milljarðar króna.

**Sextíu milljarðar** kunna að hljóma sem klink í eyrum sumra kaupsýslumanna og forstöðumanna auðhringa en þetta safnast þegar saman kemur. Fyrir sextíu milljarða má til dæmis kaupa þrjú þúsund hús á tuttugu milljónir króna. Svo mætti hugsa sér að peningunum yrði deilt jafnt niður á alla Íslendinga á kosningaaldri. Þeir fengju þá kringum þrjú hundruð þúsund kall á kjaft.

**En þessi tölfræði** segir auðvitað ýmislegt. Ef hagnaðurinn af hverjum viðskiptamanni í bankakerfinu er 300 þúsund á níu mánuðum – er þá ekki verið að blóðmjólka almenning? Það er augljóst að bankarnir þurfa ekki að græða svona mikið – hvað ætla þeir að gera? Kaupa fleiri miða á Chelsea-leiki í Meistaradeildinni?

**Aurasálin hefur lengi** varað við þeirri óheillaþróun sem er að verða í íslensku þjóðlífi. Hinir stóru stækka á kostnað hinna minni og auðhringar og fjárfestingarbankar eira engu og bókstaflega gína yfir öllu. Og allt er þetta út af gróða sem enginn veit svo hvað á að gera við.

**Dyggir lesendur** Aurasálarinnar vita að hún hefur gjarnan hrósað íslenskum athafnamönnum fyrir dugnað sinn og hugmyndaauðgi í viðskiptum. Því kynni einhver að halda að í máli Aurasálarinnar gætti tvískinnungs, að hún sé ósamkvæm sjálfri sér. Þetta er ekki rétt. Aurasálin hefur alltaf stutt útrás íslensks viðskiptalífs en á sama tíma varað við þeirri hættu sem felst í því að menn græði of mikla peninga.

**Margur verður** af aurum api er sagt. Þessu trúir Aurasálin. Aurasálin hefur fylgst með því hvernig starfsmenn banka og fjármálafyrirtækja hafa smám saman hrokkið aftur nokkur skref í þróunarsögunni og eru margir hverjir orðnir að öpum. Þetta á þó ekki við um gjaldkera eða aðra slíka, heldur fyrst og fremst um verðbréfaliðið. Í verðbréfadeildum bankanna er valinn api í hverju rúmi.

**Aurasálin vonar** að fljótlega dragi hressilega úr gróða bankanna og almenningur fái eitthvað af þessum peningum til baka. Það er dýrt spaug að eiga glæsileg fyrirtæki ef hver og einn þarf að borga 300 þúsund kall á níu mánuðum til þess að standa undir gróðanum. Eðlilegt væri að svona starfsemi væri rekin á núlli, eða því sem næst, þar sem bankastarfsemi er fyrst og fremst samfélagsþjónusta. Það er hugmynd sem þeir ættu að skoða þeir Hreiðar, Sigurjón og Bjarni.



Humarhúsið • Amtmannstíg 1 • 101 Reykjavík • Sími: 561 3303 • humarhusid.is



# ORMSSON

Skrifstofu- og hljómtækjadeild Ormsson
er flutt í **Síðumúla 9**

**SÍÐUMÚLI 9** SÍMI 530 2800

# Þú gengur að gæðunum vísum!

## NEC VT-47G

- Skjávarpi • SVGA upplausn 800 X 600
- 1500 ANSI LUMEN
- Skerpa: 400:1 • Þyngd: 2.9 kg



verð
**kr.89.900,-**

## NEC VT-470

- Skjávarpi • SVGA upplausn 800 X 600
- 2000 ANSI LUMEN
- Skerpa: 400:1 • Þyngd: 2.9 kg



verð
**kr. 129.500,-**

## NEC LT-180G

- Skjávarpi • XGA upplausn 1024 X 768
- 2000 ANSI LUMEN
- Skerpa: 1000:1 • Þyngd: 3.9 kg



verð
**kr. 149.900,-**

## NEC LT-20

- Skjávarpi • XGA upplausn 1024 X 768
- 2000 ANSI LUMEN
- Skerpa: 2000:1 • Þyngd: 0.95 kg



verð
**kr. 174.900,-**

## SHARP XR-1X

- Skjávarpi • XGA upplausn 1024 X 768
- 1200 ANSI LUMEN
- Skerpa: 2000:1 • Þyngd: 1.4 kg



verð
**kr.145.900,-**

## SHARP XR-10X

- Skjávarpi • XGA upplausn 1024 X 768
- 2000 ANSI LUMEN
- Skerpa: 2000:1 • Þyngd: 3.9 kg



verð
**kr.119.900,-**

## SHARP XR-20X

- Skjávarpi • XGA upplausn 1024 X 768
- 2300 ANSI LUMEN
- Skerpa: 2000:1 • Þyngd: 3.9 kg



verð
**kr.149.900,-**

## SHARP PG-MB60X

- Skjávarpi • XGA upplausn 1024 X 768
- 2500 ANSI LUMEN
- Skerpa: 1200:1 • Þyngd: 3.9 kg



verð
**kr.259.900,-**

SJÁ NÁNAR Á WWW.ORMSSON.IS

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu



**ÚTVEGSMENN STYRKJA LANDSBJÖRG** Formaður LÍÚ, Björgólfur Jóhannsson, greindi frá því á aðalfundi LÍÚ á föstudaginn að stjórn samtakanna hefði ákveðið að styrkja Slysavarnafélagið Landsbjörg um 15 milljónir króna. Eiríkur Tómasson, varaformaður LÍÚ, Björgólfur Jóhannsson, Sigurgeir Guðmundsson, formaður Slysavarnafélagsins Landsbjargar, og Jón Gunnarsson, framkvæmdastjóri Slysavarnafélagsins Landsbjargar, sem sjást hér á myndinni, undirrituðu styrktarsamning þess efnis á aðalfundinum.



**AÐALBJARGARBRÆÐUR VERÐLAUNAÐIR** Aðalbjörg sf. hlaut umhverfisverðlaun LÍÚ árið 2005. Sjávarútvegsráðherra, Einar K. Guðfinnsson, afhenti Aðalbjargarbræðrum, þeim Sigurði, Guðbjarti og Stefáni Einarssonum, verðlaunin á aðalfundi LÍÚ á fimmtudaginn.

Vandaðir gjafapokar í úrvali
Eingöngu sala til fyrirtækja.
Opið frá kl. 08.00-16.00.
Réttarhálsi 2 - 110 Rvk
Sími: 535-8500 - Netfang: info@flora.is
GRÆNN MARKAÐUR

ÞÝÐINGAÞJÓNUSTA Boga Arnars
Enska – danska – sænska – norska – þýska
Sérhæfing í fjármálum, lögfræði, læknisfræði, lyfjafræði, verkfræði, þýðingar úr norðurlandamálum á ensku
Sími 587 3690 Fax 587 3691 baf@centrum.is

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
Mest lesna viðskiptablaðið
AUGLÝSINGASÍMI 550 5000
Gallup könnun fyrir 365 prentmiðla maí 2005.

VIÐ HÖNNUM VEFSÍÐUR
sem vekja athygli
Við hönnum vefsíður fyrir fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum. Við bjóðum þér framtíðar vefsíðulausnir sem eru notendavænar og hagkvæmar!
8.is
HAFÐU SAMBAND STRAX!
og fáðu gott tilboð í glæsilega vefsíðu!
ALLRA ÁTTA | SÍMI 588 8885 | 8@8.IS

Við svörum í símann!
Fraktlausnir
Flutningar án landamæra
Vöruhús Sjófrakt Flugfrakt Útflutningur Tollskýrslugerð Akstursþjónusta Hraðsendingar
Skútuvogur 1e · Sími 5 200 600 · frakt@frakt.is · www.frakt.is

Skrifstofuhúsgögn
Hirzlan
Smiðsbúð 6 Garðabæ Sími 564 5040







**122 FYRIRLESTRAR UM ÓLÍK VIÐFANGSEFNI** Ráðstefna um rannsóknir í félagsvísindum var haldin í Odda Háskóla Íslands föstudaginn 28. október. Að ráðstefnunni stóðu félagsvísindadeild, lagadeild og viðskipta- og hagfræðideild. Fjölmörg fræðandi erindi voru flutt. Meðal fyrirlesara var Friðrik Már Baldursson, til vinstri á myndinni, sem fjallaði um skaðlega undirverðlagningu á flugmarkaði. Gylfi Zoega, til hægri, kallaði erindi sitt sem hann vann með Þorláki Karlssyni, Uppsagnir fremur en lækkun launa! Könnun á viðbrögðum fyrirtækjastjórnenda við kreppuástandi.



**EINKENNI SMÁSÖLUVERSLUNAR** Ágúst Einarsson fjallaði á ráðstefnu um rannsóknir í félagsvísindum í Háskóla Íslands um einkenni smásöluverslunar hérlendis og einnig um hagræn áhrif menningar í alþjóðlegu samhengi.

# Síminn fékk Íslensku markaðsverðlaunin

## Ný ásýnd Símans hefur skilað sér vel að mati dómnefndar.

Síminn var valinn Markaðsfyrirtæki ársins 2005 af ÍMARK. Var forsvarsmönnum fyrirtækisins veitt af því tilefni Íslensku markaðsverðlaunin á Apótekinu á föstudaginn. Auk Símans voru CCP og Stöð 2 tilnefnd til verðlaunanna.

Verðlaunin eru afhent í október ár hvert og er þetta í fimmtánda sinn sem það er gert. Á heimasíðu ÍMARK segir að sem fyrr séu verðlaunin veitt fyrirtækjum sem hafi verið áberandi í markaðsmálum á líðandi ári og sannað þyki að sýnilegur árangur hafi náðst. Við ákvörðun um verðlaunahafa sé tekið mið af fagmennsku við markaðsmálin og að fjárhagslegt öryggi sé til staðar.

Í tilkynningu frá Símanum segir að verðlaunin séu mikil viðurkenning á markaðsstarfi Símans. Í umfjöllun dómnefndar um Símann hafi verið ítrekað að félagið hafi náð árangri á öllum sviðum markaðssetningar undanfarin ár. Mörkunarverkefnið hafi skerpt á áherslum félagsins inn á við og út á við, nýtt merki og ný ásýnd félagsins hafi skilað sér vel bæði til starfsfólks og viðskiptavina, ánægja með þjónustu og þekking á merki og vörum félagsins hafi aldrei verið betri, og starfsánægja sé vaxandi.

Verðlaunin hafa verið veitt frá árinu 1991 og hafa P. Samúelsson, Miðlun, Olís, Íslensk ferðaþjónusta, Íslenskar sjávarafurðir, Vaka Helgafell, Sláturfélag Suðurlands, Tal, SÍF, Húsasmiðjan, Bláa Lónið, Ölgerð Egils Skallagrímssonar og Flugfélag Íslands verið valin Markaðsfyrirræki ársins. Markaðsfyrirtæki ársins 2004 var Actavis Group.




**NÝJAR BÚÐIR** Í umfjöllun dómnefndar um Símann var ítrekað að félagið hefði náð árangri á öllum sviðum markaðssetningar undanfarin ár.



**FJÖLSÓTT RÁÐSTEFNA** Fjölmargir sóttu ráðstefnu Orkustofnunar um umhverfiskostnað 27. október síðastliðinn. Var leitað svara við því hvort nauðsynlegt væri að setja verðmiða á umhverfið, hvernig ætti að meta verðgildi umhverfis við framkvæmdir og hvort hægt væri að verðleggja ár, vötn og víðerni. Ráðstefnustjóri var Tryggvi Felixson, framkvæmdastjóri Landverndar. Meðal frummælenda voru meðal annarra Jónas Haralz, Geir Oddsson, Sveinbjörn Björnsson, Árni Snorrason og Ólafur Páll Jónsson.

Aðalflutningar
Öryggi alla leið



Innanlandsflutningar eru okkar fag.
Flytjum hvað sem er, hvert sem er, hvenær sem er.
Tökum ekkert aukagjald.
Vatnagarðar 6 Reykjavík Sími: 581 3030
www.adalflutningar.is
Vatnagarðar 6 • Reykjavík • Sími: 5813030

FRÉTTIR Á MAR.IS
Aðeins 9% framkvæmdastjóra í sjávarútvegi eru konur
Aflaverðmæti síldar hefur aukist verulega
Fagmennska og framsækni á komandi Vélstjóraþingi
Er ekki nóg eitt víkingaþorp?
Fréttir
Markaðstorg
Þjónustuflokkar
Sjómannafélög
mar.is
Sérvefur um sjávarútveg

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
Mest lesna viðskiptablaðið
AUGLÝSINGASÍMI 550 5000
Gallup könnun fyrir 365 prentmiðla maí 2005.

Loksins á íslensku
Bók sem margir vinnustaðir hafa beðið eftir




EINFALT HUGMYNDAKERFI SEM HEFUR BÆTT STARFSÁRANGUR OG VINNUGLEÐI FÓLKS VÍÐA UM HEIM.
„... náttúrlega bara hrein snilld í einstökum einfaldleika sínum ...“
Herdís Pála Pálsdóttir, fræðslustjóri Íslandsbanka.
FISKUR SEM BRAGÐ ER AÐ!
Salka Ármúla 20 • sími 552 1122 • www.salkaforlag.is

Viðhaldsfrítt skiltakerfi fyrir fjölbýlishús
Breytingar prentaðar á venjulegan prentara!




www.merkismenn.is
BJÓÐUM EINNIG:
• Sandblástursfilmu
• Bílamerkingar
• Varúðar- og bannmiða
MERKISMENN Skilta gerð
Ármúla 36 • Sími: 544 2030



Umslögin færðu hjá okkur
Flottar pakkalausnir fyrir þitt fyrirtæki!
Umslög úr áli í fjölmörgum litum. Venjuleg og kúluplast.
Hentar vel fyrir jólagjafir fyrirtækisins.
Bjóðum einnig upp á heildarlausn í pökkun jólagjafa, kynningarefnis og bæklinga. Ásamt því að geta merkt pakkann með sérskornum límmiðum.
Gerum föst verðtilboð.
Logoprent | Höfðabakki 3 | 110 Reykjavík | Sími 557-8200 | www.logoprent.is




Markaðsvaktin - Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?
ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI á www.mentis.is
Microsoft CERTIFIED Partner
Sigtúni 42 105 Reykjavík Sími 570 7600 info@mentis.is
mentis HUGBÚNAÐUR

# Bætir lífskjör og auðgar hag fyrirtækja

TÖLVUPÓSTURINN
*Til Ágústar Einarssonar*
*prófessors við Háskóla Íslands*



**Hvað er félagsleg ábyrgð?**
Með félagslegri ábyrð er átt við þær siðferðilegu skyldur sem fyrirtæki hafa sem þátttakendur í samfélaginu. Fyrirtæki axla slíka ábyrð, meðal annars með því að styðja við mikilvæga þætti samfélagsins, eins og listir og aðra þætti menningar, og gæta að og vernda umhverfi sitt og annarra.

**Þurfa öll fyrirtæki að axla félagslega ábyrgð?**
Já, alveg eins og sérhver einstaklingur hefur samfélagslega ábyrð og er háður skráðum og óskráðum reglum. Fyrirtæki geta ekki skorast undan þessari ábyrgð enda er hún einnig í þeirra þágu.

**Hverjir eru hagsmunir fyrirtækja af því að sýna félagslega ábyrgð?**
Hagsmunir fyrirtækja liggja í því að með virkri þátttöku við að axla félagslega ábyrgð og bera þær skyldur sem þeim fylgja auðga þau samfélagið. Það hefur jákvæð ytri áhrif sem eykur verðmætasköpun, bætir lífskjör og eykur hag fyrirtækja.

**Hafa fyrirtæki sem ganga vel meiri félagslega ábyrgð en önnur?**
Ekkert endilega, en þau fyrirtæki sem ganga vel geta sýnt virkari þátttöku en þau sem berjast í bökkum fjárhagslega.

**Nægir ekki að fyrirtæki gegni skyldum sínum gagnvart hluthöfum sínum?**
Nei, ekki lengur. Þótt meginhlutverk fyrirtækja sé að gæta hagsmuna hluthafa sinna þá ber að skilja þá hagsmuni víðar en í arðgreiðslum eða hækkun á gengi hlutabréfa. Fyrirtæki hafa ávinning, meðal annars hvað varðar ímynd, af virkum styrkveitingum og ábyrgri hegðun. Nútíma hluthafar, sem einstaklingar, eru miklu meðvitaðri um félagslega ábyrð sína en áður.

**Skortir á að íslensk fyrirtæki axli sína félagslegu ábyrgð?**
Já, en það er að breytast, meðal annars með bættri menntun yngri stjórnenda.

**Á að færa skyldur um félagslega ábyrgð fyrirtækja í lög?**
Nei, en það ætti að veita fyrirtækjum ívilnanir í sköttum ef þau leggja til menningar- og vísindamála. Slík löggjöf er í gildi í fjölda landa og hefur virkað vel og er hvati fyrir fyrirtæki til að sinna þessum málum. Slík löggjöf byggir brýr milli fyrirtækja og menningarstarfsemi og vísinda og það er mjög af hinu góða.

**FRAMLÖG VIÐSKIPTABANKANNA TIL MENNINGARMÁLA ÁRIÐ 2004**




* Ekki var unnt að fá nákvæmar tölur frá Landsbankanum en eftir því sem Markaðurinn kemst næst lætur nærri að 100 milljónum hafi verið veitt til menningarmála á árinu 2004.

# Bankar borga meira til menningarlífsins

Bankar og sparisjóðir hafa verið hvað sýnilegastir íslenskra fyrirtækja í framlögum til menningarstarfsemi. Magnúsi Óskari Hafsteinssyni hagfræðinema lék forvitni á að vita hvaða ástæður lægju þar að baki og hlaut styrk úr Nýsköpunarsjóði til að kanna það.

Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja er hugtak sem er sífellt að verða meira áberandi í nútíma viðskiptalífi. Það vísar til þeirra skyldna sem fyrirtæki gegna gagnvart hluthöfum og þeim aðilum sem fyrirtækin hafa áhrif á. Grundvallarhugmyndin er sú að fyrirtæki hafi skyldum að gegna í því að bæta samfélagið.

Á síðustu árum hefur það færst í aukana að fyrirtæki sýni samfélagslega ábyrgð. Árið 2005 höfðu 52 prósent af stærstu fyrirtækjum heims og 33 prósent af 100 stærstu fyrirtækjum sextán landa gefið út skýrslur sem fjölluðu sérstaklega um hvernig þau sinna samfélagslegri ábyrgð sinni. Þrátt fyrir aukninguna eru þær skoðanir einnig uppi um að það sé hlutverk ríkisins að styrkja málefni sem þessi en ekki einkafyrirtækja.

Magnús hafði sérstakan áhuga á að kanna hug stjórnenda bankastofnana á þessu máli. Hann vildi vita hvaða ástæður lægju að baki þegar ákvörðun er tekin um að verja fjármunum til menningarstarfsemi. Auk þess vildi hann kanna hvert umfang framlags þeirra er. Ásamt Nýsköpunarsjóði námsmanna styrkti Samband íslenskra bankamanna verkefnið og Ágúst Einarsson, prófessor við Háskóla Íslands, var leiðbeinandi. Magnús sendi forsvarsmönnum KB banka, Íslandsbanka, Landsbanka og Sambandi íslenskra sparisjóða fyrirspurnir og fékk svör frá öllum viðskiptabönkunum og 16 af 23 sparisjóðum.

Í niðurstöðum Magnúsar kom ýmislegt áhugavert fram. Sparisjóðirnir og viðskiptabankarnir þrír, KB banki, Íslandsbanki og Landsbankinn, telja sig allir bera samfélagslega ábyrgð. Viðskiptalegar forsendur tvinnast þar saman við enda færa sumir bankanna framlögin sem hluta af auglýsinga- og markaðskostnaði. Þeir telja að slíkur stuðningur hafi jákvæð áhrif á ímynd fyrirtækisins og að hann auki virði vörumerkis fyrirtækisins. Einnig að stuðningur við menningarstarfsemi muni fjölga viðskiptavinum til lengri tíma þótt að þeir telji lítið til skamms tíma en mikið til lengri tíma.




**MAGNÚS ÓSKAR HAFSTEINSSON, HÖFUNDUR SKÝRSLU UM FRAMLÖG VIÐSKIPTABANKANNA TIL MENNINGARSTARFSEMI** Í niðurstöðum skýrslunnar kom fram að bankarnir telja sig bera samfélagslega ábyrgð. Viðskiptalegar forsendur tvinnast þar saman við enda færa sumir þeirra framlögin sem hluta af auglýsinga- og markaðskostnaði.

Framlög flestra bankanna hafa hækkað umtalsvert síðustu árin. Til að mynda hafa framlög KB banka farið úr tæpum 67 milljónum árið 1999 í rúmar 147 milljónir árið 2004. Það er að meðaltali um 14,4 prósenta aukning milli ára. Framlög Íslandsbanka hafa farið úr 138 milljónum árið 2002 í 157,6 milljónir nú í ár sem er að meðaltali 4 prósenta aukning milli ára. Framlög þeirra þrettán sparisjóða af 23 sparisjóðum á landinu, sem gáfu upplýsingar um framlög til menningarstarfsemi á árunum 2000-2004, hafa farið úr rúmum 50 milljónum í 125,5 milljónir árið 2004. Það er að meðaltali 20,2 prósenta aukning milli ára. Landsbankinn veitir um 100 milljónum árlega.

MÁLIÐ ER
*Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja*

Hjá öllum bönkum og sparisjóðum fá íþróttirnar stærstan hluta framlaga, um 37 prósent af heildarframlögum. Á eftir íþróttunum koma menning og listir með að meðaltali 19,7 prósent af heildarframlögum.

Þrátt fyrir að framlög til menningarmála hafi hækkað töluvert undanfarin ár hafa framlög sem hlutfall af hagnaði lækkað talsvert í tilfelli viðskiptabankanna. Framlög KB banka sem hlutfall af hagnaði hafa farið úr 1,68 prósentum árið 2002 í 0,93 prósent árið 2004 og framlög Íslandsbanka hafa farið úr 4,03 prósentum í 1,23 prósent á sama tímabili. Sparisjóðirnir eru að mati Magnúsar öflugir í að sýna samfélagslega ábyrgð. Þeirra framlag sem hlutfall af hagnaði er talsvert hærra en viðskiptabankanna og var 2,58 prósent af hagnaði árið 2004.

Magnús, sem er á þriðja ári í hagfræði við Háskóla Íslands, segir margar spurningar hafa vaknað hjá sér við vinnu skýrslunnar. Efni sé í frekari athuganir á samfélagslegri ábyrgð íslenskra fyrirtækja. Hann segir það vel koma til greina að hann haldi sjálfur áfram með rannsóknina og íhugar jafnvel að gera úr henni lokaverkefni. **- hhs**

**Framlög KB banka sem hlutfall af hagnaði hafa farið úr 1,68 prósentum árið 2002 í 0,93 prósent árið 2004 og framlög Íslandsbanka hafa farið úr 4,03 prósentum í 1,23 prósent á sama tímabili. Sparisjóðirnir eru að mati Magnúsar öflugir í að sýna samfélagslega ábyrgð. Þeirra framlag sem hlutfall af hagnaði er talsvert hærra en viðskiptabankanna og var 2,58 prósent af hagnaði árið 2004.**





SecurStore – **sjálfvirk, örugg netafritun**

Engar spólur
Enginn stofnkostnaður
Háþróuð dulkóðun
Hröð endurheimt gagna
Vöktun 24/7

Microsoft CERTIFIED Partner
575 9200 | www.securstore.is
SECURSTORE BUSINESS BACKUP GUARD
MIXA • fít • 50834

# Stelios segist ætla að halda meirihluta

Gríski frumkvöðullinn Stelios Haji-Ioannou hefur að undanförnu verið í sviðsljósinu vegna umræðu um að FL Group hyggist yfirtaka breska lággjaldaflugfélagið easyJet. Hann og fjölskylda hans eiga rúmlega fjörutíu prósenta hlut í félaginu en Stelios er sjálfur eigandi að easy-vörumerkinu sem á um fimmtán vörumerki svo sem easyPizza, easyCar og fleiri og fleiri.

Stelios á sjálfur um 16,6 prósenta hlut í easyJet en hann fer einnig með hlut fjölskyldu sinnar, samtals um 41 prósent. Haft hefur verið á orði að fjölskyldan sé þó ekki eins samhent og hún lítur út fyrir að vera og einhver hinna hluthafanna geti vel hugsað sér að selja. FL Group jók nýlega hlut sinn í félaginu um 16,18 prósent. Ekki er búist við öðru en að FL Group muni auka hlut sinn jafnt og þétt í breska lággjaldaflugfélaginu enda þótt gengi hlutanna hafi nú nýverið farið í 300 pens á hlut en félagið hefur að minnsta kosti einu sinni áður náð að rjúfa þann múr.

Haft var eftir Stelios í erlendum fjölmiðlum í kjölfar aukinna kaupa FL Group á hlutum í félaginu að hann hefði sömu fyrirætlanir og áður varðandi félagið. Hann hefði tilkynnt Hannesi Smárasyni, forstjóra FL Group, það fyrir ári að hann hefði ekki í hyggju að selja sinn hlut og það stæði.

Samþykktir easyJet koma í veg fyrir að erlendir aðilar geti eignast meira en fjörutíu prósent hlutafjár í félaginu. Það ætti því varla að koma í veg fyrir að FL Group næði að kaupa meirihluta því finna mætti leiðir bæði í gegnum fjárfestingarsjóði og banka til að ná meira en fjörutíu prósenta hlut í félaginu.

Enn sem komið er blasir því ekkert annað við en að tilgangur FL Group með fjárfestingu sinni í félaginu sé að ná yfirráðum í félaginu. Hlutafjáraukning FL Group gefur félaginu alla fjárhagslega burði sem þarf til þess en eina vafaatriðið og kannski það stærsta er hvort félaginu takist að sannfæra Stelios og hans fjölskyldu um að nú sé rétti tíminn til að selja. - **hb**



**STELIOS HAJI-IOANNOU, STOFNANDI OG EIGANDI EASYJET** Stelios segist ekki ætla að selja frá sér easyJet enda sé félagið flaggskipið í easy-vörumerkinu sem hann á. Meðal vörumerkja eru easyPizza sem selur pítsur í heimsendingu en á mismunandi verði eftir því hvenær pantað er. Þannig segist Stelios ná að selja fleiri pítsur á öðrum tímum en hefðbundnum matmálstímum og nýta því starfskrafta á fullum hraða allan daginn.


Við byggjum á fólki og færni!



Höfum allt í lagi!

Hugmyndafræði ANZA gengur út á að farsælast sé fyrir fyrirtæki að einbeita sér að því sem þau gera best. Rekstrarþjónusta ANZA gerir fyrirtækjum kleift að hagræða í rekstri, auka rekstraröryggi og að einbeita sér að kjarnastarfsemi sinni.

ANZA býður upp á enn fleiri þjónustuþætti. Kynntu þér Rekstur, Lausnir, Öryggi og Sérþekkingu á heimasíðu okkar, anza.is eða í síma 522 5000.

ANZA sérhæfir sig í rekstri og uppbyggingu tölvukerfa. Hvort sem það er á sviði öryggismála, samspils forrita, útvistunar eða tölvustýringar getur þú reitt þig á hugvit, hæfileika og færni starfsfólks ANZA.

ARGUS / 05-0721

ANZA
Öruggur rekstur tölvukerfa

FARÐU ALLA LEIÐ

Komdu í reynsluakstur strax í dag!

Með bílinn handa þér




NÝR LAND ROVER DISCOVERY 3 WINDSOR kr. 5.530.000

Skoðaðu ný LAND ROVER verð á www.landrover.is

LAND-ROVER GO BEYOND™

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

**BANKAHÓLFIÐ**



## Beðið eftir konum

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, tafðist um rúmlega eina og hálfa klukkustund vegna veðurs þegar hún flutti ræðu á aðalfundi LÍÚ á föstudaginn. Þurfti hún að keyra í slæmu veðri frá Ísafirði í stað þess að fljúga. Eiríkur Tómasson fundarstjóri sagði flesta aðalfundarfulltrúana karlmenn komna yfir miðjan aldur og þeir væru vanir að bíða eftir konunum sínum. Því hefðu þeir alveg haft þolinmæði til að bíða eftir ræðu Ingibjargar. Hún var fljót til svara og sagði í upphafi ræðunnar að það væri kannski rétt að karlmenn á miðjum aldri væru vanir því að bíða eftir konum. „En ég held að aldrei hafi ein kona lagt jafn mikið á sig til að hitta karla,“ sagði hún og uppskar hlátur útgerðarmanna.

## Landsbankamenn áhugasamir

Kynningarfundur á níu mánaða uppgjöri Landsbanka var fjölsóttur. Gert hafði verið ráð fyrir um 50 gestum í kjúklingasúpu og nýbakaðar brauðbollur á efri hæð Iðnó undir kynningu Sigurjóns Þ. Árnasonar bankastjóra á hinu ágæta uppgjöri bankans. Athygli vakti að mjög fjölmennt lið Landsbankans mætti á fundinn og hamstraði bæði súpu og brauð þannig að almennir gestir fengu varla vott né þurrt en fengu þó ræðu Sigurjóns sem var ágætis afþreying með fullri virðingu fyrir matseldinni í Iðnó.

Ekkert fylgdi sögunni hvort að um samantekin ráð hefði verið að ræða né var upp gefið hver hefði verið réttur dagsins í Landsbankanum.

## Íslandsbankafulltrúi

Og síðast en ekki síst að Íslandsbanka. Nú berast af því fréttir að hin skeleggi frændi bankaráðsformannsins, Pétur Blöndal, sem gegnir stöðu upplýsingafulltrúa bankans muni nú senn láta af störfum. Ekki er það vegna óánægju með störf hans heldur frekar vegna þess að hann hefur erft hið skáldlega atgervi föður síns og hyggst leggja í sífellt frekari mæli fyrir sig ritstörf og kveðskap. Þetta hefur orðið til þess að Bjarni Ármannsson hefur leitað til annarra landa til að fá nýjan talsmann bankans til starfa og hefur fyrir valinu orðið bróðir borgarstjórans í Reykjavík, Pétur Óskarsson sem áður hefur unnið fyrir utanríkisþjónustuna en hefur nýlokið námi sínu í hinni stóru Ameríku.

**66** milljarða króna samanlagður hagnaður viðskiptabankanna fyrstu níu mánuði ársins.

**16,2%** hlutur FL Group í easyJet.

**162** af 1252 hluthöfum Símans nýttu sér yfirtökutilboð sem nýir eigendur gerðu þeim.






DAGSVERK AUGLÝSINGAR OG HÖNNUN - 5010001

## Það getur verið erfitt að velja

### ... en gerðu kröfur um gæði

***„Við hjá Leonard gerum kröfur um gæði. Verslunarlausnin LS Retail, frá Landsteinum Streng, uppfyllir okkar kröfur fyrir starfsemi okkar í Kringlunni og Leifsstöð.“*** *Sævar Jónsson, verslunareigandi.*

LS Retail, frá Landsteinum Streng, er verslunarlausn fyrir margþættan rekstur sem heldur utan um alla aðfangakeðjuna á einum grunni og býr til samfellt flæði allt frá afgreiðslukassa til skrifstofu. Þú færð skýrslur og heildaryfirsýn í umhverfi sem þú þekkir frá Microsoft og getur nýtt þér Outlook, Word, Excel og aðrar vörur frá Microsoft.

***LS Retail er verslunarlausn fyrir fólk sem gerir kröfu um gæði!***

**Microsoft Business Solutions**
**Global ISV Partner of the Year 2005**

Lausnir frá Landsteinum Streng eru notaðar í fleiri en 6.700 verslunum með yfir 20.000 afgreiðslukössum víðsvegar um heim. Meðal ánægðra viðskiptavina má nefna: IKEA, Adidas, Debenhams, Pizza Hut, Booths supermarkets, Moss Pharmacy og Concept Sports International (EURO 2004, Olympic Games 2004).

Landsteinar Strengur
Ármúla 7 - 108 Reykjavík - Sími 550 9000 - www.landsteinarstrengur.is

Microsoft GOLD CERTIFIED Partner

Við færum þér fjármálaheiminn

E*TRADE



Nú býðst þér að eiga milliliðalaus verðbréfaviðskipti með E*TRADE í gegnum netið á stærsta verðbréfamarkaði heims, Wall Street í Bandaríkjunum, og á mörkuðum í Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku.
Kynntu þér málið á www.landsbanki.is

Landsbankinn
Banki allra landsmanna
410 4000 | www.landsbanki.is

Til sölu MMC Colt '92, sk. til maí '06. Verð ca 30 þús. Uppl. í s. 892 4067 e. hádegi.

Chevrolet Blaser S 10 árg. '88, ek. 150 þ. 2 eig. verð 150 þ. einnig B & D bútasög. Verð 25 þ. Uppl. í s. 820 1455 og 867 0628.

**75 þúsund.** Ch. Blazer árg. '87 ek. 150 þús., ssk. Bíll í fínu lagi. Uppl. í s. 895 8873.

Til sölu MMC Lancer '91, ssk. V. 60 þús. Uppl. í s. 863 8007.

MMC Galant 2000i, 4x4, árg. '91, ek. 183 þús. sk. '06, ný rafg., brems., hos., leg. og fl. Gott eintak en þarfnast lagfæringar verðh. 75 þús. eða gott tilboð uppl. í s. 691 1238.

Volvo Stw árg. '92, í góðu ástandi. Verð 65 þ. Uppl. í s. 848 0700

## 250-499 þús.



Lancer GLX árg. '98, ekinn 89 þús., bsk. Mjög gott eintak. Verð 450 þ. S. 897 5162.



Toyota Corolla '94. sk. '06, ek. 170 þ. ásett verð 290 þ. öll tilboð skoðuð. S. 690 5274.



Volvo 460 '97 2,0 L. Ssk. Ekinn 138 þús. Skoðaður '06. Verð 290 þús. Sími 868 8565.

Góð nýskoðuð Skoda Felicia árg. '98, ek. 54 þús. km. Tilboð. Vetrardekk fylgja. S. 699 7127.

VW Polo árg. '95, 3ja dyra, sk. '06. Verð 150 þús. S. 691 9374.

Til sölu VW Golf árg. '96, ek. 93 þús. Verð 310 þús. Uppl. í s. 690 0804.

## 500-999 þús.



Til sölu Megane Scenic árg. '98, 1.6 L, ek. 85 þús., 5 gíra, sk. '06. Verð 630 þús. Skipti ódýrari. S. 868 8565.

Toyota Yaris Luna árg. '00, ek. 92 þús. Svartur, beinsk., 5 dyra. Verð 710 þús. Uppl. í s. 695 4450.

Honda Civic 1,6 V-tec '99, ek. 131 þús. 15" og 18" felgur fylgja. Kraftpúst, sía o.fl. Verð 950 þús. eða tilboð. Uppl. í s. 867 6653 & 869 7619.

## 1-2 milljónir



Til sölu Subaru Legacy GL2000i, árg '03, ek 43 þ. V. 1.890 þ. Uppl. í s. 868 0790.



Mustang 3,8 08/'01, ek. 49 þús. m. Ssk., leður, 6 cd magazine, rafm. í öllu og margt fl. 1,7 eða besta boð. S. 617 6676.



Hyundai Santa Fe 03.07.03 Sjálfsk. ekinn 77.600, 2400 vél. Dráttarbeisli. Ásett 2.130.000, tilboð 1.890.000.

Toyota Corolla Verso '02, ssk. Ek. 53 þús. km. Aukapakki fylgir. Verð 1.569 þús. Gott lán. Afb. 29 þús. S. 846 5340.

## 2 milljónir +



Mercedes Benz ML500 árgerð 2002. Glæsilegur bíll, sem nýr. Hlaðinn búnaði á borð við leður, dráttarpakka, regnskynjara, bi-xenon, minni í sætum, hraðast., ný dekk o.m.fl. Verð 3,7 m stgr. Listaverð 5,1 m. Sími 847 2582.



Volvo XC V70 '01, ek. 120 þ. 2,5 L, ssk, leður, rafm.minni í sætum. Ný dekk, lúga o.m.fl. Verð 2.490 þ. S. 669 9762.



Til sölu Toyota Avensis 2004. Ekinn 30 þús. Uppl. í s. 693 1813. Verð 2.260 þús.



M. Benz C200 Kompressor Elegance árg. 2001, ek. 82 þús. 15" vetrardekk á felgum og 16" sumardekk á felgum. Áhv. 1.800 þús. Ásett verð 2.490 þús. Uppl. í s. 897 0957.

## Bílar óskast

Óska eftir ódýrum bíl, 0-50 þús. Sími 699 3548.

## Jeppar



Ford Escape XLT 2005 V6". Gullfallegur Escape e. 20 þ. km. V6, ssk., hraðastillir o.m.fl. Bíllinn er í óaðfinnanlegu ástandi. Verð aðeins 2,6 m. stgr. Sími 847 2582.



Mercedes Benz ML 320 2002 V6, ek. 75 þ. km., Bi Xenon, leður, hiti, rafmagn, minni í sætum, topplúga, BOSE hljóðkerfi með 6CD magasíni, hraðast. Glæsilegur bíll, hlaðinn búnaði að verðmæti yfir 500 þús. Ath verð aðeins 3.290 þús. stgr. Uppl. í síma. 659 9679.



MMC Pajero 2,8 TDi árg 9/'96, Gullfallegur bíll, álfelgur spolier, 7 manna, ssk. Verð 950 þús., stgr. Ath skipti. Uppl. í s. 865 3307.



Toyota Rav4 New, 4X4, skrd. 02/2003, ek. 61 þ., bensín, sjálfsk., v. 2.100.000, S. 869 0311.



VW Passat árg. '98, fæst á 200 þús. og yfirtöku á láni eða skipti á ódýrari. S. 896 2888.



Toyota Landcruiser 90 VX árg. 2000, ekinn 141 þ. Álfelgur 33" br. Sjálfsk., 5 manna. Leður, varad., hlíf, farangurshl. Nýjar bremsur. Topp eintak. Uppl. í s. 699 6869 og 695 0005.




Sýningarbíll kominn til landsins! Árgerð 2006, nýr 7 manna Jeep Commandor. Algerlega ný hönnun og ótrúlega hagstætt verð! Nánari upplýsingar á www.islandus.com Gerðu kjarakaup í Bílabúð eða reyfarakaup á BílaUppboði Islandus.com. Sími þjónustuvers 552 2000 og netspjall við sölumenn er á www.islandus.com www.islandus.com




Lítið notaðir 2005 Jeep Grand Cherokee með nýja laginu. Frá aðeins kr. 2.599.000. Nýja eða nýlega Ford og Jeep jeppa færðu ódýrara hjá Islandus.com. Bílar langt undir markaðsverði, öflug þjónusta, allt að 5 ára ábyrgð og bílalán. Ef draumabíllinn þinn er ekki til á vefnum okkar í dag, finnum við hann fljótt með alþjóðlegri bílaleit. Gerðu kjarakaup í Bílabúð eða reyfarakaup á BílaUppboði Islandus.com. Sími þjónustuvers 552 2000 og netspjall við sölumenn er á www.islandus.com



Til sölu Bronco II árg. '86. Gott eintak. Sk. '06. Verð 190 þús. Uppl. í s. 867 6667.



Nýr Dodge Durango Limited 2005 evrópu gerð með 2ja ára verksmiðju ábyrgð gegnum Ræsir, svartur, leður, glerlúgu, 7 manna, 17" álfelgur o.fl. o.fl. Ath skipti. Verð 4.900.000.- Uppl. í síma 896 6966.



BMW X5 diesel 09/'04, ek. 18 þús. km. Leður, glerlúga, Xenon, 17" álfelgur, fjarlægðarskynjarar aftan og framan, filmur o.fl. Ath skipti, verð 5.980.000.- Uppl. í síma 896 6966.

Ford Explorer Sport árg. '91, ek. 190 þús. Ný dekk, sjálfsk., rafmagn í öllu. Skoðaður. Verð 280 þúsund! Uppl. í s. 895 8873.

## Fornbílar

Til sölu VW Bjalla '71, hreinlegur bíll. Verð 59 þús. Uppl. í s. 895 7272.

## Pallbílar




2006 Ford F150 Lariat kominn og fæst hjá Islandus.com undir markaðsverði! Einnig Toyota Hilux Diesel pallbílar á tilboðsverði. Hægt að velja um fjölda lita og aukabúnað. Við útvegum allar gerðir pallbíla t.d. Ford Explorer SportTrack, F150 RegularCab, Supercab og CrewCab. Nánari upplýsingar í síma 552 2000 og á www.islandus.com

## Sendibílar

Get útvegað flestar stærðir lítið notaðra sendibíla frá Þýskalandi á frábæru verði, stuttur afgreiðslufrestur. Áhugasamir sendið á netfangið peturk@centrum.is

## Vörubílar




**Snjóplógar og snjókeðjur.** Útvegum með stuttum fyrirvara snjóplóga og snjókeðjur á traktorsgröfur, hjólaskóflur og vörubíla. Vélaborg Krókhálsi 5F Reykjavík, (gengið inn frá Járnhálsi). Sími 414 8600 og Draupnisgötu 1 Akureyri. Sími 464 8600. Skoðið einnig úrvalið á velaborg.is



Til sölu Ivego Stralis 6x2. Skr. 12.2004, ekinn aðeins 34 þ. km og sérútbúinn vagn til fiskflutninga með niðurföllum og safntanki, sjálfstæð opnun á báðum hliðum 7,5m langur. Uppl. í s. 660 1422.

## Vélsleðar

**Til sölu** Einnig Polaris Indy Touring XLT árg. 1997 gróft belti og naglar GPS. Tæki getur fylgt og hjálmur. Verð 300.000. Uppl. í síma 891 6662.

Arctic cat, Fire cat og Snow pro árg. '04. Gróft belti og brúsagrind. S. 893 2550.

## Kerrur

Ísl. jeppa, verktaka, hesta og hjóla kerrur, nokkrar stærðir til. Einnig járnhlið eftir pöntun. S. 899 2202 J.E.S ehf.

## Hjólhýsi

Travel King 460 TDF hjólhýsi til sölu, sólarsella, bökunarofn og skyggni. Verð 1.650.000. S. 511 2203. www.seglagerdin.is

## Fellihýsi



Daxara 147 kerran verð 84.100 nú aðeins 69.900. Allar kerrurnar seljast með litlum útlitsgöllum. Allar kerrurnar eru TUV viðurkenndar, galvaníseraðar, með sturtubúnaði og hægt að geyma uppá endann. Bjóðum vaxtalausar léttgreiðslur til allt að 6 mánaða. Sendum um allt land. Allt á að seljast fyrstir koma fyrstir fá, Nánari Upplýsingar á www.evro.is Evró-Ellingsen Grandagarðar 2, Örfirisey Reykjavík. Símar 580 8500 & 533 1414.

Ódýrt Fellihýsi til sölu! Coleman Columbia 290 þ. S. 511 2203. www.seglagerdin.is

Stórglæsilegt fellihýsi, Palomino Colt árgerð 2000, hlaðið aukabúnaði. Verð aðeins 490.000. Uppl. í síma 511 2203. www.seglagerdin.is

Viking 1906 Epic fellihýsi til sölu árgerð 2004. Verð aðeins 550.000. S. 511 2203.

## Vinnuvélar



Úrval notaðra innfluttra lyftara til sölu. PON Pétur O. Nikulásson ehf s. 552 0110.




**Snjókeðjur** Útvegum með stuttum fyrirvara snjókeðjur undir vinnuvélar. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Rvk, sími 414 8600, Draupnisgötu 1, 603 Akureyri, sími 464 8600.







## Lyftarar




**Körfubílaleigan.** Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. Sala og leiga. 893 3573




Lyftarar, brettatjakkar, skæralyftur, lyftuborð, trillur, vagnar, hjólabúnaður og ýmis léttitæki. Vandaðar vörur, gott verð, öflug viðgerða- og varahlutaþjónusta. Léttitækni ehf, Stórhöfða 27, s. 567 6955. Allar upplýsingar á www.lettitaekni.is

## VESPUR TIL SÖLU



**Sandspartlarar.**
Óskum eftir að ráða sandspartlara til starfa við nýbyggingar á höfðuðborgarsvæðinu. Leitum eftir áhugasömum og traustum aðilum, unnið er skv. mælingakerfi.
**Nánari upplýsingar í síma 899 8049.**
**BG Málaraverktakar ehf**

**Vaktavinna á Subway**
Óskum eftir að ráða vaktstjóra til starfa á Subway Ártúnshöfða. Vinnutími 12-20 aðra vikuna og 16-24 hina vikuna. Leitum að jákvæðu og lífsglöðu fólki til að vinna á lifandi og skemmtilegum vinnstað.
**Umsóknir á staðnum og á subway.is. Góð laun í boði.**

**Viltu skella þér á samning hjá Jóa Fel?**
Jói Fel óskar eftir áhugasömum nema og aðstoðarmanni í sal.
**Áhugasamir hafi samband við Jóa Fel í síma 897 9493 sem allra fyrst.**

**Helgarvinna - NK kaffi kringlunni.**
Starfsfólk óskast á NK Kaffi í Kringlunni um helgar, ekki yngri enn 18 ára.
**Upplýsingar á staðnum eða í síma 568 9040 & 693 9091.**

**Aþena Hársnyrtistofan í Mjódd**
Óskar eftir hársnyrtisveini í 50-100% starf.
**Uppl. í s. 557 2053 & 822 0563.**

**Kæna veitingahús Hfj.**
Vantar starfskraft í afgreiðslu og til almennra starfa. Vaktavinna 7:30-13 og 12-18:30.
**Upplýsingar gefur Auðunn í síma 898 8801.**

**Raftækjaverslun**
Óskum eftir að ráða starfsmann í skemmtilegt og fjölbreytt afgreiðslustarf. Allan daginn eða eftir hádegi og annan hv. laugard. Glóey ehf. 568 1620 gloey@gloey.is

**Ný Bónsuverslun.**
Erum að opna nýja Bónusverslun í Hafnarfirði og vantar fólk til afgreiðslustarfa á kassa og áfyllingar. Áhugasamir geta sótt um á www.bonus.is eða í versluninni í Hafnarfirði.

**Verktakar og smiðir!**
TSH óskar eftir smiðum eða verktökum. Mikil vinna framundan. Upplýsingar í síma 660 1798.

Vantar hraustan einstakling í útivinnu, aðallega labb. Tímabundið. Uppl. í s. 821 0881.

**Sjómenn!!**
Vana háseta vantar á bát með beitningarvél. Uppl. í s. 852 2086 & 861 7655.

Verktakafyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða vörubílstjóra til framtíðarsarfa. Óskum einnig eftir verkamanni. Uppl. í s. 892 0989.

## Atvinna óskast

Atvinnumiðlun býður upp á hæft starfsfólk frá Lettlandi. Smiðir, verkamenn o.fl. S. 845 7158.

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

TANTRA
EROTÍSK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
WWW.TANTRA.IS
SENDUM Í PÓSTKRÖFU UM ALLT LAND

**Viltu vera memm?**
300 manns eru núna að spjalla saman inni á einkamal.is. Eftir hverju ert þú að bíða? Einkamál.is

!
Talstöðin
FM 90,9




allt
Allt um nám
á miðvikudögum
í Fréttablaðinu.




## TILKYNNINGAR

**Akureyri**
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

# Höepfnersbryggja

## Tillaga að breytingum á deiliskipulagi

Bæjarstjórn Akureyrar auglýsir hér með skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. tillögu að breytingu á deiliskipulagi Höepfnersbryggju, athafnasvæðis siglingaklúbbsins Nökkva. Breytingin felst í því að norðan núverandi landfyllingar verður gert ráð fyrir dokk fyrir smábáta, sem myndu verði annarsvegar af 37 m löngum grjótgarði útfrá Drottningarbraut og hinsvegar af 50 m langri flotbryggju til norðurs frá landfyllingunni.

Tillöguuppdráttur mun liggja frammi í þjónustuanddyri Akureyrarbæjar, Geislagötu 9, 1. hæð, til miðvikudagsins 14. desember 2005, svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér tillöguna og gert við hana athugasemdir. Tillagan er einnig birt á heimasíðu Akureyrarbæjar: *http://www.akureyri.is* undir: *Auglýsingar og umsóknir/Skipulagstillögur.*

Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna rennur út kl. 16$^{00}$ miðvikudaginn 14. desember 2005 og skal athugasemdum skilað til Umhverfisdeildar Akureyrarbæjar, Geislagötu 9, 3. hæð. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við auglýsta tillögu innan þessa frests telst vera henni samþykkur.

2. nóvember 2005
Skipulags- og byggingarfulltrúi Akureyrarbæjar.

Akureyrarbær • Geislagötu 9 • 600 Akureyri
Sími 460 1000 • Fax 460 1001 • www.akureyri.is

## ATVINNA

**GARÐABÆR**
www.gardabaer.is

# Leikskólinn Hæðarból

auglýsir eftir starfsfólki

- Aðstoðarmanni í eldhús
- Leikskólakennara eða starfsmanni með sambærilega menntun eða reynslu

Laun skv. samningum Launanefndar sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Upplýsingar gefur Ingibjörg Gunnarsdóttir leikskólastjóri í síma **565 7670** og **692 9402**.

Hægt er að sækja um starfið á vef Garðabæjar ***www.gardabaer.is***.

Karlmenn jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störf á leikskólum bæjarins.

*Leikskólafulltrúi*

Fræðslu- og menningarsvið

17,4 millj.

# Hraunbraut 42 Kópavogi

3ja herb. íbúð á 1.hæð í litlu fjölbýlishúsi, á besta stað í Kópavogi. Falleg og skemmtileg íbúð. Baðherb. er flísalagt í hólf og gólfi. Eldhúsið er allt nýtekið í gegn. Stofan er rúmgóð m/parketi, tvö svefnherb. með parketi. Sérgeymsla. Sameiginlegt þvottahús í kjallara ásamt hjóla- og vagnageymslu. Gott aðgengi er að húsinu og góð bílastæði. Garður er sameiginlegur.
OPIÐ HÚS Á MORGUN, FIMMTUD. KL. 20-21.






**Heimilisfang:** Hraunbraut 42
**Stærð eignar:** 68,4 fm
**Fjöldi herb.:** 3
**Byggingarár:** 1963
**Brunab.mat:** 9,3 millj.
**Verð:** 17,4 millj.

**Guðbergur Guðbergsson GSM: 893 6001**
**beggi@remax.is**

**Þórarinn Jónsson**
**hdl. Löggiltur fasteignasali**

16,9 millj.

# Berjavellir 2 Hfj. - LAUS STRAX

Glæsileg 3ja herbergja íbúð á 2.hæð (jarðhæð frá garði) í fjölbýlishúsi með lyftu. Sérinngangur af svölum. Andyri m/ fataskáp. þvottahús. Íbúðin er opin, eldhús og stofa eitt rými. Stofan með útgengi á verönd og þaðan út í garð - suðurátt -m/mögul.á sér garði. Eldhúsið er með viðarinnréttingu, baðherbergið er flísalagt í hólf og gólf, bæði svefnherb.m/ fataskápum. Gólfefni eru parket og flísar.
ATH. Áhvílandi er 14,6millj. Frá Íslandsbanka á 4,15% vöxtum sem hægt er að yfirtaka.






**Heimilisfang:** Berjavellir 2
**Stærð eignar:** 78,8 fm
**Fjöldi herb.:** 3
**Byggingarár:** 2003
**Brunab.mat:** 10,9 millj.
**Verð:** 16.9 millj.

**Guðbergur Guðbergsson GSM:**
**893 6001 (Beggi). beggi@remax.is**

**Þórarinn Jónsson**
**hdl. Löggiltur fasteignasali**


## KÓPAVOGSBÆR

# Auglýsing um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogs á auglýstum tillögum að deiliskipulagi.

**Í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst afgreiðsla bæjarstjórnar Kópavogs á eftirfarandi deiliskipulagstillögum:**

**Vatnsendi – Þing. Byggð Hrafnistu. Deiliskipulag.**
Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs þann 24. maí 2005 samþykkt tillögu að deiliskipulagi byggðar Hrafnistu í Þingum Vatnsenda. Nánar tiltekið afmarkast skipulagssvæðið í norður og austur af fyrirhugaðri íbúðarbyggð í Þingum, vatnsverndarmörkum í Vatnsendahlíð til suðurs og af hesthúsahverfinu í Heimsenda til vesturs. Á deiliskipulagssvæðinu, sem er 4.5 ha að flatarmáli, er ráðgert að rísi fyrir aldraða;- hjúkrunaríbúðir sem tengjast þjónustumiðstöð; vistrými og öryggisíbúðir auk íbúða fyrir almennan markað. Tillagan var auglýst frá 28. janúar til 28. febrúar 2005 með athugasemdafresti til 15. mars 2005. Athugasemdir og ábendingar bárust. Skipulagsstofnun hefur yfirfarið málsgögnin og gerði ekki athugasemd við að birt yrði auglýsing um samþykkt deiliskipulagsins sbr. ofangreind lög. Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins mun birtast í B-deild Stjórnartíðinda 2. nóvember 2005.

**Hörðukór 3. Breytt deiliskipulag.**
Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 22. september 2005 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 3 við Hörðukór. Í tillögunni felst að byggingarreitur er stækkaður um 3 metra til austurs og vesturs; þaki hússins er lyft sem nemur 4,8 metrum; þakrými er nýtt sem hluti íbúða á 12. hæðar; vegna landhalla á lóðinni og hæðarsetningu fyrirhugaðs húss og bílgeymslu er bætt við jarðhæð með fjórum íbúðum; íbúðum er fjölgað úr 48 í 52; hámarks flatarmál hússins eykst um 700 m² verður um 6.700 m² í stað 6.000 m²; fyrirkomulag og fjöldi bílastæða breytist. Tillagan var auglýst frá 27. júlí til 24. ágúst 2005 með athugasemdafresti til 7. september 2005. Engar athugasemdir og ábendingar bárust. Skipulagsstofnun hefur yfirfarið málsgögnin og gerði ekki athugasemd við að birt yrði auglýsing um samþykkt deiliskipulagsins sbr. ofangreind lög. Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins mun birtast í B-deild Stjórnartíðinda 2. nóvember 2005.

**Baugakór 38. Grunnskóli í Kórahverfi. Breytt deiliskipulag.**
Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 22. september 2005 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 38 við Baugakór. Í tillögunni felst að byggingarreitur fyrirhugaðs grunnskóla í Kórahverfi, er stækkaður og færður í austurhluta lóðarinnar. Fyrirkomulag og fjöldi bílastæða ásamt legu gönguleiða og afmörkun lóðar skólans er jafnframt breytt. Tillagan var auglýst frá 27. júlí til 24. ágúst 2005 með athugasemdafresti til 7. september 2005. Engar athugasemdir og ábendingar bárust. Skipulagsstofnun hefur yfirfarið málsgögnin og gerði ekki athugasemd við að birt yrði auglýsing um samþykkt deiliskipulagsins sbr. ofangreind lög. Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins mun birtast í B-deild Stjórnartíðinda 2. nóvember 2005.

**Miðbær Kópavogs. Upplýsingamiðstöð, unglingahús, bílastæðahús. Breytt deiliskipulag.**
Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 18. ágúst 2005 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi í miðbæ Kópavogs. Breytingin nær til svæðis sem afmarkast að Hamraborg til suðurs, Hábraut til vesturs, lóðamörkum Ásbrautar 19-21 í norður og af-rein af Hafnarfjarðarvegi í austur. Í tillögunni flest að gert er ráð fyrir tveggja til þriggja hæða byggingu (upplýsingamiðstöð/unglingahús-/bílastæðahús) allt að 350 m² að grunnfleti, austan og sunnan gatnamóta Hábrautar og Ásbrautar auk þess sem fyrirkomulagi á yfirbyggðu bílastæði (tveggja hæða bílastæði) norðan Hamraborgar gegnt Tónlistaskóla og Listasafni Gerðar Helgadóttur er breytt. Tillagan var auglýst 22. júní til 20. júlí 2005 með athugasemdafresti til 3. ágúst 2005. Engar athugasemdir og ábendingar bárust. Skipulagsstofnun hefur yfirfarið málsgögnin og gerði ekki athugasemd við að birt yrði auglýsing um samþykkt deiliskipulagsins sbr. ofangreind lög. Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins mun birtast í B-deild Stjórnartíðinda 2. nóvember 2005.

Nánari upplýsingar eða gögn um ofangreindar deiliskipulagsáætlanir og afgreiðslu þeirra er hægt að nálgast á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 200 Kópavogi, milli kl. 8:00 og 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:00 til 14:00.

**Skipulagsstjóri Kópavogs.**


HÚSIÐ FASTEIGNASALA 533 4300
SMÁRINN FASTEIGNASALA 564 6655

# Vesturbærinn - Opið hús



Vesturbærinn. Opið hús í dag, miðvikudag kl 17:30 – 18:30 að Skeljagranda 4, 3ju hæð til hægri 2ja herbergja rúmgóð útsýnisíbúð með upphituðu bílskýli.
***Verð 15,9 m. Verið velkomin.***
***Nánari upplýsingar hjá Guðnýju í síma 821-6610.***

**Eignamiðlun Suðurnesja**
*Sigurður V. Ragnarsson löggiltur fasteignasali*

**Hafnargötu 20**
**230 Reykjanesbæ**
**Sími 421 1700**
**www.es.is**

Frum



**Heiðarból 23, Keflavík**
Einstaklega fallegt og vel staðsett einbýlishús í enda botnlanga. Húsið skiptist í fjögur svefnherbergi, stofu, borðstofu, sjónvarpshol, eldhús, bað, gestasnyrtingu, forstofu og gott fataherbergi. Tvöfaldur arinn er í húsinu, annars vegar í stofu og hins vegar í sjónvarsholi. Parket er á öllum gólfum nema í forstofu og á baði, þar eru flísar. Í eldhúsi er nýleg innrétting, ofn, háfur og helluborð. Eldhúsið var allt endurnýjað fyrir um 5 árum. Á baði er innrétting, flísar á gólfum og veggjum, baðkar og sturta. Glæsileg afgirt verönd með heitum potti. Allar stéttar eru steyptar og stimplaðar. Rimlagluggatjöld eru í öllu húsinu. Góður bílskúr 34,5 ferm., fullgerður. Frábær staður þar sem stutt er í leik- og grunnskóla. **Verð 39.500.000.-**



**Borgarvegur 15, Njarðvík**
Sérlega glæsilegt einbýlishús, á þremur hæðum, sem mikið hefur verið endurnýjað í gegnum árin, m.a. allt nýtt í eldhúsi, nýlegt parket á stofum og eldhúsi, en flísar á forstofu. Parketlíki á gólfum í risi. Búið að endurnýja stóran hluta af öllum lögnum, þ.e. raflagnir, neysluvatns- frárennslis- og ofnalagnir. Í kjallara er sér 2ja herbergja íbúð, með sérinngangi, sem hægt er leigja út, þar er stofa, herb, eldhús og snyrting með sturtu. Sérlega góður staður, eigulegt hús. **Verð 22.500.000.-**

## VISSIR ÞÚ ...

... að Harry Vardon frá Bretlandi hefur unnið flesta titla á British Open-golfmótinu eða sex talsins á árunum 1896 til ársins 1914?

... að Tiger Woods á heiðurinn að mesta bursti í golfkeppni? Hann vann opna bandaríska meistaramótið með fimmtán högga forskoti á næsta mann. Tiger lék á tólf höggum undir pari.

... að Tiger þénaði rétt tæpa þrjá milljarða króna frá ágúst 1996 til mars 2004 á mótaröð bandarísku atvinnumannasamtakanna í golfi?

... að yngsti keppandinn í Ryder bikarnum er Sergio Garcia frá Spáni en hann var 19 ára, 8 mánaða og 15 daga þegar hann keppti fyrir Evrópuliðið?

... að Fergus Muir setti niður lengsta pútt utan stórmóta sem var 114,3 metrar?

... að stærsta sandgryfja heims er Hell's Half Acre-sandgryfjan á Pine Valley-vellinum í Bandaríkjunum? Gryfjan er 535 metra löng, 256 frá teig, og teygir sig í 137 metra í átt að næstu braut.


allt matur
Alla föstudaga

20% afsláttur
af öllum rúmfatnaði í 3 daga
VERIÐ
Glæsibæ, s. 552 0978
www.damask.is

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Stigahúsateppi

Suðurlandsbraut 10
Sími 533 5800
STRÖND ehf.
www.simnet.is/strond

Ljúffengir veislubakkar

Frí heimsending
Pöntunarsími: 554-6999
Júmbó
Samlokur
www.jumbo.is

allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga

Stilling
- betri en bestir
Bílavarahlutir

AMTEL
NordMaster
vetrardekk


| Stærð | Ónegld | Negld |
|---|---|---|
| 175/70R13 | 4.800.- | 5.800.- |
| 175/65R14 | 4.990.- | 5.990.- |
| 185/65R14 | 5.300.- | 6.290.- |
| 195/65R15 | 6.900.- | 7.390.- |
| 205/65R15 | 6.900.- | 7.900.- |

Stilling
Bílavarahlutir
AÐALNÚMER · SÍMI 520 8000
SKEIFUNNI 11 RVÍK. · SÍMI 520 8001
DRAUPNISGATA 1 AK · SÍMI 520 8002
DALSHRAUNI 13 HFN. · SÍMI 520 8003
SMIÐJUVEGI 68 KÓP. · SÍMI 520 8004
BÍLDSHÖFÐA 16 RVÍK. · SÍMI 520 8005
EYRARVEGI 29 SELF. · SÍMI 520 8006
www.stilling.is

# Kaupþing stelur starfsmönnum



Norska blaðið Dagens Næringsliv greinir frá því að Jan Petter Sissener, yfirmaður Kaupthing Norge, óski stíft eftir starfskröftum verðbréfamiðlara og greiningaraðila hjá verðbréfafyrirtækinu Alfred Berg ABN Amro. Átta lykilstarfsmenn Alfred Berg skrifuðu undir ráðningarsamning við Kaupthing Norge um helgina.

Sissener var áður í stjórnunarstöðu hjá Alfred Berg og lenti þar í útistöðum við yfirmenn sína.

Blaðið telur að Kaupthing ætli að styrkja stöðu sína til muna í verðbréfaviðskiptum í Noregi, enda megi búast við að viðskiptavinum fyrirtækisins fjölgi í kjölfar mannaráðninga. Uppskriftin er einföld: „Við ætlum að gera viðskiptavini okkar ríka. Þegar kúnnarnir verða ríkir þá verðum við eitt af fremstu verðbréfafyrirtækjunum," segir Sissener við blaðið.

- eþa

**JAN PETTER SISSENER** Yfirmaður Kaupthing Norge er sakaður um að stela starfsmönnum frá gamla vinnustaðnum.



**FARÞEGAR Í LEIFSSTÖÐ** Farþegum fjölgaði á fyrstu níu mánuðum ársins samanborið við sama tíma í fyrra.

# Fleiri farþegar í Leifsstöð

Farþegum í Leifsstöð fjölgaði um 8,6 prósent á fyrstu níu mánuðum þessa árs samanborið við fyrstu níu mánuði ársins 2004. Alls komu 599 þúsund farþegar til landsins um Keflavíkurflugvöll fyrstu níu mánuði ársins en 552 þúsund farþegar sömu mánuði síðasta árs. Á síðustu tólf mánuðum hafa 740 þúsund farþegar farið um Keflavíkurflugvöll sem er 9,8 prósentum meira en 12 mánuðina þar á undan.

- hb






GEORGE BERNARD SHAW (1856-1950) LÉST ÞENNAN DAG.

*„Stjórnvöld sem ræna Pétur til að borga Páli geta ávallt reitt sig á stuðning Páls.“*

GEORGE BERNARD SHAW VAR BRESKT LEIKRITASKÁLD SEM HLAUT BÓKMENNTAVERÐLAUN NÓBELS ÁRIÐ 1925.



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 2. NÓVEMBER 1947

## *Grenigæsin hefst á loft*

Á þessum degi árið 1947 flaug hinn sérlundaði bandaríski auðkýfingur Howard Hughes risaflugvélinni Spruce Goose í fyrsta og eina skiptið. Flugvélin, sem var að mestu smíðuð úr timbri, er rúmlega 180 tonn að þyngd og vænghafið er tæpir 98 metrar, sem er mesta vænghaf flugvélar fyrr og síðar. Flugið stóð yfir í rétt um það bil mínútu og á þeim tíma flaug ferlíkið rúmlega eins og hálfs kílómetra vegalengd.

Í síðari heimsstyrjöldinni fengu bandarísk stjórnvöld Hughes til að smíða fyrir sig þrjá „flugbáta“ sem áttu að geta flutt mikinn mannafla og vopn. Smíði flugbátsins lauk þó ekki fyrr en að stríðinu loknu og var því flugvélin, sem hlaut viðurnefnið Spruce Goose eða Grenigæsin, aldrei notuð eða framleidd í fleiri eintökum. Hughes, sem varð sérlundaðri eftir því sem árin liðu, hafði hins vegar flugbátinn ávallt reiðubúinn í flugeymslu sem kostaði hann offjár. Spruce Goose er nú til sýnis í flugminjasafni í Oregon þar sem hún var gerð upp fyrir nokkrum árum.



SPRUCE GOOSE

## MERKISATBURÐIR

1906 Fyrsta kvikmyndahúsið, Reykjavíkur Biograftheater, tekur til starfa í Fjalakettinum við Aðalstræti.

1913 Morgunblaðið kemur út í fyrsta sinn.

1930 Haile Selassie er krýndur keisari Eþíópíu.

1938 Togarinn Ólafur frá Reykjavík ferst í norðanveðri á Halamiðum með allri áhöfn.

1946 Íslendingar taka við stjórn flugumferðar á Norður-Atlantshafi.

1948 Harry Truman er endurkjörinn forseti Bandaríkjanna.

1963 Forseti Suður-Víetnam, Ngo Dinh Diem, er myrtur.

2000 Verslunarmiðstöðin Glerártorg á Akureyri er opnuð.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

LEGSTEINAR
S.HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is



†

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Guðbjörg Jónsdóttir**

áður til heimilis á Nýlendugötu 15a,

lést á elli- og hjúkrunarheimilinu Grund föstudaginn 28. okt. Jarðsett verður frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 3. okt. kl. 13.00.

Jón H. Þórarinsson — Marilou Suson
Guðlaug Kristófersdóttir
Jónína S. Kristófersdóttir — Kjartan L. Pálsson
Ingólfur Kristófersson — Hildur Guðmundsdóttir
barnabörn, langömmubörn og langalangömmubörn.



†

*Hjartkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þóra Birna Brynjólfsdóttir**

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði sunnudaginn 30. október. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík, föstudaginn 4. nóvember kl. 13.00.

Magnús Gústafsson — Edda Birna Gústafsson
Birna Magnúsdóttir
Björn Magnússon — Dagbjört Ósk Steindórsdóttir
Einar Magnússon — Áslaug Jónsdóttir
Jórunn María Magnúsdóttir — Haukur Bragason
Baldur Dan Alfreðsson
Þórir Dan Viðarsson — Jóhanna Stella Baldvinsdóttir
og barnabarnabörn.

†



*Okkar innilegustu þakkir færum við öllum þeim fjölmörgu sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Gunnbjörns Jónssonar**

Hraunvangi 7, Hrafnistu, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Hrafnistu, elskulegs starfsfólks B2 Hrafnistu, starfsfólki B2 Landspítala Fossvogi, MND-teymi, MND-félaginu og Sr. Sigríði Kristínu Helgadóttur fyrir þann stuðning sem þau sýndu honum í veikindum hans.

Guð blessi ykkur öll.

Kristín Gróa Gunnbjörnsdóttir — Ingimar Kristjánsson
Sigfús Brynjar Gunnbjörnsson — Anna Björk Brandsdóttir
Jón Valdimar Gunnbjörnsson — Ragna Jóna Helgadóttir
Sólbjörg Gunnbjörnsdóttir — Rósinkar Snævar Ólafsson
Kristbjörg Gunnbjörnsdóttir — Heimir Lárus Hjartarson
Guðjón Heiðar Gunnbjörnsson — Elínborg Sigvaldadóttir
barnabörn og barnabarnabörn

FÉLAG FRAMSÓKNARKVENNA Í REYKJAVÍK ER 60 ÁRA

# Ekki lengur stilltar og prúðar

Þegar Félag framsóknarkvenna í Reykjavík var stofnað fyrir sextíu árum var andrúmsloftið nokkuð annað en það er í dag. „Konur áttu helst að vera hljóðlátar, prúðar og stilltar líkt og í kvæði Davíðs Stefánssonar þar sem það var aðalsmerki kvenna,“ segir Áslaug Brynjólfsdóttir formaður framsóknarkvenna í Reykjavík sem hefur starfað með flokknum í tæp þrjátíu ár. Í þessu ljósi fannst Áslaugu merkilegt að slagorð kvennafrídagsins nýlega var „Konur höfum hátt“ og sýni það vel þær breytingar sem orðið hafi á þessum áratugum.

„Markmið félagsins frá upphafi var að vinna að aukinni þátttöku kvenna í stjórnmálum,“ segir Áslaug sem er tíundi formaðurinn á sextíu árum. „Síðan höfum við reynt að stuðla að því að koma hæfum konum í öruggt sæti,“ segir Áslaug en fyrsta konan til að komast á þing fyrir Framsóknarflokkinn var Rannveig Thorsteinsdóttir árið 1948. „Svo leið ansi langur tími þangað til Valgerður [Sverrisdóttir] komst á þing árið 1987,“ upplýsir Áslaug en í millitíðinni hafði félagið haft frumkvæði að því að stofna Landsamband Framsóknarkvenna árið 1981 en Áslaug sjálf kom að stofnun þess ásamt þeim Sigríði Magnúsdóttur og Valborgu Bentsdóttur. „Síðan höfum við staðið okkur betur en nokkur annar flokkur því við vorum um tíma með þrjá kvenráðherra og þrjá karlráðherra,“ segir Áslaug, en upphaflega hugsunin með Félagi framsóknarkvenna var að veita þeim liðsinni sem minna máttu sín í þjóðfélaginu og leggja áherslu á ýmis nauðsynjamál sem voru talsvert önnur fyrir sextíu árum. Sérstaklega var þeim umhugað um hag kvenna og fjölskyldunnar.

„Stemningin er öll að lifna við,“ segir Áslaug um Félag framsóknarkvenna í Reykjavík en hún viðurkennir að starfsemin hafi verið í töluverðri lægð síðan borginni var skipt í tvö kjördæmi. „Félagið hefur verið misöflugt en við erum að reyna að lífga upp á það aftur,“ segir Áslaug sem telur jafn nauðsynlegt að hafa kvenfélag nú og fyrir sextíu árum. „Þar eru öðruvísi samræður og konur eru kannski djarfari. Ég finn að þegar ekki er kvenfélag þá er stór hópur af miðaldra konum sem ekki lætur eins mikið til sín taka,“ segir Áslaug sem telur að mesti sigur félagsins frá stofnun hafi verið að koma þremur kvenráðherrum í ríkisstjórn. ■



**KONUR Í SÓKN** „Síðan höfum við staðið okkur betur en nokkur annar flokkur því við vorum um tíma með þrjá kvenráðherra,“ segir Áslaug Brynjólfsdóttir.



†

*Þökkum innilega fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför*

**Estherar Á. Laxdal**

frá Tungu, Svalbarðsströnd.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á B-gangi á dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri.

Synir hinnar látnu og fjölskyldur.



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Jónína Sjöfn Jóhannsdóttir**

Blikabraut 6, Keflavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut 27. október. Útför fer fram frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 4. nóvember kl. 10.30.

Hreggviður Bergmann
Magnús Bergmann
Vignir Bergmann — Sara Líf Sefánsdóttir
Fríða Bergmann — Samúel Már Smárason
og barnabörn.

## ANDLÁT

**Gunnlaugur Sigurgeirsson,** prentari og sjómaður, andaðist á heimili sínu, Skeggjagötu 17, Reykjavík, sunnudaginn 16. október. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Arngrímur Gíslason**, Mararbraut 9, Húsavík, andaðist á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga miðvikudaginn 19. október. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Björn Eiríksson**, Bólstaðarhlíð 45, áður til heimilis í Mávahlíð 36, Reykjavík, andaðist á Landspítalanum við Hringbraut miðvikudaginn 26. október.

**Hermann Búason** andaðist á Dvalarheimili aldraðra, Borgarnesi, fimmtudaginn 27. október.

**Jónína Sjöfn Jóhannsdóttir**, Blikabraut 6, Keflavík, lést á Landspítalanum við Hringbraut fimmtudaginn 27. október.

**Guðbjörg Jónsdóttir**, áður til heimilis á Nýlendugötu 15a, lést á elli- og hjúkrunarheimilinu Grund föstudaginn 28. október.

**Þórður Óskarsson,** fyrrverandi útgerðarmaður á Akranesi, Urðarási 8, Garðabæ, lést á Landspítalanum í Fossvogi föstudaginn 28. október.

**Ásdís Björnsdóttir**, Ögmundarstöðum, Skagafirði, lést laugardaginn 29. október.

**Friðbjörg Midjord**, Fellsási, Breiðdal, andaðist á Landspítalanum í Fossvogi laugardaginn 29. október.

**Óskar Kristjánsson,** útgerðarmaður frá Súgandafirði, lést á Landspítalanum við Hringbraut laugardaginn 29. nóvember.

**Þóra Birna Brynjólfsdóttir** lést á Hrafnistu í Hafnarfirði sunnudaginn 30. október.

## JARÐARFARIR

13.00 **Gylfi Jónsson** vélvirki, Fannafold 116, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju.

13.00 **Þuríður Jónsdóttir** frá Grafardal, til heimilis á Kársnesbraut 135, Kópavogi, verður jarðsungin frá Áskirkju í Reykjavík.

14.00 **Árni Hinrik Jónsson**, áður Suðurgötu 44, Keflavík, verður jarðsunginn frá Ytri-Njarðvíkurkirkju.

## AFMÆLI



**Kjartan Ólafsson** alþingismaður er 52 ára.



**Alfre Woodard** leikkona er 52 ára.



**Bryndís Loftsdóttir** verslunarstjóri er 35 ára.



**Eva Sólan,** þula og ljóðskáld, er 33 ára.



... mmmmmmmóna!
*NÝJAR UMBÚÐIR
*NÝJAR UMBÚÐIR
*NÝJAR UMBÚÐIR
móna
DROPAR
rjómasúkkulaði
SKELJAR
Ljósir spænir
Dökkir spænir
Ljós TERTU HJÚPUR
Dökkur TERTU HJÚPUR
BRAGÐAUKI SUÐUSÚKKULAÐI
Ljósir dropar:
Dropar úr ekta rjómasúkkulaði.
Frábærir sem skraut á kökur og eftirrétti eða með kaffinu.
Skeljar:
Skeljar úr ekta rjómasúkkulaði.
Frábærar sem skraut á kökur og eftirrétti eða með kaffinu.
Dökkir dropar:
Dropar úr ekta suðusúkkulaði.
Ómissandi ofan á spesíur, frábærir í allan bakstur.
Ljós súkkulaðispænir:
Kjörinn á ísrétti, í kökur og kaffidrykki.
Dökkur súkkulaðispænir:
Tilvalinn í kökur, eftirrétti og kaffidrykki.
Ljós tertuhjúpur:
Fallegur ljós súkkulaðihjúpur á kökur. Bræddu hjúpinn í vatnsbaði eða örbylgju og helltu honum síðan yfir kökuna.
Lúxus suðusúkkulaði:
Frábært í allan bakstur og tilvalið í heitt súkkulaði með rjóma.
Súkkulaðibitar:
Helltu súkkulaðibitunum beint út í deigið þegar þú bakar ekta súkkulaðibitakökur. Einnig tilvalið út á ísinn.
Dökkur tertuhjúpur:
Fallegur dökkur hjúpur á kökur. Bræddu hjúpinn í vatnsbaði eða örbylgju og helltu honum síðan yfir kökuna.
Bragðauki suðusúkkulaði:
Suðusúkkulaði með appelsínubragði. Gefur skemmtilega möguleika í bakstrinum.
Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu





# STUÐ MILLI STRÍÐA Skíðað á götunum

**BORGHILDI GUNNARSDÓTTUR** LÍST VEL Á VETURIN



Jæja, þá er veturinn kominn. Gamli vinur minn. Hann ákvað að koma ekki fyrr en daginn sem ég fór í vinnuna á bíl foreldra minna sem enn er á sumardekkjunum. Sniðugt hjá honum. Hann er hrekkjóttur gamli kuldaboli. Í tilraun minni til að koma mér heim á bílnum í öllum snjónum komst ég að því að bílar geta skíðað. Þetta þótti mér stórskemmtilegt og hló hástöfum á meðan ég skíðaði inn í næstu hliðargötu, rétt tókst að afstýra árekstri við ljósastaur, lagði bílnum og fór heim í strætó.

Ánægð með strætó sem kom um leið og ég gekk upp að skýlinu. Ekki eins ánægð þegar ég ætlaði út úr strætónum í gegnum dyrnar að framanverðu og strætóbílstjórinn bannaði mér það. „Það er opið að aftan," hreytti hann í mig, ekki það minnsta kurteis. Ég sat framarlega og fannst óþarfi að ganga að aftari dyrunum. Af hverju leyfa sumir bílstjórar ekki að farið sé út að framan, jafnvel þegar enginn er að koma inn? Óþarfa önugleiki að mínu mati.

Nóg um það. Ég ætlaði að tala um veturinn. Hann er sem sagt formlega kominn með sínum hvíta snjó og kuldabola. Ég er búin að grafa upp gammósíurnar og skammast mín ei fyrir það. Gammó eru kúl! Það er töff að vera hlýtt, það er mitt mottó. Ullarsokkabuxur virka líka vel. Núna vantar mig bara fallega kuldaskó því ég kann illa við að finna kuldann stíga upp í iljarnar þar sem ég stend í strætóskýlum í strigaskónum mínum.

Ég er ánægð með þennan vetur. Mér finnst hann byrja vel. Ég er búin að draga fram kertin og kveiki á þeim á dimmum kvöldum á meðan ég hlusta á ljúfa tónlist og knúsa kærastann minn. Mér sýnist stefnan vera tekin á hvít jól, aldrei þessu vant. Ég trúi því að rigningin haldi sig í felum í stað þess að framkalla endemis leiðinda slabbið sem hefur í allt of mörg ár verið tákn íslenskra jóla. Kannski maður komist bara á skíði um jólin. Kannski ég fari jafnvel á skíðabílnum...

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Overli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Pú og pa

Eftir SÖB




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Kirkman/Scott





**allt** tíska

Alla fimmtudaga


## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi.
Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com.
Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | 7 | 4 | 2 | 6 | 8 | 9 | 5 |
| 8 | 2 | 4 | 9 | 3 | 5 | 1 | 6 | 7 |
| 5 | 6 | 9 | 1 | 7 | 8 | 4 | 3 | 2 |
| 6 | 9 | 1 | 7 | 4 | 3 | 5 | 2 | 8 |
| 7 | 8 | 5 | 6 | 9 | 2 | 3 | 1 | 4 |
| 2 | 4 | 3 | 5 | 8 | 1 | 9 | 7 | 6 |
| 4 | 7 | 6 | 3 | 5 | 9 | 2 | 8 | 1 |
| 9 | 5 | 8 | 2 | 1 | 7 | 6 | 4 | 3 |
| 1 | 3 | 2 | 8 | 6 | 4 | 7 | 5 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 1 | 5 | | | 9 | |
| 1 | | 2 | 6 | 8 | | | | |
| | | 3 | | | 4 | 1 | 5 | |
| | | 6 | | 7 | | | 1 | 4 |
| 4 | 7 | | 2 | | 6 | | 3 | 5 |
| 9 | 8 | | | 3 | | 7 | | |
| | 3 | 8 | 9 | | | 2 | | |
| | | | | 4 | 5 | 3 | | 7 |
| | 6 | | | 1 | 2 | | | |







**Kuldaskór** 2.999 kr
**loðfóðruð** svartir/gráir, svartir/rauðir, st. 23-34




**Kuldaskór** 6.799 kr
**100% vatnsheldir**
bleikir/rauðir, st. 22-26
svartir, st. 27-35



**Moonboots** 3.999 kr
**loðfóðruð** rauð, svört, st. 25/26-37/38



**Moonboots** 3.999 kr
**loðfóðruð** grá, drapp, st. 25/26-33/34

Gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*







**! Kl. 12.15**
***Hreggviður Norðdahl**, jarðfræðingur við Háskóla Íslands, flytur fræðsluerindið „Síðjökultími og ísaldarlok á Íslandi“, á Hrafnaþingi Náttúrufræðistofnunar, í sal Möguleikhússins við Hlemmtorg í Reykjavík.*

**> Ekki missa af ...**

... tónleikum **Sinfóníuhljómsveitar Íslands** í Háskólabíói annað kvöld þar sem **Rúnar Vilbergsson** leikur fagottkonsert eftir Vivaldi og fjórir einsöngvarar syngja Messu í D-dúr eftir Dvorák ásamt Selkórnum.

... **Hrafnaþingi** Náttúrufræðistofnunar Íslands í húsakynnum Möguleikhússins við Hlemm í hádeginu í dag. Þar mun **Hreggviður Norðdahl** fjalla um ísaldarlok á Íslandi.

... sýningunni **Föðurmorð og nornatími** í Norræna húsinu. Sýningunni lýkur 6. nóvember.

**menning**
menning@frettabladid.is

# Franskir tónar í hádeginu

**Á Háskólatónleikum í Norræna húsinu flytja þeir Ármann Helgason klarinettuleikari og Miklós Dalmay píanóleikari franska tónlist fyrir klarinettu og píanó eftir Milhaud, Saint-Saëns og André Messager.**



MIKLÓS DALMAY OG ÁRMANN HELGASON Þeir koma fram á hádegistónleikum í Norræna húsinu í dag og flytja franska tónlist.

„Þetta eru allt verk sem ég spilaði fyrir um fimmtán árum,“ segir Ármann Helgason klarinettuleikari, sem hefur sérstaklega gaman af því að endurnýja kynnin af tónverkunum sem hann ætlar að flytja með Miklós Dalmay píanóleikara í hádeginu í dag. „Maður finnur alltaf nýjar hliðar á verkunum þegar svo langur tími hefur liðið. Þarna leynast margir gullmolar.“

Á efnisskrá tónleikanna eru þrjú verk, öll frá fyrri hluta 20. aldar.

Eftir Darius Milhaud leika þeir Duo Concertant, sem ber keim af kaffihúsatónlist Parísarborgar.

„Milhaud var meðlimur í „les six“, tónlistarhópi sem kom fram um 1920. Þeir vildu gera tónlistina aðgengilegri, koma henni til fólksins. Þeir höfðu fengið nóg af allri rómantíkinni og Wagner-áhrifunum,“ segir Ármann Helgason.

Eftir Camille Saint-Saëns leika þeir Sónötu, en hún er síðasta verk tónskáldsins. Þetta verk er í anda síðrómantíkur, ljóðrænt með líflegum milliköflum.

„Það eru í þessu verki svo fallegir haustlitir. Það er líka gaman að því að hann fer í hring í þessu verki og endar sónötuna eins og hún byrjar. Það er eins og hann sé að líta yfir lífið og er örugglega sáttur.

Eftir André Messager leika þeir loks Solo de concours, verk þar sem meira er sýnt af virtúósahlið klarinettunnar.

„Þetta er eldfjörug, létt og leikandi músík, upphaflega samin fyrir klarinettukeppni í París þar sem hljóðfæraleikarinn þarf að sýna sem mest á sem stystum tíma.“

Þeir Ármann og Miklós hafa leikið saman frá árinu 1995. Þeir hafa áður komið fram á Háskólatónleikum og auk þess leikið í Salnum og víða um land.





Brim
Verðlaunasýning Vesturports
"Fantagott og metnaðarfullt stykki [...] Frábær skemmtun sem snerti margan strenginn í hjörtum áhorfenda"
Eyjafréttir, Ómar Guðmundsson
"Frábær mannlýsing"
Morgunblaðið, Þorgeir Tryggvason
"Fokking snilld"
Viðskiptablaðið, Silja Aðalsteinsdóttir
"Brim er ekkert slor"
DV, Páll Baldvin Baldvinsson
"Bravó fyrir Brimi í stormi og logni"
Frankfurter Kurier, Viola Bolduan
"Áhorfendur launuðu stórkostleg tilþrif þessa sjálfstæða leikhóps með verðskulduðum húrrahrópum"
Mainzer Rheinzeitung, Anne Mareile Moschinski
"Brjálæðisleg dæmisaga um biðina eftir lífinu"
Theater Heute, Silvia Stammen
"Áhrifameiri en nokkuð raunveruleikasjónvarp"
Finland Aamulehti, Marika Vanhatalo
Aðeins sýnt í nóvember á Litla sviði Þjóðleikhússins!
Fös. 4/11, sun. 6/11, mið. 9/11, lau. 12/11, sun. 13/11, fim. 17/11, sun. 20/11, mið. 23/11, mið. 30/11
25% afsláttur fyrir alla Vörðu og Námu félaga.
Landsbankinn
Banki allra landsmanna
Vestur Port
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

# Lifi byltingin!

**LEIKHÚS**

VALGEIR SKAGFJÖRÐ

**Frelsi**

eftir Hrund Ólafsdóttur / Sýnt á Smíðaverkstæði Þjóðleikhússins / Leikstjóri: Jón Páll Eyjólfsson / Leikmynd og búningar: Ólafur Ísfjörð / Tónlist: Hallur Ingólfsson / Lýsing: Sólveig Eggertsdóttir / Leikarar: Anna Kristín Arngrímsdóttir, Arnbjörg Hlíf Valsdóttir, Gísli Pétur Hinriksson, Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir, Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir, Ólafur Steinn Ingunnarson og Sigurður Skúlason.

**Niðurstaða:** Jóni Páli tekst með aðstoð leikhópsins að sviðsetja fyrirtaks sýningu sem ætti að höfða til ungs fólks.



ÚR LEIKRITINU FRELSI Gísli Pétur, Ísgerður og Arnbjörg Hlíf í hlutverkum sínum.

Fyrst skal bjóða Hrund Ólafsdóttur velkomna í hóp íslenskra leikskálda. Hún hefur skrifað afskaplega frambærilegt verk sem tengir okkur við samtímann og allir fá pínulítið á baukinn og það fyllilega verðskuldað.

Textinn sem hún skrifar rennur vel og lipurlega. Styrkur hans liggur meðal annars í því að hann hefur framvindu og rás viðburðanna þróast í eðlilegu flæði milli vel útfærðra atriða.

Verkið hefur yfir sér raunsæislegan blæ en leikstjórinn sprengir upp senurnar með flottum lausnum og ekki liggja leikararnir á liði sínu við að gæða textann lífi og blæbrigðaríkum tilfinningum.

Hrund leiðir okkur inn í heim sem einkennist af samskiptaleysi, skeytingarleysi, skorti á kærleika og samkennd. Þannig var heimurinn sem 68-kynslóðin vildi umbylta en er núna búin að skapa sér nýjan heim sem snýst að miklu leyti um ímyndaðar og sjálfskapaðar gerviþarfir þar sem þeir sem eiga peningana hafa völdin og skammta okkur hinum eftir geðþótta.

Nú vilja afkomendur hennar blása til nýrrar byltingar. (Eða hvað?) En byltingin étur alltaf börnin sín og það er eins og okkur sé fyrirmunað að læra. Þrátt fyrir allt frelsið. Frelsi mannsins felst í því að vera hann sjálfur og verða það sem hann getur orðið. En frelsið hefur ekki merkingu nema í skipulagðri tilveru og skipulögð tilvera er skapandi. Þar af leiðandi vill maðurinn frelsi til að skapa og fara nýjar leiðir. En við höldum samt áfram að gera sömu mistökin aftur og aftur og við segjum: „Þetta er bara svona!“

Jóni Páli tekst með aðstoð leikhópsins að sviðsetja fyrirtaks sýningu sem ætti að höfða til ungs fólks. Ekki væri úr vegi að foreldrar og unglingar færu saman í leikhúsið til að upplifa þetta bráðskemmtilega verk sem er bæði fyndið, dramatískt og fær okkur til að horfast í augu og spyrja: „Höfum við í alvöru áhuga á meðbræðrum okkar og systrum?“

Tveir ungir leikarar þreyta hér frumraun sína, þau Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir og Ólafur Steinn Ingunnarson. Ísgerður vinnur vel úr sínu hlutverki og skapar trúverðuga áhrifagjarna stúlku sem gengst upp í að umgangast eldri krakka. Ólafur Steinn leikur eitt lykilhlutverkanna og á hér glæsilegt debút. Kemur sterkur inn og sýnir okkur margar hliðar á sínum karakter og hvernig hann þróast í framvindu verksins. Hann hvíldi fallega í því sem hann var að gera.

Gísli Pétur Hinriksson leikur besta vininn, einfeldning, drumb sem er alltaf skrefinu á eftir öllum hinum. Frábær túlkun.

Arnbjörg Hlíf fer stöðugt vaxandi sem leikkona. Hún leikur Brynhildi, hortuga en bráðgreinda menntaskólastúlku sem orðið hefur fyrir slæmri lífsreynslu. Sú persóna er reyndar afar vel skrifuð af höfundi. Arnbjörg nýtir sér allt sem textinn hefur upp á að bjóða og gefur til viðbótar mikið af sjálfri sér og fyrir vikið verður til eftirminnileg persóna.

Anna Kristín Arngrímsdóttir leikur hina armæðufullu móður hennar af ríku innsæi og næmleik.

Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir leikur móður unga piltsins og þar er sama uppi á teningnum; áratuga reynsla og kunnátta í faginu skilar henni alla leið.

Sigurður Skúlason lendir hér í því sem er oft svo erfitt - að leika karakter sem ekki er hægt að hafa samúð með. Stundum kallað „vanþakkláta hlutverkið“. Sigurður fer svo listilega með hlutverk hins ofbeldisfulla og mislynda heimilisföður sem kúgar allt og alla í kringum sig að hrollur fór um mann í hvert skipti sem hann birtist á sviðinu. Það fer kannski ekki mikið fyrir honum í leikritinu en nærvera hans yfirskyggir allt í þeim senum sem hann kemur fyrir í, jafnvel þótt rétt sjáist grilla í hann í daufi ljósi aftarlega á sviðinu.

Heildaryfirbragðið: smart, kraftmikið og á stundum svo átakanlega satt.


Leikhópurinn Á senunni í samstarfi við SPRON
Kabarett
í Íslensku óperunni
Síðustu sýningar
– geisladiskurinn kominn út.
05. nóv. UPPSELT
11. nóv. UPPSELT
Aukasýningar verða fös. 18. fös. 25. og lau. 26. SALA ER HAFIN
Miðar í síma 511 4200 og á www.kabarett.is

Tökin hert
THE TURN OF THE SCREW eftir BENJAMIN BRITTEN
25 ára og yngri: 50% afsláttur af miðaverði í sal
4. nóv. kl. 20 - 4. sýning
6. nóv. kl. 20 - 5. sýning
12. nóv. kl. 20 - 6. sýning - LOKASÝNING
ATH! Aðeins þessar þrjár sýningar eftir
„Spennuhlaðið viðfangsefnið gerir sig bráðvel fyrir augu og eyru.“ MORGUNBLAÐIÐ ★★★★ DV
Kynning fyrir sýningar á Tökin hert, 2. - 6. sýning kl. 19.15
Kynningin fer fram á sviðinu og er innifalin í miðaverði.
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Íslenska óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400
ÍSLENSKA ÓPERAN

BORGARLEIKHÚSIÐ
Stóra svið
Salka Valka
Fi 3/11 kl. 20 Blá kort, Lau 12/11 kl. 20, Fi 17/11 kl. 20, Fi 24/11 kl. 20, Fö 25/11 kl. 20
Woyzeck
Lau 5/11 kl. 20 Rauð kort, Fi 10/11 kl. 20 Græn kort, Fö 11/11 kl. 20 Blá kort, Fö 18/11 kl. 20, Lau 19/11 kl. 20
Kalli á þakinu
Su 6/11 kl. 14 UPPSELT, Su 13/11 kl. 14, Su 20/11 kl. 14, Su 27/11 kl. 14
Id - HAUST
Wonderland, Critic´s Choice? og Pocket Ocean
4/11 kl. 20 FRUMSÝNING
Su 6/11 kl. 20, Su 13/11 kl. 20, Su20/11 kl. 20, Mi 23/11 kl. 20
Aðeins þessar 5 sýningar!
Nýja svið/Litla svið
Lífsins tré
Fi 3/11 kl. 20, Fö 4/11 kl. 20 UPPSELT, Lau 5/11 kl. 20, Fi 10/11 kl. 20, Fö 11/11 kl. 20, Fö 18/11 kl. 20
Alveg brilljant skilnaður
Su 6/11 kl. 20 UPPSELT, Su 13/11 kl. 20 UPPSELT, Su 20/11 kl. 20 UPPSELT, Su 27/11 kl. 20 AUKASÝNING
Síðustu sýningar!
Manntafl
Lau 12/11 kl. 20 Fi 17/10 kl. 20 Fi 24/10 kl. 20
Miðasala á netinu
Einfalt og þægilegt er að kaupa leikhúsmiða á heimasíðu Borgarleikhússins www.borgarleikhus.is Þar er einnig að finna ýmsan fróðleik um verkin sem sýnd verða í vetur.
Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!
STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
HALLDÓR Í HOLLYWOOD
8. sýn. fim. 3/11 örfá sæti laus, 9. sýn. fös. 4/11 nokkur sæti laus, 10. sýn. lau. 5/11 örfá sæti laus, fim. 10/11, fös. 11/11 nokkur sæti laus, lau. 12/11 nokkur sæti laus. Aðeins sýnt í nóvember.
KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Sun. 6/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 13/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 20/11 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 27/11 kl. 14:00.
EDITH PIAF
Sun. 6/11 uppselt, sun. 13/11 uppselt, sun. 20/11 uppselt, sun. 27/11 uppselt, sun 4/12 uppselt - 90. sýning. Allra síðasta sýning.
LITLA SVIÐIÐ KL. 20.00
BRIM
Fös. 4/11 örfá sæti laus, sun. 6/11, mið. 9/11, lau. 12/11, sun. 13/11. Aðeins sýnt í nóvember.
SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
FRELSI
Í kvöld mið. 2/11 nokkur sæti laus, fim. 3/11 uppselt, lau. 5/11 nokkur sæti laus, mið. 9/11 uppselt, fim. 10/11, lau. 12/11, mið. 16/11 uppselt, fim. 17/11. Sýnt í nóvember.
LEIKHÚSKJALLARINN
Sun. 6/11. Sunnudagsjass. Margot Kiis.
Miðasala við innganginn. Upplýsingar um viðburði Leikhúskjallarans í s. 585 1295. Húsið er opnað kl. 18:00 fös. og lau. Annars klukkustund fyrir viðburð.
MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.


Sýnt í Iðnó
Gestur
Síðasta máltíðin
Hinsegin óperetta eftir Gaut G. Gunnlaugsson og Gunnar Kristmannsson
Næstu sýningar:
fim. 3.nóv. kl. 20:00 og lau. 5.nóv. kl. 17:00
Miðasala í Iðnó í síma 562-9700, idno@xnet.is og á www.midi.is
"Hugmynd Gunnars og Gauts er snjöll og dáruskapurinn fer aldrei yfir þau fínu mörk að verða að fíflagangi. Það gerir grínið enn betra."
Bergþóra Jónsdóttir - mbl



fim. 3. nóv. kl. 19
sun. 13. nóv. kl. 14
www.annie.is • www.midi.is

allt heilsa
Alla þriðjudaga og fimmtudaga

# Breyttir tímar

BÆKUR

## UMFJÖLLUN

Valkyrjur Þráins Bertelssonar sverja sig í sömu ætt og Dauðans óvissi tími sem kom út í fyrra, það er að segja hér er á ferð bók með tvíþættan tilgang. Öðrum þræði er hún hefðbundin glæpasaga og hins vegar samfélagsrýni og ádeila með sterkum tilvísunum í atburði líðandi stundar.

Söguþráðurinn er á þá leið að þegar Freyja Hilmarsdóttir, róttækur femínisti og rithöfundur, finnst myrt hverfur handrit að bók sem hún var að skrifa. Í því eru upplýsingar sem gætu komið sér illa fyrir valdamikla menn. Víkingur Gunnarsson og félagar hans hjá rannsóknarlögreglunni sjá um rannsókn málsins en Elín Óskarsdóttir ríkislögreglustjóri kemur einnig að rannsókninni því í handritinu eru upplýsingarum rannsókn á fjárhagsóreiðum fyrirtækisisns Minus Group. Inn í þetta blandast yfirvofandi stofnun nýrrar öryggisdeildar lögreglunnar með tilheyrandi togstreitu og baktjaldamakki sem teygir anga sína inn á kontóra æðstu ráðamanna þjóðarinnar sem nota undirmenn sína og embættismenn eins og peð í valdataflinu. Þá bætist við þriðja sagan þar sem fylgst er með yfirheyrslum lögreglunnar á morðingja sem neitar að gefa upp hvar líkið af eiginkonu hans er niðurkomið.

Valkyrjur fjallar öðru fremur um breytta tíma, með sínum kostum og löstum, sem Þráinn kýs að persónugera í konum og jafnréttisbaráttu síðari ára. Kvenpersónur bókarinnar eru sterkar og greindar enda þurfa þær á öllu sínu að halda í samskiptum og samkeppni við þá sem hafa tögl og hagldir í samfélaginu. Karlarnir eru í flestum tilfellum búrar af gamla skólanum sem í tölvuvæddum samtíma nýrra gilda streitast á móti eigin hnignun, meðal annars með rótgróinni kvenfyrirlitningu.

Það má matreiða mikið úr því hráefni sem Þráinn hefur valið sér og fléttan byrjar vel. En uppskriftin er að sama skapi vandasöm og lítið má út af bregða til að útkoman verði annað hvort bragðdauf eða of sterk. Frásagnargáfa Þráins er ótvíræð; í fyrsta lagi er hann frábær stílisti sem skrifar hnyttinn og áreynslulausan texta, lausan við óþarfa skrúðmælgi eða tilgerð. Þegar Þráni tekst best til standa honum fáir á sporði í háðsádeilunni en kaldhæðnina vegur hann aftur á móti upp með mikilli samkennd fyrir breyskleikum persóna sinna.

Þráinn virðist hins vegar ekki hafa gert upp við sig hvort hann vilji skrifa reyfara eða samfélagsádeilu og fellir annað formið ekki nægilega vel inn í hitt. Fyrir vikið verður fléttan, sérstaklega í morðrannsókninni, losaraleg þegar á líður. Oft líður of langt á milli kafla þar sem þeirri atburðarás er sinnt og maður gleymir jafnvel stundum að glæpur hafi yfirleitt verið framinn í byrjun bókarinnar. Þetta hefði hugsanlega blessast ef köflunum með yfirheyrslunum vegna líkleitarinnar hefði verið sleppt. Þeim er ofaukið og gera það að verkum að of litlu púðri er eytt í morðrannsóknina sem fær fyrir vikið snubbóttar og ósannfærandi málalyktir.

Þráinn er í essinu sínu þegar kemur að baktjaldamakkinu þar sem æðstu ráðamenn og embættismenn landsins koma við sögu. Helstu aukapersónur draga dám af og dár að þekktum mönnum í íslensku samfélagi og aðstæður eru teygðar til og togaðar. Þetta er hins vegar vandmeðfarið form og krefst hófsemdar og temprunar ef vel á að vera. Á köflum eru vísanirnar í atburði líðandi stundar full fyrirferðarmiklar og jafnvel heldur langt seilst. Til dæmis virðist forsætisráðherra, sem dregur líkindi sín af ónefndum manni, skotið inn í söguna nánast í þeim eina tilgangi að láta hann míga í sig á Þingvöllum.

Samfélagsádeilan er þó engu að síður áhugaverðasti og skemmtilegasti hluti bókarinnar. Nærvera Þráins er mikil og frásögnin oft í anda pistla hans, til dæmis þegar hann veltir upp aðkallandi spurningum um jafnrétti eða aukið eftirlit hins opinbera með þegnum sínum. Þær setur hann fram í rökræðum aðalpersónanna, en kemst sem betur fer sjaldnast að endanlegri niðurstöðu í predikunartóni.

Þrátt fyrir ákveðna vankanta er bókin lestrarins virði þótt ekki væri nema fyrir fantagóð stílbrögð Þráins. Það er hins vegar óskandi að hann marki sér skýrari stefnu og þétti frásögnina í næstu bók því Þráinn Bertelsson hefur mun meira að bjóða en hann gerir í Valkyrjum.

**Bergsteinn Sigurðsson**




**VALKYRJUR**

**Höf:** ÞRÁINN BERTELSSON ÚTG: JPV

**Valkyrjur** er virkilega vel skrifuð bók sem spyr aðkallandi spurninga en líður á köflum fyrir ómarkviss efnistök.











MasterCard kynnir:

OKTÓBERBÍÓFEST

VIÐ BYRJUM VIKU TVÖ MEÐ KRAFTI.

FRUMSÝNINGAR HELGARINNAR ERU:

Frumsýnd á morgun
L' ENFANT
*Jean-Pierre/Luc Dardenne (Belgía Frakkl./2005/95m.)*



Sigurvegari Gullpálmans á Cannes fyrir á árinu. Áhrifamikil og grípandi mynd eftir meistara raunsæisins, Dardenne bræður.

Frumsýnd á morgun
MATTHEW BARNEY: SITE SPECIFIC
*Hafsteinn Gunnar Sigurðsson og Bjarni Massi (Ísland/2005/45 mín.)*



Íslensk heimildarmynd um einn merkasta listamann samtímans. Meðal annars nýtt viðtal við Matthew Barney tekið af Sjón.

Frumsýnd á morgun
MURDERBALL
*Henry Alex Rubin og Dana Adam Shapiro (USA/2005/85 mín.)*



Ótrúleg heimildarmynd um lamaða menn í hjólastólum sem keppa í grimmilegri útgáfu af rugby. Sigurvegari á Sundance.

Frumsýnd á föstudaginn
LA MARCHE DE L'EMPEREUR
*Jean-Pierre/Luc Dardenne (Belgía Frakkl./2005/95m.)*




Mörgæsamyndin sem er að slá í gegn um allan heim. Magnað þrekvirki sem á eftir að heilla alla upp úr skónum.

Frumsýnd á föstudaginn
ME AND YOU AND EVERYONE WE KNOW
*Miranda July (USA,UK/2005/91mín.)*



Sigurvegari fjögurra aðalverðlauna á Cannes í maí. Hugljúf og beitt, rómantísk, gamanmynd.

Frumsýnd á laugardaginn
GUY X
*Saul Metzstein (Kanada, Ísland, UK/2005/101 mín.)*




Íslensk framleiðsla með Jason Biggs í aðalhlutverkinu, sem fer á kostum sem hermaður á Grænlandi sem kemst ekki burt.

Dagskráin er fáanleg til útprentunar á www.icelandfilmfestival.is.
Þar geturðu líka gefið myndunum einkunn og unnið passa á næstu hátíðir.



„Ein heimildarmynd og þessar mörgæsir hada að þær séu aðal málið?!"
- JÖKULL II

Í Háskólabíói og Regnboga 26. október - 14. nóvember

Iceland Film Festival
iff

ICELANDAIR · ICELANDAIR HOTELS · Talstöðin FM 90,9

www.icelandfilmfestival.is

fjörið ... Fólk folk@frettabladid.is

# Fólkinu finnst...



... Jasmínu teblóm í morgunsárið alveg einstaklega fallegt og seiðmagnað. Þú færð þessi undraverðu blóm í Heilsudrekanum í Skeifunni og líta þau út eins og lítil kúla sem sett er út í heitt vatn. Eftir tíu mínútur vaknar blómið til lífsins og fyllir teketelinn af ilmandi, heilnæmu tei. Fullkomið á morgunverðarborðið.

...útsala Þorsteins Bergmann á horninu á Mýrargötunni og Ægisgötunni vera frábær uppgötvun. Hér finnurðu alls kyns gersemar, gömul stell, flotta sixtís bolla, öskubakka, hnífapör, styttur og ljós.





...laxahrogn með blinis alveg fullkominn og einfaldur forréttur sem bráðnar í munni. Skelltu sýrðum rjóma, söxuðum rauðlauk og capers með. Drekkist með kældu kampavíni. Namminamm.

...rússahúfur eru það eina sem heldur hitanum í kroppnum í vetur. Eitt svona kanínuskinn á hausnum hleypir ekki





**FRANZ FERDINAND** Skoska sveitin hefur tekið upp sína útgáfu af laginu Sexy Boy.

## Ferdinand tekur upp Sexy Boy

Skoska hljómsveitin Franz Ferdinand, sem hélt magnaða tónleika í Kaplakrika í haust, hefur tekið upp sína útgáfu af lagi frönsku hljómsveitarinnar Air, Sexy Boy.

Lagið er að finna á nýjustu smáskífu Ferdinand, Walk Away, sem er væntanleg í næsta mánuði. Walk Away er tekið af annarri plötu sveitarinnar, You Could Have it so Much Better. Þann 28. nóvember gefur Ferdinand einnig út DVD-disk með heimildarmynd og tónleikaupptökum.


AXE HITABLÁSARAR

Rafmagns- gas- og steinolíublásarar

Margar stærðir og gerðir



MÚRBÚÐIN

Smiðjuvegur 72 · 200 Kópavogur

Sími 544 5470 · www.murbudin.is


# Tóku frelsinu fagnandi

Frelsi, nýtt íslenskt leikrit eftir Hrund Ólafsdóttur, var frumsýnt á Smíðaverkstæðinu á föstudaginn. Sýningin fékk góðar viðtökur áhorfenda en leikritið fjallar um hóp ungmenna sem fær nóg af kerfinu, yfirvaldinu og vill taka völdin í sínar hendur. Margir af efnilegustu leikurum landsins leika í sýningunni og þeir kunnu svo sannarlega að skemmta sér að lokinni sýningu.

„Ég var mjög ánægð," sagði Hrund Ólafsdóttir, höfundur verksins, þegar Fréttablaðið innti hana eftir því hvernig til hefði tekist. „Það var mikil gleði og þetta er góður hópur," bætti hún við og lét þess einnig getið að unga fólkið hefði dregið það eldra með sér út á gólfið í gott djamm. „Það var mikið fjör enda verið að fagna vel heppnaðri frumsýningu."

MYNDIR: FRÉTTABLAÐIÐ/ÓMAR





**EINTÓM GLEÐI** Þær Arnbjörg Hlíf, Hrund Ólafsdóttir og Sólveig Eggertsdóttir ljósahönnuður réðu sér vart fyrir kæti.



**UNGUR NEMUR...** Tinna Gunnlaugsdóttir þjóðleikhússtjóri og Ísgerður Gunnarsdóttir leikkona hafa væntanlega skeggrætt framtíð leikhússins hér á landi.



**ÞUNGAVIGTARFÓLK** Leikstjórinn Jón Páll ásamt leikurunum Ólafi Steini Ingunnarsyni, Arnbjörgu Hlíf, leikritaskáldinu Hrund og Sólveigu Eggertsdóttur.



**LEIKHÓPURINN** Leikararnir sem standa að sýningunni ásamt leikstjóranum Jóni Páli, leikritaskáldinu Hrund og höfundi tónlistar, Halli Ingólfssyni.



einni gráðu upp úr hvirflinum. Kíktu í búðir eins og Spútnik, Rokk og Rósir og íslensku túristaverslanirnar til að ná þér í eintak.



...verslunin Kisan á Laugavegi algert æði. Dýrindis frönsk barnaföt frá Bonpoint, dásamleg ilmkerti, æðislegar metallic-töskur, svalar ljósmyndabækur, geisladiskar og annað über-kúl dót fyrir fólkið sem á allt.



**LEIKSTJÓRINN OG LEIKKONAN** Ísgerður Gunnarsdóttir og Jón Páll Eyjólfsson hafa eflaust haft margt að skrafa í frumsýningarteitinu.



**MÆÐGURNAR** Sigrún Gyða Sveinsdóttir veitti móður sinni, Hrund Ólafsdóttur, stuðning á frumsýningarkvöldinu.












HUGSAÐU STÓRT
SMÁRABÍÓ
SÍMI 564 0000
Sýnd kl. 5, 8 og 10.45 Sýnd í Lúxus kl. 5, 8 og 10.45 B.i. 12 ára
Frá leikstjórum There Is Something About Mary
Ný íslensk heimildarmynd sem hefur farið sigurför um heiminn
“MEISTARASTYKKI” H.E. Málið
Africa United
Sýnd kl. 4, 6 og 8
RED EYE
Sýnd kl. 10 B.i. 14 ára
Sýnd kl. 5.40, 8 og 10.20
Frá framleiðendum The Professional og La Femme Nikita
Fór beint á toppinn í USA
450 kr.
Sýnd kl. 4, 6 og 10.30 B.i. 16 ára
Sýnd kl. 3.50 með íslensku tali.
Dolby
THX
BÍÓ.IS – allt á einum stað




REGNBOGINN
SÍMI 551 9000
Ný íslensk heimildarmynd sem hefur farið sigurför um heiminn
“MEISTARASTYKKI” H.E. Málið
Africa United
Sýnd kl. 6
FRÁ LEIKSTJÓRA FAST AND THE FURIOUS & XXX
Hrikalega hraður háloftatryllir með Jamie Foxx, Josh Lucas og Jessicu Biel í aðalhlutverkum.
Sýnd kl. 5,20, 8 og 10.40 B.i. 12 ára
Sýnd kl. 8 og 10 B.i. 16 ára
400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu
OKTÓBERBÍÓFEST
26. október -14. nóvember
My Summer of Love • Sýnd kl 6 Enskt tal
Adams Æpler • Sýnd kl 8 Danskt tal/ótextað
Ringers: Lord of the Fans • Sýnd kl 10 Enskt tal
Kung Fu Hustle • Sýnd kl 6 Enskur texti
Pusher III • Sýnd kl 8 Danskt tal/ótextað
The Aristocrats • Sýnd kl 10 Enskt tal
www.icelandfilmfestival.is




FOUR BROTHERS
FRUMSÝND Á FÖSTUDAG
LAUGARÁS BÍÓ
DOOM
THE DESCENT
Sýnd kl. 5:30, 8 og 10:30
Sýnd kl. 6, 8 og 10
Borgarbíó




STAR WARS EPISODE III
KOMIN Á DVD!
Lokakaflinn í vinsælustu kvikmyndaseríu allra tíma er loksins kominn á DVD í verslanir um land allt.
TVÖFALDUR DISKUR
• Bak við tjöldin
• Sex áður óséðar senur
• Ný heimildarmynd
• Myndband með tónlist John Williams
• Myndasafn
• Trailerar og TV spottar
• Plaköt og margt margt fleira
ALGERLEGA ÓMISSANDI Í SAFNIÐ!
TRYGGÐU ÞÉR EINTAK
Spilaðu Star Wars Battlefront II á PC, PlayStation 2 og PSP!
góða skemmtun ►
sena







**DIMMA** Rokksveitin Dimma spilar á Gauknum ásamt tveimur færeyskum hljómsveitum. MYND/VILHELM

# Útgáfutónleikar Dimmu

Rokksveitin Dimma heldur tvenna tónleika á Gauknum næstkomandi föstudag í tilefni af útkomu fyrstu plötu sveitarinnar sem kemur út 8. nóvember.

Platan inniheldur tíu frumsamin lög auk myndbands við lagið Cockeye Gutterworm. Á tónleikunum mun Dimma leika í fyrsta skipti öll lögin af plötunni og líklega eitthvað af nýrri plötu Michaels Bruce, gítarleikara og lagahöfundar Alice Cooper-sveitarinnar, en þrír meðlimir Dimmu spiluðu með Bruce á plötunni The Second Coming of Michael Bruce.

Á báðum tónleikunum spila einnig færeysku rokksveitirnar Sic og 48 Pages sem hafa getið sér gott orð fyrir kraftmikið rokk. Báðar hafa þær spilað hér á landi áður.

Fyrri tónleikarnir á Gauknum eru fyrir alla aldurshópa og byrja þeir kl. 17.00 en seinni tónleikarnir hefjast á miðnætti og er aðgangseyrir 500 krónur.

# Má ekki segja að hún sé mamman

Samkvæmt samningi sem popparinn Michael Jackson hefur gert við fyrrum eiginkonu sína, Debbie Rowe, má hún ekki segja börnunum sínum tveimur að hún sé móðir þeirra.

Verður þetta bann endurskoðað þegar börnin verða eldri. Einnig má hún aðeins hitta börnin, þau Prince Michael I sem er átta ára og Paris sem er 7 ára, stöku sinnum.

Jackson og Rowe skildu árið 1999. Rowe fékk að hitta börnin í fyrsta sinn í fimm ár í ágúst síðastliðnum á hótelherbergi í Los Angeles. Fóstra barnanna fór með börnin á fund móður sinnar en Jackson var þá staddur í Barein.

Jackson er um þessar mundir að taka upp nýtt smáskífulag þar sem hann syngur með öðrum þekktum tónlistarmönnum.



**MICHAEL JACKSON** Popparinn vill ekkert með fyrrverandi eiginkonu sína hafa.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Hótelerfinginn Paris Hilton er í viðræðum um að leika Zsa Zsa Gabor í nýrri kvikmynd. Gabor var eitt sinn gift langafa Parisar, Conrad Hilton, og tengist því leikkonunni að einhverju leyti. Myndin segir meðal annars frá sigri Gabor árið 1936 í keppninni Ungfrú Ungverjaland.



Ricky Gervais, sem sló í gegn í þáttunum The Office, ætlar að gera kvikmynd ásamt félaga sínum Stephen Merchant. „Ég vil gera eitthvað sem enginn hefur áður gert, eða bæta það sem hefur verið gert áður," sagði Gervais. Staðfesti hann einnig að hann langaði til að gera kvikmyndir byggðar á barnabókum sínum Flanimals.



Leikkonan Jennifer Aniston leikur næst í kvikmyndinni Derailded ásamt breska leikaranum Clive Owen. Aniston, sem virðist vera að jafna sig eftir skilnaðinn við Brad Pitt, mun leika konu úr viðskiptalífinu sem er nauðgað. Aniston er einnig með tvær aðrar dramatískar myndir á verkefnalistanum.





# Gwen er hermikráka

Söngkonan Madonna segir að Gwen Stefani, sem sló í gegn í hljómsveitinni No Doubt, sé algjör hermikráka.

„Hún hermdi eftir mér. Við vinnum með mörgu sama fólkinu. Hún giftist Breta, hún er með ljóst hár og hún hefur áhuga á tísku," segir Madonna. „En mér er alveg sama. Mér finnst hún fín stelpa og mjög hæfileikarík."

**MADONNA** Söngkonan Madonna segir að Gwen Stefani sé algjör hermikráka.

# Doherty stendur ekki við bakið á Moss

Sjaldan er ein báran stök. Þetta á að minnsta kosti við Kate Moss. Eftir að hafa verið ljósmynduð við að taka kókaín missti hún af milljónasamningum, fékk viðurnefnið kókaín-Kate og neyddist til að flýja undan ásókn fjölmiðla til Bandaríkjanna þar sem hún skráði sig loks í meðferð.

Á sunnudaginn birti breska blaðið News of the World frétt þess efnis að ólátabelgurinn Pete Doherty væri kominn með nýja stúlku upp á arminn þrátt fyrir að vera enn opinberlega í sambandi við fyrirsætuna. Sú „heppna" heitir Nuha og er 23 ára gamall listnemi. Þau kynntust á tónleikaferðalagi Babyshambles og hafa átt í eldheitu ástarsambandi án þess að Moss hafi haft um það minnsta grun. Greinilegt er að Pete hefur ekki haft í hyggju að styðja við bakið á kærustunni sinni heldur reka frekar rýting í bakið á henni. Það ætlaði allt um koll að keyra þegar Doherty mætti með listnemann upp á arminn í teiti sem vinir Moss héldu. Það verður því að teljast næsta víst að sambandi rokkarans og fyrirsætunnar sé nú lokið. Kate öðlast þó eflaust samúð breskra fjölmiðla á næstu dögum en Pete verður úthúðað, að öllum líkindum sem skepnu, ef breskir fjölmiðlar eru samir við sig. Rokkarinn brást ókvæða við þegar blaðamenn News of the World reyndu að ná tali af honum og sparkaði meðal annars í bíl þeirra.

Kate er nú á leiðinni til Englands þar sem hún þarf að svara til saka fyrir kókaínið. Væntanlega mun hún nýta ferðina og láta Pete finna til tevatnsins. Moss staldrar þó stutt við því hún hyggst flytjast til Bandaríkjanna ásamt dóttur sinni.



**PETE OG KATE** Þau hafa lengi verið eitt umdeildasta par Bretlands. Pete er þegar kominn með aðra stúlku þótt kærastan hans sé í meðferð og hafi síður en svo haft það náðugt.






## Valsmenn ekki hættir

Valsarar hafa ekki ennþá lokað fyrir þann möguleika á að þeir fái til sín fleiri leikmenn fyrir næstu leiktíð í Landsbankadeildinni. "Við erum ennþá að líta í kringum okkur," sagði Börkur Edvardsson í gær.

**sport**

sport@frettabladid.is

KNATTPSPYRNUFÉLAGIÐ VALUR: AFHJÚPAÐI TVO NÝJA LEIKMENN Í GÆR

# *Samningar leikmanna verða ekki ræddir*

Valur afhjúpaði tvo nýjustu liðsmenn sína á formlegan hátt í gær, þá Val Fannar Gíslason og Pálma Rafn Pálmason, sem koma báðir til liðsins á frjálsri sölu. Ennfremur skrifuðu þeir Sigurbjörn Lárusson, fyrirliði, og markvörðurinn Kristinn Geir Guðmundsson undir áframhaldandi samning við félagið og þá áréttuðu Valsmenn að þeir byggjust fastlega við því að þeir Guðmundur Benediktsson og Sigþór Júlíusson spiluðu með liðinu a.m.k. eitt ár í viðbót.

„Ég vildi breyta til og fá nýja áskorun," sagði Valur Fannar í samtali við Fréttablaðið spurður um ástæður þess að hann hefði kosið að ganga til liðs við Val, en hann skrifaði undir þriggja ára samning við félagið. „Ég fór frá Fram í Fylki á sínum tíma og það voru góð skipti fyrir mig. Ég hef eignast fullt af góðum vinum í Árbænum en ég vildi samt sem áður kynnast einhverju nýju og ég vona að Valur reynist mér eins vel og Fylkir," sagði Valur Fannar og bætti því við að hann hefði ekki rætt við nein önnur lið en Val. Pálmi Rafn skrifaði aðeins undir eins árs samning með möguleika á framlengingu, en Húsvíkingurinn knái hefur ennþá hug á því að komast að hjá erlendu félagi og vildi því ekki binda sig lengur. „Valur ætlar sér stóra hluti og vonandi get ég bætt liðið. Ég verð allavega með þeim næsta sumar og svo sjáum við til um framhaldið," sagði Pálmi Rafn.



Fréttablaðið greindi frá því í gær að þeir Valur Fannar og Pálmi Rafn væru samtals með 9,2 milljónir í árslaun hjá sínum nýju vinnuveitendum. Spurður um hvort einhver fótur væri fyrir þeirri upphæð á fundinum í gær sagði Börkur Edvardsson, formaður knattspyrnudeildar Vals: „Þetta er trúnaðarmál milli leikmanna og félags og verður ekki rætt."

## > Danirnir stóðu sig vel

Dönsku knattspyrnumennirnir Bo Henriksen, Hans Mathisen og Kim Nörholt gerðu góða hluti hjá liði Victory á Maldíveyjum, sem þremenningarnir gengu til liðs við eftir að Landsbankadeildinni lauk hér heima. Nörholt fékk stöðu aðstoðarþjálfara og félaginu og tók þá Henriksen og Mathisen með sér. Danirnir reyndust hvalreki á fjörur Victory því að með þá innanborðs fór liðið alla leið í deildarkeppninni í landi og tryggði sér þar meistaratitilinn um helgina. Henriksen var einstaklega iðinn við kolann og skoraði mark að meðaltali í leik.








# Rétt undir meðallaunum í Noregi og Svíþjóð

**Launin sem Valur greiðir Vali Fannari Gíslasyni eru nálægt meðallaunum atvinnumanna á Norðurlöndunum að því norskir og sænskir fjölmiðlar segja.**

**FÓTBOLTI** Mánaðarlaunin sem Valur Fannar Gíslason fær eftir að hafa skrifað undir samning við Val í gær, og Fréttablaðið greindi frá í gær, eru í námunda við laun meðalleikmanna í norsku og sænsku úrvalsdeildinni. Þetta segja íþróttafréttamenn hjá norska blaðinu Verdens Gang og sænska blaðinu Aftenposten sem Fréttablaðið ræddi við í gær.

Launataxtinn í norsku úrvalsdeildinni fyrir meðalleikmann er talinn aðeins hærri en sá í sænsku deildinni en margt bendir til þess að launaþakið sé hærra í Svíþjóð, en þar eru allra bestu leikmennirnir að fá meira borgað en kollegar sínir í Noregi.

Launahæstu leikmennirnir í norsku úrvalsdeildinni eru með frá 1-1,5 milljón króna í mánaðarlaun og eru þá ekki tekin með í reikninginn ýmis fríðindi sem gætu fylgt - fríðindi á borð við húsnæði, aðgang að bifreið o.s.frv. Rune Olavsson hjá Allsvenskan segir að íslenskur leikmaður sem komi nýr inn í sænsku úrvalsdeildina geti nokkuð vel við unað með fimm milljónir í árslaun, þau sömu og Valur Fannar fær hjá Val samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Vísaði Olavsson í óvísindalega rannsókn sem blaðið gerði fyrir frétt sem birtist á síðasta ári en er fullyrt að eigi enn rétt á sér. „Það eru alltaf nokkrir risar sem rífa upp meðaltalið en séu þeir teknir frá væri álitlegt að segja að meðallaunin væru rétt um hálf milljón á mánuði," segir Olavsson.



**STEFÁN GÍSLASON** Er mjög líklega með nokkuð hærri laun hjá Lyn en bróðir hans hjá Val. Hér sést hann í baráttu við Zlatan Ibrahimovic í landsleik Íslendinga og Svía um daginn.

Oddlye Moe, blaðamaður hjá VG, taldi að þeir íslensku leikmenn sem eru til mála hjá norsku úrvalsdeildarfélögum væru líklega flestir með hærri laun en þau sem Valur Fannar er með hjá Val en að svo þyrfti alls ekki að vera um þá alla.

„Hálf milljón á mánuði væru vel viðunandi fyrir íslenskan leikmann sem á enn eftir að sanna sig í úrvalsdeild á Norðurlöndunum og þá er ég að tala um algjör hámarkslaun," segir Moe.

vignir@frettabladid.is

Roy Keane, fyrirliði Man. Utd, er ekki að skafa utan af því frekar en fyrri daginn:

# Hraunaði yfir fimm samherja

**FÓTBOLTI** Manchester United hefur neitað að tjá sig um orðróm þess efnis að Sir Aelx Ferguson hafi bannað sjónvarpsstöð félagsins, MUTV, að senda út viðtal sem tekið var við fyrirliða liðsins, Roy Keane, eftir niðurlægingunа gegn Middlesbrough um síðustu helgi.

Keane á að hafa farið hamförum í viðtalinu og hraunað hressilega yfir fimm félögum sínum - Alan Smith, John O´Shea, Liam Miller, Kieran Richardson og Darren Fletcher - og sagt þá hreinlega ekki vera nógu góða til að spila með félaginu.

Viðtalið ku hafa verið svo svakalegt að yfirmenn stöðvarinnar þorðu ekki að fara með það í loftið fyrr en Fergie hefði séð það. Sir Alex á að hafa trompast, fyrirskipað að viðtalið yrði ekki sýnt og síðan lesið yfir hausamótunum á Keane.

- hbg



**ROY KEANE** Ekki vanur að liggja á skoðunum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Stórleikur í Tórínó í meistaradeildinni:

# Hefnir Juve gegn Bayern?

**FÓTBOLTI** Seinni umferðin í riðlakeppni meistaradeildarinnar hófst í gær og fjórðu umferðinni lýkur í kvöld. Stórleikur kvöldsins er klárlega viðureign Juventus og Bayern Munchen í Tórínó. Juventus tapaði sínum fyrsta leik í ítölsku deildinni um helgina gegn AC Milan og verður fróðlegt að sjá hvernig þeir koma undan þeim leik.



**FABIO CAPELLO** Þarf sárlega á sigri að halda gegn Bayern Munchen í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Fyrri leik liðanna í Þýskalandi lyktaði með 2-1 sigri Bayern sem er með fullt hús á toppi riðilsins. Tölfræðin er með Juve í kvöld enda hefur liðið unnið 13 af 19 heimaleikjum sínum gegn þýskum félögum.

Ensku félögin Man. Utd og Arsenal eru einnig í eldlínunni í kvöld. Man. Utd sækir franska félagið Lille heim en Arsenal tekur á móti Spörtu frá Prag. Lille náði eftirminnilegu markalausu jafntefli gegn United á Old Trafford og sveinar Sir Alex hyggja án vafa á hefndir.

Arsenal vann útileikinn gegn Spörtu, 2-0, og ætti því ekki að vera í vandræðum með að afgreiða tékkneska félagið í kvöld.

- hbg

## STAÐAN Í RIÐLUNUM

**A-RIÐILL:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **BAYERN** | **3** | **3** | **0** | **0** | **4-1** | **9** |
| JUVENTUS | 3 | 2 | 0 | 1 | 6-3 | 6 |
| **C.BRUGGE** | **3** | **1** | **0** | **2** | **2-3** | **3** |
| R.VIENNA | 3 | 0 | 0 | 3 | 0-5 | 0 |

**B-RIÐILL:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **ARSENAL** | **3** | **3** | **0** | **0** | **6-29** | **9** |
| AJAX | 3 | 1 | 1 | 1 | 4-3 | 4 |
| **THUN** | **3** | **1** | **0** | **2** | **2-4** | **3** |
| S.PRAG | 3 | 0 | 1 | 2 | 1-4 | 1 |

**C-RIÐILL:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **BARCELONA** | **3** | **2** | **1** | **0** | **6-1** | **7** |
| UDINESE | 3 | 1 | 1 | 1 | 5-5 | 4 |
| **PANATHIN.** | **3** | **1** | **1** | **1** | **2-4** | **4** |
| W.BREMEN | 3 | 0 | 1 | 2 | 2-5 | 1 |

**D-RIÐILL:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **MAN.UTD** | **3** | **1** | **2** | **0** | **2-1** | **5** |
| BENFICA | 3 | 1 | 1 | 1 | 3-3 | 4 |
| **VILLARREAL** | **3** | **0** | **3** | **0** | **1-1** | **3** |
| LILLE | 3 | 0 | 2 | 1 | 0-1 | 2 |

**LEIKIR KVÖLDSINS:**

C.Brugge-Rapid Vín, Juventus-Bayern, Thun-Ajax, Arsenal-Sparta, Barcelona-Panathinaikos, W.Bremen-Udinese, Benfica-Villarreal, Lille-Man.Utd.

# Vaxtalaus tilboð

**Dupen rúmin eingöngu fáanleg í Hagkaupum Smáralind og á markaði Hagkaupa Óseyri 1 Akureyri**




**VAXTALAUST TILBOÐ**

| Rúmstærð | verð frá | mánuðir | stgr. |
|---|---|---|---|
| 90 x 200 | 2.999 kr | 7 mán. | 20.993.- |
| 120 x 200 | 2.999 kr | 9 mán. | 26.991.- |
| 150 x 200 | 2.999 kr | 11 mán. | 32.989.- |
| 180 x 200 | 2.999 kr | 13 mán. | 38.987.- |




**VAXTALAUST TILBOÐ**

| Rúmstærð | verð frá | mánuðir | stgr. |
|---|---|---|---|
| 150 x 200 | 8.299 kr | 12 mán. | 99.588.- |
| 180 x 200 | 9.999 kr | 12 mán. | 119.988.- |




**VAXTALAUST TILBOÐ**

| Rúmstærð | verð frá | mánuðir | stgr. |
|---|---|---|---|
| 90 x 200 | 3.999 kr | 12 mán. | 47.988.- |
| 120 x 200 | 4.999 kr | 12 mán. | 59.988.- |
| 150 x 200 | 5.799 kr | 12 mán. | 69.588.- |
| 180 x 200 | 7.499 kr | 12 mán. | 89.988.- |

- Hágæða efni með 100% bómull
- 9-10 lög af efnum í hverju rúmi
- Sérstök öndun í rúmunum
- Sérstaklega löguð rúm fyrir bakveika
- Dupen rúmin hafa slegið í gegn í 55 þjóðlöndum
- Þýskt gæða gormakerfi í rúmunum
- Í hverju rúmi eru allt að 416 gormar
- Sérstaklega styrkt í köntum og hornum
- Efnin í rúminu eru sérstaklega ofnæmisprófuð




**VAXTALAUST TILBOÐ**

| Rúmstærð | verð frá | mánuðir | stgr. |
|---|---|---|---|
| 90 x 200 | 4.999 kr | 12 mán. | 59.988.- |
| 120 x 200 | 5.999 kr | 12 mán. | 71.988.- |
| 150 x 200 | 7.499 kr | 12 mán. | 89.988.- |
| 180 x 200 | 8.999 kr | 12 mán. | 107.988.- |




**VAXTALAUST TILBOÐ**

| Rúmstærð | verð frá | mánuðir | stgr. |
|---|---|---|---|
| 90 x 200 | 3.499 kr | 12 mán. | 41.988.- |
| 120 x 200 | 4.499 kr | 12 mán. | 53.988.- |
| 150 x 200 | 4.999 kr | 12 mán. | 59.988.- |
| 180 x 200 | 5.999 kr | 12 mán. | 71.988.- |




**VAXTALAUST TILBOÐ**

| Rúmstærð | verð frá | mánuðir | stgr. |
|---|---|---|---|
| 90 x 200 | 2.999 kr | 12 mán. | 35.988.- |
| 120 x 200 | 3.999 kr | 12 mán. | 47.988.- |
| 150 x 200 | 4.499 kr | 12 mán. | 53.988.- |

Gildir til 9. nóvember eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*



**LOKSINS TAP** Leikmenn Chelsea voru með böggum hildar eftir að Dani hafði skorað eina mark leiksins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

# Betis stöðvaði Chelsea

**Real Betis stöðvaði sigurgöngu Chelsea með því að leggja þá að velli 1-0 í meistaradeildinni í gær. Eiður Smári Guðjohnsen náði ekki að nýta tækifærið sem hann fékk sem fremsti maður í byrjunarliði Chelsea.**

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen náði ekki að nýta tækifærið í byrjunarliði Chelsea í nokkuð óvæntu tapi liðsins gegn Real Betis í meistaradeild Evrópu í gær. Eiður var tekinn af leikvelli í hálfleik en þetta var fyrsta tap liðsins frá því gegn Liverpool í undanúrslitum meistaradeildarinnar í fyrra, ef frá er talinn leikurinn gegn Charlton í enska deildarbikarnum í síðustu viku þar sem liðið beið lægri hlut í vítaspyrnukeppni.

Á sama tíma vann Liverpool öruggan 3-0 sigur á Anderlecht á heimavelli sínum og hreppti þar með toppsæti G-riðilsins. Með sigrinum í gær á Real Betis ennþá von um að komast áfram en liðið er aðeins stigi á eftir Chelsea.

Leikmenn Real Betis mættu gríðarlega ákveðnir til leiks í gær og voru greinilega staðráðnir í að ná fram hefndum frá því leik liðanna fyrir tveimur vikum, en þá sigruðu þeir bláklæddu örugglega, 4-0, á heimavelli sínum. Leikaðferð liðsins gekk fullkomlega, leikmennirnir lokuðu svæðum einstaklega vel og náðu leikmenn Chelsea sér alls ekki á strik. Það var alls ekki óverðskuldað þegar sóknarmaðurinn Dani kom Betis yfir á 28. mínútu, aðeins þremur mínutum eftir að hafa komið inn á sem varamaður fyrir Richardo Oliveira sem varð fyrir slæmum meiðslum.

Í síðari hálfleik bökkuðu leikmenn Betis mun mikið og Chelsea tók algjöra stjórn á leiknum en færin voru sem fyrr af skornum skammti þrátt fyrir nokkra pressu liðsins undir lokin verðskuldaður sigur Betis því staðreynd.

Af öðrum úrslitum gærkvöldsins má helst nefna að frönsku meistararnir í Lyon burstuðu Olympiakos í Grikklandi, 1-4, þar sem John Carew skoraði tvö mörk og í sama riðli vann Real Madrid góðan útisigur á Rosenborg, 0-2. Í E-riðli vann PSV nokkuð óvæntan sigur á AC Milan í Hollandi með einu marki gegn engu og í Mílanó náði Inter að vinna 2-1 sigur á Porto þrátt fyrir að hafa lent undir í upphafi leiks. Julio Cruz var hetja liðsins en hann skoraði tvö mörk undir lokin eftir að hafa komið inn á sem varamaður.

**- vig**

## LEIKIR GÆRDAGSINS

*Meistaradeild Evrópu:*

**E-RIÐILL:**

PSV-AC MILAN 1-0
1-0 Jefferson Farfan (12.).
SCHALKE-FENERBACHE 2-0
1-0 Kevin Kuranyi (32.), 2-0 Ebbe Sand (90.)

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **PSV** | **4** | **2** | **1** | **1** | **2-3** | **7** |
| SCHALKE | 4 | 1 | 2 | 1 | 7-6 | 5 |
| **AC MILAN** | **4** | **1** | **2** | **1** | **5-4** | **5** |
| FENERBACHE | 4 | 1 | 1 | 2 | 7-8 | 4 |

**F-RIÐILL:**

OLYMPIAKOS-LYON 1-4
1-0 Haruna Babangida (3.), 1-1 Juninho (41.), 1-2 John Carew (43.), 1-3 John Carew (57.), 1-4 M. Diarra (55.).
ROSENBORG-REAL MADRID 0-2
0-1 Dorsin, sjálfsmark (26.), 0-2 Guti (41.).

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **LYON** | **4** | **4** | **0** | **0** | **10-2** | **12** |
| REAL MADRID | 4 | 3 | 0 | 1 | 8-5 | 9 |
| **ROSENBORG** | **4** | **1** | **0** | **3** | **4-8** | **3** |
| OLYMPIAKOS | 4 | 0 | 0 | 4 | 4-11 | 0 |

**G-RIÐILL:**

LIVERPOOL-ANDERLECHT 3-0
1-0 Morientes (34.), 2-0 Luis Garcia (61.), 3-0 Djibril Cisse (89.)
REAL BETIS-CHELSEA 1-0
1-0 Dani (28.).

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **LIVERPOOL** | **4** | **3** | **1** | **0** | **6-1** | **10** |
| CHELSEA | 4 | 2 | 1 | 1 | 5-1 | 7 |
| **REAL BETIS** | **4** | **2** | **0** | **2** | **1-6** | **6** |
| ANDERLECHT | 4 | 0 | 0 | 4 | 0-6 | 0 |

**H-RIÐILL:**

INTER-PORTO 2-1
0-1 Miguel Almeida (16.), 1-1 Julio Cruz, víti (75.), 1-2 Julio Cruz (82.)
ARTMEDIA-RANGERS 2-2
0-1 Dado Prso (3.), 1-1 Balazs Borbely (8.), 1-2 Steve Thompson (44.), 2-2 Jan Kozak (59.).

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **INTER** | **4** | **3** | **0** | **1** | **4-3** | **9** |
| ARTMEDIA | 4 | 1 | 2 | 1 | 5-5 | 5 |
| **RANGERS** | **4** | **1** | **2** | **1** | **5-5** | **5** |
| PORTO | 4 | 1 | 0 | 3 | 7-8 | 3 |


Auglýsing

ICELANDAIR FOOTBALL & FUN

Fótboltamótið **Ian Rush Icelandair Masters** verður haldið dagana 4.-5. nóvember nk. Mótið sem er alþjóðlegt fótboltamót fyrir lengra komna byggir á Masters mótaröðinni sem haldin er á Englandi ár hvert. Hingað til landsins koma þrjú lið frá Englandi sem samanstanda af leikmönnum sem hættir eru að spila sem atvinnumenn. Þessi lið eru **Liverpool, Arsenal og Manchester United.** Þá mun taka þátt úrvalslið frá Icelandair sem skipað verður þekktum íslenskum leikmönnum sem hættir eru að spila. Mótið verður með því sniði að föstudaginn 4. nóvember er undankeppni þar sem öllum er heimil þátttaka en úr undanriðlum komast fjögur lið sem leika til úrslita við þau fjögur lið sem að ofan eru nefnd. Úrslitin verða svo spiluð laugardaginn 5. nóvember. Það er því til mikils að vinna að komast í gegnum riðlakeppni svo mögulegt sé að mæta þeim stjörnuleikmönnum sem hingað munu koma. Fyrrverandi leikmenn Liverpool sem koma hingað og taka þátt í mótinu eru m.a. **Ian Rush** sem mótið er kennt við, **John Wark, Jan Mölby og Mickey Thomas.** Frá Manchester koma **Frank Stapelton, Arthur Albiston, Paul Parker, David May og Clayton Blackmore** og frá Arsenal **Kenny Samson, Tony Woodcock, Graham Rix og Perry Groves** svo einhverjir séu nefndir. Úrslitakeppni mótsins verður sjónvarpað beint á SÝN og þá koma hingað til lands erlendir aðilar sem munu fjalla um mótið s.s. SKY Sport og fleiri. Spilað verður í Egilshöllinni á völlum sem verða ca. 25x50 metrar og verða 5 í hverju liði með markmanni, en fjöldi þáttakenda í hverju liði má vera allt að 10. Þátttakendur verða að vera orðnir a.m.k. 32 ára að aldri og vera hættir fótboltaiðkun á efri stigum.
Innifalið í þátttökugjaldi er aðgangur að mótinu báða dagana, móttaka að mótinu loknu og veglegt lokahóf með öllum þátttakendum mótsins. Viljum við gefa íslenskum liðum kost á að taka þátt í undankeppninni og fer skráning fram hjá JET ehf., sem er framkvæmdaraðili mótsins. Skráning fer fram í síma **895-3120** og á **jet@fotboltasumarid.is**. Þá eru frekari upplýsingar um mótið á vefnum **footballandfun.is**.

Carlsberg Hlufi af leiknum
ICELANDAIR HOTELS
ICELANDAIR



Viðbótargisting á frábæru verði
- Aguacates
- Vista Golf
- Las Arenas

17. jan. – aðeins 11 íbúðir
24. jan. – aðeins 15 íbúðir
31. jan. – aðeins 17 íbúðir
7. feb. – aðeins 17 íbúðir

Bókaðu strax!






Kanaríeyjar eru langvinsælasti áfangastaður Evrópubúa yfir vetrarmánuðina, enda er þar milt og gott veður með jöfnu hitastigi árið um kring. Á Gran Canaria er að jafnaði 20-25 stiga hiti á daginn. Vinsælustu staðirnir eru Enska ströndin og Maspalomas og þar eru Heimsferðir með sína gististaði.

100% verðtrygging til Kanarí
Þú færð ávallt lægsta verðið og mestu gæðin hjá Heimsferðum – annars endurgreiðum við mismuninn.*



Frábært verð!

Kr. 49.990 – vika, m.v. 2
Flug, skattar og gisting, m.v. 2 í íbúð á Aguacates, Vista Golf eða Las Arenas, vikuferð, 17., 24. og 31. janúar eða 7. febrúar.
Netverð á mann.

Kr. 59.990 – 2 vikur, m.v. 2
Flug, skattar og gisting, m.v. 2 í íbúð á Aguacates, Vista Golf eða Las Arenas, í 2 vikur, 17., 24. og 31. janúar eða 7. febrúar.
Netverð á mann.

*Verðtrygging Heimsferða tryggir þér lægsta verðið á viðkomandi ferð, m.v. gististað í boði, ferðadag og ferðalengd. Háð því að viðkomandi ferð sé í boði.

Þjónustan í öndvegi
Okkar kappsmál er að veita sem besta þjónustu. Allir fararstjórar Heimsferða hafa áralanga reynslu og sérþekkingu á Kanaríeyjum.

- Íslensk fararstjórn
- Úrval kynnisferða
- Viðtalstímar á gististöðum
- Beint leiguflug án millilendingar
- Upplýsingabók Heimsferða með hagnýtum upplýsingum
- Skemmti- og íþróttadagskrá í sérvöldum ferðum
- Símavakt allan sólarhringinn
- Örugg læknaþjónusta



Mundu MasterCard ferðaávísunina
Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík, sími 595 1000
Akureyri, sími 461 1099 • Hafnarfjörður, sími 510 9500 • www.heimsferdir.is



**VIKTOR BJARKI ARNARSSON** Valur talaði við hann án leyfis frá Víkingi en Víkingar eru hættir við að kæra athæfið.

Deila Víkings og Vals:

## Kærur verða felldar niður

**FÓTBOLTI** Knattspyrnudeild Víkings hefur dregið til baka kæru á hendur Val fyrir að ræða við tvo samningsbundna leikmenn félagsins, þá Grétar Sigfinn Sigurðsson og Viktor Bjarka Arnarsson.

Stjórnir knattspyrnudeildanna segja í sameiginlegri yfirlýsingu að mikilvægt sé að samningar leikmanna við félög séu virtir og að félög virði reglur KSÍ um viðræður við samningsbundna leikmenn. Eftir viðræður milli knattspyrnudeildanna hafi Víkingur ákveðið að draga kæruna til baka. Undir yfirlýsinguna skrifa síðan Róbert Agnarsson frá Víkingi og Börkur Edvardsson frá Val. **- hbg**

Arsene Wenger er ekki sáttur við kollega sinn hjá Chelsea:

## Hótar að fara í mál við Mourinho

**FÓTBOLTI** Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal, segir að þau ummæli sem Jose Mourinho, stjóri Chelsea, lét hafa eftir sér í fyrradag vera óviðeigandi og úr takt við raunveruleikann. Mourinho sagði Wenger vera „gluggagægi“ og sakaði hann um að vera með Chelsea á heilanum og hefur sá franski ekki útilokað meiðyrðamál gegn Mourinho.

„Hann fór algjörlega yfir strikið að þessu sinni og ég er ekki enn þá búinn að ákveða hvort ég kæri hann. Þessi ummæli voru viðbjóðsleg.“

Forsaga málsins er sú að Wenger gagnrýndi Mourinho fyrir þá knattspyrnu sem hann lætur lið sitt spila og sagði það leiðinlegt á að horfa. Mourinho hefur svo sem ekki farið varhluta af gagnrýni á sitt lið það sem af er leiktíð, en með ummælum Wengers hefur hann væntanlega sprungið.

„Ég var bara spurður um spilamennsku Chelsea og ég gaf heiðarlegt og málefnalegt svar. Þessi viðbrögð Mourinhos eru engan veginn réttlætanleg,“ sagði Wenger er jafnframt í gær. **- vig**



**ARSENE WENGER** Íhugar að fara í meiðyrðamál við Jose Mourinho.
FRÉTTBLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Ian Rush-mótið:

## Ennþá hægt að skrá sig

**FÓTBOLTI** Það eru enn laus sæti í Ian Rush Icelandair Masters-mótið í fótbolta sem fram fer í Egilshöll um næstu helgi en þar munu lið frá Liverpool, Arsenal og Man. Utd keppa.

Leikið verður á litlum völlum og eru fimm í liði. Þáttökuskilyrði eru að leikmenn verði að vera 32 ára eða eldri og hafa látið af knattspyrnuiðkun á efri stigum. Skráning fer fram á jet@fotboltasumarid.is og í síma 895 3120. Upplýsingar um mótið er að finna á síðunni footballandfun.is. Mótið verður sýnt í beinni á Sýn og Skysjónvarpsstöðin mun einnig taka upp svipmyndir af mótinu.



**ÞÓRÐUR GUÐJÓNSSON** Velur hann FH eða ÍA?

Þórður Guðjónsson:

## Mun ákveða sig í dag

**FÓTBOLTI** Þórður Guðjónsson mun greina frá því í dag með hvaða liði hann ætlar að leika á næstu leiktíð. Valið stendur á milli FH og ÍA. Sterkur orðrómur hefur verið uppi um að Þórður ætli sér að semja við FH en samningstilboð FH var hærra en Skagamanna.

ÍA hefur aftur á móti ekki gefist upp í baráttunni og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa þeir hækkað tilboð sitt til Þórðar umtalsvert og því gæti vel farið svo að hann semji við ÍA eftir allt saman. **- hbg**

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

NÓVEMBER

30 31 1 **2** 3 4 5

**Miðvikudagur**

**LEIKIR**

19.00 **Afturelding** og **HK** mætast í DHL-deild karla í handbolta.

19.15 **Víkingur/Fjölnir** og **ÍR** mætast í DHL-deild karla.

19.15 **Fram** og **Stjarnan** mætast í DHL-deild karla.

19.15 **Fylkir** og **KA** mætast í DHL-deild karla.

19.15 **Valur** og **ÍBV** mætast í DHL-deild karla.

19.15 **FH** og **Selfoss** mætast í DHL-deild karla.

20.00 **Haukar** og **Þór Ak.** mætast í DHL-deild karla.

**SJÓNVARP**

18.20 **Meistaramörk** á Sýn.

19.00 **Upphitun með Guðna Bergs** á Sýn.

19.40 **Meistaradeildin** á Sýn. Leikur Lille og Man. Utd

19.40 **Meistaradeildin** á Sýn Extra. Leikur Juventus og Bayern Munchen.

21.40 **Meistaramörk** á Sýn.

22.20 **Meistaradeildin** á Sýn. Leikur Juventus og Bayern Munchen.

22.20 **Handboltakvöld** á Rúv.


# Velkomin í sólarævintýrið okkar!

**Apollo, ein stærsta leiguflugsskrifstofa Norðurlanda er komin til Íslands. Með beinu leiguflugi frá Íslandi bjóðum við sólarævintýri á Gran Canaria. Hvernig væri að slást í hóp tug þúsunda gesta okkar í sólinni á kjörum sem þú hefur ekki séð áður.**




LANGferðir

Holtasmára 1 • 201 Kópavogur
Sími: 5 100 300 • Símbréf: 5 100 309
Netfang: langferdir@langferdir.is
Heimasíða: www.apollo.is
Opnunartímar alla virka daga frá 10:00-17:00

apollo

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„I'm still sort of moved by your „My word is stronger than oak" thing."**

**Svar:** Jerry Maguire úr samnefndri kvikmynd árið 1996.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON SENDIR RAUNVERULEIKASJÓNVARPI TÓNINN**

## *Steingeld lágkúra í lægsta gæðaflokki*



Að undanförnu hefur sjónvarpið ekki tosað í mig af neinu verulegu afli. Mér hefur alltaf fundist notalegt að koma heim eftir erfiðan dag og leggjast í hvíta sófann sem nafna mín og amma lánaði okkur bræðrunum. Kemur frá Ameríku og er ótrúlega mjúkur en það er önnur saga. Þetta ágæta húsgagn hefur ekki nýst sem skyldi vegna þess að endursýndir gamanþættir sem nutu vinsælda fyrir fimm árum og fimmaurabrandarar sagðir á íslensku kaffihúsi eru ekki beint draumaefnið. Það eina sem límir mig við imbakassann er meistaradeildin í knattspyrnu en það sem fær mig þó til að rísa upp úr mjúka hvíta sófanum er íslenskt raunveruleikasjónvarp.

Það er ekki gott að höggva sífellt í sama knérunn en sjaldan er góð vísa of oft kveðin. Pistlahöfundar hafa býsnast yfir þessu raunveruleikasjónvarpsflóði sem hefur drekkt dagskránni. Ég tek undir allt sem hefur verið skrifað. Botni íslenskrar dagskrárgerðar var ekki náð með Kallakaffi, Spaugstofunni eða Fornbókabúðinni heldur Ástarfleyinu og Piparsveininum. Pólitísk rétthugsun nær ekki einu sinni að réttlæta slíkt sorp.

Að horfa á ungt fólk rembast eins og rjúpan við staurinn við að koma sjálfu sér á framfæri með jafn miklum aumingjaskap er sorglegt. Að verða fræg fyrir að bera tilfinningar sínar á torg, taka á sig lauslætisstimpil og vekja á sér athygli er svívirða við hinn íslenska sjónvarpsáhorfanda. Peningunum hlýtur að vera hægt að eyða á skynsamari hátt.

Það var því hálf notalegt þegar ég beið eftir ensku mörkunum með Bjarna Fel að horfa á afmælisþátt Spaugstofunnar. Þrátt fyrir að mér hafi fundist þeirra tími kominn fyrir fimm árum þá er mér ljóst að sá þáttur þrífst ekki á sömu lágkúru og íslenskt raunveruleikasjónvarp.



▶ 20.35 *Drama*

BRÁÐAVAKTIN



▶ 21.30 *Spjall*

GRUMPY OLD WOMEN



▶ 22.10 *Drama*

RESCUE ME



▶ 22.00 *Spenna*

LAW & ORDER



▶ 19.30 *Fótbolti*

UEFA CHAMPIONS LEAGUE

### SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Disneystundin **18.01** Líló og Stitch (45:65) **18.23** Sígildar teiknimyndir (7:42)

**18.30 Mikki mús (7:13)** (Disney's Mickey Mouseworks)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
▶ **20.35 Bráðavaktin (7:22)** (ER, Ser. XI) Bandarísk þáttaröð sem gerist á bráðamóttöku sjúkrahúss í stórborg.
**21.25 Litla-Bretland (5:6)** (Little Britain II) Ný bresk gamanþáttaröð.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Handboltakvöld**
**22.40 Charlie Chaplin – Árin í Sviss** (Charlie Chaplin – Les années suisses)Svissnesk heimildamynd þar sem fjallað er um líf Chaplins á efri árum þegar hann bjó með fjölskyldu sinni.

**23.35** Kastljós **0.35** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi 2005 **13.00** Fresh Prince of Bel Air (6:25) **13.25** Sjálfstætt fólk **13.55** Hver lífsins þraut (8:8) (e) **14.30** Wife Swap (5:12) **15.15** Kevin Hill (6:22) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.45** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 The Simpsons (3:23)**
**20.00 Strákarnir** Sveppi, Auddi og Pétur halda uppteknum hætti og sprella sem aldrei fyrr.
**20.30 What Not To Wear (5:5)** (Druslur dressaðar upp) Raunveruleikaþáttur þar sem fatasmekkur fólks fær á baukinn.
▶ **21.30 Grumpy Old Women (4:4)** (Fúlar á móti) Það getur stundum verið erfitt að vera kona, sérstaklega á miðjum aldri. Í þessum breska myndaflokki kynnumst við nokkrum konum sem segja farir sínar ekki sléttar.
**22.00 Missing (1:18)** (Mannshvörf)
**22.45 Strong Medicine (4:22)** (Samkvæmt læknisráði 4)

**23.30** Stelpurnar (9:20) **23.55** Most Haunted (8:20) (B. börnum) **0.40** Footballer's Wives (1:9) (B. börnum) **1.50** James Dean **3.20** Fréttir og Ísland í dag **4.40** Ísland í bítið **6.35** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Game TV**
**19.30 Game TV**
**20.00 Friends 4 (12:24)** (Vinir)
**20.30 Hogan knows best (5:7)** (Romanitc Getaway) Hulk Hogan er ekki einungis frægasti glímukappi heims. Hann er einnig hinn dæmigerði fjölskyldufaðir sem býr ásamt konu sinni og börnum í Flórída.
▶ **21.00 So You Think You Can Dance (5:12)**
**22.10 Rescue Me (5:13)** (Sensitivity)Frábærir þættir um hóp slökkviliðsmanna í New York þar sem alltaf er eitthvað í gangi. Ef það eru ekki vandamál í vinnunni þá er það einkalífið sem er að angra þá. Ekki hjálpar það til að mennirnir eru enn að takast á við afleiðingar 11. september sem hafði mikil áhrif á hópinn, en þar féllu margir félagar þeirra í valinn.

**23.00** Laguna Beach (5:11) **23.25** My Supersweet (5:6) **23.50** David Letterman **0.35** Friends 4 (12:24)

### SKJÁREINN

**17.55** Cheers **18.20** Innlit / útlit (e)

**19.20 Þak yfir höfuðið** Umsjón hefur Hlynur Sigurðsson.
**19.30 Will & Grace (e)**
**20.00 America's Next Top Model IV** Fjórtán stúlkur keppa um titilinn og enn er það Tyra Banks sem heldur um stjórnvölinn og ákveður með öðrum dómurum hverjar halda áfram hverju sinni.
**21.00 Sirrý** Spjallþáttadrottningin Sigríður Arnardóttir snýr aftur með þáttinn sinn Fólk með Sirrý.
▶ **22.00 Law & Order** Bandarískur þáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York. Kona ein finnst myrt. Maðurinn hennar er lögfræðingur en hann er illa liðinn af mörgum.
**22.50 Sex and the City – 1. þáttaröð**

**23.20** Jay Leno **0.05** Judging Amy (e) **0.55** Cheers (e) **1.20** Þak yfir höfuðið (e) **1.30** Óstöðvandi tónlist

### SÝN

**7.00** Meistaradeildin með Guðna Berg

**16.40** UEFA Champions League **18.20** Meistaradeildin með Guðna Berg

**19.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs** (Meistaradeildin – upphitun)
▶ **19.30 UEFA Champions League** (UEFA Champions League 05/06) Bein útsending frá seinni leikdeginum í fjórðu umferð meistaradeildar Evrópu fer. Meðal liða sem mætast eru Juventus – Bayern Munchen, Club Brugge – Rapid Wien Thun – Ajax, Arsenal – Sparta Praha, Barcelona – Panathinaikos, Werder Bremen – Udinese, Lille – Manchester United, Benfica – Villareal
**21.40 Meistaradeildin með Guðna Berg**
**22.20 UEFA Champions League** (UEFA Champions League 05/06)

**0.10** Meistaradeildin með Guðna Berg **0.50** Bandaríska mótaröðin í golfi

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Plan B (B. börnum) **8.00** Juwanna Mann **10.00** The Kid Stays in the Picture **12.00** Spy Kids 2: The Island of Lost Dreams **14.00** Juwanna Mann **16.00** The Kid Stays in the Picture **18.00** Spy Kids 2: The Island of Lost Dreams **20.00 Plan B** Gamanmynd um ekkjuna Fran Malone. **22.00 Malibu's Most Wanted** Glæpamynd á lauflléttum nótum. **0.00** Analyze That (B. börnum) **2.00** Grind (B. börnum) **4.00** Malibu's Most Wanted (B. börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** The E! True Hollywood Story **13.00** E! News **13.30** Big Hair Gone Bad **14.00** 101 Most Awesome Moments in... **15.00** 101 Most Awesome Moments in... **16.00** 101 Most Awesome Moments in... **17.00** 101 Most Awesome Moments in... **18.00** Fight For Fame **19.00** E! News **19.30** It's Good To Be **20.00** The E! True Hollywood Story **21.00** 101 Juiciest Hollywood Hookups **22.00** Party @ the Palms **22.30** The Anna Nicole Show **23.00** Wild On **0.00** E! News **0.30** The Soup UK **1.00** Party @ the Palms **1.30** The Anna Nicole Show

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**14.00** Sunderland – Portsmouth frá 29.10 **16.00** Charlton – Bolton frá 29.10 **18.00** Chelsea – Blackburn frá 29.10

**20.00 Þrumuskot (e)**
**21.00 Að leikslokum (e)**
**22.00 Middlesbrough – Man. Utd frá** Leikur sem fór fram síðast liðinn laugardag.

**0.00** WBA – Newcastle frá 30.10 **2.00** Dagskrárlok





ALLT UM EDDUNA Á VISIR.IS

taktu þátt – kjóstu núna

þú gætir unnið miða fyrir tvo á Edduhátíðina

Íslensku kvikmynda- og sjónvarpsverðlaunin

vísir

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

Sirrý SkjárEinn **kl. 21.00**

*Í kvöld verður rætt um erfiðleika við barneignir*

### *Leigumóðir óskast*



Í sófann hjá Sirrý í kvöld kemur kona sem getur ekki gengið með barn. Hún er að leita að konu sem er tilbúin að ganga með glasabarn fyrir hana. Rætt verður frá mörgum hliðum um þrána eftir að eignast barn og einnig hvernig hægt sé að búa til barn í glasi. Reynslusögur og sérfræðingar í beinni útsendingu.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**6.58** Ísland í bítið. Samsent með Stöð 2 **9.10** Allt og sumt

**12.25** Fréttaviðtalið. **13.10** Sögur af fólki e. **14.10** Hrafnaþing **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson.

**18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag **19.30** Allt og sumt e. **21.30** Á kassanum e. **22.00** Fréttir Stöðvar 2 og Ísland í dag e. **23.00** Ísland í bítið e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.05** Árla dags **6.50** Bæn **7.30** Morgunvaktin **9.00** Fréttir **9.05** Laufskálinn **9.40** Slæðingur **10.13** Pipar og salt **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp

**12.20** Fréttir **12.45** Veður **12.57** Dánarfr. **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.35** Miðdegistónar **15.03** Orð skulu standa **16.00** Fréttir **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Fréttir

**18.25** Spegillinn **18.50** Dánarfr. **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.10** Sáðmenn söngvanna **21.00** Út um græna grundu **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Bókaþátturinn **23.05** Fallegast á fóninn

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Einn og hálfur með Magnúsi R. Einarssyni **7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2 **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn

**19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Tónlist að hætti hússins **20.00** Ungmennafélagið **21.00** Konsert með Eivör Pálsdóttur & Bill Bourne **22.10** Popp og ról

**0.00** Fréttir

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsdóttir **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **14.00** Kjartan Gunnar Kjartansson

**15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir

**23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson 5.00 Arnþrúður Karlsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm /** Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær /** Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin /** Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt /** Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun /** Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss /** Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó /** 12 spora efni
**FM 91,9 XFM /** Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**12.00** Football: Football World Cup Season News **12.15** Football: Football World Cup Season Journeys **12.30** Snooker: Northern Ireland Trophy Belfast Ireland **14.30** Boxing **15.30** Football: UEFA Cup **17.00** All sports: WATTS **17.30** Rally: World Championship Catalunya Spain **17.45** Rally: World Championship Catalunya Spain **18.45** All Sports: Wednesday Selection **18.55** Sailing: Inside Alinghi **19.00** Equestrianism: Show Jumping Caiscais **19.30** Polo: Argentine Club Cup Beaufort **20.00** Golf: the European Tour Volvo Masters **20.30** Sailing: Voiles de St Tropez **21.00** Freestyle Motocross: X-fighters Madrid Arena Spain **22.30** News: Eurosportnews Report **22.45** Football: UEFA Cup **0.15** News: Eurosportnews Report

**BBC PRIME**
**12.00** Ever Decreasing Circles **12.30** Butterflies **13.00** Two Thousand Acres of Sky **14.00** Teletubbies Everywhere **14.10** Little Robots **14.20** Andy Pandy **14.25** William's Wish Wellingtons **14.30** Boogie Beebies **14.45** Fimbles **15.05** Tikkabilla **15.35** Stitch Up **16.00** The Life Laundry **16.30** Ready Steady Cook **17.15** The Weakest Link **18.00** Doctors **18.30** Eastenders **19.00** Changing Rooms **19.30** Rick Stein's Food Heroes **20.00** What Are You Staring At? **21.00** Who the Dickens Is Mrs Gaskell? **22.00** The Inspector Lynley Mysteries **23.30** Coupling **0.00** The Private Life of a Masterpiece **1.00** Dame Alicia Markova

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Seconds From Disaster **13.00** The Ant That Ate America **14.00** When Expeditions Go Wrong **15.00** San Francisco Earthquake **16.00** The True Face of Hurricanes **17.00** Seconds From Disaster **18.00** Megacities **19.00** Lions Behaving Badly **20.00** When Expeditions Go Wrong **21.00** Megastructures **22.00** Megastructures **23.00** Air Crash Investigation **0.00** Megastructures **1.00** Megastructures

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Meerkat Manor **12.30** Monkey Business **13.00** Big Cat Diary **13.30** Predator's Prey **14.00** Nightmares of Nature **14.30** Animal Precinct **15.00** Animal Cops Detroit **16.00** Pet Rescue **16.30** Wildlife SOS **17.00** Amazing Animal Videos **17.30** Big Cat Diary **18.00** Meerkat Manor **18.30** Monkey Business **19.00** African Bush Rescue **19.30** Predator's Prey **20.00** Weird Nature **20.30** Supernatural **21.00** Miami Animal Police **22.00** Meerkat Manor **22.30** Monkey Business **23.00** Venom ER **0.00** Pet Rescue **0.30** Wildlife SOS **1.00** Weird Nature **1.30** Supernatural

**DISCOVERY**
**12.05** Dangerman **13.00** Rex Hunt Fishing Adventures **13.30** Fishing on the Edge **14.00** Extreme Engineering **15.00** Extreme Machines **16.00** Scrapheap Challenge **17.00** A Bike is Born **17.30** A Bike is Born **18.00** American Chopper **19.00** Mythbusters **20.00** Aircrash **21.00** The Greatest Ever **22.00** Zero Hour **23.00** Mythbusters **0.00** Forensic Detectives **1.00** FBI Files

**MTV**
**12.00** Ema's 2005 Spotlight **12.30** Just See Mtv **14.00** Ema's 2005 Spotlight **14.30** Wishlist **15.00** Trl **16.00** Switched ON **17.00** Just See Mtv **17.30** Ema's 2005 Spotlight **18.00** Hit List UK **19.00** Mtv Making The Movie Episode details to be announced. **19.30** Making The Video – Episode to be announced **20.00** Trippin **20.30** The Osbournes **21.00** Top 10 AT Ten – Basement Jaxx **22.00** Jackass **22.30** Andy Milonakis Show **23.00** The Lick

**VH1**
**12.00** So 80s **16.00** So 80s **17.00** VH1's Viewers Jukebox **18.00** Smells Like the 90's **19.00** VH1 Classic **19.30** Then & Now **20.00** VH1 All Access **20.30** MTV at the Movies **21.00** Pop Up Videos **21.30** Beavis & Butthead **22.00** VH1 Rocks **22.30** Flipside **23.00** Top 5 **23.30** Fabulous Life of ... **0.00** VH1 Hits

**CLUB**
**12.20** Innertainment **12.45** Come! See! Buy! **13.10** Crimes of Fashion **13.35** Arresting Design **14.00** Staying in Style **14.30** The Review **15.00** Girls Behaving Badly **15.25** The Villa **16.10** The Roseanne Show **17.00** Yoga Zone **17.25** The Method **17.50** Hollywood One on One **18.15** The Review **18.40** Girls Behaving Badly **19.05** It's a Girl Thing **19.30** Lofty Ideas **20.00** Arresting Design **20.25** The Villa **21.15** Sextacy **22.10** Ex-Rated **22.35** Sex and the Settee **23.00** Cheaters **0.00** Simply Indian **0.30** City Hospital **1.25** Girls Behaving Badly

**CARTOON NETWORK**
**12.00** Cow and Chicken **12.30** Sheep in the Big City **13.00** Dexter's Laboratory **13.30** The Powerpuff Girls **14.00** Pet Alien **14.30** Ed, Edd n Eddy **15.00** Teenage Mutant Ninja Turtles **15.30** Battle B-Daman **16.00** Sabrina, The Animated Series **16.30** Atomic Betty **17.00** Foster's Home for Imaginary Friends **17.30** Looney Tunes **18.00** Duck Dodgers in the 24 1/2 Century **18.30** Charlie Brown Specials **19.00** What's New Scooby-Doo? **19.30** Tom and Jerry **20.00** The Flintstones **20.30** Looney Tunes **21.00** Dastardly & Muttley in Their Flying Machines **21.30** Scooby-Doo **22.00** Tom and Jerry **23.00** Dexter's Laboratory **23.30** The Powerpuff Girls **0.00** Johnny Bravo **0.30** Ed, Edd n Eddy **1.00** Skipper & Skeeto

**JETIX**
**11.50** Braceface **12.20** Jacob two-two **12.50** So Little Time **13.20** Goosebumps **13.50** Black Hole High **14.15** Spider-Man **14.40** Moville Mysteries **15.05** Digimon II **15.30** Totally Spies **16.00** W.I.T.C.H. **16.30** Sonic X

**MGM**
**12.25** Dempsey **14.45** White Lightning **16.25** Through Naked Eyes **18.00** The Silver Strand **19.45** Timestalkers **21.20** Women of San Quentin **22.55** Easy Money **0.30** Teenage Bonnie Klepto Clyde

**TCM**
**20.00** Bells are Ringing **22.05** They Drive by Night **23.40** The Best House in London **1.15** Green Fire

**HALLMARK**
**12.00** And Never Let Her Go **13.45** And Never Let Her Go **15.15** The Yearling **17.00** Gift of Love: The Daniel Huffman Story **18.30** McLeod's Daughters **19.15** Silent Predators **20.45** Gunpowder, Treason & Plot **22.30** Lonesome Dove: The Series **23.15** The Premonition **0.45** Gunpowder, Treason & Plot

**BBC FOOD**
**12.00** Rachel's Favourite Food **12.30** Made to Order **13.00** Neil Perry Rockpool Sessions **13.30** My Favourite Chef **14.00** My Favourite Chef **14.30** Sophie's Weekends **15.00** Delia's How to Cook **15.30** Neil Perry Rockpool Sessions **16.00** Wild and Fresh **16.30** Masterchef Goes Large **17.00** The Italian Kitchen **17.30** Danny By the Sea **18.00** Chef at Home **18.30** The Best **19.00** The Naked Chef **19.30** Street Cafe **20.00** Forever Summer With Nigella **20.30** Paradise Kitchen **21.00** Can't Cook Won't Cook **21.30** Galley Slaves **22.00** Delia's How to Cook **22.30** Masterchef Goes Large

**DR1**
**12.00** Design til folket **12.05** IKEA I **12.15** FDB – Danmarks svar på design til folket **12.25** Philippe Starck **12.30** IKEA II **12.45** Manden, som ville m¢blere verden **13.40** IKEA city tur-retur **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** OBS **14.20** Jan i naturen **14.50** Nyheder på tegnsprog **15.00** Dawson's Creek **15.45** Det Vildeste Westen **16.00** Braceface **16.20** Kurts klamme krop **16.25** Helt sikkert DR **16.35** GO! **17.00** SKRÅL **17.20** KatjaKaj og BenteBent **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.55** Dagens Danmark **18.25** TV Avisen **18.30** HåndboldOnsdag **20.00** TV Avisen **20.25** Profilen **20.50** SportNyt **21.00** The Big Blue **23.40** Onsdags Lotto **23.45** Det Vildeste Westen

**SV1**
**13.30** Wrongfully accused **14.55** Anslagstavlan **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Sverige! **16.30** Krokodill **17.00** BoliBompa **17.01** Kött på benen **17.30** Hjärnkontoret **18.00** Barbacka **18.30** Rapport **19.00** Packat & klart **19.30** Mitt i naturen **20.00** Extras **20.30** Noll tolerans **22.15** Rapport **22.25** Kulturnyheterna **22.35** Häktet **23.35** Sändning från SVT24





**Við kynnum Rio** – enn einn glæsilegan fólksbíl úr smiðju KIA. Eins og alltaf fara hér saman gæði, kraftur og hagkvæmni. Rio er búinn aksturstölvu, átta öryggisloftpúðum, ABS hemlalæsivörn, álfelgum og öflugri en sparneytinni 1,6 lítra 112 hestafla CVVT bensínvél. **KIA Rio kostar aðeins 1.498.000 kr.**

*KIA umboðið er eini viðurkenndi sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi. 3 ára ábyrgð.*

*Miðað við 20% útborgun og gengistryggðan bílasamning SP-Fjármögnunar.

**KIA er sá bílaframleiðandi** sem er í mestum vexti í heiminum í dag. Það er ekkert skrýtið þegar hægt er að bjóða þessi gæði á svona verði.

KIA MOTORS

HEKLA ***KIA umboðið*** á Íslandi er í eigu Heklu hf. Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700



## HRÓSIÐ

*...fær Sálin hans Jóns míns fyrir að trekkja enn að eftir öll þessi ár, en uppselt er á tónleika hljómsveitarinnar í Kaupmannahöfn.*

**ÞRÍR SPURÐIR**

## *Hvað finnst þér um að flugvélar með grunaða hryðjuverkamenn innanborðs fái að millilenda á Íslandi?*



**Mótfallinn pyntingum**

Mér finnst sjálfsagt að flugvélar fljúgi inn og út úr lofthelgi ef samningar eru til staðar um það. Ég er hins vegar algjörlega mótfallinn pyntingum á fólki. Það hins vegar kemur flugvélaumferð ekkert við.

**FRIÐBJÖRN ORRI KETILSSON,** félagi í Frjálshyggjufélaginu.



**Eigum ekki að taka þátt í svona**

Mér finnst þetta allt ömurlegt. Heimurinn er að breytast til hins verra. Hvort sem þetta eru hryðjuverkamenn eða hvað þá á ekki að flytja fólk í pyntingarbúðir. Ég er á móti þessu frá upphafi til enda og við eigum ekki að taka þátt í svona löguðu.

**ELLEN KRISTJÁNSDÓTTIR,** söngkona.



**Ólíðandi**

Með þessu erum við náttúrulega að leggja okkar af mörkum í sambandi við að fara með menn í einhverjar pyntingarbúðir og það er auðvitað ólíðandi. En þetta er sosum í takt við annan stuðning sem við höfum verið að sýna hérna við þennan stríðsrekstur Bandaríkjanna. Ef það væru einhverjar töggur í okkur þá myndum við neita.

**STEFÁN PÁLSSON,** formaður Samtaka herstöðvaandstæðinga.



**LÁRÉTT 2** skák **6** vafi **8** hamfletta **9** nögl **11** samanburðartenging **12** glæsibíll **14** yndis **16** í röð **17** útsæði **18** for **20** smáorð **21** umkringja.

**LÓÐRÉTT 1** labbaði **3** austfirðir **4** brjósthimna **5** gæfa **7** straumur **10** hætta **13** útdeildi **15** fræ **16** draup **19** holskrúfa.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** tafl, **6** ef, **8** flá, **9** kló, **11** en, **12** kaggi, **14** unaðs, **16** lm, **17** træ, **18** auf, **20** að, **21** króa.
**LÓÐRÉTT: 1** gekk, **3** af, **4** fleiðra, **5** lán, **7** flaumur, **10** ógn, **13** gaf, **15** sæði, **16** lak, **19** ró.

**[ VEISTU SVARIÐ ]**

Svör við spurningum á bls. 8

1. 118 þúsund fjár
2. Letizia
3. Um 17 þúsund

BARNABÓKAVERÐLAUN ÆSKUNNAR: FIMM BARNA MÓÐIR VANN

# Semur bullsögur fyrir krakkana sína

Þorgerður Jörundsdóttir bar sigur úr býtum í samkeppni Bókaútgáfunnar Æskunnar um myndskreytta barnabók. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra afhenti nöfnu sinni verðlaunin í Vinabæ í gær. Bókin, sem er sú fyrsta frá Þorgerði, heitir Þverúlfssaga grimma og fjallar um lítinn þvermóðskufullan strák sem á í stappi við foreldra sína og flýr á vit ævintýranna. Auk þess að semja bókina bjó Þorgerður til klippimyndirnar sem þar er að finna. Þorgerður hefur áður fengið verðlaun Fræðsluráðs Reykjavíkur fyrir þýðingu á barnabókinni Ævintýri Nálfanna - Flóttinn árið 1997.

Þorgerður er fimm barna móðir og eignaðist lítinn strák, þann fjórða í röðinni, fyrir aðeins tveimur vikum. „Aðalsöguhetjan á sér fyrirmynd á heimilinu," segir hún um bókina. „Síðan eru ljósmyndirnar í klippimyndunum af sex ára gömlum syni mínum, Jörundi Óskarssyni."

Þorgerður á einnig tveggja og þriggja ára gamla stráka og tólf ára stelpu. Hún segir að barnauppeldið passi vel með skrifunum. „Það fer allt saman við barnauppeldi. Maður finnur sér bara tíma, það er nú bara þannig," segir hún. Hún segist þó ekki eiga lager af sögum í skúffunni hjá sér. „Ég hef ekkert gert voðalega mikið af því að semja. Helst hef ég samið smáræði fyrir krakkana, einhverjar bullsögur. Þetta er í fyrsta sinn sem ég geri eitthvað fyrir sjálfa mig," segir hún.



**VERÐLAUNAHÖFNDUR** Þorgerður, sem eignaðist lítinn dreng á dögunum, segir að Þverúlfssaga grimma eigi sér fyrirmynd á heimilinu.

Aðspurð segist Þorgerður vera óttaleg alæta á bækur og lesi mikið. „Ég les mikið eftir Philip K. Dick, Terry Pratchett og Neil Gaiman, sem skrifar bæði fyrir börn og fullorðna. Tove Janson og Astrid Lindgren eru líka í endalausu uppáhaldi. Þær eru klassík."

Þorgerður er með aðra sögu í vinnslu sem hana langar til að koma á koppinn. Hún vill ekkert gefa upp um innihald hennar að svo stöddu. **freyr@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Þegar **Svava Johansen** keypti Bolla Kristinsson út úr Sautjánveldinu bjuggust margir við breytingum enda er Svava mikil framkvæmdamanneskja í eðli sínu. Kaupin voru varla gengin um garð þegar Svava byrjaði að breyta. Það hefur ekki farið fram hjá gangandi vegfarendum á Laugaveginum að þar er eitthvað mikið í gangi því búið er að loka Sautján Jeans og hafa iðnaðarmenn verið þar að störfum að undanförnu. Heyrst hefur að Svava ætli að opna herrafataverslun undir nafninu Kultur en samnefnd verslun er rekin í Kringlunni fyrir konur. Hún ætlar að selja hágæðavörur frá Paul Smith, Bruunz Bazaar og fleiri flottum merkjum. Gárungar hafa velt því fyrir sér hvort nýi kærastinn, **Björn Sveinbjörnsson**, komi nálægt versluninni enda gefur það auga leið að það myndi trekkja að ef hann væri við búðarborðið.





Þegar bók **Steinunnar Ólínu**, Í fylgd með fullorðnum, er skoðuð vel kemur í ljós að Jón Ásgeir nokkur er skráður sem hönnuður bókarkápunnar. Ekki er vitað hvort umræddur Jón Ásgeir sé forstjóri Baugs eða um annan mann að ræða en föðurnafnið er ekki tilgreint. Það gæti jú allt eins verið að Jón Ásgeir dundaði sér við bókarkápuhönnun í frístundum líkt og Páll Magnússon útvarpsstjóri les fréttir í aukavinnu.



allt
tíska
Alla fimmtudaga

SECURED BY RapidSSL 128 bit SSL Security
Örugg vefsvæði
dulkodun.is

# Hlær að sjálfs sín fyndni

„Fimmtudaginn 10. nóvember næstkomandi munu bókabúðir á höfuðborgarsvæðinu loka á hádegi vegna þess hégómlega sorgarviðburðar að út kemur bókin, Túristi, eftir Stefán Mána." Svona hefst fjöldapóstur sem áðurnefndur Stefán sendi frá sér í gærmorgun. „Mér fannst miðnæturopnunin vegna bókar Arnalds Indriðasonar svo sniðug að mig langaði til að gera eitthvað svipað en ekki alveg keimlíkt," útskýrir Stefán þegar hann er inntur eftir þessu uppátæki sínu. „Þetta er eins og flestir brandarar mínir, það hlær enginn nema ég," heldur hann áfram. Stefán tekur þó fram að bókabúðirnar hafi ekkert ákveðið í þessum efnum en hann vilji biðla til þeirra að taka þátt í þessu með honum.

Bók Stefáns Mána á eflaust eftir að vekja mikla athygli því hann blandar saman raunveruleika og skáldskap líkt og kollegi hans Kristjón Kormákur gerir í bókinni Frægasti maður í heimi. „Hugmyndin á bak við bókina er ekkert ósvipuð en ég held að þetta sé öðruvísi nálgun," segir rithöfundirinn og bætir við að réttast sé að bíða eftir verkinu. „Annars er raunveruleikinn og skáldskapur að renna saman og þetta er einfaldlega stemningin í dag," segir höfundirinn ennfremur en áréttar að hann reyni að sigla milli skers og báru. „Annars er það mitt álit að það sé enginn munur á raunveruleika og skáldskap." **- fgg**



**STEFÁN MÁNI** Sendi út fjöldapóst þar sem hann auglýsti lokun bókabúða á hádegi þann 10. nóvember vegna útkomu bókar hans.

Humar
1.290, kr/kg
Ótrúlega gott verð á fínum humri.
FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
Fiskbúðin Vör – Fiskikóngurinn –
Höfðabakka 1 - sími 587 50 70




**Febrúar 2003**
Þjóðarpúls Gallup:
Fylgi sjálfstæðismanna í Reykjavík

**Október 2005**
Þjóðarpúls Gallup:
Fylgi sjálfstæðismanna í Reykjavík

# Nýjustu tölur Gallup tala skýru máli um tækifærin næsta vor!

Skoðanakannanir mæla mikla aukningu fylgis við sjálfstæðismenn í Reykjavík á undanförnum misserum. Árangur af samhentu starfi borgarstjórnarflokksins undir forystu Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar er ótvíræður. Einörð og ábyrg stjórnarandstaða ásamt öflugri stefnumótunarvinnu og fjölda framsækinna hugmynda hefur vakið verðskuldaða athygli.

Samkvæmt þjóðarpúlsi Gallup nýtur Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík nú 57% fylgis á meðal kjósenda í borginni en naut 45% þegar Vilhjálmur Þ. tók við sem oddviti í júní 2003. Samkvæmt annarri könnun Gallup, sem unnin hefur verið fyrir stuðningsmenn Vilhjálms Þ. á undanförnum vikum, treysta 62% kjósenda í Reykjavík Vilhjálmi Þ. til að leiða lista sjálfstæðismanna.

Styrkur Sjálfstæðisflokksins og Vilhjálms Þ. er samofinn. Hann er í senn viðurkenning á þróttmiklu starfi sjálfstæðismanna og farsælum ferli Vilhjálms í starfi hans fyrir Sjálfstæðisflokkinn og íbúa borgarinnar. Af þessum ástæðum er langþráður sigur sjálfstæðismanna næsta vor í sjónmáli. Grunn að þeim sigri leggjum við í prófkjörinu sem nú er framundan. Þar skiptir val okkar á oddvita listans miklu máli.




**Í könnun sem stuðningsmenn Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar hafa gert á síðustu vikum kemur í ljós mikill stuðningur við hann á meðal borgarbúa. 62% allra aðspurðra vilja sjá Vilhjálm í fyrsta sæti á lista sjálfstæðismanna. Það eykur líkurnar á breiðu fylgi við framboð undir hans forystu – breidd sem er nauðsynleg til þess að sigur náist í höfn. Könnunin var gerð af Gallup 5.-31. október. Fjöldi svarenda var 1156 manns og svarhlutfall um 62%.**

***Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson***
*– reynsla til forystu!*
*Stuðningsmenn*
1 sætið

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000




**BAKÞANKAR**

GERÐAR KRISTNÝJAR

## *Veisla undir grjótvegg*

Merkilegt hvað allt á það til að endurtaka sig. Sífellt lendi ég sömu aðstæðunum og finnst eins og lífið sé svo löngu hætt að koma mér á óvart. Þetta gerðist einmitt í síðustu viku, á sjálfan Kvennafrídaginn. Þá varð svolítið til að rifja það upp fyrir mér þegar Sameinuðu þjóðirnar efndu til Árs barnsins, líklega til að opna augu fullorðinna fyrir því hvað lítið tillit var tekið til barnanna. Í tilefni af því var haldin skemmtun á Kjarvalsstöðum og þangað mætti ég, enda þekkti ég tvíburana sem áttu þar að leika Jón Odd og Jón Bjarna.

**TIL** að fá gott sæti mætti ég snemma og settist í fremstu röð. Mér veitti ekkert af því, enda ekki há í loftinu auk þess sem engin upphækkun var í salnum. Rétt áður en dagskráin hófst gekk fullorðið fólk í salinn og varð miður sín yfir að fá ekki að sitja þar sem það vildi. Það var samt ekki lengi að sjá við þeim vanda og blakaði mér úr sætinu mínu með þeim orðum að börn gætu bara setið á gólfinu. Þaðan fylgdist ég síðan með tveggja tíma dagskrá með náladofa í bífunum og reigðan háls.

**ÉG** fór einmitt að hugsa um þetta atvik á kvennafrídaginn. Ég stóð upp við Thorvaldsensbasarinn og fann hvernig stappan þrýstist að mér. Af Ingólfstorgi barst kórsöngur og mig var farið að langa til að sjá hvað væri að gerast þar. Því skáskaut ég mér að grjótveggnum umhverfis torgið og fékk í krafti samstöðunnar ókunnugar konur til að toga mig upp á vegginn. Þegar þangað var komið reisti ég mig upp eitt andartak til að sjá hvert ég ætti að halda þegar niður væri komið en var þá óðara rekin niður af höstugum myndatökumanni. Hann hafði nefnilega líka komið sér fyrir uppi á grjótveggnum og ekki mátti ég skyggja á vélina þótt aðeins væri um örfáar sekúndur að ræða. Ég stökk óðara niður og velti því í leiðinni fyrir mér hvað þetta væri nú allt táknrænt. Karl rekur konu af stalli - og það á sjálfum kvennafrídeginum.

**OG** hvað eiga nú þessar sögur að minna okkur á? Jú, konur lifa yfirleitt lengur en karlar og börn eiga yfirleitt lengur ólifað en fullorðnir. Verum því góð við konur og börn. Þau eiga eftir að grafa hina og hirða um leiðin þeirra. ■





